



Persónuvernd

Ársskýrsla 2006

# Ársskýrsla 2006



# Ársskýrsla 2006



Persónuvernd

Ljósmyndir: Bjarni Eiríksson  
Umbrot og prentun: Ísafoldarprentsmiðja  
*ISSN 1670-3782.*

## Formáli forstjóra



Þessi ársskýrsla, fyrir árið 2006, er sú 25. sem komið hefur út frá því að fyrstu lög um meðferð persónuupplýsinga öðluðust gildi hér á landi. Af því tilefni er vert að fara yfir þessar skýrslur og athuga hvaða breytingar hafa orðið á starfinu á þeim aldarfjórðungi sem liðinn er frá gildistöku fyrstu laganna, 1. janúar 1982.

Fyrst vekur athygli sú mikla aukning sem hefur orðið á fjölda þeirra mála sem komið hafa til umfjöllunar. Má í dæmaskyni nefna að árið 1982 bárust tölvunefnd, forvera Persónuverndar, 59 erindi, árið 1987 bárust henni 119 erindi og árið 1997 voru þau orðin 439. Árið 2002 bárust Persónuvernd 606 erindi en á síðasta ári voru þau orðin 764.

Við nánari athugun kemur einnig í ljós mikil breyting á efni málanna. Skráning og önnur meðferð heilsufarsupplýsinga, einkum vegna vísindarannsókna, var t.d. sá málaflokkur sem hvað fyrirferðarmestur var á borði tölvunefndar um langt skeið. Eftir að ný lög öðluðust gildi og Persónuvernd tók til starfa í ársbyrjun 2001 varð allnokkur breyting á þessu. Eins og ársskýrsla þessi ber með sér er fjölbreytileiki mála mikill og er svo komið að starfsemin snertir nær öll svið mannlífsins. Hæst ber aukning í fjölda mála sem tengjast Netinu og rafrænni vöktun. Þá er ljóst að í starfi Persónuverndar, sem og evrópskra systurstofnana hennar, ber nú mun meir en áður á umfjöllun og samvinnu um mál er tengjast starfsemi lögreglunnar.

Setning laga um meðferð persónuupplýsinga, bæði hér á landi og annars staðar, átti einkum rætur að rekja til þeirrar stórauknu getu sem fylgdi framþróun tölvutækninnar við vinnslu persónuupplýsinga og þeirra afleiðinga sem hún bauð upp á í starfsemi ríkisvaldsins. Í þingsályktunartillögu sem samþykkt var árið 1976, um að skora á ríkisstjórnina að semja frumvarp til laga um verndun einstaklinga gagnvart vinnslu persónuupplýsinga, var t.d. komist svo að orði að vernda yrði friðhelgi manna og persónuréttindi gegn „undramætti tölvutækninnar.“ Var þá einkum litið til mikilvægis þess að verja rétt manna til að haga lífi sínu, sköðunum eða athöfnunum að vild, þ.e. án þess að eiga á hættu afskipti og íhlutun ríkisvaldsins.

Enda þótt yfirferð yfir fyrri ársskýrslur sýni að lengst af hafi fremur reynt á þörf fyrir verndun einstaklingana í samskiptum þeirra innbyrðis heldur en gagnvart ríkisvaldinu hefur, eins og áður segir, orðið viss breyting hér á. Sér hennar einkum stað í alþjóðlegu samhengi. Má sem dæmi nefna að á vorkundi evrópskra persónuverndarstofnana, sem haldinn var á Kýpur fyrir í þessum mánuði, voru samþykktar tvær yfirlýsingar er tengjast meðferð persónuupplýsinga í dóms- og löggæslumálum.


Önnur yfirlýsingin lýtur að stefnu um aukin upplýsingaskipti milli evrópskra löggæslustofnana. Sú stefna byggir á Haag-áætluninni sem samþykkt var í árslok 2004 og er ætlað að styrkja frelsi, öryggi og réttlæti í Evrópusambandinu, en hún var m.a. samþykkt með hliðsjón af þeim atburðum sem urðu í Bandaríkjunum árið 2001 og í Madrid árið 2004. Í Kýpur-yfirlýsingunni kemur fram að í löggjöf sem byggir á þessari áætlun verði að tryggja jafnvægi á milli almannaöryggis og grundvallarréttarins til persónuverndar. Hin yfirlýsingin lýtur að tillögu ráðherraráðs Evrópusambandsins að rammaákvörðun um meðferð persónuupplýsinga í dóms- og löggæslumálum er varða afbrot. Lýtur yfirlýsingin að ýmsum atriðum sem bæta verði úr til að tryggja samræmi við grundvallarreglur evrópskra réttarreglna á sviði persónuverndar.

Löggæslustofnanir, eins og aðrir, hafa tekið tæknina í sína þjónustu og með því öðlast stóru aukna möguleika á vinnslu persónuupplýsinga. Slíkt er vissulega til þess fallið að styrkja starfsemi þeirra, en aldrei má þó undir höfuð leggja að virða stjórnarskrárvarin mannréttindi og tryggja jafnvægi á milli þeirra og annarra hagsmuna.

Persónuvernd ber að standa vörð um vernd einstaklinga, bæði í samskiptum þeirra innbyrðis og gagnvart ríkisvaldinu. Vegna þeirra miklu breytinga sem orðið hafa á alþjóða- og upplýsinga-samfélaginu undanfarin ár er orðið mikilvægara en fyrr að í því skyni taki hún virkan þátt í samstarfi á innlendum, evrópskum og alþjóðlegum vettvangi – og ekki aðeins við systurstofnanir sínar heldur einnig aðra aðila, þ.m.t. þá sem koma að dóms- og löggæslumálum.

23. maí 2007

Sigrún Jóhannesdóttir



---

## Efnisyfirlit

---

### 1. Almenn

1.1. Stofnunin Persónuvernd .....	9
1.2. Um stjórn og starfsfólk á árinu 2006.....	9
1.3. Almenn um starfið .....	10
1.4. Um fjárreiður.....	11

### 2. Hlutverk Persónuverndar


2.1. Nánar um ýmis verkefni Persónuverndar .....	12
2.1.1. Um leyfisveitingar og tilkynningar .....	13
2.1.2. Um úttektir.....	14

### 3. Umfjöllun um ýmis mál; leyfisveitingar, úrskurðir, álit, umsagnir og svör við fyrirspurnum

3.1. Leyfisveitingar.....	15
3.1.1. Veitt starfsleyfi .....	15
3.1.2. Leyfi vegna vísindarannsókna á heilbrigðisviði .....	16
3.2. Nánar um ýmis mál.....	26
3.2.1. Persónugreinanlegur rannsóknargagnagrunnur – mál 2005/621 .....	26
3.2.2. Listi yfir banaslys á Netinu – mál 2005/460 .....	26
3.2.3. Heimildir þjónustuaðila til að afhenda vinnuveitendum upplýsingar um tölvunotkun starfsmanna – mál 2005/593 .....	28
3.2.4. Rafræn vöktun á heimavist – mál 2005/444.....	31
3.2.5. Skráning á upplýsingum um hnúpl – mál 2005/619 .....	34
3.2.6. Uppfletting í vanskilaskrá Lánstrausts hf. – mál 2005/517 .....	35
3.2.7. Uppfletting í sjúkraskrá – mál 2005/479.....	38
3.2.8. Frumvarp um greiningardeildir lögreglu – mál 2006/114.....	42
3.2.9. Öflun kennitölu í gjaldeyrisviðskiptum – mál 2005/263 .....	43
3.2.10. Kvörtun vegna umfjöllunar fjölmiðils vísað frá – mál 2006/67 .....	45
3.2.11. Samræmd úttekt á „99. gr. skráningum“ í Schengen-upplýsingakerfið – mál 2006/158 .....	47
3.2.12. Lífkennavegabréf og skilríkjaskrá – mál 2006/199 .....	47
3.2.13. Rafræn vöktun á veitingastað – mál 2005/579 .....	48
3.2.14. Tölvupóstur starfsmanns skoðaður – mál 2005/251 .....	52
3.2.15. Miðlun sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli á persónuupplýsingum úr lögregluskýrslu – mál 2006/120.....	54
3.2.16. Meðferð upplýsinga um mætingar í grunnskóla – mál 2006/135.....	57



3.2.17. Kynning á hugmyndum að skipulagi íslenskrar leyniþjónustu – mál 2006/456 .....	59
3.2.18. Eftirlit sýslumannsembættisins á Keflavíkurflugvelli með innflutningi flugliða á vörum inn í landið – 2006/232.....	59
3.2.19. Afhending skattframtala til lífeyrissjóðs – mál 2006/436 .....	61
3.2.20. Miðlun upplýsinga til fjármálafyrirtækja um framvísun falsaðrar bankaábyrgðar og handtöku – mál 2006/92 .....	63
3.2.21. Miðlun upplýsinga um greiðslu skuldar frá yfirvöldum til Lánstrausts hf. – mál 2006/558.....	70
<b>4. Erlent samstarf</b>	
4.1. Samstarf norrænna persónuverndarstofnana.....	72
4.2. Samstarf evrópskra persónuverndarstofnana.....	72
4.3. Alþjóðlegt samstarf .....	72
4.4. Samstarf á vettvangi Evrópuráðsins .....	72
4.5. Nánari umfjöllun um einstaka þætti erlends samstarfs sem tilgreint er hér að framan.....	72
4.5.1. Um fund starfsmanna norrænna persónuverndarstofnana .....	72
4.5.2. Um fundi starfsmanna evrópskra persónuverndarstofnana.....	73
4.5.3. Um starf vinnuhóps samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB .....	73
4.5.4. Um vorfund forstjóra evrópskra persónuverndarstofnana .....	83
4.5.5. Um starf sameiginlegu Schengen-eftirlitsstofnunarinnar – JSA.....	83
4.5.6. Um Eurodac-fingrafaragagnagrunninn og starf EDPS í tengslum við hann .....	85
4.5.7. Um starf vinnuhóps um lögreglumál.....	85
4.5.8. Um 28. alþjóðaráðstefnu forstóra persónuverndarstofnana .....	86
4.5.9. Um samstarf á vettvangi Evrópuráðsins .....	86
<b>5. Lög og reglur</b>	
5.1. Lög nr. 77/2000, með áorðnum breytingum samkvæmt lögum nr. 90/2001, lögum nr. 81/2002, lögum nr. 46/2003, lögum nr. 72/2003 og lögum nr. 50/2006 .....	87
5.2. Um stjórnvaldsreglur .....	103
5.2.1. Reglur nr. 698/2004 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga, með áorðnum breytingum samkvæmt reglum nr. 836/2006 og 1042/2006.....	104
5.2.2. Reglur nr. 837/2006 um rafræna vöktun .....	106
5.2.3. Auglýsing nr. 638/2005 um flutning persónuupplýsinga til annarra landa, með áorðnum breytingum samkvæmt auglýsingu nr. 1041/2005.....	110



## Persónuvernd

# 1. Almenn

## 1.1. Stofnunin Persónuvernd

Persónuvernd er opinber stofnun sem annast eftirlit með framkvæmd laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga (pul.), og reglna sem settar hafa verið samkvæmt þeim. Markmið laga þessara er að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og -reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga og frjálst flæði þeirra á innri markaði Evrópska efnahagsvæðisins.



## 1.2. Um stjórn og starfsfólk á árinu 2006


Formaður stjórnar var Dr. Páll Hreinsson lagaprófessor. Auk hans sátu í stjórn stofnunarinnar þau Valur Árnason skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu, Haraldur Briem sóttvarnalæknir, Svana Helen Björnsdóttir verkfræðingur og formaður Skýrslutæknifélags Íslands og Ólafur Garðarsson hæstaréttarlögmaður. Vilhelmína Haraldsdóttir læknir var varamaður Haraldar en Arnaldur Axfjörð verkfræðingur og varaformaður Skýrslutæknifélags Íslands var varamaður Svönu Helenar. Aðrir varamenn voru Kristín Edwald hæstaréttarlögmaður, Tryggvi Viggósson héraðsdómslögmaður og Ástríður Grímsdóttir dómari. Haldnir voru 13 stjórnarfundir á árinu.

Forstjóri stofnunarinnar var Sigrún Jóhannesdóttir. Aðrir starfsmenn voru Kristín Rós Björnsdóttir fjármála- og skrifstofustjóri, Hrund Sigurðardóttir ritari og Þórður Sveinsson, Ingvi Snær Einarsson, Særún María Gunnarsdóttir, Arnhildur G. Guðmundsdóttir, Rakel Jensdóttir og Bjarni Már Magnússon lögfræðingar. Erla Björgvinsdóttir fjármála- og skrifstofustjóri lét af störfum í lok apríl.

### 1.3. Almennt um starfið


Skýrsla þessi, sem birt er samkvæmt 7. tl. 1. mgr. 37. gr. pul., er sjötta ársskýrsla Persónuverndar. Stöðug aukning hefur orðið í fjölda innkominna erinda. Á fyrsta starfsári stofnunarinnar voru þó skráð flest slík erindi, eða 920, en hafa ber í huga að nokkur fjöldi þeirra voru mál sem Tölvunefnd, forveri hennar, náði ekki að afgreiða áður en hún var lögð niður hinn 31. desember 2000. Ný mál árið 2002 voru 606, árið 2003 voru þau 627, árið 2004 voru þau 676 og árið 2005 voru þau 720.

Á árinu 2006 voru ný mál 764 talsins. Óafgreidd erindi frá fyrra ári voru 56 þannig að alls hafði stofnunin til meðferðar 820 mál á árinu. Hún afgreiddi 685 mál.



Eftirfarandi tafla sýnir tegundir skráðra mála og fjölda:

Tegundir	Fjöldi
Frumkvæðismál	6
Fyrirspurnir/umsagnir/álit	275
Kvartanir/kærur/úrskurðir	56
Kynningar/námskeið/fyrirlestrar	20
Veitt leyfi	120
Mál vegna tilkynninga	40
Stjórnvaldsreglur	1
Úttektarverkefni	29
Erlent samstarf	82
Annað	56



Auk framangreindra mála bárust Persónuvernd 392 tilkynningar um vinnslu persónuupplýsinga. eru þær allar birtar á heimasíðu stofnunarinnar.

#### 1.4. Um fjárreiður

Fjárveitingar í fjárlögum til Persónuverndar námu samtals 57,6 millj. kr. á árinu 2006, en það er hækkun um 2,4 millj. kr. frá árinu 2005. Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum á árinu námu samtals rúmlega 59,9 millj. kr. og var tekjuhalli því liðlega 2,3 millj. kr. eða 4%.

Kostnaður vegna launa og launatengdra gjalda nam 42,3 millj. kr., starfstengdur kostnaður (ferðareikningar, fundir, námskeið, akstur o.fl.) nam 2,3 millj. kr. og kostnaður vegna aðkeyptrar sérfræðisþjónustu (öryggisúttektir, tölvumál og fleira) nam 4 millj. kr. Stofnunin er í leiguhúsnæði í eigu Fasteigna ríkissjóðs og nam kostnaður vegna húsnæðis 3,1 millj. kr. Samkvæmt rekstrarreikningi hefur aðkeypt þjónusta lækkað töluvert og skýrist það helst af því að gerðir hafa verið samningar um rekstur tölvukerfa fyrir stofnunina til lengri tíma, en rekstrarkostnaður hækkað vegna hækkunar afnotagjalda og ýmiss konar auglýsinga, auk kostnaðar vegna tækja.

*Hér að neðan er rekstrarreikningur Persónuverndar:*

#### Rekstrarreikningur ársins 2006

<b>Tekjur</b> .....	<b>2006</b>	<b>2005</b>
Seld þjónusta.....	<u>1.515.079</u>	<u>3.450.221</u>
	<u>1.515.079</u>	<u>3.450.221</u>

#### Gjöld

Launagjöld.....	42.347.418	38.232.421
Aðkeypt þjónusta.....	4.026.350	7.526.266
Starfstengdur kostnaður.....	2.293.924	2.603.273
Húsnæðiskostnaður.....	3.106.266	2.744.120
Rekstrarkostnaður.....	<u>8.309.882</u>	<u>4.565.540</u>
	<u>60.083.840</u>	<u>55.671.620</u>
Tækjakaup/húsbúnaður o.fl.....	<u>1.345.472</u>	<u>1.241.398</u>
	<u>61.429.312</u>	<u>56.913.018</u>
Tekjuafgangur (- halli) fyrir ríkisframlag.....	(59.914.233)	(53.462.797)
Ríkisframlag.....	<u>57.600.000</u>	<u>55.200.000</u>
<b>Tekjuafgangur (-halli) ársins</b> .....	<u>(2.314.233)</u>	<u>1.737.203</u>



## 2. Hlutverk Persónuverndar

Í fyrri ársskýrslum Persónuverndar hefur verið gerð grein fyrir helstu áherslum í vinnu stofnunarinnar á hverju starfsári. Fyrstu starfsár Persónuverndar fór mikil vinna í samningu fjölbættra stjórnvaldsfyrirmæla og samræmdra reglna um verklag og daglega starfsemi. Á þriðja og fjórða starfsári Persónuverndar var einkum lögð áhersla á gerð öryggisúttekta og er þeim verkefnum sem þá var hleypt af stokkunum nú að mestu lokið. Almennt má segja að sú vinna hafi leitt í ljós að víðast hvar sé öryggi persónuupplýsinga nokkuð vel tryggt. Hafa þeir sem vinna með persónuupplýsingar flestir tekið slíkum úttektum vel og orðið við ábendingum Persónuverndar og fyrirmælum um aðgerðir til úrbóta hvað varðar vinnubrögð og öryggi og skipulag á vinnslu persónuupplýsinga. Fimmta starfsárið var mikil áhersla lögð á fjölbætt kynningarstarf. Heimsóttu starfsmenn Persónuverndar fjölda skóla og vinnustaða og kynntu starfsemi stofnunarinnar.

### 2.1. Nánar um ýmis verkefni Persónuverndar

Helstu verkefni Persónuverndar eru að afgreiða leyfisumsóknir, taka við tilkynningum og gefa fyrirmæli varðandi tækni, öryggi og skipulag við vinnslu persónuupplýsinga. Ennfremur er Persónuvernd ætlað að hafa eftirlit með því að farið sé að lögum og öðrum reglum um vinnslu persónuupplýsinga, fylgjast með þróun á sviði persónuupplýsingaverndar, jafnt á erlendum vettvangi sem innlendum, aðstoða við gerð starfs- og siðareglna og leiðbeina þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar um persónuvernd og þróa kerfi fyrir slíka vinnslu.

Persónuvernd úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp koma um vinnslu persónuupplýsinga. Hún getur fjallað um einstök mál að eigin frumkvæði eða samkvæmt erindi þess sem telur að ekki hafi verið unnið með persónuupplýsingar um hann í samræmi við pul., reglur settar samkvæmt þeim eða einstök fyrirmæli. Persónuvernd getur tjáð sig um álitamál varðandi meðferð persónuupplýsinga og veitt umsagnir við setningu laga og reglna er þýðingu hafa fyrir einkalífsrétt manna. Ef kostnaður hlýst af eftirliti Persónuverndar með því að ábyrgðaraðili uppfylli skilyrði pul. og reglna sem settar eru samkvæmt þeim, eða ef kostnaður hlýst af úttekt á öryggi vinnslu persónuupplýsinga, getur Persónuvernd ákveðið að ábyrgðaraðili greiði þann kostnað.

Persónuvernd hefur í eftirlitsstörfum sínum án dómsúrskurðar aðgang að húsnæði þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram eða gögn eru varðveitt. Hún getur óskað liðveislu lögreglu ef einhver leitast við að hindra hana í eftirlitsstörfum sínum. Stofnunin getur mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, að persónuupplýsingar verði afmáðar eða skráðar eytt, í heild eða að hluta, bannað frekari notkun upplýsinga eða lagt fyrir ábyrgðaraðila að viðhafastafanir sem tryggja lögmæti vinnslunnar.

Ef fram fer vinnsla persónuupplýsinga, sem brýtur í bága við ákvæði laganna eða reglna settar samkvæmt þeim, getur Persónuvernd falið lögreglustjóra að stöðva til bráðabirgða starfsemi viðkomandi aðila og innsigla starfsstöð hans þegar í stað.

Persónuvernd getur mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, bann við notkun þeirra, þ. á m. kennitölu, eyðingu þeirra og ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslu þeirra. Hún getur ákveðið að leggja dagsektir á þann sem ekki sinnir fyrirmælum hennar.

Brot á ákvæðum pul. og reglugerða settra samkvæmt þeim varða fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Sama refsing liggur við ef ekki er farið að fyrirmælum Persónuverndar. Ef brot er framið í starfsemi lögaðila má gera lögaðilanum fésekt samkvæmt II. kafla A almennra hegningarlaga.

Persónuvernd hefur skrifstofu að Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík. Símanúmer er: 510 9600. Faxnúmer er: 510 9606. Netfang er: [postur@personuvernd.is](mailto:postur@personuvernd.is).

Á heimasíðu stofnunarinnar, [www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is), er m.a. að finna lög nr. 77/2000, upplýsingar um Persónuvernd, tilkynningareyðublað sem senda má beint af heimasíðunni, reglur sem stofnunin hefur sett, auk ýmislegs er lýtur að starfsemi hennar.

### **2.1.1. Um leyfisveitingar og tilkynningar**

Persónuvernd afgreiðir leyfisumsóknir og tekur við tilkynningum.

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að styðjast við einhverja þeirra heimilda sem taldar eru upp í 8. gr. pul., sem og 9. gr. pul. sé unnið með viðkvæmar persónuupplýsingar. Meðal þessara heimilda má nefna að hinn skráði hafi sjálfur samþykkt vinnsluna eða að sérstök lagaheimild sé fyrir vinnslunni. Ekki er gert ráð fyrir að Persónuvernd meti vinnslu í hverju, einstöku tilviki til þess að skera úr um hvort heimildir séu fyrir henni. Slíkt mat liggur alla jafna hjá ábyrgðaraðilum upplýsinganna, þ.e. þeim sem búa yfir viðkomandi upplýsingum, en risi ágreiningur milli aðila um vinnsluna verður sá ágreiningur borinn undir Persónuvernd. Áður en vinnsla persónuupplýsinga hefst skal ábyrgðaraðili almennt senda Persónuvernd tilkynningu um vinnsluna. Hér er ekki um að ræða umsókn um leyfi Persónuverndar heldur einungis tilkynningu um að vinnslan muni fara fram. Tilkynningin er send rafrænt beint af heimasíðu Persónuverndar, [www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is) (smellið á „Tilkynningar“), og vistast sjálfkrafa í opinberri skrá á vefsíðunni sem almenningur getur skoðað og leitað í.

Feli vinnsla í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi manna getur Persónuvernd ákveðið að hún skuli vera leyfisskyld, sbr. 33. gr. pul. Það hefur hún gert með setningu reglna nr. 698/2004 sem tóku við af reglum nr. 90/2001. Í 7. gr. reglnanna eru tæmandi taldar þær tegundir vinnslu sem eru leyfisskyldar samkvæmt ákvæðinu. Þá getur vinnsla verið háð leyfi sé mælt fyrir um það í öðrum lögum, sbr. til dæmis ákvæði í lífsýnalögum nr. 110/2000 og lögum um réttindi sjúklunga nr. 74/1997.

Umsókn um leyfi Persónuverndar þarf að vera ítarlega rökstudd. Í henni skal m.a. tilgreina sérstaklega á grundvelli hvaða reglu um leyfisskyldu hún byggji og hvernig öryggi persónuupplýsinganna verði tryggt. Þá skal rökstyðja sérstaklega hvers vegna nauðsynlegt sé að vinna með upplýsingarnar á persónugreinanlegu formi. Í því sambandi skal bent á að afhending og móttaka upplýsinga telst til vinnslu þeirra. Umsókn skal skilað á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem finna má á vefsíðu stofnunarinnar, [www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is).

Persónuvernd hefur sett sérstakar verklagsreglur, nr. 340/2003, um afgreiðslu umsókna um aðgang að sjúkraskráum vegna aftursýnna vísindarannsókna. Meginreglan er sú að þegar unnið er með persónuupplýsingar við vísindarannsóknir á heilbrigðisviði skal vinnsla upplýsinganna byggjast á samþykki þátttakenda í rannsókninni. Þessar verklagsreglur gilda um nokkrar undantekningar frá framangreindri meginreglu sem byggjast á 3. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklunga. Þær gilda einvörðungu um umsóknir lækna, annarra heilbrigðisstarfsmanna og háskólanema á sviði heilbrigðisfræða um leyfi til aðgangs að sjúkraskráum vegna aftursýnna vísindarannsókna og um afgreiðslu Persónuverndar á þeim umsóknum. Með aftursýnri vísindarannsókn er átt við rannsókn þar sem ekki er gert ráð fyrir virkri þátttöku sjúklings, s.s. með því að hann gefi upplýsingar eða láti lífsýni í té, heldur aðeins vinnslu upplýsinga úr fyrirbyggjandi skráum og sjúkraskráum sem færðar hafa verið í samræmi við fyrirmæli 14. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklunga. Þessar verklagsreglur gilda ekki um aðgang að lífsýnum í þágu vísindarannsókna á heilbrigðisviði.

### 2.1.2. *Um úttektir*

Samkvæmt 2. tl. 3. mgr. 37. gr. pul. er það eitt af hlutverkum Persónuverndar að hafa eftirlit með því að aðilar sem bera ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga fari að lögum og öðrum reglum sem um vinnsluna gilda og tryggja eiga að fyllsta öryggis sé gætt.

Til þess að Persónuvernd geti rækt það eftirlitshlutverk sem á stofnuninni hvílir lögum samkvæmt getur verið nauðsynlegt að gera úttekt á fyrirkomulagi öryggismála hjá ábyrgðaraðilum persónuupplýsinga. Ákvörðun um úttekt þarf þó ekki að fela í sér að Persónuvernd telji að öryggiskerfi viðkomandi ábyrgðaraðila sé að einhverju leyti ábótavant. Gert er ráð fyrir að úttektir af þessu tagi fari fram í góðri samvinnu Persónuverndar og ábyrgðaraðila. Markmiðið er að sannreyna að öryggiskerfi ábyrgðaraðila sé í samræmi við þær öryggiskröfur sem Persónuvernd gerir til vinnslu viðkomandi persónuupplýsinga.

Úttekt er framkvæmd í tveimur áföngum. Fyrri hlutinn felst í því að kalla eftir og fara yfir skrifleg gögn frá ábyrgðaraðila, sbr. 11. gr. fyrrgreindra laga. Seinni hlutinn er skoðun á þeim stað eða stöðum þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram á vegum ábyrgðaraðila. Það er gert í þeim tilgangi að bera fyrirkomulag og ástand öryggiskerfis saman við framlögð gögn ábyrgðaraðila þar að lútandi. Persónuvernd lýkur svo úttektinni með ákvörðun um hvort öryggiskerfið standist þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglum um öryggi persónuupplýsinga og gefur ábyrgðaraðila fyrirmæli um úrbætur ef ástæða þykir til.

Við úttektir hefur Persónuvernd fyrst og fremst beint sjónum sínum að þeim sem vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar. Vinnsla slíkra upplýsinga er oft á tíðum ekki nema hluti af starfsemi ábyrgðaraðila og getur því úttekt Persónuverndar oft takmarkast við afmarkaðan þátt starfseminnar. Í þeim tilgangi að öðlast raunhæfan samanburð milli ábyrgðaraðila og til að gæta jafnræðis framkvæmir Persónuvernd yfirleitt úttektir hjá þremur til fimm aðilum í sambærilegri starfsemi. Er þá jafnan reynt að velja umsvifamestu ábyrgðaraðilana í greininni þannig að ætla megi að úttektin spanni stóran hluta af þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer á ákveðnu sviði.



---

## **3. Umfjöllun um ýmis mál; leyfisveitingar, úrskurðir, álit, umsagnir og svör við fyrirspurnum**

---

Hér að neðan eru flestar afgreiðslur Persónuverndar birtar í styttri útgáfu. Þær er einnig að finna í heild sinni á heimasíðu stofnunarinnar, [www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is).

### **3.1. Leyfisveitingar**

#### **3.1.1. Veitt starfsleyfi**

2006/71 – Lánstraust hf. fékk starfsleyfi til að annast vinnslu upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust *einstaklinga*, í því skyni að miðla þeim til annarra, sbr. 4. tl. 1. mgr. 7. gr. reglna Persónuverndar nr. 698/2004, um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga, og 2. gr. reglugerðar nr. 246/2001, um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust, sbr. 33. gr. og 2. mgr. 45. gr. pul.

2006/72 – Lánstraust hf. fékk starfsleyfi til að annast vinnslu upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust *lögadila*, í því skyni að miðla þeim til annarra, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 246/2001, sbr. 2. mgr. 45. gr. pul.

2006/301 – Samband íslenskra sparisjóða fékk bráðabirgðastarfsleyfi til að annast vinnslu upplýsinga í skrá sem ber heitið Lokanaskrá og hefur að geyma upplýsingar um reikninga sem hefur verið lokað vegna vanefnda reikningseigenda, sbr. 4. tl. 1. mgr. 7. gr. reglna nr. 698/2004 og 2. gr. reglugerðar nr. 246/2001, sbr. 33. gr. og 2. mgr. 45. gr. laga pul.

2006/302 – Seðlabankinn fékk bráðabirgðastarfsleyfi til að annast vinnslu upplýsinga í Lokanaskrá, sbr. 4. tl. 1. mgr. 7. gr. reglna nr. 698/2004 og 2. gr. reglugerðar nr. 246/2001, sbr. 33. gr. og 2. mgr. 45. gr. pul.

2006/303 – Landsbankinn fékk bráðabirgðastarfsleyfi til að annast vinnslu upplýsinga í Lokanaskrá, sbr. 4. tl. 1. mgr. 7. gr. reglna nr. 698/2004 og 2. gr. reglugerðar nr. 246/2001, sbr. 33. gr. og 2. mgr. 45. gr. pul.

2006/304 – KB-banki fékk bráðabirgðastarfsleyfi til að annast vinnslu upplýsinga í Lokanaskrá, sbr. 4. tl. 1. mgr. 7. gr. reglna nr. 698/2004 og 2. gr. reglugerðar nr. 246/2001, sbr. 33. gr. og 2. mgr. 45. gr. pul.



2006/305 – Glitnir fékk bráðabirgðastarfsleyfi til að annast vinnslu upplýsinga í Lokanaskrá, sbr. 4. tl. 1. mgr. 7. gr. reglna nr. 698/2004 og 2. gr. reglugerðar nr. 246/2001, sbr. 33. gr. og 2. mgr. 45. gr. pul.

2006/433 – Myndmark, samtök aðila sem dreifa myndbandsefni í útleigu og heilðsölu, fékk starfsleyfi til að annast vinnslu upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga, sbr. 4. tl. 1. mgr. 7. gr. reglna nr. 698/2004 og 2. gr. reglugerðar nr. 246/2001, sbr. 33. gr. og 2. mgr. 45. gr. pul.

### **3.1.2. Leyfi vegna vísindarannsóknna á heilbrigðissviði**

Persónuvernd veitti eftirfarandi leyfi til vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við gerð vísindarannsóknna á heilbrigðissviði:

2004/571 – Hrafn Tulinius, Jórunn Erla Eyfjörð, Jón Gunnlaugur Jónasson og Laufey Tryggvadóttir fengu endurúttekið leyfi til vinnslu persónuupplýsinga, aðgangs að sjúkraskrá og aðgangs að lífsýnasafni vegna rannsóknarinnar „Áhrif stökkbreytinga á krabbamein í Íslendingum“.

2005/621 – Felix Valsson læknir á Landspítala-háskólasjúkrahúsi (LSH) fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknarinnar „Kæling á meðvitundarlausum sjúklingum eftir hjartastopp“.

2005/627 – Þorvaldur Jónsson fékk heimild til flutnings persónuupplýsinga úr landi í tengslum við „Rannsókn á ættlægni sortuæxla og tengslum þeirra við önnur krabbamein“, „Íslenska krabbameinsverkefnið, áfanga I: Sortuæxli – sameindaerfðafræðilega athugun“ og „Íslenska krabbameinsverkefnið, áfanga IV“.

2005/648 - Krabbameinsfélag Íslands fékk heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Aurora A áhættusamsæta og óstöðugleiki litninga í brjóstakrabbameini“.

2005/650 – Eiríkur Örn Arnarson forstöðusálfræðingur og Sigurður Örn Hektorsson læknir og sérfræðingur fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknarinnar „Heilsa og líðan fólks sem greinst hefur með krabbamein“.

2005/652 – Hlíf Steingrímisdóttir yfirlæknir blóðlækninga á Landspítala-háskólasjúkrahúsi, Vilhelmina Haraldsdóttir sviðsstjóri og Helga Ögmundsdóttir yfirlæknir og prófessor fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrá og til vinnslu persónuupplýsinga úr Krabbameinsskrá vegna rannsóknarinnar „Mergæxli á Íslandi frá 1980-2000. Samanburður á forspárþáttum, meðferð og lifun sjúklinga 1980-1994 og 1995-2000“. Krabbameinsfélag Íslands fékk leyfi til afhendingar upplýsinga í þágu sömu rannsóknar.

2005/654 – Íslensk erfðagreining ehf. fékk leyfi til samnýtingar gagna úr rannsókn á erfðum beinþynningar og rannsókna á erfðum útæðasjúkdóms og ósæðargúla, fullorðinssykursýki, heilablóðfalls, kransæðastíflu og hjartadreps, líkamspýngdar og fituefnaskipta og fjölskyldulægrar, blandaðrar blóðfitulækkunar.

2005/669 – Jón Snædal yfirlæknir á öldrunarlækningadeild Landspítala-háskólasjúkrahúss fékk heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Notkun taugalyfja til að meta áhrif Alzheimer-sjúkdóms á heilarit“.

2005/669 – Jón Snædal yfirlæknir öldrunarlækningadeildar Landspítala-háskólasjúkrahúss, Kristinn Johnsen framkvæmdastjóri Mentis Cura ehf. og Vilmundur Guðnason forstöðulæknir Hjartaverndar

fengu endurútgefna heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Notkun tauga-lyfja til að meta áhrif Alzheimer-sjúkdóms á heilarit“.

2005/694 – Sigurveig Pétursdóttir bæklunarskurðlæknir og Gunnar Sigurðsson prófessor og yfirlæknir í innkirtlasjúkdómum fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrá og vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Könnun á osteogenesis imperfecta á Íslandi“.

2005/697 – Urður, Verðandi, Skuld ehf. fékk leyfi til skilgreinds aðgangs að lífsýnasafni Íslenskrar erfðagreiningar ehf. vegna vísindarannsókna á heilbrigðissviði, nánar tiltekið rannsókn á erfðum krabbameinsjúkdóma.

2005/697 – Íslensk erfðagreining ehf. fékk leyfi til skilgreinds aðgangs að lífsýnasafni Urðar, Verðandi, Skuldar ehf. vegna vísindarannsókna á heilbrigðissviði, nánar tiltekið rannsókn á erfðum krabbameinsjúkdóma.

2005/698 – Íslensk erfðagreining ehf. og Urður, Verðandi, Skuld ehf. fengu leyfi til samkeyrslu skráa með persónuupplýsingum um fólk sem tekið hefur þátt í krabbameinsrannsóknum á þeirra vegum. Nánar tiltekið er átt við skrár sem hafa að geyma dulkóðaðar heilsufarsupplýsingar, lífsýnaupplýsingar, ættfræðiupplýsingar, erfðaupplýsingar og mæliniðurstöður úr tilteknum rannsóknum.

2005/700 – Jón Snædal yfirlæknir öldrunarlækningadeildar LSH og Hjartavernd fengu heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Notkun miðtaugakerfislyfja til að meta áhrif Alzheimers-sjúkdóms á heilarit“.

2005/701 – Ólafur Árni Sveinsson læknir og Elías Ólafsson yfirlæknir fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknarinnar „Faraldsfræði Huntingtons-sjúkdóms á Íslandi“.

2005/702 – Jón Þrándur Steinsson yfirlæknir fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna „Forrannsóknar á sjúkraskrá Lækningarlindar Bláa lónsins hf.“.

2005/709 – Magnús Gottfreðsson sérfræðingur í smitsjúkdómum við lyflækningadeild LSH og dósent við læknadeild Háskóla Íslands fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknarinnar „Alvarlegar sýkingar eftir opnar hjartaskurðaðgerðir“.

2005/719 – Karl Andersen hjartalæknir fékk heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Horfur og meðferð sjúklunga með bráða kransæðastíflu (PASTRAMI)“.

2006/1 – Tómas Guðbjartsson sérfræðingur, Bjarni Torfason yfirlæknir og Guðrún Fönn Tómasdóttir læknanemi fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrá vegna rannsóknarinnar „Skurðaðgerðir við loftbrjósti á LSH 1991-2005“.

2006/4 – Páll Helgi Möller yfirlæknir á skurðlækningadeild LSH fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrá og lífsýnasafni, auk heimildar til vinnslu persónuupplýsinga úr Krabbameinsskrá og dánar-meinaskrá Hagstofu Íslands í þágu rannsóknarinnar „Krabbamein í smágirni (skeifugörn, ásgörn og dausgörn) á Íslandi 1955-2004“. Krabbameinsfélag Íslands og Hagstofa Íslands fengu heimild til að miðla upplýsingum í þágu rannsóknarinnar.

2006/10 – Bárður Sigurgeirsson sérfræðingur fékk heimild til aðgangs að sjúkraskrá vegna „Einsetra, slembiráðaðrar, samsíða, fasa II klínískrar rannsóknar til að rannsaka þol ciclopirox naglalakks

(tvíblind meðferð) samanborið við lyfleysu (tvíblind meðferð) og Mycoster® (einblind meðferð) hjá einstaklingum með vægan til meðalslæman naglasvepp“.

2006/19 – Gunnar M. Sandholt sviðsstjóri hjá fjölskyldu- og þjónustusviði Skagafjarðar fékk heimild til vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við rannsóknarverkefni Soffíu Jónsdóttur nema í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands: „Hvernig hefur fjárhagsaðstoð í Skagafirði þróast á tímabilinu 2001-2005?“.

2006/24 – Pétur Lúðvígsson barnalæknir fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Heilabólguafaraldur á Íslandi 1992-1994 af völdum rauðra hunda (rubella encephalitis). Eftirfylgdarrannsókn“.

2006/34 – Tómas Guðbjartsson sérfræðingur á hjarta- og lungnaskurðeild LSH fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Notkun recombinant factor VII til að stöðva blæðingu í opnum hjartaaðgerðum“.

2006/46 – Emilía Jónsdóttir, nemi í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands og Maggý Magnúsdóttir félagsráðgjafi á Reykjalundi fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Skilarskilyrði endurhæfing einstaklinga með áunninn heilaskaða á Reykjalundi árangri“.

2006/48 – Velferðarsvið Reykjavíkurborgar fékk heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Úttekt á fjölda og stöðu forsjarlausra fedra í Reykjavík“.

2006/52 – Guðmundur Geirsson þvægfæraskurðlæknir og Jens Kristján Guðmundsson aðstoðarlæknir fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Góðkynja stækkun á hvekk – ábendingar og aðgerðir“.

2006/56 – Ingibjörg Heiða Sigfúsdóttir nemi í félagsráðgjöf fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Vettvangsteymi – nýtt úrræði“.

2006/65 – Hagstofa Íslands fékk heimild til að veita aðgang að upplýsingum í dánarmeinaskrá í þágu rannsóknar Dr. Ástríðar Pálsdóttur á Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum og Elíasar Ólafssonar lækni á taugalækningadeild Landspítala-háskólasjúkrahúss vegna „Rannsóknar á uppsöfnun stökkbreyttra cystatin C próteina í arfgengi heilablæðingu“.

2006/68 – Helga Ögmundsdóttir, Hlíf Steingrímisdóttir, Vilhelmína Haraldsdóttir, Laufey Tryggvadóttir, Magnús Karl Magnússon, Ísleifur Ólafsson og Þórunn Rafnar fengu heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Arfgengar orsakir einstofna mótefnahækkunar og skyldra B-frumusjúkdóma“.

2006/76 – Sigríður Magnúsdóttir yfirtalmeinafræðingur á talmeinaþjónustu LSH fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Aphasia and Hemi-Spatial Neglect in Stroke: Neuroanatomical Correlates“.

2006/85 – Margrét Ósk Gunnarsdóttir og Sýslumaðurinn í Reykjavík fengu leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknar á framfærsluskilyldu foreldra, n.t.t. leyfi til aðgangs að úrskurðum sýslumannsins í Reykjavík frá og með gildistöku nýju barnalaganna, þ.e. meðlags-, aukaframlags- og menntunarframlagsúrskurðum skv. 2. mgr. 57. gr., 60. og 62. gr. barnalaga nr. 76/2003.

2006/87 – Linda Björk Ólafsdóttir fékk leyfi til að nota greiningarlykil „Faraldsfræðilegrar rannsóknar á meltingarfærakvillum“, þar sem unnið hafði verið með persónuupplýsingar samkvæmt leyfi, sem tölvunefnd veitti árið 1995 (mál nr. 218/1995), í þágu rannsóknar með sama heiti, m.t.t. spurningakönnunar, sem fram fór árið 2006.

2006/97 – Íslensk erfðagreining ehf. fékk leyfi til að kalla eftir þátttakendum í samanburðarhópa vegna erfðarannsóknna á vegum félagsins og til að vinna með persónuupplýsingar um þá í þágu þeirra rannsókna.

2006/102 – Hagstofa Íslands fékk heimild til að afhenda sr. Braga Skúlasyni upplýsingar úr dánarmeinaskrá í þágu rannsóknarinnar „Sorgarviðbrögð ekkla“.

2006/105 – Vilhelmína Haraldsdóttir læknir og sviðsstjóri á LSH, María Þorsteinsdóttir læknanemi, Helga Ögmundsdóttir prófessor og Hlíf Steingrimsdóttir yfirlæknir fengu leyfi til aðgangs að sjúkra-skrám og vinnslu persónuupplýsinga úr Krabbameinskrá og dánarmeinaskrá Hagstofu Íslands vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Mónóklónal gammópatía, afdrif og horfur. Rannsókn á einstaklingum er greindust á tímabilinu 1990-1994. Rannsóknarverkefni 3. árs læknanema.“ Krabbameinsfélag Íslands og Hagstofa Íslands fengu heimild til að afhenda upplýsingar í þágu rannsóknarinnar.

2006/108 – Guðrún Kristjánsdóttir prófessor við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands fékk heimild til aðgangs að sjúkra-skrám vegna rannsóknarinnar „Sársaukameðferð á bráðamöttöku barna: kæliúði við nálastungur“.

2006/116 – Stefán E. Matthíasson sérfræðingur í æðaskurðlækningum og Íslensk erfðagreining ehf. fengu heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Storku- og bólgubættir og starfsemi blóðflagna hjá sjúklingum með útæðasjúkdóm (æðakölkun í slagæðum), m.t.t. erfðabreyti-leika í PTGER3 erfðavísi“.

2006/124 – Landspítali-háskólasjúkrahús fékk heimild til að afhenda Íslenskri erfðagreiningu ehf. (ÍE) lista úr sjúklingabókhaldi hjartadeildar LSH og gagnabanka neyðarbílsins í Reykjavík með upplýsingum um u.þ.b. 503 einstaklinga sem fengu hjartastopp á árunum 1987-1996. Upplýsingarnar hugðist ÍE nota í forkönnun sem yrði liður í ákvörðun um hugsanlega rannsókn á ættlægni skyndi-dauða af völdum hjartasjúkdóma.

2006/124 – Landspítali-háskólasjúkrahús og Gestur Þorgeirsson yfirlæknir á hjartadeild fengu endurnýjaða heimild til að afhenda Íslenskri erfðagreiningu ehf. lista úr sjúklingabókhaldi hjarta-deildar LSH og gagnabanka neyðarbílsins í Reykjavík.

2006/125 – Gizur Gottskálksson læknir á lyflækningadeild LSH fékk heimild til vinnslu persónu-upplýsinga vegna „Rannsóknar á gangráðsmeðferð við yfirlíðum vegna skreyjtaugarertingar (Scandinavian Vasovagal Syncope Pacemaker Study (SCANSYNC))“.

2006/131 – Peter Holbrook prófessor við tannlæknadeild Háskóla Íslands fékk leyfi til aðgangs að sjúkra-skrám vegna „Rannsóknar á glerungseyðingu og fylgjandi áhættuþáttum“.

2006/138 – Eysteinn Pétursson yfireðlisfræðingur, Peter Holbrook prófessor og Björn Guðbjörnsson dósent fengu leyfi til aðgangs að sjúkra-skrám vegna „Flæðisrannsóknar á munnvatnskirtlum með til-liti til heilkennis Sjögrens – samanburður á ísótópa- og munnvatnsvökvarannsóknnum“.

2006/150 – Vistor ehf. og Félag íslenskra heimilislækna fengu leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna gæðapróunarverkefnis sem unnið er í því skyni að auka fjölda lungnamælinga og þannig bæta greiningu langvinnrar lungnateppu og fjölga inngrípum.

2006/164 – Margrét Oddsdóttir yfirlæknir á skurðeild LSH, Kristinn Tómasson yfirlæknir Vinnueftirlits ríkisins og Sigurbjörn Birgisson meltingarsérfræðingur á LSH fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Langtíma (5-10 ára) árangur aðgerða við vélindabakflæði – Framhaldsrannsókn“.

2006/165 – Margrét Oddsdóttir yfirlæknir á skurðeild LSH, Kristinn Tómasson yfirlæknir Vinnueftirlits ríkisins og Sigurbjörn Birgisson meltingarsérfræðingur á LSH fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Árangur enduraðgerða vegna vélindabakflæðis. Er eitthvað sammerkt með þeim sjúklingum sem þurfa að fara í enduraðgerð?“.

2006/168 – Stefán Einar Matthíasson sérfræðingur í æðaskurðlækningum, Íslensk erfðagreining ehf. og Íslenskar lyfjarannsóknir ehf. – Encode fengu heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna „Slembiraðaðrar, tvíblindrar, fasa II samanburðarrannsóknar við lyfleysu til að meta lyfjahvörf, lyfhrif og öryggi á rannsóknarlyfinu DG-041 í sjúklingum með útæðasjúkdóm“.

2006/175 – Helga Lára Helgadóttir lektor í barnahjúkrun við Háskóla Íslands fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Fræðsla til foreldra um verkjameðferð barna heima eftir hálskirtlatöku“.

2006/176 – Ragnar Logi Magnason læknir á St. Franciskusspítala í Stykkishólmi, Elínborg Bárðardóttir sérfræðingur í heimilislækningum við Heilsugæslustöðina Efstaleiti og Gunnar Helgi Guðmundsson yfirlæknir á Heilsugæslustöðinni Efstaleiti fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Árangur átaks í heilsuvernd aldraðra í Hgst. Efstaleiti 2002-2004“.

2006/179 – Björn Rúnar Lúðvíksson læknir á rannsóknarstofu í ónæmisfræði á LSH fékk heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Hugsanleg áhrif erfðavísa á svörun við afnæmingar meðferð gegn ofnæmi“.

2006/181 – Atli Dagbjartsson yfirlæknir og dósent á Barnaspítala Hringins fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar Phenylketonurea „(PKU) á Íslandi“.

2006/187 – Vilmundur Guðnason fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar sem ber yfirskriftina „Frekari greining á þögullu kransæðastíflu með aðferð hjartasegulómunar í einstaklingum með sykursýki og einstaklingum án mikils kalks í kransæðum“.

2006/202 – Gerður Gröndal, Kristján Steinsson, Árni Jón Geirsson og Arnór Víkingsson sérfræðingar í lyflækningum og gigtarlækningum fengu heimild til aðgangs að sjúkraskrár og vinnslu erfðafnis vegna „Langtímaframhaldsrannsóknar á öryggi tocilizumab (MRA) hjá sjúklingum sem eru að ljúka meðferð í MRA kjarnarannsóknnum“.

2006/215 – Bárður Sigurgeirsson, Jón Hjaltalín Ólafsson og Jón Þrándur Steinsson sérfræðingar í húðsjúkdómum fengu heimild til aðgangs að sjúkraskrár vegna „Fjölsetra, slembiraðaðrar, samsíða samanburðarrannsóknar á nýrri samsetningu af amorolfine (4% og 10%) naglalakki borið saman við lyfleysu til útvortis meðferðar á fjar- og hliðlægri sveppasýkingu undir tánögl“.

- 2006/217 – Davíð O. Arnar yfirlæknir á LSH fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Heilkenni lengingar á QT bili í íslenskum fjölskyldum“.
- 2006/240 – Hjartavernd fékk heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna „Viðbótarrannsóknar við Öldrunarrannsókn Hjartaverndar – AGES-Reykjavík (Age/Gene Environment Susceptibility Reykjavik) Study: Vascular factors and change in brain structure and function – Tengsl æðakerfis við breytingar á strúktúr og starfsemi heilans“.
- 2006/241 – Laufey Tryggvadóttir framkvæmdastjóri Krabbameinsskrár Krabbameinsfélags Íslands og Kari Hemminki forstöðumaður Sameindafaraldsfræðideildar Þýsku krabbameinsrannsóknarstöðvarinnar (DKFZ), Heidelberg, fengu heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Ættlægni heilæxla á Norðurlöndunum“.
- 2006/243 – Arna Guðmundsdóttir innkirtlasérfræðingur fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Insúlíndælar á Íslandi“.
- 2006/246 – Shreekrishna Datye forstöðulæknir handlækningadeildar á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri (FSA) fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Árangur kviðarholsskurðaðgerða á FSA 1990-2005“.
- 2006/256 – Kristján Steinsson læknir á gigtardeild LSH og Vilmundur Guðnason forstöðulæknir Hjartarverndar fengu leyfi til að afhenda Íslenski erfðagreiningu ehf. upplýsingar úr sjúklingabókhalda í þágu rannsóknar á ættlægni sjálfsöfnæmissjúkdóma.
- 2006/297 – Sigurður Marelsson deildarlæknir fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Drukknunarslys barna árin 1994-2004“.
- 2006/307 – Krabbameinsfélag Íslands fékk leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Samspil erfða og umhverfisþátta við tilurð og afdrif sjúklinga með krabbamein sem tengjast BRCA breytingum“.
- 2006/319 – Hrefna Guðmundsdóttir sérfræðingur í lyflækningum og nýrnalækningum og Guðbjörg Birna Guðmundsdóttir heilsugæslulæknir fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna „Einskammta, opinnar víxlaðrar rannsóknar til að meta áhrif fæðu á aðgengi DG-031-taflna framleiddra með nýrri framleiðsluáferð í samanburði við aðgengi DG-031-taflna framleiddra með eldri framleiðsluáferð“.
- 2006/329 – Vigdís Pétursdóttir sérfræðingur í meinafræði, Eiríkur Jónsson yfirlæknir á þvagfæraskurðlækningadeild LSH, Guðmundur Vikar Einarsson sérfræðilæknir á þvagfæraskurðlækningadeild LSH, Hrefna Guðmundsdóttir, sérfræðilæknir á lyflækningadeild LSH, Rósa Björk Barkardóttir yfirnáttúrfræðingur á Rannsóknarstofu í meinafræði á LSH, Sverrir Harðarson sérfræðilæknir á Rannsóknarstofu í meinafræði á LSH og Tómas Guðbjartsson sérfræðilæknir á skurðlækningadeild LSH fengu heimild til aðgangs að sjúkraskrár og lífsýnasafni vegna „Tjáningarrannsókna á nýrnakrabbameini og eðlilegum nýrnavef“.
- 2006/345 – Pálmi V. Jónsson sviðsstjóri lækninga á öldrunarviði LSH fékk heimild til að samkeyra upplýsingar úr þjóðskrá um dánardag við lista yfir þátttakendur í rannsókn á heilsufari og hjúkrunarþörf aldraðra á höfuðborgarsvæðinu.
- 2006/356 – Gunnar Guðmundsson aðstoðaryfirlæknir á lungnalækningadeild LSH fékk heimild til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar á eftirfylgni sjúklinga eftir endurinnlögnum vegna langvinnr-

ar lungnateppu (COPD), eða „Longterm followup after COPD hospitalisation regarding mortality, health status and psychological status“.

2006/359 – Hjartavernd og Hans Björnsson læknir og Ph.D. kandidat fengu heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna erfðarannsóknarinnar „Stjórnun á tjáningu gena með greypingu“.

2006/365 – Reynir Tómas Geirsson prófessor við Háskóla Íslands og yfirlæknir/sviðsstjóri við LSH, Atli Dagbjartsson yfirlæknir og dósent á vökuðeild Barnaspítala Hringins og Hildur Harðardóttir yfirlæknir og dósent á kvennasviði LSH fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Mjög þung börn og afdrif þeirra og mæðranna við fæðingu og á fyrsta æviskeiði hjá börnunum“.

2006/374 – Magnús Kristjánsson Ph.D. og Guðmundur Þorkelsson Ph.D. fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Samanburður á kvíða- og þunglyndiseinkennum sjúklunga sem gangast undir magahjávetuaðgerð og offitumeðferð á Reykjalundi, við innlögn og ári eftir meðferð ásamt könnun á matarvenjum fyrir og eftir meðferð“.

2006/375 – AstraZeneca og Agnes Smáradóttir sérfræðilæknir á krabbameinlækningadeild LSH fengu heimild til aðgangs að sjúkraskrár í þágu rannsóknarinnar „FACT: Anastrozole monotherapy versus maximal oestrogen blockage with anastrozole and fulvestrant combination therapy: An open randomized, comparative, phase III multicentre study in postmenopausal women with hormone receptor positive breast cancer in first relapse after primary treatment of localised tumour“.

2006/376 – Ólafur Ó. Guðmundsson yfirlæknir á barna- og unglingsdeild LSH (BUGL) og Mentis Cura ehf. fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Greining á athyglisbresti með ofvirkni með heilaritum, frumrannsókn“.

2006/379 – Landlæknisembættið fékk heimild til að afhenda Hildi Harðardóttur yfirlækni kvendæildar LSH, Ragnheiði I. Bjarnadóttur lækni og Brynhildi Tinnu Birgisdóttur læknanema upplýsingar úr Fæðingaskrá vegna rannsóknarinnar „Fæðingarmáti kvenna sem eignast sitt annað barn eftir fyrri keisaraskurðaðgerð“.

2006/385 – Valgerður Sigurðardóttir yfirlæknir á líknardeild LSH og Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir sjúkrahúsprestur á LSH fengu heimild til aðgangs að sjúkraskrár í þágu rannsóknarinnar „Velliðan einstaklinga sem þiggja líknar meðferð út frá trúarlegum, andlegum og tilvistarlegum þáttum: Forþúfningur spurningalista og djúpvíðtöl“.

2006/387 – Páll E. Ingvarsson sérfræðingur á endurhæfingardeild LSH, Grensási, Ólafur Thorarson sérfræðingur á Barnaspítala Hringins, María Guðlaug Hrafnadóttir sérfræðingur á endurhæfingardeild LSH, Grensási, og Gísli Einarsson yfirlæknir á endurhæfingardeild LSH, Grensási, fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Notkun Baclofen dæla á Íslandi“.

2006/394 – Elías Ólafsson yfirlæknir á taugalækningadeild LSH fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Algengi og nýgengi Charcot-Marie-Tooth (CMT) sjúkdóms á Íslandi“.

2006/395 – Hjartavernd og Hagstofa Íslands fengu heimild til að miðla til Krabbameinsfélags Íslands upplýsingum í þágu rannsóknarinnar „Nýgengi krabbameina/dánarmeina eftir starfi og menntun á Íslandi“.

2006/400 – Krabbameinsfélag Íslands (KÍ) fékk leyfi til samkeyrslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Efnaskiptavilla og brjóstakrabbamein“. Ábyrgðaraðilum Reykjavíkurrannsóknar Hjarta-

verndar, Heilsusögubanka KÍ, Rannsóknarskrár rannsóknarstofu KÍ í sameinda og frumulíffræði og Krabbameinsskrár KÍ var heimiluð miðlun upplýsinga til að nota við samkeyrsluna.

2006/401 – Karl Andersen sérfræðingur á hjartadeild LSH, Björn Rúnar Lúðvíksson sérfræðingur á ónæmisfræðideild LSH, Davíð O. Arnar yfirlæknir á bráðamóttöku LSH og Ísleifur Ólafsson yfirlæknir á rannsóknardeild LSH fengu heimild til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „CREATE: Cardiovascular Risk Evaluation and Attenuation of inflammation by early rosuvastation Treatment“.

2006/406 – Jón Gunnlaugur Jónsson meinafræðingur fékk heimild til flutnings lífsýna til Johns-Hopkins-háskólaspítalans í Bandaríkjunum í þágu rannsókna á skjaldkirtilskrabbameini.

2006/408 – Bárður Sigurgeirsson, Jón Hjaltalín Ólafsson og Jón Þrándur Steinsson sérfræðingar í húðsjúkdómum fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna „Einsetra, tvíblindrar, samsíða, fasa IB klínískrar rannsóknar til að meta öryggi og lyfjahvörf albaconazole hjá einstaklingum með naglasvepp“.

2006/419 – Einar Stefánsson forstöðulæknir á augndeild LSH fékk heimild til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Reynsla af Triamcinolone sterainndælingum í augu og OCT tækni“.

2006/427 – Bárður Sigurgeirsson, sérfræðingur á Húðlæknastöðinni fékk heimild til aðgangs að sjúkraskrár í þágu „Opinnar, einsetra, fjölskammta rannsóknar til að meta magn terbinafins í blóði hjá sjúklingum með naglasvepp, eftir hámarks útvortis notkun Lamisil® 10% TTO á 10 fingurneglur og 10 táneglur í 4 vikur“.

2006/444 – Þórður Þórkelsson barnalæknir á Barnaspítala Hringins fékk heimild til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Tíðni og orsakir heilalömunar meðal íslenskra barna“.

2006/463 – Ólafur E. Sigurjónsson forstöðumaður grunnrannsókna og nýsköpunar í Blóðbankanum fékk heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna „Rannsóknar á hlutverki genanna POGZ1 og DLG7 í strom-stofnfrumum úr fituvef og í sérhæfingarferlum þeirra“.

2006/468 – Óskar Jónsson læknir á augndeild LSH fékk heimild til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „European epidemiologic cohort study: A prospective epidemiologic cohort study of ocular safety in patients receiving Macugen injections for neovascular age related macular degeneration (AMD) in Europe“.

2006/483 – Alma Möller yfirlæknir og klínískur dósent, Lovísa Baldursdóttir sérfræðingur í hjúkrun og Þorsteinn Jónsson meistaranemi í hjúkrun fengu heimild til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Ástand sjúklinga 12 klst. fyrir innlögn á gjörgæsludeild. Eftirlit, mat og bjargráð á legudeildum.“

2006/493 – Bárður Sigurgeirsson, Jón Hjaltalín Ólafsson og Jón Þrándur Steinsson sérfræðingar í húðsjúkdómum fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknar á „Fasa III rannsóknar til að meta verkun abafungin-krems á sveppasýkingu hjá sjúklingum með fótisvepp“.

2006/508 – Ásgerður Sverrisdóttir sérfræðingur í krabbameinlækningum á LSH fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „An open randomized phase III trial of six cycles of docetaxel versus surveillance after radical prostatectomy in high grade prostate cancer patients with margin positive pT2 or pT3 tumors AdPro“.



2006/515 – Hörður Björnsson heimilislæknir á Heilsugæslustöðinni Hvammi fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Sjúklingar með sykursýki tegund 2 í Heilsugæslu Kópavogs – áhrif sykursýkismóttöku og sykursýkisblaðs á árangur meðferðar og eftirlits“.

2006/532 – Andrés Sigvaldason fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna „tvíblindrar samanburðarrannsóknar við lyfleysu. Tilgangur að meta verkun og öryggi 5 mg skammta af RO3300074 samhliða kjörlyfjameðferð við lungnateppu hjá þátttakendum með meðalslæma eða slæma reykinga-tengda langvarandi lungnateppu ásamt lungnaþembu“.

2006/546 – Tryggvi Sigurðsson sviðsstjóri fagsviðs þroskahamlana hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Þroskaferill íslenskra barna með Downs-heilkenni“.

2006/547 – Freyr Gauti Sigmundsson deildarlæknir á FSA fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Slit á sin tvíhöfðavöðva í upphandlegg – árangur meðferðar a.m. Boyd – Anderson á FSA 1986-2006“.

2006/570 – Páll Helgi Möller yfirlæknir á skurðlækningadeild LSH fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Árangur af ísetningu lyfjabrunna á LSH á árunum 2002-2007“.

2006/572 – Helga Ögmundsdóttir, Laufey Tryggvadóttir, Arthur Löve og Reynir T. Geirsson fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár og lífsýnasafni vegna rannsóknarinnar „Orsakir hvítblæðis og skyldra sjúkdóma í börnum“.

2006/575 – Þorvaldur Ingvarsson bæklunarlæknir á FSA fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Liðhlaup í kjölfar gerviliðaaðgerðar á mjöðm á FSA 1985-2005“.

2006/579 – Sigurður Heiðdal, Shreekrishna Datye og Vigfús Þorsteinsson fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Eru blóðræktanir gagnlegar við greiningu og meðferð sýkinga?“

2006/589 – Rannveig Alma Einarsdóttir, Ólafur Samúelsson og Aðalsteinn Guðmundsson fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Könnun á upplýsingagjöf við útskrift varðandi lyfjameðferð sjúklinga 75 ára og eldri sem útskrifast af lyflækningadeildum LSH“.

2006/619 – Óskar Þór Jóhannsson fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna „Opinnar rannsóknar með auknu aðengi að lapatíníbi sem gefið er ásamt capecitabíni sjúklingum með þrjóstakrabbamein með yfirtjáningu á ErbB2 sem er staðbundið langt gengið eða með meinvörpum“.

2006/639 – Björn Rúnar Lúðvíksson, Árni Jón Geirsson, Kristján Steinsson og Jóhannes Björnsson fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Æðabólgu sjúkdómar á Íslandi 1986-2006. Faraldursfræði og tengsl við aðra sjálfsöfnæmissjúkdóma“.

2006/651 – Albert Páll Sigurðsson, Aron Björnsson og Kolbrún Benediktsdóttir fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Ábendingar og árangur skurðaðgerða við heilavefsblæðingum. Tíu ára aftursæ rannsókn á Landspítala-háskólasjúkrahúsi“.

2006/654 – Ólafur Baldursson fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Úttekt á einkennum og sjúkdómsmynd sjúklinga með slímseigjusjúkdóm (e. cystic fibrosis) á Íslandi og samanburður við sambærilega sjúklingahópa í öðrum Evrópulöndum“.

2006/660 – Hafdís Skúladóttir og Marta Kjartansdóttir fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Mænuskaðaefirlitið á Grensá: ávinningur á milli ára tengt þrýstingsárum og þvagfærasykingum hjá mænusköðuðum einstaklingum“.

2006/671 – Björn Rúnar Lúðvíksson fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Stökkbreyting á SERPING1/C1NH hjá íslenski fjölskyldu (Detection of a new C1 inhibitor SERPING1/C1NH mutation in Iceland)“.

2006/672 – Finnbogi Jakobsson, Elías Ólafsson og Albert Páll Sigurðsson fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár og vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Blóðsegaleysandi meðferð við bráðri heilablóðþurrð á Íslandi“.

2006/675 – Sævar Pétursson fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Dental implants placement in conjunction with osteotome sinus floor elevation: A retrospective analysis of ITI implants“.

2006/680 – Sveinbjörg Júlía Svavarsdóttir fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna „Rannsóknar á lífsgæðum geðfatlaðra sem búa á vernduðum heimilum“.

2006/681 – Guðrún Friðriksdóttir fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Geislaálag á skjaldkirtil og notkun blývarna við tölvusneiðmynd af heila“.

2006/683 – Þorbjörn Jónsson, Sverrir Harðarson, Magnús Böðvarsson og Ragnhildur Jóna Kolka fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Tengsl sykrunargalla á IgA-sameindum sjúklunga með IgA-nýrnamein við magn af mannósabindilektíni og komplementþætti C4 í blóði – Ónæmislitun á vefjasneiðum teknum með nýrnaástungu“.

2006/692 – Gunnar Jónasson, Björn Árdal, Sigurður Kristjánsson og Ásgeir Haraldsson fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Bráðainnlagnir vegna barnaastma í Reykjavík 1995-2004“.

2006/699 – Þorsteinn Blöndal fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Meðferð leyndrar berklastrykingar hjá innflytjendum 2001–2006“.

2006/714 – Tómas Guðbjartsson og Bjarni Torfason fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Meðfædd ósæðarþrengli (aortic coarctation) á Íslandi 1985-2006“.

2006/724 – Sólveig S. Hafsteinsdóttir, Ólafur Gísli Jónsson, Jón R. Kristinsson, Guðmundur K. Jónmundsson, Thomas Wiebe og Ásgeir Haraldsson fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Sýkingar barna með illkynja sjúkdóma“.

2006/730 – Íris Judith Svavarsdóttir fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna rannsóknarinnar „Offitumedferð með lífstílsbreytingum – árangur offitumedferðar á Heilsustofnun NFLÍ 2004-2008“.

2006/734 – Paoula C. Kjærnested fékk heimild til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarinnar „Staða erlendra kvenna í sambandi við sambúðarslit eða skilnað“.

2006/743 – Bárður Sigurgeirsson fékk leyfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna „Rannsóknar til að leggja mat á öryggi og verkun terbínaínsamsetningar til útvortis notkunar hjá einstaklingum með

naglasvepp sem hafa fengið lasermeðferð á táneglur, borið saman við meðferð með cíclópróroxnaglaklakki á ómeðhöndlaðar táneglur“.

## 3.2. Nánar um ýmis mál

### 3.2.1. *Persónugreinanlegur rannsóknargagnagrunnur – mál 2005/621*

9. janúar 2006 tók Persónuvernd ákvörðun í máli varðandi umsókn um vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við gerð rannsóknargagnagrunns. Upphaflega barst málið með fyrirspurn frá A og B vegna verkefnis sem bar heitið „Kæling á meðvitundarlausum sjúklingum eftir hjartastopp“. Í þeirri fyrirspurn kom m.a. fram að stofnaður hefði verið áhugahópur um meðferð á sjúklingum sem voru meðvitundarlausir eftir hjartastopp og að sá hópur hefði komið á fót sameiginlegum gagnabanka þar sem skráðar væru upplýsingar um sjúklinga sem hefðu fengið slíka meðferð. Allar upplýsingar sem yrðu settar í rannsóknargrunninn yrðu „ópersónugreinanlegar“.

Persónuvernd svaraði þá með bréfi þar sem m.a. var útskýrt að ef varðveittur yrði greiningarlykill telldist vera um persónugreinanlegar upplýsingar að ræða.

Síðar barst Persónuvernd umsókn um leyfi til aðgangs að sjúkraskrá sjúklinga sem lögðust inn á gjörgæsludeild Landspítala-háskólasjúkrahúss við Hringbraut eftir að hafa verið endurlífgaðir eftir hjartastopp á árunum 2003-2005. Áttu upplýsingar um þá að færast í samnorrænan gagnagrunn. Um skráningu upplýsinganna í gagnagrunninn sagði í umsókninni að þær yrðu skráðar undir „sjúklingakóða“ (Patient code). Vegna þessarar athugasemdar var frekari skýringa óskað og af því svári er barst þótti mega ráða að í gagnagrunninn yrðu m.a. skráð sjúklinganúmer o.fl. sem gerði upplýsingar rekjanlegar til viðkomandi einstaklinga.

Stjórn Persónuverndar afgreiddi málið og vísaði til þess að víða hefðu á hinum Norðurlöndunum verið sett almenn lög um gagnagrunna með heilsufarsupplýsingum en enn sem komið er hefðu slík lög ekki verið sett hér á landi. Þar sem umsækjandi vísaði til sænskra laga var til skýringar tekið fram að þar giltu t.d. „Lag no. 1998:543 om hälsodataregister“, en hér á landi væru ekki til sambærileg lög heldur einungis dreifð og ósamstæð lagaákvæði. M.a. væri í 10. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga mælt fyrir um það með hvaða hætti menn gætu samþykkt þátttöku í vísindarannsókn. Þá væri í 3. mgr. 15. gr. sömu laga ákvæði um að Persónuvernd gæti heimilað aðgang að sjúkraskrá vegna skilgreindra vísindarannsókna, en þar væri ekki gert ráð fyrir að hún heimili aðgang að sjúkraskrá í þeim tilgangi að upplýsingar úr þeim yrðu notaðar við gerð gagnagrunna, sem eftir atvikum yrðu síðar notaðir til einstakra rannsóknarverkefna. Þá var þess getið að hér á landi hefðu heimildarákvæði 8. og 9. gr. pul. ekki verið túlkuð á þann veg að gerð slíkra gagnagrunna yrði á þeim byggð. Persónuvernd gæti, samkvæmt 1. tl. 7. gr. reglna nr. 698/2004, um tilkynningarskylda og leyfis skylda vinnslu persónuupplýsinga, veitt leyfi til „vinnslu sem felst í samkeyrslu skráar sem hefur að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar við aðra skrá, hvort sem sú hefur að geyma almennar eða viðkvæmar persónuupplýsingar“, en slík leyfi tækju þó aðeins til afmarkaðrar vinnslu, s.s. í þágu skilgreindrar rannsóknar, en ekki til smíði rannsóknartækis í formi rannsóknargagnagrunns.

Loks var tekið fram að stjórn Persónuverndar liti svo á að túlka bæri valdheimildir Persónuverndar m.a. í ljósi Hæstaréttardóms í máli nr. 151/2003 (gagnagrunnsdómi) en samkvæmt niðurstöðu hans bæri að gera mjög strangar kröfur til smíði rannsóknargagnagrunns með persónuupplýsingum sem sóttar væru í sjúkraskrá einstaklinga án þeirra samþykkis. Af þessu mætti ráða að það gæti verið andstætt 71. gr. stjórnarskrárinnar að búa til rannsóknargagnagrunn með heilsufarsupplýsingum sem rekja mætti til tiltekinna einstaklinga, þ.e. með persónugreinanlegum upplýsingum, nema fyrir því lægi skýr lagaheimild eða ótvírætt samþykki hins skráða.

Samkvæmt framangreindu gæti Persónuvernd, að óbreyttum lögum, ekki veitt umbeðna heimild til aðgangs að sjúkraskrá í þeim tilgangi að safna úr þeim heilsufarsupplýsingum í umræddan gagnagrunn.

### 3.2.2. *Listi yfir banaslys á Netinu – mál 2005/460*

19. janúar 2006 tók stjórn Persónuverndar ákvörðun í máli varðandi birtingu lista á heimasíðu A yfir

banaslys á Íslandi. Á listanum komu fram nöfn þeirra sem látið höfðu lífið í slíkum slysum, aldur þeirra og hvernig slysin atvikudust. Með bréfi, dags. 5. september 2005, óskaði Persónuvernd þess að A greindi frá því í hvaða tilgangi listinn væri birtur, sem og við hvaða heimild birtingin stýddist.

Í svörum A, dags. 27. s.m., sagði m.a.:

„[A] hóf fljótlega eftir stofnun félagsins að taka saman fjölda sjóslysa á hverju ári og birta í árbók sinni. Upp úr 1940 fór félagið að taka saman öll banaslys og hefur gert það alla tíð síðan þá og birt í árbók sinni. Farið var að skrá í Slysaskrá Íslands árið 2002 en þessar upplýsingar er enn ekki hægt að sækja þar, þar sem aðeins hluti skráningaraðila er farinn að skrá í grunninn og meðan svo er hefur [A] ákveðið að taka saman þessar tölur. 2003 fór [A] að setja upplýsingar um skráð banaslys á heimasíðu sína. Þær upplýsingar sem koma þar fram, sem eru þær sömu og eru í árbók félagsins, eru fengnar úr Morgunblaðinu, Fréttablaðinu eða Blaðinu og á það jafnt við nafn, aldur, staðsetningu slyss, tildrög slyss, slysadag og aðstandendur þess látna.

[...]

Ástæða fyrir þessari skráningu hefur frá upphafi verið í forvarnarskyni. Að skapa umræðu um banaslys, orsök þeirra, staðsetningu og tíðni. Án umræðu er ekki unnið að slysavörnum og án vitneskju um hvaða slys verða helst er heldur ekki hægt að átta sig á hvar eigi að leggja áherslurnar. Vegna þessa hefur félagið lagt kapp á að skrá þessar upplýsingar hjá sér. [...] Ef félagið er að brjóta lög með því að hafa þessar upplýsingar á heimasíðu sinni kemur félagið til með að taka þessar upplýsingar strax þaðan, en ekki síst í heimildarlegum tilgangi telur félagið mikilvægt að þessar upplýsingar birtist áfram í árbók félagsins.“

Niðurstaðar stjórnar Persónuverndar hljóðar svo:

## „II.

### *Ákvörðun Persónuverndar*

#### 1.

Tilfni þess að Persónuvernd tók mál þetta til athugunar er birting A á umræddum upplýsingum um banaslys á heimasíðu félagsins. Komið hefur fram að þessar upplýsingar hafa einnig verið birtar í árbók félagsins um langt skeið. Í ljósi þess hvernig málið var afmarkað í upphafi hefur stofnunin hins vegar ákveðið, eins og á stendur, að taka ekki afstöðu til þeirrar birtingar heldur einungis netbirtingarinnar.

#### 2.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda lögin um sérhverja rafræna vinnslu *persónuupplýsinga* og einnig um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Með hugtakinu persónuupplýsingar er átt við „[s]érhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi,“ sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna. Þá merkir hugtakið *vinnsla* „[sérhverja] aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn.“ Með vinnslu er þannig t.d. átt við söfnun og skráningu og þar undir fellur m.a. flokkun, varðveisla, breyting, leit og miðlun.

Þegar litið er til framangreinds er ljóst – þrátt fyrir að þeir einstaklingar, sem um ræðir, séu láttnir – að meðferð upplýsinga í umræddri skrá felur í sér vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir reglur laga nr. 77/2000 og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 37. gr. þeirra laga. Svo að þessi vinnsla sé heimil þarf, eins og ávallt við vinnslu persónuupplýsinga, að vera fullnægt einhverju af skilyrðum 8. gr. sömu laga. Þar sem telja ber upplýsingar um dánarorsök til viðkvæmra persónuupplýsinga, þ.e. um heilsuhagi, sbr. c-lið 8. tölul. 2. gr. laganna, þarf einnig, eins og ávallt við vinnslu slíkra upplýsinga, að vera fullnægt einhverju af skilyrðum 9. gr. laganna.

Við túlkun á þessum skilyrðum ber að líta til markmiðsákvæðis 1. gr. þessara laga. Þar er kveðið

á um að þeim sé ætlað að stuðla að því að farið sé með persónuupplýsingar í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs, sbr. og 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Þegar litið er til þessara ákvæða telur Persónuvernd að tilgangurinn með því að veita upplýsingum um látna vernd samkvæmt lögum nr. 77/2000, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna, sé m.a. sá að tekið sé tillit til ættingja, einkum þegar um er að ræða málefni sem telja má geta verið viðkvæm, s.s. banaslys.

Persónuvernd telur, þegar litið er til þessara lagasjónarmiða, engu af skilyrðum 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000 vera fullnægt um netbirtingu persónugreindra upplýsinga um banaslys í umræddri skrá. Er slík birting því ekki heimil. Aftur á móti skal tekið fram að telja ber heimilt að birta umrædda skrá að því gefnu að persónuauðkenni viðkomandi einstaklinga birtist ekki.

### *Ákvörðunarröð:*

Birting skráar með upplýsingum um banaslys og hvernig þau atvikuðust á heimasíðu A er heimil að því gefnu að ekki komi þar fram persónuauðkenni viðkomandi einstaklinga.“

### **3.2.3. Heimildir þjónustuaðila til að afhenda vinnuveitendum upplýsingar um tölvunotkun starfsmanna – mál 2005/593**

19. janúar 2006 gaf stjórn Persónuverndar álit í máli varðandi heimildir aðila sem selja netþjónustu o.þ.h. til að afhenda kaupendum þjónustunnar upplýsingar um tölvunotkun starfsmanna sinna.

Tilefnið var að fyrirtækinu A hafði borist ósk frá viðskiptavini sínum um slíkar upplýsingar. Í bréfi A til Persónuverndar sagði m.a.:

„Kröfur um öryggi hvað snertir rekstur upplýsingakerfa hafa aukist mikið undanfarin ár. [A] sinna nú víða alrekstri upplýsingakerfa og hafa þar aðgang að ýmsum trúnaðarupplýsingum. Því er mikilvægt fyrir [A] og viðskiptavini þeirra að starfsmenn [A] hafi algerlega skýrar línur um hvernig þeim beri að hegða sér þegar kemur að meðferð trúnaðarupplýsinga. Alrekstur í eðli sínu þýðir að [A] bera ábyrgð á rekstri viðkomandi upplýsingakerfis og er búnaður ýmist í eigu viðskiptavinar og/eða [A] Til frekari glöggvunar þá fylgir hjálagn erindi þessu samningur sá sem er á milli [A] og viðkomandi viðskiptavinar. Nafni viðskiptavinar hefur verið eytt út úr samningnum og verður ekki gefið upp að svo komnu máli. Varðandi áður nefnda fyrirsögn þá hafa starfsmenn [A] ekki aðhafst í takti við hana og munu ekki gera nema að fengnum leiðbeiningum þess efnis frá Persónuvernd.“

Í erindi A kom ekkert fram um tildrög þess að umrætt fyrirtæki fór þess á leit við A að fá afhentar upplýsingar um tölvunotkun starfsmannsins. Þar af leiðandi var ekki unnt að taka efnislega afstöðu til tiltekins tilviks. Leit Persónuvernd þar af leiðandi svo á að A óskaði almennrar leiðsagnar um helstu lagasjónarmið og réttarstöðu aðila sem veita sambærilega þjónustu. Veitti Persónuvernd eftirfarandi svar:

## **„II.**

### *Álit Persónuverndar*

#### *1.*

#### *Almennt*

Í 71. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, eins og henni var breytt með 9. gr. laga nr. 97/1995, er mælt fyrir um friðhelgi einkalífs. Þar segir að allir skuli njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu, og að ekki megi gera rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, né gera aðra sambærilega skerðingu á einkalífi manns nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Í athugasemdum við 9. gr. í því frumvarpi er varð að framangreindum lögum segir m.a.: „Má segja að þörf á ákveðnum reglum um þetta svið hafi aukist mjög á undanförunum áratugum samhliða ört vaxandi tækni við öflun og meðferð persónuupplýsinga. [...] Fleiri atriði falla tvímælaust

undir vernd einkalífs þótt þau séu ekki sérstaklega orðuð í 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins, svo sem réttur manna til trúnaðarsamskipta við aðra. Á þetta fyrst og fremst við um margs konar tjáskipti milli manna sem ekki er gerlegt að telja hér með tæmandi hætti, en nærtækustu dæmin eru þó bréfaskipti og tjáskipti augliti til auglitis eða í síma, svo og orðaskipti í símskeytum, skjölum sem fara um myndsendi og önnur slík fjarskipti“. Þá segir m.a. í framangreindum athugasendum: „krafan um friðhelgi einkalífs felur ekki eingöngu í sér að ríkið gangi ekki á þennan rétt, heldur einnig að því sé skylt að setja reglur í löggjöf til verndar einstaklingunum í innbyrðis samskiptum þeirra“.

Við framangreindu hefur verið brugðist í íslenski löggjöf með setningu laga um meðferð persónuupplýsinga, nú lög nr. 77/2000, og með ákvæðum í almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Þá ber að geta 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, en hann var lögleiddur hér á landi með lögum nr. 62/1994. Er sérstaklega tekið fram í 1. mgr. 8. gr. hans að einkalífsverndin taki til bréfaskipta manna.

## 2.

### *Lög nr. 77/2000*

Markmið laga nr. 77/2000 er einkum að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga. Sú skylda að sjá til þess að meðferð persónuupplýsinga sé hagað í samræmi við ákvæði þessara laga hvílir á ábyrgðaraðila, en það er sá aðili sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna, sbr. 4. tölul. 2. gr. laganna.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 77/2000 getur ábyrgðaraðili samið við annan aðila, *vinnsluaðila*, um að annast, í heild eða að hluta, þá vinnslu persónuupplýsinga sem hann ber ábyrgð á. Vinnsluaðili vinnur þá persónuupplýsingar í raun á vegum ábyrgðaraðila. Má ætla af því sem fram kemur í erindi A að félagið hafi stöðu vinnsluaðila, í skilningi laganna, gagnvart umræddu fyrirtæki sem hins vegar hafi stöðu ábyrgðaraðila. Í samræmi við 3. mgr. 13. gr. laganna ber hverjum þeim er starfar í umboði ábyrgðaraðila, þ. á m. vinnsluaðila, og hefur þar með aðgang að persónuupplýsingum, að vinna með upplýsingarnar í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila, *nema lög mæli fyrir á annan veg*.

## 3.

### *Staða vinnsluaðila gagnvart ábyrgðaraðila*

Framangreindur fyrirvari *um að lög mæli ekki fyrir á annan veg* leiðir til þess að vinnsluaðili hlýtur í vissum tilvikum að verða að meta hvort ákvæði laga hamli því að hann hlíti fyrirmælum ábyrgðaraðila. Sem dæmi má nefna fyrirmæli um vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs í IX. kafla fjarskiptalaga nr. 81/2003, svo og 228. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í síðastnefnda ákvæðinu er m.a. mælt fyrir um refsingu fyrir að hnýsast í gögn, þ. á m. tölvugögn, sem hafa að geyma upplýsingar um einkamál annars manns, enda hafi verið komist yfir gögnin með brögðum, bréf verið opnað, farið hafi verið í læsta hirslu eða annarri áþekkri aðferð verið beitt.

Fari fyrirmæli ábyrgðaraðila í bága við slík lagafyrirmæli er ljóst að vinnsluaðili getur, fari hann að fyrirmælum ábyrgðaraðila, bakað sér bóta- eða refsíábyrgð. Leiði brot gegn lögum nr. 77/2000 og reglum eða fyrirmælum Persónuverndar til fjárhagslegs tjóns verður ábyrgðaraðili bótaskyldur nema sannað verði að tjónið verði hvorki rakið til mistaka né vanrækslu af hans hálfu eða vinnsluaðila, sbr. 43. gr. laganna. Einnig getur vinnsluaðili orðið bótaskyldur samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins sem hann veldur öðrum af ásetningi eða gáleysi. Þá geta bæði ábyrgðaraðili og vinnsluaðili orðið ábyrgir fyrir greiðslu miskabóta, enda sé skilyrðum 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 fullnægt.

Auk þess sem vinnsluaðili getur bakað sér bótaábyrgð kann að stofnast refsíábyrgð á hendum honum. Hafi fyrirmælin brotið gegn lögum nr. 77/2000 en vinnsluaðili engu að síður hlítt þeim kann hann að verða að sæta refsingu samkvæmt 42. gr. þeirra laga, enda hafi hann annaðhvort haft ásetning til að brjóta gegn lögnum eða sýnt af sér gáleysi. Einnig gæti vinnsluaðili orðið refsíábyrgur

samkvæmt ákvæðum annarra laga, eftir atvikum fyrir hlutdeild í broti ábyrgðaraðila, sbr. einkum 22. gr. laga nr. 19/1940.

#### 4.

##### *Valdmörk Persónuverndar*

Ekki er á valdi Persónuverndar að skera úr um það hvort bóta- eða refsíábyrgð hafi stofnast á hendur ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila. Slíkt er hlutverk dómstóla. Hins vegar getur stofnunin skorðið úr ágreiningsmálum sem rísa um það hvort vinnsla persónuupplýsinga í afmörkuðum tilvikum hafi samrýmst lögum nr. 77/2000, sbr. 2. mgr. 37. gr. þeirra laga, og eftir atvikum gefið fyrirmæli um eyðingu upplýsinga, leiðréttingu þeirra, úrbætur á fyrirkomulagi öryggismála og hvernig að öðru leyti skuli staðið að vinnslu, sbr. 23. gr., 2. mgr. 25. gr, 3. mgr. 26. gr., 1. tölul. 1. mgr. 37. gr. og 40. gr. laganna. Í slíkum málum beinir Persónuvernd almennt sjónum sínum að ábyrgðaraðila, enda er hann ávallt ábyrgur fyrir því að vinnsla persónuupplýsinga samrýmist lögum. Persónuvernd beinir ekki fyrirmælum til vinnsluaðila nema hann hafi, vísitandi eða af gáleysi, brotið gegn fyrirmælum ábyrgðaraðila um hvernig unnið skal með persónuupplýsingar.

#### 5.

##### *Sérreglur um aðgang að upplýsingum um tölvunotkun starfsmanna*

Þegar vinnsluaðili eins og A veitir aðila, sem hann rekur tölvukerfi fyrir, upplýsingar um tölvunotkun starfsmanna þess síðarnefnda er um að ræða vinnslu persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000, sbr. 1. og 2. tölul. 2. gr. þeirra laga. Eins og öll vinnsla persónuupplýsinga verður sú vinnsla að fullnægja einhverju þeirra skilyrða sem kveðið er á um í 8. gr. laga nr. 77/2000. Sé um að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar, s.s. um hvort einstaklingur hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknad, sbr. b-lið 8. tölul. 2. gr. laganna, þarf auk þess að vera fullnægt einhverju af skilyrðum 9. gr. laganna. Ávallt verður og að vera fullnægt skilyrðum 1. mgr. 7. gr. laganna við vinnsluna, s.s. um að upplýsingar skulu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmatum hætti og að öll meðferð þeirra skal vera í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að upplýsingar skulu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); og að upplýsingar skulu vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar. Er tekið fram í 2. mgr. 7. gr. að ábyrgðaraðili beri ábyrgð á því að vinnsla fullnægi skilyrðum 1. mgr.

Lúti upplýsingar að tölvupóst- eða netnotkun verður auk framangreinds að vera fullnægt skilyrðum 5. gr. reglna Persónuverndar nr. 888/2004 um rafræna vöktun á vinnustöðum, í skólum og á öðrum svæðum þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði, sbr. 5. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000. Í umræddu ákvæði reglnanna segir:

„Óheimilt er að skoða tölvupóst, vakta netnotkun starfsmanns eða nemanda nema að uppfylltum ákvæðum reglna þessara. Einkatölvupóst má þó aldrei skoða nema alveg brýna nauðsyn beri til[,] s.s. vegna tölvuveiru eða sambærilegs tæknilegs atviks.

Þegar tölvupósts- eða netnotkun er skoðuð skal þess gætt að gera starfsmanni eða nemanda fyrst grein fyrir því og veita honum færi á að vera viðstaddur slíka skoðun sé þess nokkur kostur.

Við starfslok skal starfsmanni gefinn kostur á að eyða eða taka afrit af þeim tölvupósti úr vinnusvæði sínu sem ekki tengist starfsemi vinnuveitandans. Tölvupósti nemenda skal eytt við námslok en áður skal veita hæfilegan frest til töku afrita. Óheimilt er að gera ráðstafanir til að varðveita upplýsingar um netnotkun starfsmanns eða nemanda eftir starfs- eða námslok.“

Við mat á því hvort farið hafi verið að framangreindum ákvæðum, sem og öðrum reglum um vinnslu persónuupplýsinga, hefur Persónuvernd, í þeim málum, sem hún hefur haft til úrlausnar, beint sjónum sínum að ábyrgðaraðila en ekki vinnsluaðila. Það á t.d. við um þau tilvik þegar vinnsluaðili, sem rekur netkerfi fyrir ábyrgðaraðila, hefur veitt vitneskju um tölvunotkun tiltekins

starfsmanns ábyrgðaraðilans. Undantekning frá því kynni þó að verða gerð ef fyrir lægi að vinnslu-  
aðili hafi þá farið gegn fyrirmælum ábyrgðaraðila.

Tekið skal fram að óháð efnistöfum Persónuverndar getur komið til þess að dómstóll felli bóta-  
eða refsíabyrgð á vinnsluaðila sem hefur með ólögætum hætti veitt aðgang að persónulegum tölvu-  
póstsamskiptum. Til að eyða óvissu um hvernig bregðast eigi við í slíkum málum, sem hér um ræðir,  
getur verið til bóta að gæta þess að hafa jafnan í samningum vinnsluadila og ábyrgðaraðila ákvæði þar  
að lútandi.“

### **3.2.4. Rafræn vöktun á heimavist – mál 2005/444**

25. janúar 2006 tók stjórn Persónuverndar ákvörðun í máli varðandi lögmati rafrænnar vöktun á  
heimavist. Henni höfðu borist ábendingar frá nemendum um að vöktunin kynni að fara í bága við  
lög. Fyrst var bréflaga óskað ýmissa skýringa frá forstöðumönnum skólans. Til að fá skýra mynd þótti  
tílefni til vettvangsheimsóknar. Fór hún fram og var skýrsla um hana send skólanum til umsagnar.  
Að bréfastiptum loknum var málið tekið til úrlausnar og í endanlegri niðurstöðu stjórnar segir m.a.:

## **„III.**

### *Forsendur og niðurstaða*

#### *1.*

#### *Gildissvið*

Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um sérhverja rafræna  
vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða  
hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Með „persónuupplýsingum“ er átt við sérhverjar persónu-  
greindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem rekja má beint eða óbeint til til-  
tekis einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna. Með „vinnslu“ er átt við sérhverja  
aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, sbr. 2. tölul. 2. gr. Þar undir falla  
m.a. söfnun, geymsla, notkun, miðlun, dreifing og birting, sbr. það sem fram kemur í athugasemd-  
um í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 77/2000, sem og b-lið 2. gr. tilskipunar nr.  
95/46/EB.

Rafræn vöktun er vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með  
einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði, og fer fram á almannafæri eða á svæði sem  
takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði, sbr. 6. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Hugtakið tekur til  
vöktunar sem leiðir, á að leiða eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga og sjónvarpsvöktunar sem  
fer fram með notkun sjónvarpsmyndavéla, vefmyndavéla eða annars samsvarandi búnaðar, án þess að  
fram fari söfnun myndefnis eða aðrar aðgerðir sem jafngilda vinnslu persónuupplýsinga.

Af framangreindu er ljóst að myndavélaeftirlit það sem fram fer á heimavist A er í eðli sínu raf-  
ræn vöktun og rafræn vinnsla persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000 og fellur þar með undir  
gildissvið þeirra laga.

#### *2.*

#### *Lögmati*

#### *2.1.*

#### *Lögmati – almenn*

Vinnsla persónuupplýsinga er því aðeins heimil að uppfyllt séu skilyrði 1. mgr. 8. gr., og eftir atvik-  
um, 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. er heimilt, þrátt fyrir að framangreind  
skilyrði séu ekki uppfyllt, í tengslum við framkvæmd rafrænnar vöktunar, að safna efni sem verður til  
við vöktunina að því gefnu að:

1. vöktunin sé nauðsynleg og fari fram í öryggis- og eignavörsluskyni;
2. það efni sem til verður við vöktunina verði ekki afhent öðrum eða unnið frekar nema með sam-  
þykki þess sem upptaka er af eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar; heimilt er þó að afhenda



lögreglu efni með upplýsingum um slys eða refsiverðan verknað en þá skal þess gætt að eyða öllum öðrum eintökum af efninu;

- því efni sem safnast við vöktunina verði eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita það, nema sérstök heimild Persónuverndar skv. 3. mgr. standi til frekari varðveislu.

Einnig ber að gæta ákvæða 7. gr. laganna í hvívetna. Þar er m.a. kveðið á um að persónuupplýsingar skuli unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.), að þær skuli fengnar í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.), að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.), að þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum (4. tölul.) og ekki varðveittar á persónugreinanlegu formi lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslunnar (5. tölul.)

Fari vöktunin fram á svæði þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði er hún jafnframt háð því skilyrði að hennar sé sérstök þörf vegna eðlis þeirrar starfsemi sem þar fer fram, sbr. 1. mgr. 4. gr. laganna.

Þá er, í 3. gr. reglna nr. 888/2004 um rafræna vöktun, kveðið á um að rafræn vöktun verði að fara fram í málefnalegum tilgangi, s.s. í öryggis- og eignavörsluskyni. Í 2. mgr. 3. gr. segir að við alla rafræna vöktun skuli þess gætt að ganga ekki lengra en brýna nauðsyn ber til miðað við þann tilgang sem stefnt er að. Skal þess gætt að virða einkalífsrétt þeirra sem sæta vöktun og forðast alla óþarfa íhlutun í einkalíf þeirra. Við ákvörðun um hvort viðhafa skuli rafræna vöktun skal því ávallt gengið úr skugga um hvort markmiði sem stefnt er að með slíkri vöktun megi ná með vægari úrræðum.

## 2.2.

### *Lögmæti vöktunar á heimavist A*

#### *a. Heimildarákvæði 2. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000*

Í bréfi B skólameistara, dags. 6. september sl., og í tilkynningu nr. S1900 til Persónuverndar kemur fram að tilgangur vöktunarinnar sé „eignavarsla og eftirlit með húsakynnum skólans, sérílagi þegar gæslufólk er ekki í húsakynnunum.“ Í vettvangsheimsókn starfsmanna Persónuverndar hinn 12. október sl. kom einnig fram að tilgangur þeirrar rafrænu vöktunar sem hér um ræðir sé öryggis- og eignavarsla.

Heimild til rafrænnar vöktunar í öryggis- og eignavörsluskyni, og söfnun myndefnis í tengslum við framkvæmd hennar, á sér stöð í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Öryggis- og eignavörslutilgangur er einnig almennt talinn málefnalegur, sbr. t.d. 3. gr. reglna nr. 888/2004, og teljast hagsmunir sem honum er ætlað að vernda vera lögmætir. Verður því að telja að rafræn vöktun á heimavist A sé heimil.

#### *b. Meðalhóf*

Þrátt fyrir að rafræn vöktun kunni að vera heimil verður hún einnig að standast þær kröfur sem lög og reglur gera um *meðalhóf*. Í 1. mgr. 4. gr. og 1.-3. tölul. 7. gr. laga nr. 77/2000, sem og í 3. gr. reglna nr. 888/2004, felst áskilnaður um að við rafræna vöktun skuli gætt meðalhófs, þ.e. að slík vöktun sé ekki viðhöfð nema hennar sé nauðsyn í þágu lögmætra hagsmuna sem ólíklegt er að nái framgangi sínum nema hún sé viðhöfð og að ekki sé gengið lengra en nauðsynlegt er í þágu tilgangsins.

Fyrir liggur að heimavistarhús A er ekki einungis notað til íbúðar fyrir vistarbúa heldur fer þar einnig fram kennsla og stjórnun. Um ganga húsnæðisins fara því ekki aðeins íbúar og starfsfólk heimavistarinnar, heldur einnig annað starfsfólk skólans og nemendur í dag- og kvöldskóla. Hins vegar verður ekki talið að húsnæðið sé á *almannafæri* eða að hver sem er eigi þangað erindi. Einnig liggur fyrir að ekki er ætlast til þess að utanadkomandi aðilar séu inni á heimavistinni eftir klukkan tólf á kvöldin. Þá er húsnæðið lokað aðra hvora helgi. Heimavistarhúsnæði A verður að teljast svæði

sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði og verður því að gera enn ríkari kröfur til nauðsynjar vöktunarinnar en ella, sbr. síðari málslið 1. mgr. 4. gr., þar sem gerður er áskilnaður um að sérstök þörf verði að vera á slíkri vöktun.

Í bréfi skólameistara, dags. 7. desember sl., er því haldið fram að líta verði á heimavistir framhaldsskóla sem „tímabundna gististaði fremur en venjulegt leiguhúsnæði“ og að ef gerð væri sú krafa að taka niður öryggismyndavélar á heimavistum þá hlýti slíkt hið sama að gilda um gistiheimili og hótél. Þessi staðhæfing er þó ekki studd neinum rökum. Heimavist er það húsnæði skóla sem nýtt er til íbúðar fyrir námsmenn. Heimavist er *fastur* dvalarstaður vistarbúa stóran hluta árs, þeir verja þar frítíma sínum og stendur yfirleitt til boða að nýta sér þjónustu mötuneytis. Íbúar á heimavist hafa að jafnaði þinglýsta húsaleigusamninga og hafa rétt til húsaleigubóta, sbr. 5. mgr. 7. gr. laga nr. 138/1997 um húsaleigubætur, sbr. 3. gr. laga nr. 52/2001. Í athugasemdum í greinargerð frumvarps til laga nr. 52/2001 segir að aðstaða nemenda á heimavist skuli teljast „íbúðarhúsnæði“. Á gististöðum eru ekki gerðir húsaleigusamningar heldur eru keyptar gistinætur og um slíka staði gilda ákvæði laga nr. 67/1985 um veitinga- og gististaði, sem og ákvæði reglugerðar nr. 288/1987 með síðari breytingum. Af þessu er ljóst að á heimavist annars vegar og gististað hins vegar er verulegur munur að lögum. Breytir þar engu þótt húsnæði sem nýtt er undir heimavist að vetri til sé nýtt sem gististaður á sumrin. Einnig ber að áréttta að Persónuvernd hefur ekki fjallað um rafræna vöktun á gististöðum. Þar af leiðandi liggur afstaða stofnunarinnar til slíkrar vöktunar ekki fyrir. Af framangreindu er einnig ljóst að herbergi eða íbúð sem námsmaður leigir á heimavist telst til heimilis hans og nýtur friðhelgi sem slíkt. Aðrir hlutar heimavistar, s.s. sameiginleg aðstaða ýmiss konar, teljast ekki til „heimilis“ námsmanns í þeim þrönga skilningi orðsins að hann geti hamlað öðrum aðgang að þeim. Hins vegar eru þetta svæði sem eru í svo nánnum tengslum við heimili námsmanns að eðlilegt og sanngjarnt er að hann njóti þar nokkuð ríkrar verndar um einkalíf sitt.

Fyrir liggur að hluti þeirra myndavéla sem notaðar eru við rafræna vöktun á heimavist A eru staðsettar á svæðum sem eru í nánnum tengslum við heimili nemenda. Þá fer ekki einungis fram söfnun myndefnis heldur er einnig fylgst með því sem fram fer á hinum vöktuðu svæðum.

Af hálfu skólayfirvalda hefur komið fram að tilgangur vöktunarinnar sé að koma í veg fyrir skemmdarverk og þjófnaði, tryggja öryggi vistarbúa gagnvart utanaðkomandi aðilum sem sækja inn á heimavistina og einnig nýttist eftirlitsmyndavélar til að fylgjast með því hvort óviðkomandi aðilar séu á vistinni eftir að henni er lokað og komi þannig í veg fyrir að ganga þurfi um íbúðargangana í jafn ríku mæli og ella. Þá hefur verið bent á að í húsnæðinu fari fram kennsla í kvöldskóla til klukkan 22 á virkum dögum og því séu þar fleiri á ferli en vistarbúar á kvöldin.

Fallast má á að sérstök þörf geti verið á rafrænni vöktun í þvottahúsi heimavistarinnar, enda hafa allir íbúar vistarinnar aðgang að því og er því hættara við þjófnaði á fatnaði og öðru sem þar er geymt en ella. Sérstök þörf getur einnig verið á rafrænni vöktun í tölvuveri til að koma í veg fyrir skemmdarverk á tækjabúnaði sem þar er að finna, enda verði sjónarhorn myndavéla áfram á þann veg að ekki sjáist á tölvuskjái þeirra sem nota tölvuverið. Persónuvernd leggur hins vegar fyrir skólayfirvöld að meta hvort reynsla hafi leitt í ljós sérstaka þörf á að viðhafa vöktunina allan sólarhringinn, eða einungis þegar kennsla fer ekki fram í tölvuverinu og hættara er við skemmdarverkum. Þá má, í þágu öryggis og eignavörslu, staðsetja eftirlitsmyndavélar í anddyrum og utandyra þannig að þær snúi að heimavistinni og nái á mynd þeim sem leita inngöngu á hana. Myndavél þeirri, sem ætlað er að tryggja að nemendur komi ekki með utanaðkomandi inn á heimavistina þær helgar sem hún er lokað, má snúa að útgangi þannig að þeir sem koma inn á vistina náist á mynd.

Hins vegar verður ekki talið sýnt fram á sérstaka þörf á eftirlitsmyndavélum á göngum heimavistarinnar. Fram hefur komið að húsfreyja hafi eftirlit með heimavistinni til klukkan 02 á virkum dögum, þ.e. allt að tveimur tímum eftir að heimavistinni hefur verið lokað og utanaðkomandi aðilar eiga að hafa haft sig í brott, og sé á bakvakt um nætur, en híbýli hennar eru áföst heimavistinni. Einnig er viðhöfð gæsla til klukkan 02 þær helgar sem heimavistin er opin. Þá hefur ofbeldi ekki verið vandamál á heimavistinni, sem hefur verið starfrækt frá árinu 1979, en einungis eitt slíkt mál hefur komið upp – utan hinna vöktuðu svæða. Herbergjum er hægt að læsa til að koma í veg fyrir

þjófnáð. Þá verður að telja að gangaefirliti á kvöldin sé unnt að ná með öðrum og vægari raunhæfum úrræðum en að viðhafa rafræna vöktun, þ.e. með því að ganga um heimavistargangana. Því verður ekki séð að *sérstök þörf* sé á því að koma eftirlitsmyndavélum fyrir inni á göngum heimavistarinnar.

Með vísan til framangreinds verður að telja að sú rafræna vöktun sem fram fer í þvottahúsi, tölvuveri, anddyrum og utandyra á heimavist A fái samrýmst 3. gr. reglna nr. 888/2004, sbr. og 1. mgr. 4. gr. og 1.-3. tölul. 7. gr. laga nr. 77/2000. Hins vegar fer sú rafræna vöktun sem nú fer fram á göngum heimavistarinnar í bága við framangreind ákvæði laga og reglna. Persónuvernd hefur því ákveðið, á grundvelli 1. mgr. 40. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, að leggja fyrir A að stöðva þá vöktun sem fram fer á göngum heimavistar skólans. Í bréfi skólameistara, dags. 7. desember 2005, kemur fram sú skoðun skólameistara að ekki yrði unnt að verða við fyrirmælum um stöðvun vöktunarinnar fyrr en með nýju skólaári. Er því lagt fyrir skólann að láta af þeirri vöktun sem hér um ræðir áður en nemendur koma á heimavist haustið 2006.

Ekki verður tekin afstaða til staðsetningar þeirra myndavéla sem ekki eru virkar.

### *Ákvörðunarorð:*

Rafræn vöktun er heimil á heimavist A. Þær sjö eftirlitsmyndavélar sem heimilt er að nota eru þrjár myndavélar sem eru staðsettar utanhúss, ein myndavél í aðalanddyri, ein myndavél í tölvuveri, ein myndavél í þvottahúsi og ein myndavél sem ætlað er að vakta hliðarinnangang sem notaður er um helgar. Síðasttöldu myndavélinni skal þó snúið að innganginum. Önnur rafræn vöktun sem nú fer fram á heimavistinni er óheimil og skal A stöðva hana áður en nemendur koma á heimavist skólans haustið 2006.“

### **3.2.5. Skráning á upplýsingum um hnupl – mál 2005/619**

7. febrúar 2006 tók stjórn Persónuverndar ákvörðun í máli varðandi skráningu öryggisdeildar Haga hf. á upplýsingum um búðarhnupl í verslunum sem falla undir rekstur félagsins.

Athugun hófst með heimsókn til Öryggisdeildarinnar. Þar kom fram að upplýsingar um búðarhnupl voru ekki varðveittar á rafrænu formi heldur aðeins færðar á eyðublöð sem var raðað í möppur eftir dagsetningum. Málsnúmer voru skráð í hægra horn hvers skjals, en aðspurður kvað öryggisstjórinn ekki vera til yfirlitsskrá sem tengdi saman málsnúmer og einstaklinga. Tilgangurinn með málsnúmeri var aðeins sagður sá að halda saman skjölum sem tilheyra sama máli, t.d. þegar gögn berast frá lögreglu, s.s. um niðurfellingu máls. Skoðuðu fulltrúar Persónuverndar þessar möppur. Þær voru geymdar í opinni hillu hjá öryggisdeildinni (u.þ.b. 20 möppur). Var m.a. skoðuð elsta mappa, sem inniheldur upplýsingar sem ná allt til ársins 1990, og mappa sem hefur að geyma nýjustu upplýsingarnar. Engum upplýsingum hefur verið eytt. Fram kom að upplýsingar um u.þ.b. 3 þjófnáðartilvik berast öryggisdeildinni á degi hverjum.

Stjórn Persónuverndar fjallaði um málið og veitti svar þar sem segir m.a.:

„Persónuvernd hefur fyrst og fremst það hlutverk að hafa eftirlit með framkvæmd laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Efnislegt gildissvið laganna er afmarkað í 1. mgr. 3. gr. laganna. Þar segir að lögin gildi um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Eru hér lögð til grundvallar sömu sjónarmið og birtast í 3. gr. tilskipunar 95/46/ESB, sbr. 15. lið formálans, en miðað er við að gildissvið hennar taki til meðferðar persónuupplýsinga sem er rafræn í heild eða að hluta, svo og til handunninnar meðferðar ef persónuupplýsingarnar eru eða eiga að verða hluti af skrá. Í því tilviki sem hér um ræðir verður, af því sem fram kom í framangreindri eftirlitsheimsókn, ekki annað ráðið en að um sé að ræða handvirka vinnslu persónuupplýsinga. Slík vinnsla fellur hins vegar utan gildissviðs laganna nema upplýsingar séu, eða eigi að verða, hluti af skrá. Ekki kom fram

að umræddar upplýsingar hjá Högum hf. séu varðveittar sem skrá, í skilningi laganna, né að þeim sé ætlað að verða hluti af slíkrri skrá.

Með vísun til framangreinds var niðurstaða stjórnar Persónuverndar sú, þegar hún fjallaði um mál þetta á fundi sínum þann 25. f.m., að umrædd vinnsla öryggisdeildar Haga hf. á upplýsingum um búðarhnúpl í verslunum falli utan gildissviðs laga nr. 77/2000. Var því í fyrsta lagi ákveðið að falla frá boðaðri úttekt, sbr. bréf Persónuverndar dags. 18. janúar sl. Í öðru lagi var ákveðið að leiðbeina félaginu, hyggist það framkvæma breytingar á fyrirkomulagi vinnslu umræddra upplýsinga, [um að þá] verði fyrst að fara fram sérstök lögfræðileg könnun á því hvort breytt vinnsla muni falli undir gildissvið laga nr. 77/2000. Reynist svo vera verður og að kanna hvort hún fái samrýmst ákvæðum laganna, einkum ákvæðum 7., 8. og 9. gr.

Að lokum skal tekið fram að meðan ekki liggur fyrir ákvörðun félagsins um slíkar breytingar og meðan það hefur ekki sjálft framkvæmt það lögfræðilega mat sem hér að framan greinir eru ekki efni til að persónuvernd skoði frekar þau drög að verklagsreglum sem henni bárust með bréfi yðar, dags. 10. nóvember síðastliðinn.“

### **3.2.6. Uppfletting í vanskilaskrá Lánstrausts hf. – mál 2005/517**

27. febrúar 2006 komst stjórn Persónuverndar að niðurstöðu í máli varðandi uppflettingu í vanskilaskrá Lánstrausts hf. Um var að ræða mál sem stofnað var til með kvörtun frá A yfir því að B aflaði upplýsinga um sambýliskonu hans, D, úr vanskilaskrá Lánstrausts hf. Með yfirlýsingu gefinni á skrifstofu Persónuverndar þann 23. febrúar sl. ítrekaði D kvörtunina og áréttaði þá kröfu að stofnunin skæri úr um lögmæti framangreindrar upplýsingaöflunar. Í kvörtuninni kom fram að tilefni þess að D var flett upp í umræddri skrá var að A hafði sótt um bílalán og tölvukaupalán hjá E en verið hafnað vegna þess að D var á vanskilaskrá Lánstrausts hf.

Af hálfu B voru gefnar ýmsar skýringar. Fór Persónuvernd yfir þær og komst síðan að niðurstöðu varðandi lögmæti vinnslunnar.

Í niðurstöðu stjórnar Persónuverndar segir m.a.:

## **„II.**

### *Forsendur og niðurstaða*

#### *1.*

Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga og handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, skv. 1. mgr. 3. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru skilgreindar í 1. tölul. 2. gr. laganna sem sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi. Hugtakið „vinnsla“ er skilgreint sem sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur vinnslan er handvirk eða rafræn, skv. 2. tölul. 2. gr. laganna. Með vinnslu er t.d. átt við söfnun og skráningu og undir það fellur m.a. rafræn vöktun, flokkun, varðveisla, breyting, leit, miðlun, samtenging eða hver sú aðferð sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, sbr. athugasemdir í greinargerð með frumvarpi því er varð síðar að lögum nr. 77/2000.

Með vísun til framangreinds verður að telja að sú aðgerð B að leita og fá fjárhagsupplýsingar um D úr skrá Lánstrausts hf. hafi falið í sér vinnslu persónuupplýsinga og fellur mál þetta þar með undir gildissvið laga nr. 77/2000.

#### *2.*

Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að eiga sér stöð í lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Samkvæmt lögnum þarf vinnsla almennra persónuupplýsinga, s.s. upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust, að eiga sér stöð í einhverjum af tölulíðum 1. mgr. 8. gr. laganna. Enda þótt söfnun og miðlun fjárhagsupplýsinga um einstaklinga í því skyni að miðla þeim til annarra hafi, að viðeigandi skilyrðum uppfylltum, verið talin geta átt sér stöð í vissum tölulíðum

1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, hefur Persónuvernd ákveðið að slík vinnsla skuli engu að síður teljast leyfisskyld, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. reglna nr. 698/2004 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga, sem settar eru samkvæmt heimild í 31., 32. og 33. gr. laga nr. 77/2000. Lánstrausti hf. hafa verið veitt slík leyfi. Í 7. gr. gildandi leyfis er sérregla varðandi samningsgerð við áskrifendur, og í samræmi við hana segir í 11. gr. áskriftarskilmála Lánstrausts hf. að upplýsingar úr skráum félagsins megi eingöngu nota við könnun á lánstrausti, í tengslum við væntanleg eða yfirstandandi viðskipti, standi til þess lögvarðir hagsmunir.

Fyrir liggur að B er áskrifandi að skráum Lánstrausts hf. og aflaði úr þeim upplýsinga um kvartanda. Tílefni þess var að sambylísmaður hennar hafði sótt um bílalán og tölvukaupalán hjá E en verið hafnað er í ljós kom að nafn kvartanda var á vanskilaskrá Lánstrausts. Lögmæti þessarar upplýsingaöflunar ræðst af því hvort hún hafi verið heimil samkvæmt einhverjum þeirra tölulíða sem eru í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 og verið í samræmi við skuldbindingar B samkvæmt samningi félagsins við Lánstraust hf.

Við athugun á lögmæti öflunar upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga, hefur einkum verið litið til 1., 2., 3. eða 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Verður nú farið yfir þessa tölulíði og metið hvort telja megi að sú vinnsla sem um er deilt í máli þessu hafi uppfyllt einhvern þeirra.

## 2.1.

### *Samþykki hins skráða*

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. telst vinnsla persónuupplýsinga heimil ef hinn skráði hefur samþykkt hana. Af lýsingu á málsatvikum verður ekki ráðið að þessu skilyrði hafi verið fullnægt. Í framangreindu bréfi B, dags. 5. desember 2005, er því ekki haldið fram að D hafi samþykkt umrædda uppflettingu. Í bréfinu segir hins vegar:

„...til þess að geta veitt einstaklingum umrædda þjónustu og geta jafnframt uppfyllt laga-skyldur sínar er [B] nauðsynlegt að fá áreiðanlegar upplýsingar til að byggja lánshæfismat sitt á. Í því skyni er undantekningarlaust leitað eftir fyrirfram samþykki lánsúmsækjanda fyrir slíkri upplýsingaöflun um þau atriði sem eru helst til þess fallin að hafa áhrif á lánshæfi hans. Meðal mikilvægari atriða af þessu tagi er það hvort maki eða sambylísmaður/-kona úmsækjandans eigi í verulegum fjárhagsörðugleikum, en það má jafnan ráða af því hvort viðkomandi er á skrá um opinberar aðfarargerðir, það er núorðið vanskilaskrá Lánstrausts hf....“

Ekkert hefur komið fram um að hinn skráði, D, hafi veitt samþykki sitt fyrir umræddri upplýsingavinnslu. Tekið skal fram að einungis hinn skráði, þ.e. sá sem upplýsingar fjalla um, getur samþykkt vinnslu persónuupplýsinga um sig. Af því leiðir að annar sambúðaraðili getur ekki heimilað vinnslu upplýsinga um hinn sambúðaraðilann nema hafa til þess umboð frá viðkomandi. Ekkert liggur fyrir um að svo hafi verið í þessu máli.

## 2.2.

### *Samningur*

Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 8. gr. getur vinnsla persónuupplýsinga verið heimil ef hún er nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður. Ákvæðið getur til að mynda átt við ef fyrir liggur samningur milli lánastofnunar og viðskiptavinar þar sem gerður er fyrirvari um uppflettingar á vanskilaskrá. Af atvikum þessa máls verður hins vegar hvorki ráðið að slíkur samningur hafi legið fyrir milli B og D, né að hún hafi sóst eftir slíkum samningi við félagið.

### 2.3.

#### *Lagaskylda*

Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. getur vinnsla persónuupplýsinga verið heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila. B rekur í bréfi sínu, dags. 5. desember 2005, tiltekin ákvæði laga og reglugerða um skyldu fyrir félagið til að meta þá áhættu sem kunni að fylgja einstökum lánveitingum. Félagið telur þessi lagaákvæði jafngilda heimild til vinnslu í skilningi 3. tölul. 1. mgr. 8. gr.

B vísar m.a. til 17. og 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, reglna nr. 530/2003 um eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja og reglna nr. 530/2004 um viðmið Fjármálaeftirlitsins um mat á áhættu fjármálafyrirtækja og ákvörðun um eiginfjárhlutfall umfram lögbundið lágmark. Ákvæði 17. gr. laganna fjallar um eftirlitskerfi með áhættu og hljóðar svo:

„Fjármálafyrirtæki skal á hverjum tíma hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við alla starfsemi sína. [Fjármálaeftirlitið getur sett reglur um eftirlitskerfi vegna áhættu-þátta í starfsemi fjármálafyrirtækja og fjármálasamsteypa.]“

Í ákvæði 84. gr. laganna er m.a. skilgreint hvernig áhættugrunnur fyrirtækis skuli metinn. Fyrirmæli varðandi viðmið um eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja og viðmið við mat á ákvörðun um eiginfjárhlutfall umfram lögbundið lágmark er að finna í reglum nr. 530/2003 og 530/2004.

Í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 77/2000 segir að með lagaskyldu í skilningi 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. sé átt við hvers konar skyldu sem leiðir af lagasetningu, m.a. skyldur samkvæmt reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum sem eiga sér stoð í lögum. Einnig segir að undir hugtakið falli skyldur samkvæmt dómi eða stjórnvaldsúrskurði. Ekki er fjallað um það hversu skýr slík lagaákvæði þurfi að vera, sbr. hins vegar athugasemdir við 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. Engu að síður verður 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. vart túlkaður svo rúmt að hann geti skapað heimild til hvers konar vinnslu almennra persónuupplýsinga þótt með rökum megi sýna fram á að vinnslan þjóni því markmiði að uppfylla tiltekna lagaskyldu.

Með vísan til efnis ákvæða 17. og 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki verður ekki séð að þau feli í sér lagaskyldu til tiltekinnar vinnslu persónuupplýsinga í skilningi 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, í þessu tilviki skyldu til vinnslu persónuupplýsinga um kvartanda sem hvorki var í viðskiptasambandi við B né sóttist eftir lánaviðskiptum við félagið.

### 2.4.

#### *Lögmætir hagsmunir*

Samkvæmt 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. telst vinnsla heimil sé hún nauðsynleg til að ábyrgðaraðili, eða þriðji maður eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem vernda beri samkvæmt lögum vegi þyngra. Í bréfi B er talið að umrædd vinnsla geti sótt heimild sína til 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. Í bréfinu segir m.a.:

„...Meðal mikilvægari atriða af þessu tagi er það hvort maki eða sambylismaður/-kona umsækjandans eigi í verulegum fjárhagsörðugleikum, en það má jafnan ráða af því hvort viðkomandi er á skrá um opinberar aðfarargerðir, það er núorðið vanskilaskrá Lánstrausts hf. Þar sem slíkar upplýsingar snerta hins vegar ekki einungis umsækjendur, heldur eru jafnframt persónuupplýsingar um viðkomandi maka eða sambúðarfólk, hefur [B] viðhaft mat á því hvort hagsmunir hinna skráðu maka og sambúðaraðila af því að umrædd vinnsla fari ekki fram vegi þyngra en þeir lögvörðu hagsmunir sem felast í því að lánshæfi umsækjenda sé rétt metið og að lánstarfsemi þessi sé stunduð innan ramma viðeigandi laga og starfsleyfis. Þar sem umrædd vinnsla er takmörkuð við það eitt að skoða hvort makar og sambúðarfólk lánsumsækjenda séu á vanskilaskrá, [þar sem] þess [er] vandlega gætt að engin skráning um niðurstöður þeirrar skoðunar eigi sér stað hjá [B] og [þar sem] engin frekari vinnsla umræddra upplýsinga á sér stað af þessu

tilefni, telur félagið að þeir hagsmunir sem felast í að umrædd þjónusta sé veitt með fljótlegum og öruggum hætti vegi hér þyngra...

Við mat á því hvort sú vinnsla sem um er deilt í máli þessu hafi verið heimil samkvæmt 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. ber, af tilefni framangreindra röksemda B, að líta til réttaráhrifa þess að kvartandi er í óvígðri sambúð með lánsúmsækjanda, A. Að íslenskum rétti gildir sú meginregla að maður beri einn ábyrgð á sínum fjárhagslegu skuldbindingum, enda þótt hann hafi tekið upp óvígða sambúð með öðrum einstaklingi, nema sérstakur löggæringur leiði til annars. Ekkert liggur fyrir í máli þessu um að gerður hafi verið einhver slíkur löggæringur, s.s. að kvartandi hafi gengist í ábyrgð fyrir umræddri skuldbindingu. Þá má geta þess að þær reglur um gagnkvæma framfærsluskyldu og um takmarkanir á eignarréttindum, sem gilda í hjúskap og staðfestri samvist, gilda ekki í óvígðri sambúð. Með vísun til framangreinds verður ekki séð að öflun B á upplýsingum um kvartanda hafi verið nauðsynleg til að félagið gæti gætt lögmætra hagsmuna sinna, í skilningi 7. tölul. 1. mgr. 8. gr., né verður séð að hún hafi verið í samræmi við áskriftarskilmála í samningi B og Lánstrausts hf.

...

Með vísun til alls framangreinds verður ekki séð að sú aðgerð B að leita upplýsinga um D í skrá Lánstrausts hf., í tengslum við viðskipti B við sambýlismann hennar, hafi verið í samræmi við 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

B var óheimilt að skoða upplýsingar um D í skrá Lánstrausts hf. í tengslum við fyrirhuguð viðskipti sambýlismanns hennar við félagið.

#### 3.2.7. Uppfletting í sjúkraskrá – mál 2005/479

27. febrúar 2006 kvað stjórn Persónuverndar upp úrskurð í máli varðandi lögmæti uppflettingar í sjúkraskrá. Stofnuninni hafði borist kvörtun frá A sem beindist gegn yfirstjórn Landspítala Háskóla-sjúkrahúss (LSH) og B lækni. Í henni sagði eftirfarandi:

„1. [B] yfirlæknir bæklunardeildar LSH og trúnaðarlæknir [tryggingafélagsins D] og fl. fór ólöglega inn í tölvukerfi LSH fyrir [D] í aðgerðalýsingu (sjúkraskrá mína) fyrrum yfirmanns síns [E] fyrrum yfirlæknis bæklunardeildarinnar og núverandi prófessors. Tilgangur [B] var að finna að og endurskoða verk [E] fyrir [D].

2. Þá falsaði [B] yfirlæknir á LSH og trúnaðarlæknir [D] í áliti er hann vann fyrir [D] lög-regluskýrslu og gerði mig að tjónvaldi með því að setja mig [í] ranga bifreið. Þ.e.a.s. bifreiðina sem ekið var úr kyrrstöðu og beint framan á bifreið mína sem var á um 50 km. hraða.

3. [B] reynir síðan að breiða yfir fölsun sína með fleiri fölsunum í bréfi til [F] aðstoðarlækningaforstjóra og síðar falsar forstjórinn einnig með honum í bréfi til mín.“

*Í úrskurði stjórnar Persónuverndar segir m.a.*

„1.

#### *Forsaga málsins*

A, hér eftir nefndur kvartandi, varð fyrir umferðarslysi árið 1999. Afleiðingar slyssins voru metnar af dómkvöddum matsmönnum og tjónið gert upp hinn 2. maí 2001 á grundvelli matsins. Hinn 16. ágúst 2004 óskaði kvartandi eftir endurupptöku málsins hjá D á grundvelli vottorða frá meðferðarlækni sínum, E, þar sem fram kom að líkur væru á að festingarjárn í hrygg kvartanda hefðu losnað við umrætt umferðarslys. D óskaði þann 2. maí 2005 eftir greinargerð B lækni um tiltekin álitaefni

varðandi þetta. Álitsbeiðninni fylgdu 12 tilgreind gögn, en þar á meðal var ekki afrit af sjúkraskrá kvartanda. B skilaði álitsgerð hinn 14. júní 2005 og hinn 18. ágúst s.á. var lögð fram beiðni í Héraðsdómi Reykjavíkur um dómkvaðningu matsmanna.

Hinn 18. júlí 2005 lagði kvartandi fram erindi til yfirstjórnar LSH. Kvartaði hann m.a. yfir því að B hefði farið í aðgerðarlýsingu án hans samþykkis og vitundar og notað upplýsingar úr henni í álitsgerð sína fyrir D. Vísaði hann til þess að í V. lið álitsgerðarinnar væri þrisvar sinnum vitnað í aðgerðarlýsinguna, en í henni segir m.a.:

[...]

F, aðstoðarlækningaforstjóri, leitaði eftir skýringum B hinn 19. júlí 2005. Í svarbréfi B, dags. 14. ágúst 2005, segir um þetta:

„Þau einu gögn sem voru höfð til hliðsjónar við vinnslu álitsgerðarinnar [eru þau] sem um er getið í fyrsta hluta hennar og voru send undirrituðum af matsbeiðanda utan þess að röntgenmyndir voru fengnar frá [G] bæklunarlækni á Akureyri.

Í vottorði [E] dags. 13. maí 2004 (gagn nr. 2) segir: [ . . . ] Á tilvísun undirritaðs til aðgerðarlýsingar við þessu lýsingu en ekki aðrar.“

Í bréfi aðstoðarlækningaforstjóra, dags. 23. ágúst 2005, til kvartanda segir um þetta:

„[B] hefur ekki haft aðgang að gögnum sjúkrahússins við vinnslu álitsgerðarinnar heldur vísar einungis til þeirra gagna sem koma fram í skýrslu hans undir töluliðunum 1-12 og voru send frá [D]. . .Hann fékk þau gögn sem máli skipta varðandi úrlausn málsins send frá [D] og notaði ekki gögn sjúkrahússins.“

Í framhaldi af þessu lagði kvartandi fram fyrrgreint erindi sitt til Persónuverndar.

## 2.

### *Bréfaskipti*

Persónuvernd óskaði, með bréfi dags. 27. september 2005, eftir að kvartandi upplýsti hvort málið væri efnislega til meðferðar hjá dómstólum, enda yrði það þá ekki tekið til afgreiðslu að svo stöddu. Þá var kvartanda tilkynnt að ekki yrði séð að álitaefni sem tilgreind voru í öðrum og þriðja lið kvörtunarinnar heyrðu undir Persónuvernd. Í svarbréfi kvartanda, dags. 12. október 2005, kom fram að ekki yrði fjallað um málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Með bréfi, dags. 14. október 2005, óskaði Persónuvernd eftir því að LSH léti stofnuninni í té upplýsingar um uppflettingar í sjúkraskrá kvartanda á tímabilinu 1. maí til 9. september 2005. Umbeðið yfirlit barst með bréfi F aðstoðarlækningaforstjóra, dags. 19. október 2005. Á yfirlitinu kom fram að B hafði opnað sjúkraskrá kvartanda hinn 30. maí 2005.

Í tilefni af þessu óskaði Persónuvernd, með bréfi dags. 25. október 2005, eftir afstöðu B til umræddrar kvörtunar og skýringa á því í hvaða tilgangi hann fór í sjúkraskrá kvartanda umræddan dag. Í svarbréfi B, dags. 7. nóvember 2005, sagði m.a. eftirfarandi:

„Með bréfi dags. 2. maí 2005 fór [H] fh. [D] fram á að undirritaður legði mat á tiltekin álitaefni er sneru að [ . . . ] Var bréf þetta undirritað af [H] og [I hrl.] fh. [A]. Fylgdi með beiðni þessari undirritað umboð [A], dags. 1. júlí 2004 þar sem fullt umboð var gefið til öflunar upplýsinga úr m.a. sjúkraskrá. Með beiðninni fylgdu annars gögn sem um er getið í álitsgerð undirritaðs dags. 14. júní 2005 og byggir álitsgerðin alfarið á þeim gögnum auk röntgenmynda og svara við röntgenmyndum sem aflað var m.a. frá [G] bæklunarskurðlækni á Akureyri.



Hvað snertir opnun undirritaðs á sjúkraskrá [A] 30. maí 2005 var þar um að ræða einfalda öryggisráðstöfun þar sem verið var að ganga úr skugga um að tilteknir atburðir og slys hefðu átt sér stað og [A] leitað á slysadeild. Upplýsingar voru hinsvegar ekki notaðar þótt undirritaður telji sig hafa haft fullan rétt til þess með hliðsjón af meðfylgjandi umboði [A].“

Með bréfinu fylgdu afrit af umræddri beiðni D um álitserð, áritaðri af I hrl. f.h. kvartanda, og afrit af umboði kvartanda til I, dags. 1. júlí 2004.

Í tilefni af svarbréfi þessu óskaði Persónuvernd, með bréfi dags. 29. nóvember 2005, eftir því að I hrl. upplýsti stofnunina um hvort hann hefði veitt B heimild til að fara í sjúkraskrá kvartanda. Í svarbréfi hans, dags. 19. desember 2005, segir:

„Í undirritun minni á beiðni [D] hf. dags. 2. maí 2005, þar sem [D] óskar álit frá [B] lækni um læknisfræðilegt álitafni, fólst heimild til handa [B] um að hann kynnti sér þau gögn sem þegar lágu fyrir í málinu, en þar sem [B] var ekki læknir kvartanda þá varð að veita honum sérstaka heimild fyrir aðgangi að þeim gögnum sem [D] hafði undir höndum og send voru með beiðninni.

Hvort ég hafi í krafti umboðs kvartanda dags. 1. júlí 2004 veitt [B] heimild til að fara í sjúkraskrá kvartanda, þá skal upplýst að heimildin var í raun ekki hugsuð lengra en til þeirra gagna sem aðilar sjálfir höfðu aflað og höfðu þá undir höndum sbr. upptalningu á beiðni til [B] dags 02.05.2005.

Enginn fyrirvari var h.v. um þetta gerður af minni hálfu við undirritun á beiðni [D] og ekki tekið sérstaklega fram að einhverjar takmarkanir væru á heimild þeirri sem ég veitti [B] til öflunar frekari gagna í krafti umboðsins.“

Þá sendi Persónuvernd kvartanda afrit af bréfi B. Ritaði kvartandi Persónuvernd bréf, dags. 3. desember 2005, þar sem fram kom að hann hafi einungis veitt I heimild til að fá upplýsingar um sig úr sjúkraskrá, og tjáð honum að D og B væri einungis heimilt að notast við fyrirliggjandi gögn, sem tilgreind væru í beiðni D til B um álitserð, auk röntgenmynda.

Málið var rætt á fundi stjórnar Persónuverndar hinn 19. janúar sl. [2006]. Í ljósi þess að Persónuvernd taldi felast í tilteknum ummælum í framangreindu bréfi kvartanda að hann liti svo á að lögmaður hans hafi farið út fyrir umboð sitt, var ákveðið að leiðbeina kvartanda um að bera það álitamál undir úrskurðarnefnd Lögmannafélags Íslands. Var það gert með bréfi dags. 25. janúar sl. Með yfirlýsingu, dags. 14. febrúar sl. lýsti kvartandi því hins vegar yfir að hann teldi I hrl. ekki hafa farið út fyrir umboð sitt, en jafnframt að umboðið hafi veitt I einum heimild til að fara í sjúkraskrá sína, sbr. einnig yfirlýsing dags. 8. febrúar sl. Þá árétaði kvartandi ósk sína um að Persónuvernd tæki til efnislegrar afgreiðslu hvort skoðun B á sjúkraskrá hans hinn 30. maí 2005 hafi verið í samræmi við ákvæði laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

B var því ritað bréf, dags. 15. febrúar sl., þar sem honum var kynnt sú afstaða kvartanda að beiðni um álitserð, árituð af I hrl., og umboð kvartanda til I fæli ekki í sér heimild til B til að fara í sjúkraskrá kvartanda. Var honum veitt færi á að rökstyðja frekar hvort hann hefði haft viðhlítandi heimild til uppflettingarinnar samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/2000 og einnig beiðinn um að upplýsa hvort hann hefði óskað eftir heimild lækningaforstjóra Landspítala Háskólasjúkrahúss til þess að fá aðgang að sjúkraskránni. Svarfrestur var veittur til 24. febrúar.

Ekkert svarbréf hefur borist, en samkvæmt símtali starfsmanns Persónuverndar við þjónustuver Íslandspóst var ofangreint ábyrgðarbréf til B afhent hinn 20. febrúar sl.

## II.

### *Forsendur og niðurstaða*

#### 1.

##### *Gildissvið*

Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Með „persónuupplýsingum“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna. Með hugtakinu „vinnslu“ er átt sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Þar undir falla m.a. skráning, leit, notkun, dreifing og aðrar aðferðir til að gera upplýsingarnar tiltækar. Persónuvernd úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um vinnslu persónuupplýsinga á Íslandi, sbr. 2. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000.

Í fyrsta lið kvörtunar sinnar segir kvartandi að B hafa farið með ólögmætum hætti í sjúkraskrá sína. Af því sem að framan greinir er ljóst að uppfletting í sjúkraskrá telst til vinnslu persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000. Ágreiningsmál um lögmæti umræddrar uppflettingar heyrir því undir Persónuvernd, sbr. 37. gr. laga nr. 77/2000.

Hins vegar verður ekki séð að Persónuvernd hafi úrlausnarvald um álitæfni þau sem tilgreind eru í öðrum og þriðja lið kvörtunarinnar, sbr. 37. gr. laga nr. 77/2000, og verður því ekki fjallað um þau frekar.

#### 2.

##### *Lögmæti*

Vinnsla persónuupplýsinga er því aðeins heimil að uppfyllt sé eitthvert skilyrði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Þá þarf hún einnig, sé um viðkvæmar upplýsingar að ræða, að uppfylla eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 9. gr. Upplýsingar um heilsuhagi teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga, sbr. c-lið 8. tölul. 2. gr. laganna, og verður því eitthvert skilyrði 1. mgr. 9. gr. laganna að vera uppfyllt.

Heimildir heilbrigðisstarfsmanna til aðgangs að heilsufarsupplýsingum í sjúkraskrá byggja, auk ákvæða í sérلögum, á ákvæðum hinna almennu laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, einkum 8. og 9. gr. Þeir töluliðir 1. mgr. 9. gr. sem helst koma til álita eru 1., 2. og 8. tölul.

Í 8. tölul. 1. mgr. 9. gr. er kveðið á um að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg vegna læknismeðferðar eða venjubundinnar stjórnýslu á sviði heilbrigðisþjónustu, enda sé hún framkvæmd af starfsmanni heilbrigðisþjónustunnar. Ljóst er að kvartandi var ekki til meðferðar, rannsóknar eða þjónustu að öðru leyti hjá B í umrætt sinn, og að aðgangur B að sjúkraskránni var ekki í þágu venjubundinnar stjórnýslu á LSH. Því er ekki unnt að byggja heimildir B til aðgangs að sjúkraskrá kvartanda á 8. tölul.

Í 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. er kveðið á um að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil standi sérstök heimild til hennar samkvæmt öðrum lögum, og má þar nefna 3. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga sem kveður á um að Persónuvernd sé heimilt að veita aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrá vegna vísindarannsókna. Þá er heimilt að sýna sjúkraskrá umboðsmanni sjúklings og opinberum aðilum sem lögum samkvæmt athuga kæru sjúklings eða umboðsmanns hans vegna meðferðar, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 74/1997. Ekkert liggur fyrir um að sérstök lagaheimild hafi staðið til aðgangs B að sjúkraskrá kvartanda. Er því ekki unnt að byggja heimildir hans til aðgangs að sjúkraskránni á 2. tölul.

Í 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 er kveðið á um að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil ef hinn skráði samþykkir vinnsluna. Í bréfi B, dags. 7. nóvember 2005, kemur fram að hann hafi talið sér heimilt að fara í sjúkraskrá kvartanda á grundvelli undirritaðs umboðs kvartanda, sem fylgdi með álitseiddni undirritaðri af H f.h. D og áritaðri af I hrl. f.h. kvartanda. Það er því ljóst að hann telur sig hafa haft samþykki þar til bærs aðila til aðgangs að sjúkraskránni.

Neðst í álitssbeiðni þeirri sem B vísar til segir hins vegar: „Heimild til [B] læknis til öflunar gagna vegna greinargerðar þessarar. Eu. [I] [sign].“ Umboð kvartanda til I hrl. var svohljóðandi:

„Ég undirritaður, [A]. . . , veiti hér með [I]. . . , fullt og óskorað umboð til að semja um og taka við greiðslum vegna þess tjóns er ég varð fyrir í umferðarslysi í desember 1999.

Jafnframt veiti ég umboðsmanni mínum fulla heimild til að fá allar upplýsingar úr sjúkraskrár mínum um afleiðingar slyss míns og úr sjúkraskrár mínum þau gögn sem lögmaður minn metur og telur nauðsynleg og skal þá ekkert undanskilið. Einnig nær umboð þetta til þess að afla tekjuupplýsinga frá skattstjórum.

Allt sem umboðsmaður minn gerir í mínu nafni skv. umboði þessu skal jafngilt og hefði ég sjálfur gert það.“

Með samþykki í skilningi 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 er átt við sérstaka, ótvíræða yfirlýsingu sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykkuð vinnsla tiltekinnna upplýsinga um sig og að honum sé kunnugt um tilgang hennar, hvernig hún fari fram, hvernig persónuvernd verði tryggð og um að honum sé heimilt að afturkalla samþykki sitt, sbr. 7. tölul. 2. gr. laganna. Slíkt samþykki er persónubundið og því er ljóst að enginn getur gefið samþykki fyrir annars manns hönd nema hafa til þess sérstaka heimild, t.d. skýrt og afmarkað umboð.

Fyrir liggur að kvartandi veitti ekki slíkt samþykki fyrir því að B færi í sjúkraskrána. Hins vegar hefur B vísað til þess að I hafi veitt slíkt samþykki f.h. kvartanda. Kvartandi hefur lýst því yfir að hann telji I hrl. ekki hafa farið út fyrir umboð sitt með því að árita beiðni D um álitserð og að hann muni ekki bera ekki mál þar að lútandi undir úrskurðarnefnd Lögmannafélags Íslands. Verður því af hálfu Persónuverndar ekki tekin afstaða til þess hvort I hafi verið bær til þess að veita slíkt samþykki. Hins vegar verður ekki talið að áritun hans á álitssbeiðni D hafi verið nægilega ótvíræð til að fullnægja kröfum laga nr. 77/2000 um samþykki fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga.

Þá kemur fram í gögnum málsins, sbr. bréf B til F aðstoðarlækningaforstjóra dags. 14. ágúst 2005, að B vann álit sitt sem sjálfstætt starfandi sérfræðingur, enda hafi D beint erindi sínu til hans sem slíks. Það hafi verið sent á læknastofu hans í . . . og hafi álititíð verið unnið algerlega utan sjúkráhusins. Í ljósi þessa verður að líta svo á að B hafi farið í sjúkraskrána sem utanaðkomandi aðili, en ekki sem starfsmaður sjúkráhusins. Þrátt fyrir það fór hann í sjúkraskrá kvartanda hinn 30. maí 2005 og ekki liggur annað fyrir en að hann hafi notað til þess aðgang sem hann hefur að sjúkraskrár LSH vegna starfs síns þar. Þá liggur ekki fyrir að hann hafi óskað eftir heimild lækningaforstjóra, sem er ábyrgðaraðili að sjúkraskrár LSH og ber að tryggja að þeir sem óska eftir aðgangi að sjúkraskrár hafi til þess heimildir.

Ljóst er að tryggingafélög geta haft lögvarða hagsmuni af því að fá tilteknar heilsufarsupplýsingar um váttryggða einstaklinga, til þess að geta metið bótaskylda sína, og að upplýsingaskylda þar að lútandi getur hvílt á váttrygðum samkvæmt lögum. Tryggingafélög og þeir sem starfa á þeirra vegum verða hins vegar að gæta þess að fara réttar leiðir að þessu marki, þ.e. óska eftir upplýstu samþykki frá hinum skráða.

Með vísan til framangreinds telur Persónuvernd að B hafi verið óheimill aðgangur að sjúkraskrá kvartanda hinn 30. maí 2005, enda lá ekki fyrir upplýst samþykki í skilningi 7. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 til þess.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

B var óheimilt að fara í sjúkraskrá A hinn 30. maí 2005.“

#### **3.2.8. Frumvarp um greiningardeildir lögreglu – mál 2006/114**

10. mars veitti Persónuvernd allsherjarnefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði. Í frumvarpinu fólst m.a. að sú

rannsóknardeild, sem rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess, skyldi jafnframt vera greiningardeild sem legði mat á hættu á hryðjuverkum og af skipulagðri glæpastarfsemi. Þá kom fram að greiningardeildir mættu starfa við einstök lögreglustjóraembætti.

Þar sem frumvarpið fól ekki í sér breytingu á heimildum lögreglunnar til vinnslu persónuupplýsinga gerði Persónuvernd ekki efnislegar athugasemdir við ákvæði efni þess. *Hins vegar* var lögð rík áhersla á innra eftirlit með upplýsingavinnslu af hálfu greiningardeildanna og að séð yrði til þess að röngum og villandi upplýsingum og þeim upplýsingum sem ekki væru lengur nauðsynlegar yrði eytt eða þær leiðréttar. Þetta var talið sérstaklega brýnt með tilliti til eðlis upplýsinganna, tilgangs upplýsingasöfnunarinnar og þess að fyrirsjáanlegt væri að upplýsingaréttur hinna skráðu yrði oft takmörkunum háður og þeim því óhægara um vik að gæta réttar síns en ella.

Þá þótti rétt að áhættumat, sem kveðið var á um í frumvarpinu, yrði unnið eftir skýrum verklagsreglum, sem m.a. mæltu fyrir um hvaða persónuupplýsingar skyldu hafa vægi og ástæður þess.

### **3.2.9. Öflun kennitölu í gjaldeyrisviðskiptum – mál 2005/263**

13. mars 2006 gaf stjórn Persónuverndar út álit um lögmæti þess að krefjast upplýsinga um kennitölu í tilteknum gjaldeyrisviðskiptum. Tilefni álitsins var kvörtun frá einstaklingi, A, yfir því að hafa verið krafinn um kennitölu sína þegar hugðist skipta gjaldeyri í fjármálastofnununum B og D. Var þessum fjármálastofnunum, ásamt Samtökum banka og verðbréfafyrirtækja og Sambandi íslenskra sparisjóða, boðið að tjá sig um málið áður en álitid var gefið út. Í niðurstöðukafla þess segir:

## **„II.**

### *Forsendur og niðurstaða*

Við mat á lögmæti kröfu fjármálastofnana um kennitölu kaupenda gjaldeyris verður að líta til 10. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þar er kveðið á um að notkun kennitölu sé heimil eigi hún sér málefnalegan tilgang og sé nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu. Einnig ber að líta til laga nr. 80/1993 um peningaþvætti, en þau taka m.a. til gjaldeyriskaupa, sbr. 10. tölul. 1. mgr. 1. gr. Í 1.-3. mgr. 3. gr. laganna, sbr. lög nr. 38/1999 og 17/2003, segir (hornklofar til að auðkenna lagabreytingar hafa verið fjarlægðir):

„Við upphaf viðskipta, einkum við opnun reiknings og eignavörslu, skal einstaklingur eða lögadili sem nefndur er í 1. gr. krefjast þess af viðskiptamanni að hann sanni á sér deili með framvísun persónuskilríkja um nafn, lögheimili og kennitölu samkvæmt vottorði útgefnu af Hagstofu Íslands eða ríkisskattstjóra. Sama gildir um prókúruhafa eftir því sem við getur átt.

Einnig skal krefjast þess að viðskiptamaður, sem ekki er í föstum viðskiptum skv. 1. mgr., framvísi persónuskilríkjum þegar hann á í viðskiptum með hærri fjárhæð en sem nemur 15.000 evrum miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni. Ef um er að ræða starfsemi sem hlotið hefur starfsleyfi, sbr. 2. mgr. 1. gr., skulu þó framangreind fjárhæðarmörk vera 1.000 evrur miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni. Ef fjárhæðin er ekki þekkt á þeim tíma er viðskiptin eiga sér stað eða viðskiptin fara fram í einni eða fleiri aðgerðum sem virðast tengjast hver annarri skal krefjast framvísunar persónuskilríkja um leið og vitneskja fæst um fjárhæðina og ljóst er að hún er hærri en að framan greinir.

Ef grunur leikur á að rekja megi uppruna eignar til brots sem lýst er í 2. gr. [þ.e. samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19/1940 og tilteknum öðrum lögum] skal krefjast þess af viðskiptamanni að hann framvísi persónuskilríkjum þótt um sé að ræða viðskipti með lægri fjárhæð en skv. 2. mgr.“

Úr framangreindum ákvæðum má lesa þær meginreglur að við upphaf varanlegs viðskiptasambands skuli viðskiptavinur í allflestum tilvikum framvísa persónuskilríkjum og þar með gefa upp kennitölu sína. Sama eigi við þegar viðskiptamaður, sem ekki er í föstum viðskiptum, á viðskipti í fjármálastofnun, s.s. með kaupum á gjaldeyri, sé um að ræða fjárhæð yfir ákveðnum mörkum. Loks

gildi hið sama um viðskiptamann, hvort sem hann er í föstum viðskiptum eður ei, leiki grunur á um að eign eigi uppruna sinn að rekja til tiltekinna brota.

Auk þessara ákvæða vísa Samtök banka og verðbréfafyrirtækja til 5. gr. laga nr. 80/1993 þar sem kveðið er á um að hafi einstaklingur eða lögaðili, sem veitir fjármálaþjónustu, vitneskju eða ástæðu til að ætla að tiltekin viðskipti fari fram í þágu þriðja manns skuli viðskiptamaður krafinn upplýsinga um hver sá þriðji maður sé. Telja samtökin að í þessu ákvæði sé fólgin krafa um að sá sem kaupir gjaldeyri fyrir hönd þriðja manns framvísi persónuskilríkjum og gefi þar með upp kennitölu sína. Af því tilefni bendir Persónuvernd á að samkvæmt orðalagi ákvæðisins er þess ekki krafist, en auk þess kemur ekki fram í athugasemdum við ákvæðið í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 80/1993, að það beri að skilja á þennan hátt. Er því ekki unnt að líta svo á að það mæli fyrir um að án undantekninga skuli þeir sem kaupa gjaldeyri fyrir hönd þriðja manns framvísa persónuskilríki og um leið gefa upp kennitölu sína.

B heldur því fram að í Evróputilskipunum, sem settar hafa verið til að sporna gegn peningaþvætti, sé lögð rík áhersla á að fjármálafyrirtæki gæti þess að viðskipti séu ávallt rekjanleg, m.a. í því skyni að hægt sé að greina óeðlilegar færslur eftir á sem virðast eðlilegar þegar viðskipti eiga sér stað. D vísar og til nýrrar tilskipunar nr. 2005/60/EB um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis og til fjármögnunar hryðjuverkamanna.

Í tengslum við tilvísanir þessar til Evrópulöggjafar bendir Persónuvernd á að sú löggjöf hefur *ekki* að geyma þá reglu að ávallt skuli beðið um persónuauðkenni viðskiptamanns, en af því leiðir einnig að ekki þurfa öll viðskipti, sama hversu lítilfjörleg þau eru, að vera rekjanleg. Samkvæmt nýjustu tilskipuninni varðandi peningaþvætti, sem nefnd er hér að ofan, og nú er fyrirhugað að innleiða í íslenskan rétt, þarf þannig aðeins að staðfesta deili á viðskiptamanni við tilteknar aðstæður, m.a. við stofnun reikninga og bankabóka, sbr. 6. gr., við upphaf viðskiptatengsla, sbr. a-lið 7. gr., og þegar tilfallandi viðskipti að upphæð 15.000 evrur eða meira eiga sér stað, sbr. b-lið sömu greinar. Þess má geta að í hinum 40 tilmælum um aðgerðir gegn peningaþvætti, sem samtök OECD-ríkja um slíkar aðgerðir, FATF (Financial Action Task Force on Money Laundering), hafa gefið út kemur fram svipaður skilningur, sbr. 5. tilmælin þar sem fram kemur að ekki þarf að staðfesta deili á viðskiptavini nema í ákveðnum tilvikum, s.s. þegar fjárhæð er ofan skilgreindra viðmiðunarmarka.

Auk þess sem B vísar til Evrópulöggjafar telur hann 2. mgr. 10. gr. laga nr. 80/1993 gera þá kröfu að upplýsingar um öll bankaviðskipti, þ. á m. gjaldeyriskaup, séu skráðar þannig að fram komi persónuauðkenni viðskiptavina. Sé þá kennitala helsta auðkennið. Telur hann að ekki sé að öðrum kosti unnt að fara að þeirri reglu umrædds ákvæðis að fjármálafyrirtæki skuli gera og varðveita skriflegar skýrslur um öll grunsamleg viðskipti. Til þess að slíkt sé unnt verði að vera hægt að rekja viðskipti til einstakra viðskiptamanna.

Af þessu tilefni bendir Persónuvernd á að samkvæmt skýrum ákvæðum 1.-3. mgr. 3. gr. laganna þarf aðeins að afla vitneskju um hver viðskiptavinur er í þeim tilvikum sem þar er lýst, s.s. þegar viðskipti fara fram úr tiltekinni upphæð. Líta ber svo á að ákvæði 2. mgr. 10. gr. beri að túlkast í ljósi þessa og að því feli það ekki í sér skyldu til skráningar persónuauðkenna, þ. á m. kennitalna, í öllum tilvikum svo að hægt sé að rekja viðskipti til einstaklinga eftir á. Þegar ekki eiga við ákvæði 1. og 2. mgr. 3. gr., þ.e. um skyldu til að óska eftir persónuskilríkjum við upphaf viðskipta og þegar viðskipti nema meiru en tiltekinni upphæð, skuli 2. mgr. 10. gr. þannig ekki skýrast á slíkan hátt. Feli ákvæðið þá aðeins í sér að þegar upp kemur grunur um refsivert athæfi við framkvæmd viðskiptanna sjálfra, og því skuli óskað persónuskilríkja í samræmi við sérreglu 3. mgr. 3. gr. um slíkar aðstæður, skuli gerð um það skýrsla.

Til viðbótar við ofangreint vísar B til þess að fjármálafyrirtækjum er í sumum tilvikum skylt, t.d. samkvæmt ákvæðum tollalaga nr. 55/1987 og laga um tekju- og eignarskatt nr. 90/2003, að láta í té upplýsingar til yfirvalda, stundum varðandi einstök viðskipti, þ. á m. gjaldeyrisviðskipti. Ókleift sé að gefa slíkar upplýsingar nema hægt sé að rekja viðskiptin til tiltekinna viðskiptamanna með því að notast við kennitölur. Á þessar röksemdir B fellst Persónuvernd ekki. Telur stofnunin að gera verði greinarmun á upplýsingaskyldu til stjórnvalda annars vegar og varðveisluskyldu hins vegar. Upplýs-

ingaskylda felur þannig í sér skyldu til að veita stjórnvöldum þær upplýsingar sem tiltækar eru en felur ekki í sér varðveisluskyldu nema sérstaklega sé kveðið á um hana í lögum.

Samkvæmt framangreindu er ekki ávallt lögskylt að krefjast kennitölu viðskiptamanns við kaup á gjaldeyri. Þá reynir hins vegar á hvort það sé engu að síður heimilt og þá hvenær. Í því sambandi ber að líta til áður nefnds ákvæðis 10. gr. laga nr. 77/2000 um að notkun kennitölu sé heimil eigi hún sér málefnalegan tilgang og sé nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu. Í bréfi Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja kemur fram sá skilningur að það samrýmist þessu ákvæði að krefja viðskiptamenn ávallt um kennitölu við gjaldeyriskaup, enda væri mjög erfitt í hvert og eitt sinn að leggja sjálfstætt mat á hvort ástæða sé til að ætla að eign eigi uppruna sinn að rekja til brots eða viðskiptin fari fram í þágu þriðja manns. Eins og að framan greinir hvílir hins vegar ekki sú skylda á fjármálastofnunum að ganga ávallt úr skugga um þessi atriði, sbr. 3. mgr. 3. gr. og 5. gr. laga nr. 80/1993, heldur aðeins þegar einhver ástæða er til að ætla að atvik og aðstæður séu með þeim hætti sem lýst er í ákvæðunum eða ef viðskipti fara fram úr tiltekinni upphæð og viðskiptamaður er ekki í föstum viðskiptum við viðkomandi fjármálastofnun. Af þessu má þannig sjá að hin nýja tilskipun hefur að geyma reglur sem mjög eru sambærilegar við þær reglur laga nr. 80/1993 um þetta sem raktar eru hér að framan.

Við mat á því hvort fullnægt sé skilyrðum 10. gr. laga nr. 77/2000 fyrir notkun kennitalna, þ.e. að hún þjóni málefnalegum tilgangi og sé nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu, skipta framangreind atriði meginmáli. Með því að kveða ekki á um undantekningarlausu skyldu til að biðja um kennitölur kaupenda gjaldeyris hefur löggjafinn í raun lýst yfir þeirri afstöðu að slíkt sé ekki ávallt nauðsynlegt. Þá ber að líta til eftirfarandi athugasemda við 10. gr. í því frumvarpi sem varð að lögum nr. 77/2000:

„Kröfunni um málefnalegan tilgang verður ekki fullnægt nema önnur auðkenni, svo sem nafn, heimilisfang eða viðskiptanúmer, séu ófullnægjandi. Við mat á málefnalegum tilgangi ber m.a. að líta til þess hvort örugg persónugreining sé mikilvæg fyrir hinn skráða, fyrir ábyrgðaraðila eða vegna almannahagsmuna.“

Þegar litið er til framangreinds telur Persónuvernd þá framkvæmd fjármálastofnana að krefja viðskiptamenn ávallt um kennitölu sína við kaup á gjaldeyri ekki fá samrýmist lögum nr. 77/2000, en þó geti svo verið í sérstökum tilvikum. Að mati Persónuverndar getur slíkt jafnvel talist heimilt enda þótt það sé ekki lögskylt samkvæmt framangreindum ákvæðum laga nr. 80/1993, þ.e. þegar ástæða er til að ætla að viðskiptin eigi uppruna sinn að rekja til brots eða fari fram í þágu þriðja manns. Til dæmis geti slíkt talist löglegt þegar upphæðir eru háar enda kunna einka- eða almannahagsmunir þá að vera slíkir að skilyrðum 10. gr. laga nr. 77/2000 teljist vera fullnægt. Þegar upphæðir eru lágar má hins vegar efast um að hagsmunir fjármálastofnana af því að fá upplýsingar um kennitölu vegi þyngra en réttur viðskiptamanna til að gefa hana ekki upp.

Persónuvernd leggur til að óvissu verði eytt um það hvenær fjármálastofnunum er heimilt að krefja viðskiptamann um kennitölu við kaup á gjaldeyri. Það má t.d. gera með setningu starfsreglna. Í þeim gætu m.a. verið ákvæði um hvaða fjárhæðir fjármálastofnanir miði við.

### *N i ð u r s t a ð a :*

Ekki liggur fyrir að krafa B og D um kennitölu A þegar hann keypti danskan gjaldeyri hinn 13. apríl 2005 hafi samrýmist 10. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.“

#### **3.2.10. Kvörtun vegna umfjöllunar fjölmiðils vísað frá – mál 2006/67**

13. mars 2006 fjallaði Persónuvernd um kvörtun sem henni barst vegna umfjöllunar DV um tiltekið mál. Í svarbréfi Persónuverndar segir m.a.:

## „I.

Persónuvernd vísar til erindis Hlyns Halldórssonar hdl., dags. 31. janúar 2006, þar sem f.h. M er kvartað yfir tiltekinni umfjöllun í DV dagana 20. og 23. janúar 2006. Samkvæmt þeirri umfjöllun á M, hér eftir nefndur kvartandi, sem framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja að hafa beðið bréfbæra í Keflavík um að „njósna um íbúa“ eins og það er orðað á forsiðu blaðsins hinn 20. janúar, þ.e. með því að biðja þá um að skrá það hjá sér á hvaða heimilum í bænum þeir yrðu varir við hunda.

Fram kemur í erindinu að kvartandi telur veigamiklar rangfærslur vera í umræddri umfjöllun DV og fullyrðingar sem ekki eiga við rök að styðjast. Hafi kvartanda verið lögð orð í munn sem hann aldrei hafi sagt og hann sagður hafa gert tiltekna hluti sem hann aldrei hafi gert. Það sem gerst hafi sé að kvartandi hafi hinn 5. janúar 2006 sent stöðvarstjóra Íslandspósts í Keflavík tölvubréf þar sem þeirri hugmynd hafi verið varpað fram að bréfbærar punktuðu niður hjá sér hvar hunda væri að finna. Í framhaldi af því yrði hægt að senda hundaeigendum, sem væru með óskráða hunda, áminningarbréf. Hafi þessi bón verið send sem þáttur í því að framfylgja samþykkt um hundahald í Keflavík og fleiri sveitarfélögum á Suðurnesjum eins og nánar er rakið í erindinu. Ekkert svar hafi borist og hafi málið þá verið látið niður falla.

Í umfjöllun DV sé hins vegar við það miðað að bréfberunum sjálfum – en ekki aðeins stöðvarstjóra – hafi verið sendur póstur þar sem beðið hafi verið um þetta. Einnig sé fullyrt að umrædd skráning hafi farið fram. Þetta sé hvoru tveggja rangt og hið fyrrnefnda sé stutt við orð sem kvartandi hafi aldrei sagt. Auk þess sé rangt eftir kvartanda haft í fyrirsögn á forsiðu DV hinn 23. janúar þar sem segir: „Magnús H. Guðjónsson segir Póstinn bera ábyrgð á njósnum“. Þá sé umfjöllunin persónugerð „á afar ósmekklegan hátt“ með birtingu myndar af kvartanda. Umfjöllunin byggist og á tölvupóstsamskipum sem njóti friðhelgi samkvæmt 5. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003. Að auki sé fyrirsögn á forsiðu DV hinn 20. janúar mjög ósanngjörn og ómálefnaleg í garð kvartanda, en þar sé haft eftir forstjóra Persónuverndar að það sem kvartandi hafi gert sé „ólöglegt“. Sé þetta í ósamræmi við þau orð forstjórans inni í blaðinu að hann sé ekki að tjá sig um þetta tiltekna mál og sé með öllu óljóst í hvaða samhengi hann hafi notað framangreint orð. Þessu til viðbótar hafi DV ekki orðið við þeirri lagaskyldu að leiðrétta rangfærslur í blaðinu þrátt fyrir að kvartandi hafi ítrekað farið fram á slíkt.

Með vísan til framangreinds segir í erindinu að brotið hafi verið gegn 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, en þar er kveðið á um að við meðferð persónuupplýsinga skuli þess gætt að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga. Einnig segir að brotið hafi verið gegn 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna, en þar er m.a. kveðið á um að persónuupplýsingar skuli vera áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum; persónuupplýsingar, sem séu óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skuli afmá eða leiðrétta.

## II.

### I.

Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga ná til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekens einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. sömu greinar.

Í ljósi ofangreinds er ljóst að umrædd umfjöllun DV fól í sér vinnslu persónuupplýsinga. Stjórn stofnunarinnar fjallaði um þessa vinnslu á fundi sínum í dag og tók þá ákvörðun sem rakin er hér að neðan. Tekið skal fram að þar sem fjallað var um forstjóra stofnunarinnar í umræddum fréttaflutningi kom hann ekki að afgreiðslu málsins.

Framangreind vinnsla persónuupplýsinga fellur undir sérákvæði 2. máls. 5. gr. laga nr. 77/2000 um vinnslu sem eingöngu fer fram á þágu fréttamennsku eða bókmenntalegrar eða listrænnar starfsemi. Samkvæmt ákvæðinu fellur slík vinnsla utan ramma flestra ákvæða laganna, þó ekki þeirra ákvæða í 7. gr. sem byggt er á í erindi Hlyns Halldórssonar hdl. f.h. kvartanda. Til þess ber hins vegar að líta að ekkert þeirra ákvæða, sem veita Persónuvernd valdheimildir, gildir um vinnslu sem þessa, þ. á m. 40. og 41. gr. sem veita Persónuvernd heimild til að gefa fyrirmæli um úrbætur á vinnslu persónuupplýsinga og beita dagsektum ef ekki er farið að fyrirmælum hennar. Þá verður ákvæðum 42. og 43. gr. laganna, sem kveða á um refsíabyrgð og bótaábyrgð, einungis beitt af dómstólum.

Samkvæmt þessu hefur Persónuvernd ekki vald til að taka bindandi ákvörðun um það hvort DV hafi skapað sér ábyrgð að lögum með umræddum fréttafloppum sínum. Við úrlausn um slíkt reynir á skilin milli tveggja af helstu mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar, annars vegar reglunnar um friðhelgi einkalífsins og hins vegar reglunnar um tjáningarfrelsið, sbr. 71. og 73. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. og 8. og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Fellur það undir dómstóla, að uppfylltum réttarfarsskilyrðum, að skera úr um mörk þessara tveggja grundvallarréttinda með túlkun á stjórnarskránni, þ. á m. við úrlausn þess hvort framangreindar reglur 7. gr. laga nr. 77/2000 hafi verið brotnar.

Í ljósi þessa mun Persónuvernd ekki aðhafast frekar af tilefni umrædds erindis. Hins vegar skal bent á að stofnunin hefur gefið út almennt álit, dags. 4. júlí 2005, um það hvernig umfjöllun og myndbirtingu fjölmiðla ber að haga svo að hún samrýmist ákvæðum laga nr. 77/2000. Vísast um þau sjónarmið, sem líta verður til við beitingu umræddra ákvæða 7. gr. laganna á umfjöllun fjölmiðla, til þess álits og er það hjálagað með bréfi þessu.

Að lokum skal bent á að siðanefnd Blaðamannafélags Íslands hefur það hlutverk að meta hvort brotið hafi verið gegn siðareglum félagsins. Reglurnar má nálgast á heimasíðu blaðamannafélagsins, www.press.is, og er sérstaklega bent á 3. gr. þeirra. Hver sá sem telur að blaðamaður hafi brotið gegn reglunum og á hagsmuna að gæta getur kært ætlað brot innan tveggja mánaða frá birtingu, enda sé mál ekki rekið fyrir almennum dómstólum og áður hafi verið krafist leiðréttingar hjá viðkomandi fjölmiðli.“

### **3.2.11. Samræmd úttekt á „99. gr. skráningum“ í Schengen-upplýsingakerfið – mál 2006/158**

15. mars óskaði Persónuvernd eftir upplýsingum frá embætti Ríkislögreglustjórans um skráningar í Schengen-upplýsingakerfið samkvæmt 99. gr. Schengen-samningsins, er mælir fyrir um skráningu einstaklinga og ökutækja til að unnt sé að viðhafa leynilegt eftirlit („skyggingu“, eins og það er orðað í íslenskri þýðingu samningsins) og svonefnda markvissa leit, þ. á m. líkamsleit og líkamsrannsókn. Eftirgrennslanin var liður í samræmdri úttekt sem fram fór í öllum aðildarríkjum Schengen-samningsins.

Svör Ríkislögreglustjóra bárust 28. apríl og voru send Sameiginlegu Schengen-efirlitsstofnuninni (JSA) til birtingar í niðurstöðuskýrslu. Þar kom fram að Ísland hefur ekki skráð upplýsingar í Schengen-upplýsingakerfið í þessum tilgangi. Sjá nánar kafla 4.5.5 hér síðar.

### **3.2.12. Lífkennavegabréf og skilríkjaskrá – mál 2006/199**

12. apríl veitti Persónuvernd allsherjarnefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vegabréf. Frumvarpið fól m.a. í sér að upp skyldu tekin rafræn lífkenni í vegabréf og að þau skyldu færð í skilríkjaskrá sem lögreglu væri heimilt að nota til að bera kennsl á mann eða staðreyna að hann væri sá sem hann kvæðist vera.

Í ljósi þess að sú nýbreytni að taka upp rafræn lífkenni í vegabréf er tilkomin vegna alþjóðlegra krafna þar að lútandi gerði Persónuvernd ekki athugasemdir við breytingu í þá átt. Hins vegar var bent á að skilgreina þyrfti í hvaða tilvikum Þjóðskrá og lögreglu yrði heimilt að nota skilríkjaskrána, s.s. vegna afgreiðslu vegabréfumsókna eða landamæraeftirlits. Þá var lögð áhersla á að frá upphafi yrði gætt fyllsta öryggis, bæði hvað varðar aðgang óviðkomandi að upplýsingum um lífkenni í skil-



ríkjaskrá og vegabréfum og um gæði og áreiðanleika þeirra lífkenna sem unnið yrði með. Einnig var bent á að í frumvarpinu væri ekki kveðið á um rétt handhafa vegabréfs til að sannreyna persónuupplýsingar í vegabréfinu og, eftir því sem við á, óska eftir leiðréttingu eða eyðingu.

### **3.2.13. Rafræn vöktun á veitingastað – mál 2005/579**

20. júní 2006 kvað stjórn Persónuverndar upp úrskurð í máli nr. 2005/579 varðandi rafræna vöktun á veitingastað. Tildrög málsins voru þau að stéttarfélagið A fór þess á leit við Persónuvernd, f.h. B, að hún léti til sín taka mál vegna rafrænnar vöktunar á vegum D, nánar tiltekið á veitingastaðnum E. B hafði verið sagt upp störfum á framangreindum veitingastað og uppsögnin m.a. rökstudd með því að á upptöku úr eftirlitsmyndavél hefði hún sést kveikja sér í sígarettu, en reykingar væru bannaðar á staðnum, auk þess sem hún hefði látíð áfengisneyslu annarra starfsmanna inni á veitingastaðnum, sem hún bar ábyrgð á, afskiptalaus.

Í niðurstöðu Persónuverndar segir m.a.:

## **„II.**

### *Forsendur og niðurstaða*

#### *1.*

#### *Gildissvið laga nr. 77/2000*

Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirka vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Í athugasemdum við 2. tölul. 2. gr. í því frumvarpi, sem varð að lögum nr. 77/2000, kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu.

Rafræn vöktun er vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkjum búnaði, og fer fram á almannafæri eða á svæði sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði, sbr. 6. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Hugtakið tekur til vöktunar sem leiðir, á að leiða eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga og sjónvarpsvöktunar sem fram fer með notkun sjónvarpsmyndavéla, vefmyndavéla eða annars samsvarandi búnaðar, án þess að fram fari söfnun myndefnis eða aðrar aðgerðir sem jafngilda vinnslu persónuupplýsinga.

Af framangreindu er ljóst að myndavélaeftirlit það sem fram fer á vegum D á veitingastaðnum E, ..., Reykjavík, er í eðli sínu rafræn vöktun og rafræn vinnsla persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000 og fellur þar með undir gildissvið þeirra laga, sem og valdsvið Persónuverndar, sbr. 37. gr. laganna.

#### *2.*

#### *Lögmati*

#### *2.1.*

#### *Almenn lögmatisskilyrði*

Svo að rafræn vöktun sé heimil verður að vera fullnægt skilyrðum 1. mgr. 4. gr. laga nr. 77/2000. Þar er kveðið á um að rafræn vöktun sé ávallt háð því skilyrði að hún fari fram í málefnalegum tilgangi. Rafræn vöktun svæðis, þar sem takmarkaður hópur fólks fari um að jafnaði, sé jafnframt háð því skilyrði að hennar sé sérstök þörf vegna eðlis þeirrar starfsemi sem þar fer fram.

Eins og fram hefur komið er hér um að ræða rafræna vöktun sem leiðir til vinnslu persónuupplýsinga. Svo að slík vinnsla sé heimil verður einhverju þeirra skilyrða, sem kveðið er á um í 8. gr. laga nr. 77/2000, að vera fullnægt. Svo að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil verður að auki að vera fullnægt einhverju þeirra skilyrða sem kveðið er á um í 9. gr. sömu laga.

Fram hefur komið að umrætt eftirlitsmyndavélakerfi hefur verið sett upp í öryggis- og eigna-

vörsluskyni, þ.e. til að tryggja öryggi starfsmanna og verja eignir og hagsmuni D. Í þessu felst að myndavélakerfinu er ætlað að safna upplýsingum um refsiverða háttsemi, s.s. þjófnað og skemmdarverk. Upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga, sbr. b-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Er því hér um vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga að ræða.

Heimilt getur verið að viðhafa rafræna vöktun og vinna með persónuupplýsingar í tengslum við hana í öryggis- og eignavörsluskyni. Umrædd vöktun getur þannig samrýmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 77/2000. Þá getur sú vinnsla, sem fram fer í tengslum við vöktunina, helgast af 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 9. gr. laganna. Í fyrrnefnda ákvæðinu er kveðið á um að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna nema frelsi og réttindi hins skráða vegi þyngra. Og í síðarnefnda ákvæðinu er mælt fyrir um að í tengslum við rafræna vöktun sé heimilt að safna efni með viðkvæmum persónuupplýsingum, sem til verður við vöktunina, sé þeim skilyrðum fullnægt að:

- a. vöktunin sé nauðsynleg og fari fram í öryggis- og eignavörsluskyni;
- b. það efni, sem til verður við vöktunina, verði ekki afhent öðrum eða unnið frekar nema með samþykki þess sem upptaka er af eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar – þó sé heimilt að afhenda lögreglu efni með upplýsingum um slys eða refsiverðan verknað, en þá skuli þess gætt að eyða öllum öðrum eintökum af efninu; og
- c. því efni, sem safnist við vöktunina, verði eytt þegar ekki sé lengur málefnaleg ástæða til að varðveita það.

Auk þess sem umrædd vöktun og vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við hana þjónar öryggis- og eignavörslu er henni ætlað að gera D kleift „að hafa eðlilegt eftirlit með störfum starfsmanna.“ Svo að vöktun í slíku skyni sé heimil þarf að vera fullnægt einhverju skilyrða a-c-liðar 1. mgr. 3. gr. reglna nr. 888/2004 um rafræna vöktun á vinnustöðum, í skólum og á öðrum svæðum þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði, sbr. 5. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000. Umrædd skilyrði eru sem hér greinir:

- a. ekki sé unnt að koma við verkstjórn á hinu vaktada svæði með öðrum hætti;
- b. án vöktunarinnar sé ekki unnt að tryggja öryggi á viðkomandi vinnusvæði, s.s. í ljósi sjónarmiða um hollustuhætti og mengunarvarnir; eða
- c. hún sé nauðsynleg vegna sérstaks samkomulags um launakjör í viðkomandi fyrirtæki, s.s. þegar laun eru byggð á afkastatengdu, tímamældu launakerfi.

Um þá vöktun, sem hér um ræðir, getur b-liðurinn átt við, enda fer hún fram á veitingastað þar sem fullnægt verður að vera margvíslegum kröfum um hollustuhætti. Tilheyrandi vinnsla persónuupplýsinga getur átt stoð í ákvæði 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 og, að því marki sem unnið kann að vera með viðkvæmar persónuupplýsingar í umræddum tilgangi, ákvæði 2. mgr. 9. gr. sömu laga.

Í ljósi framangreinds verður ekki séð að heimildir samkvæmt 4., 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000, sem og 4. gr. reglna nr. 888/2004, bresti til umræddrar vöktunar og vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við hana. Hins vegar verður auk þessara ákvæða að vera fullnægt margvíslegum öðrum kröfum í tengslum við vöktunina, sbr. umfjöllun í kafla 2.2 hér á eftir.

## 2.2.

### *Krafa um gagnsæi vinnslu Sérreglur um rafræna vöktun*

#### 2.2.1.

Í máli þessu reynir á það hvort starfsmönnum hafi mátt ljóst vera að umrædd vöktun og vinnsla persónuupplýsinga samfara henni færi fram. Samkvæmt því reynir á sjónarmið um gagnsæi vinnslu persónuupplýsinga, þ.e. að slík vinnsla fari ekki fram með leynd gagnvart hinum skráða. Krafa um slíkt gagnsæi er fólgin í 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 þar sem mælt er fyrir um að við vinnslu persónuupplýsinga skuli þess gætt að hún sé sanngjörn. Margvísleg ákvæði í bæði lögum nr. 77/2000 og framangreindum reglum nr. 888/2004 tengjast þessari gagnsæiskröfu. Hér á eftir verður vikið að þeim ákvæðum, sem á reynir í máli þessu, og afstaða tekin til þess hvort kröfur þeirra hafi verið uppfylltar.

#### 2.2.2.

Samkvæmt 24. gr. laga nr. 77/2000 skal, þegar rafræn vöktun fer fram á vinnustað eða á almanna-færi, með merki eða á annan áberandi hátt gera glögglega viðvart um þá vöktun og hver sé ábyrgð-araðili. Mælt er fyrir um sömu reglu í 8. gr. reglna nr. 888/2004 um rafræna vöktun á vinnustöðum, í skólum og á öðrum svæðum þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði. Í bréfi A, dags. 20. október 2005, segir að engar merkingar hafi verið um umrædda vöktun. Í bréfi D, dags. 9. nóv-ember 2005, er þessu andmælt með þeim rökum að frá því að myndavélaeftirlit hófst á umræddum veitingastað E hafi starfsmenn mátt vita af vöktuninni, enda hafi myndir birst á skjá inni á kaffistofu þeirra.

Af þessu tilefni skal vakin athygli á að slíkt getur ekki fullnægt kröfum framangreindra ákvæða, enda eiga merkingar einnig að vera sjáanlegar viðskiptamönnum, en vöktun á veitingastaðnum mun raunar lengst af aðeins hafa beinst að þeim. Einnig hefur komið fram að á árinu 2005 var sett upp nýtt eftirlitsmyndavélakerfi þar sem breyting var gerð frá því fyrirkomulagi, sem lengi hafði verið við lýði, að ekki væri tekið upp myndefni samfara vöktuninni. Þetta var veigamikil breyting og fram-angreindur skjár getur ekki talist hafa verið næg viðvörðun um hið nýja vöktunarkerfi og þá upptöku sem fram fer við notkun þess. Samkvæmt þessu ber að líta svo á að við umrædda vöktun hafi verið brotið gegn 24. gr. laga nr. 77/2000 og 8. gr. reglna nr. 888/2004.

#### 2.2.3.

Auk framangreinds verður, áður en rafræn vöktun hefst á svæði þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði, að fræða þá sem sæta vöktuninni um öll helstu atriði sem henni tengjast, sbr. 7. gr. reglna nr. 888/2004. Meðal þeirra atriða, sem veita ber fræðslu um samkvæmt framangreindu ákvæði reglnanna, eru eftirfarandi: Hvaða búnaður notaður er við vöktunina (a-liður); tilgangur vöktunar-innar, hvaða persónuupplýsingar vinna eigi með og hve lengi þær verði varðveittar, hvort þeim verði miðlað til þriðja aðila og þá til hverra (b-liður); og önnur atriði en þau sem talin eru upp í ákvæðinu sem nauðsynleg eru til að starfsmenn geti gætt hagsmuna sinna (j-liður).

Af hálfu A er því haldið fram að starfsmenn hafi ekki haft vitneskju um hið nýja myndavélakerfi, enda hafi það ekki verið kynnt þeim. Þessu hefur ekki verið andmælt af hálfu D, en í bréfi félagsins, dags. 29. mars 2006, virðist birtast sá skilningur að ekki hafi þurft að kynna hið nýja myndavélakerfi þar sem ekki hafi verið hægt að setja það upp nema utan venjulegs vinnu- og opnunartíma. Í ljósi 7. gr. reglna nr. 888/2004 hefur þetta ekkert vægi. Umrædda fræðslu bar að veita starfsmönnum og það áður en vöktunin hófst samkvæmt skýru ákvæði reglnanna. Er því ljóst að brotið var gegn 7. gr.

Ákvæði þeirrar greinar fela í sér nánari útfærslu á ákvæðum 20. gr. laga nr. 77/2000 um þá fræðslu sem veita ber hinum skráða þegar persónuupplýsinga er aflað hjá honum sjálfum, þ.e. um nafn og heimilisfang þess sem ábyrgð ber á vinnslu, tilgang vinnslunnar og önnur þau atriði sem hinn skráði þarf að fá vitneskju um til að geta gætt hagsmuna sinna, s.s. um viðtakendur eða flokka viðtakenda upplýsinga, hvort skylt sé eða valfrjálst að veita upplýsingar og hvaða afleiðingar það

kunni að hafa að veita þær ekki og ákvæði laga nr. 77/2000 um upplýsingarétt hins skráða (18. gr.) og rétt hans til leiðréttingar og eyðingar rangra og villandi upplýsinga (25. og 26. gr.). Þar sem engin fræðsla var veitt, hvorki um þau einstöku atriði, sem nefnd eru í 20. gr., né um að fram færi vinnsla persónuupplýsinga yfir höfuð, er ljóst að ekki aðeins var brotið gegn 7. gr. reglna nr. 888/2004 heldur einnig þessu ákvæði laga nr. 77/2000.

#### 2.2.4.

Ekki ber aðeins að veita þeim sem sæta rafrænni vöktun á svæði, þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði, fræðslu um vöktunina heldur ber þeim sem ábyrgð ber á henni þar að auki að setja um hana reglur hafi hún í för með sér vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 9. gr. reglna nr. 888/2004. Í slíkum reglum á að skilgreina þá stefnu sem fylgja á við vöktunina. Að beita reglunum, og þar með viðhafa þá rafrænu vöktun, sem hún lýtur að, er óheimilt nema þeim sem vöktun beinist að hafi áður sannanlega verið kunngjört efni þeirra og þeim gefinn a.m.k. 15 daga frestur til að koma að athugasemdum. Í reglunum á m.a. að vera kveðið á um tilgang vöktunarinnar, aðgang að upplýsingum og varðveislutíma þeirra.

Í bréfi A, dags. 15. febrúar 2006, er því haldið fram að engar reglur hafi verið settar um vöktunina. Þetta er staðfest í bréfi D, dags. 29. mars 2006, enda kemur þar fram að á ritunartíma bréfsins höfðu slíkar reglur enn ekki verið settar en að þó lágu þá fyrir drög. Samkvæmt framangreindu hefði D hins vegar borið að setja umræddar reglur að minnsta kosti 15 dögum áður en hið nýja vöktunarkerfi var tekið í notkun og kynna þær starfsmönnum. Samkvæmt þessu hefur D brotið gegn 9. gr. reglna nr. 888/2004.

#### 2.2.5.

Af því sem að framan greinir er ljóst að vöktun með hinu nýja myndavélakerfi og söfnun og önnur vinnsla persónuupplýsinga samfara henni fór fram með leynd gagnvart starfsmönnum umrædds veitingastaðar. Af hálfu A er því raunar haldið fram að starfsmenn, sem spurt hafi að því hver tilgangurinn væri með kúplunum, sem myndavélarnar eru inni í, hafi fengið þau röngu svör að þeir tengdust reyskynjarakerfi veitingastaðarins. Hefur þessu ekki verið andmælt.

Þessi atvik ber að skoða í ljósi 3. mgr. 3. gr. reglna nr. 888/2004, en þar er mælt fyrir um að vöktun með leynd megi aldrei fara fram nema með úrskurði dómara eða samkvæmt sérstakri lagaheimild. Þar sem slíkar heimildir eru ekki í lögum kemur í raun aðeins dómsúrskurður til greina, sbr. ákvæði 1. mgr. 87. gr. og d-liðar 86. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, þar sem mælt er fyrir um skilyrði þess að lögregla megi taka myndir án þess að þeir sem myndaðir eru viti af því. Rétt er að geta þess að þar sem þessi ákvæði fela í sér sérstakar heimildir fyrir lögreglu er það eðlileg lögskýring að frá þeim sé gagnályktað á þann veg að rafræn vöktun með leynd samhliða söfnun myndefnis sé ávallt óheimil nema þegar skilyrðum þeirra sé fullnægt. Þetta leiðir af því að umrædd lagaákvæði eru sett með það í huga að um sérlega viðrhlutamikið úrræði gagnvart borgurunum sé að ræða og að því beri ekki að beita þeim nema að undangengnu sjálfstæðu mati óhlutdrægs dómstóls á því hvort til þess sé nægilegt tilefni.

Þótt fram hafi farið rafræn vöktun áður en hið nýja myndavélakerfi var tekið í notkun hefur það ekki þýðingu fyrir úrlausn þessa máls. Þá skiptir ekki máli að til staðar hafi verið sá möguleiki að taka upp myndefni, enda var það orðið að föstu fyrirkomulagi að slíkt væri ekki gert. Svo að starfsmenn mættu eiga von á því að fram færi upptaka hefði því þurft að fræða þá um það sérstaklega og hefði fræðsla þar að lútandi orðið að fullnægja kröfum 7. gr. reglna nr. 888/2004.

Tekið skal fram að D telur hins vegar aðra en lögreglu hafa heimild til leynilegrar vöktunar í ljósi dóms Hæstaréttar frá 17. nóvember 2005 í máli nr. 374/2004. Heldur félagið því fram að þar hafi rétturinn fallist á að fyrirtæki hefði verið heimilt að viðhafa slíka vöktun í því skyni að koma upp um brot tiltekins starfsmanns gegn starfsskyldum sínum. Í þessu máli hafði viðkomandi starfsmaður höfðað mál gegn fyrirtækinu til heimtu skaðabóta vegna ólögmatrar uppsagnar. Það að ekki

var fallist á þær kröfur telur D fela í sér framangreindan skilning réttarins. Á það skal hins vegar bent að hvorki kröfugerð né málsástæður lutu að því að vöktunin hefði verið ólögmæt. Af 5. mgr. 101. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð einkamála leiðir að dómstólar taka aðeins afstöðu til þeirra málsástæðna sem málsaðilar hafa uppi við rekstur máls. Samkvæmt þessu tók Hæstiréttur, og héraðsdómur þar áður, enga afstöðu til þess hvort vöktunin og vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við hana hefði verið lögmæt. Umræddur dómur hefur því ekkert fordæmisgildi fyrir úrlausn þessa máls.

Af því og öðru því sem hér hefur verið rakið er þannig ljóst að með umræddri vöktun var brotið gegn 3. mgr. 3. gr. reglna nr. 888/2004 um að rafræn vöktun megi aldrei fara fram með leynd nema að fengnum úrskurði dómara eða samkvæmt sérstakri lagaheimild.

#### 2.2.6.

Af öllu framangreindu er ljóst að við framkvæmd þeirrar vöktunar, sem fjallað hefur verið um í máli þessu, og vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við hana braut D gegn 1. mgr. 7. gr., 20. gr. og 24. gr. laga nr. 77/2000 og 3. mgr. 3. gr. og 7.-9. gr. reglna nr. 888/2004.

### Úrskurðarorð:

Rafræn vöktun, sem fram fór með leynd á vegum D á veitingastaðnum E, braut gegn gildandi reglum þar sem hvorki var aðvarað um hana, settar reglur né veitt nauðsynleg fræðsla.

#### 3.2.14. Tölvupóstur starfsmanns skoðaður – mál 2005/251

20. júní 2006 kvað stjórn Persónuverndar upp úrskurð í ágreiningsmáli um heimild vinnuveitanda til skoðunar á tölvupósti starfsmanns. Málið hófst með kvörtun A hrl. f.h. umbjóðanda síns, B, fyrrum dagskrárstjóra D, sem rak sjónvarpsstöðina E. Kvartað var yfir skoðun yfirboðara B á tölvupósti hans.

Eftir allnokkur bréfaskipti í málinu gerði Persónuvernd aðilum grein fyrir því að skilningur hennar á málsatvikum væri þessi: Þann 4. apríl 2005 tilkynnti B að hann hygðist taka við starfi hjá samkeppnisaðila félagsins, þ.e. hjá H. Síðar kom í ljós að öllum pósti, sem hafði verið sendur frá póstfangi B í janúar, febrúar og mars 2005, hafði verið eytt af netþjóninum á tímabilinu 5. til 9. apríl. Að beiðni framkvæmdastjórans notaði kerfisstjóri öryggisafrit til að endurbyggja tölvupóstinn. Þann 9. apríl 2005 skoðaði framkvæmdastjórinn tölvupóst B, en B var ekki gefinn kostur á að vera viðstaddur. Dagana 15. og 18. apríl voru haldnir fundir þar sem fara átti yfir tölvupóst B. Var það gert til að uppfylla gildandi vinnustaðareglur. Fyrirhugað var að halda fleiri slíka fundi en frá því horfið eftir að D gerði kröfu um lögbann á störf B hjá H. Sýslumaðurinn í Reykjavík lagði lögbann gegn því að B réði sig til eða starfaði í þjónustu H eða annarra fyrirtækja í eigu sömu aðila og H. Einnig var lagt lögbann við því að B hagnýtti sér á nokkurn hátt atvinnuleyndarmál og/eða trúnaðarupplýsingar í eigu D, sem kynnu að vera í vörslu B eða kynnu að komast í vörslur hans. Síðan var mál höfðað af D gegn B fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til staðfestingar lögbannsgerðinni.

Með bréfi Persónuverndar, dags. 3. október 2005, var málsaðilum tilkynnt að á meðan ágreininger þeirra væri til meðferðar fyrir dómstóli (umrætt staðfestingarmál), og enn lægi ekki fyrir hvort dómstóllinn myndi taka efnislega afstöðu til þess að hvaða marki umrædd meðferð á tölvupósti hefði farið gegn pul., yrði ekki frekar aðhafst í málinu.

A hrl. mótmælti framangreindu en Persónuvernd staðfesti fyrri ákvörðun sína um að hafa ekki frekari afskipti af málinu fyrr en niðurstaða dómstóls lægi fyrir í því máli sem höfðað hafði verið til staðfestingar umræddri lögbannsgerð.

Niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur lá fyrir 7. apríl 2006. Var þar synjað kröfu um að staðfesta umrætt lögbann þar sem I, sem hafði tekið við aðild D að málinu, gæti ekki átt aðild að því skv. 2. mgr. 16. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Ekkert var þar af leiðandi fjallað um það álitaefni hvort meðferð persónuupplýsinga hefði farið í bága við ákvæði laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Barst Persónuvernd bréf, dags. 10. apríl 2006, frá A hrl. f.h. B um að Persónuvernd tæki málið á ný til meðferðar. Tók hún málið þá á ný til meðferðar. Í niðurstöðu hennar segir:

## „II.

### *Forsendur og niðurstaða*

Í máli þessu er til úrlausnar lögmati þess þegar yfirmenn B, sem þá var dagskrárstjóri D, sem rak E, skoðuðu tölvupóst hans þann 9. apríl 2005, án þess að gefa honum kost á að vera viðstaddur.

### 1.

#### *Gildissvið laga nr. 77/2000 og skilgreining hugtaka*

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000 gilda lögin um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga. Persónuupplýsingar teljast vera sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Af skilgreiningunni má ráða að tölvupóstsskeyti sem send eru manna á milli eru persónuupplýsingar ef beint eða óbeint er hægt að rekja þau og/eða efni þeirra til tiltekins einstaklings eða tiltekinna einstaklinga.

Vinnsla persónuupplýsinga er skilgreind sem sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000. Í athugasemdum með ákvæðinu kemur fram að hver sú aðferð, sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar, telst til vinnslu. Af því leiðir að undir vinnsluhugtakið fellur hver sú aðgerð sem lýtur að persónuupplýsingum og telja verður að þar undir falli framsending og skoðun tölvupósts, óháð því hvort aðeins sé opnað pósthólf og lesnar efnislínur og nöfn sendenda/viðtakenda eða hvort skeyti séu opnuð og lesin, að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Rafræn vöktun er vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði, sbr. 6. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Rafræn vöktun getur farið fram með ýmiss konar tæknibúnaði, s.s. netþjónum, eftirlitsmyndavélum, ökusíritum og staðsetningarbúnaði. Hugtakið rafræn vöktun tekur til vöktunar sem leiðir, á að leiða eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga.

Af framangreindu er ljóst að notkun netþjóns hjá D, sem gerði kleift að skoða notkun starfsmanna á hug- og vélbúnaði sem þeim var látinn í té til að vafra um Netið og til að taka við og senda tölvupóst, var í eðli sínu rafræn vöktun og fram fór rafræn vinnsla persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000. Fellur málið þar með undir gildissvið þeirra laga, sem og valdsvið Persónuverndar, sbr. 37. gr. laganna.

### 2.

#### *Lögmati rafrænnar vöktunar*

#### 2.1.

Rafræn vöktun er heimil ef fullnægt er skilyrðum 1. mgr. 4. gr. laga nr. 77/2000 um að hún skuli fara fram í málefnalegum tilgangi. Til að rafræn vöktun sem leiðir til vinnslu persónuupplýsinga sé heimil verður einhverju þeirra skilyrða, sem kveðið er á um í 8. gr. laga nr. 77/2000, að vera fullnægt. Rafræn vöktun getur þannig samrýmst 1. mgr. 4. gr. laga nr. 77/2000 og vinnsla almennra persónuupplýsinga, sem fram fer í tengslum við vöktun, getur helgast af 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna.

Ávallt þarf hins vegar einnig að uppfylla meginreglur 7. gr. sömu laga, m.a. um sanngirni og meðalhóf. Við mat á því hvort þau skilyrði séu uppfyllt reynir á það hvort starfsmönnum sé ljóst að rafræn vöktun fer fram og hvaða vinnsla fer fram með þær persónuupplýsingar sem samfara henni verða til. Reynir einkum á sjónarmið um gagnsæi vinnslu persónuupplýsinga, þ.e. að slík vinnsla fari ekki fram með leynd, en kröfu um slíkt gagnsæi má m.a. leiða af 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. þar sem mælt er fyrir um að við vinnslu persónuupplýsinga skuli þess gætt að hún sé sanngjörn.

Samkvæmt 5. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 er Persónuvernd heimilt að setja reglur um rafræna vöktun. Slíkar reglur hefur hún sett og eru núgildandi reglur nr. 888/2004. Í 9. gr. þeirra er m.a.

mælt fyrir um að ábyrgðaraðili að rafrænni vöktun, sem leiðir til vinnslu persónuupplýsinga, skuli setja skriflegar reglur um hana. Fyrir liggur að hjá E voru settar slíkar reglur þann 7. feb. 2005. Þar var m.a. að finna svohljóðandi ákvæði:

„Tölvupóstur v. málefna [E] er eign fyrirtækisins:

Líkt og bréf og föx er tölvupóstur sem sendur er frá starfsmönnum [E] til viðskiptavina [E] eign [E] og á því að vistast í sameiginlegum samskiptagrundi. Sama gildir um mótttekinn tölvupóst frá viðskiptavininum og samstarfsaðilum. Þrátt fyrir að þessi tölvupóstur sé eign [E] þá mun [E] ekki skoða tölvupóst starfsmanna nema góð rök séu fyrir hendi og í viðurvist viðkomandi starfsmanns. [E] mun virða lög og reglur um persónuvernd hvað þetta varðar.

Einkatölvupóstur er eign viðkomandi starfsmanns:

[E] hvetur sína starfsmenn að eiga sitt eigið tölvupóstfang (t.d. jon@strik.is eða jon@isl.is) og lesa/senda sinn einkatölvupóst frá þessu pósthafi. Hægt er að fá tölvupóstfang hjá www.strik.is. Hins vegar ef ekki er um slíkt að ræða má að sjálfsgöngu móttaka og senda tölvupóst frá pósthafi [E] en hann má ekki bera með sér að hann sé á vegum fyrirtækisins (sleppa ætti því hefðbundnu signature sem á kemur starfstíttill). Ein mikilvægasta ástæðan fyrir því að hafa einkapóstfang aðskilið fyrirtækis pósthafi er sú að fyrirtækið getur þurft að afhenda allan tölvupóst sem er sendur frá eða berst á fyrirtækis pósthafi, til dæmis ef dómstólar fara fram á slíkt. Geymið engin persónuleg eða viðkvæm mál undir fyrirtækis pósthafi ykkar.“

## 2.2.

Fyrir liggur að þann 9. apríl 2005 skoðaði yfirmaður B tölvupóst hans í gegnum tölvupóstkerfi D. B var ekki gefinn kostur á að vera viðstaddur. Ekki verður talið að slík framkvæmd við skoðun umræddra tölvupóstskreyta hafi samrýmst ákvæðum 7. gr. um sanngjarna vinnslu, enda var B hvorki gerð grein fyrir skoðuninni né gefinn kostur á að vera viðstaddur hana. Er minnt á að forsvarsmenn D voru í símasambandi við B sama dag og skoðunin fór fram og ekkert kemur fram í gögnum málsins er leiðir líkum að því að enginn kostur hafi verið á að gefa honum færi á að vera viðstaddur. Reyndi því ekki á hvort B hafi verið unnt að koma og vera viðstaddur. Þarf því ekki að taka afstöðu til þeirrar málsástæðu D að skoðun á tölvupósti B hafi verið fyrirtækinu nauðsynleg til að forða því frá tjóni og til að gæta lögmætra hagsmuna sinna. Þá ber að hafa í huga hvers B mátti vænta í ljósi greinar 1.6. í reglum fyrirtækisins um að ekki yrði skoðaður tölvupóstur starfsmanns nema í hans viðurvist. Að auki ber að líta til 5. gr. reglna nr. 888/2004 um rafræna vöktun þar sem segir að „þegar tölvupósts- eða netnotkun er skoðuð skal þess gætt að gera starfsmanni eða nemanda fyrst grein fyrir því og veita honum færi á að vera viðstaddur slíka skoðun sé þess nokkur kostur“. Skiptir hér ekki máli þótt starfsmaðurinn hafi áður sagt upp störfum hjá D.

Með vísun til framangreinds telur Persónuvernd ljóst að með umræddri skoðun á tölvupósti B þann 9. apríl 2005 hafi verið brotið gegn 5. gr. reglna nr. 888/2004 um rafræna vöktun og grein 1.6. í starfsreglum E. Tekið skal fram að þegar af þeirri ástæðu verður ekki tekin afstaða til þess hvort öll þau skreyti sem skoðuð voru höfðu að geyma upplýsingar um einkamálefni B.

## Úrskurðarorð:

Forsvarsmönnum D bar að gefa B kost á að vera viðstaddur skoðun á tölvupósti hans þann 9. apríl 2005.“

### 3.2.15. Miðlun sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli á persónuupplýsingum úr lögregluskýrslu – mál 2006/120

20. júní 2006 kvað stjórn Persónuverndar upp úrskurð í máli varðandi heimild sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli til að miðla persónuupplýsingum úr lögregluskýrslu. Tildrög málsins voru þau að Persónuvernd barst kvörtun frá Karli Ó. Karlssyni hdl., f.h. A, yfir því að sýslumaðurinn á Keflavík-

urflugvelli hafi látið vinnuveitanda hans, Icelandair, í té umbeðið afrit af lögregluskýrslu um atvik þar sem hann kom við sögu.

Í kvörtuninni segir m.a.:

„Málsatvik eru þau að samkvæmt nefndri lögregluskýrslu barst lögreglunni á Keflavíkurflugvelli tilkynning frá nafngreindum starfsmanni IGS farþegaþjónustunnar [...] Aldrei var haft samband við umþjóðanda minn af hálfu lögreglunnar vegna þessa ætlaða atviks, heldur frétti umbj. m. af málinu þegar yfirmenn hans hjá Icelandair tilkynntu honum að fyrir lægi lögregluskýrsla vegna tilkynningar um árás á starfsmann. [...]“

Í tilefni kvörtunarinnar óskaði Persónuvernd eftir afstöðu sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli. Í svari hans segir m.a.:

„Embættið telur að hér hafi verið þörf fyrir einfalda og hraðvirka leið til að tilkynna yfirboðurum [A] um háttalag hans á flugverndarsvæði og atvik verið þannig að augljóslega hafi verið óþarft að gefa honum kost á andmælum. Fyrirtæki sækja um aðgangsheimildir fyrir starfsmenn sína og eru þeir þar á ábyrgð þeirra og umrætt sinn var [A] í erindagjörðum fyrir sína yfirboðara. Óskaði [...] yfirmaður [A] eftir upplýsingum um þetta tiltekna atvik sem lögreglan hafði gert skýrslu um. [...] Embættið taldi sér rétt og skylt að verða við þeirri beiðni.“

Persónuvernd komst að niðurstöðu og í henni segir m.a.:

## „II.

### *Forsendur og niðurstaða*

#### 1.

#### *Markmið og gildissvið laga nr. 77/2000*

Markmið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga er m.a. að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga, sbr. 1. gr. laganna.

Lögin gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga. Lögin gilda einnig um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 3. gr. laganna. Með „persónuupplýsingum“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, lifandi eða látings, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Með „vinnslu“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laganna. Undir vinnslu falla því m.a. miðlun, dreifing og birting persónuupplýsinga.

Af framangreindu er ljóst að miðlun upplýsinga frá sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli til vinnuveitanda kvartanda, Icelandair, telst vera vinnsla persónuupplýsinga og fellur því undir gildissvið laga nr. 77/2000.

#### 2.

#### *Um lögmati vinnslunnar*

Öll vinnsla persónuupplýsinga, þ. á m. miðlun þeirra, verður að eiga sér stoð í 1. mgr. 8. gr. en jafnframt í einhverjum af tölulíðum 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 sé um að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar. Upplýsingar í lögregluskýrslum teljast vera viðkvæmar falli þær undir b-lið 8. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna, þ.e.a.s. upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknad. Þær upplýsingar sem hér um ræðir er að finna í lögregluskýrslu og lúta að meintri ámælisverðri hegðun A, þ.e. að hann hafi rífið í handlegg starfsmannsins og verið með meidyrði gagnvart honum. Leggja verður til grundvallar að við rannsókn málsins hafi upplýs-



ingarnar eðli málsins samkvæmt falið í sér grun um refsiverðan verknæð í skilningi framangreinds ákvæðis og teljast því til viðkvæmra persónuupplýsinga.

## 2.1.

Af tölulíðum 1. mgr. 9. gr. koma einkum til álita ákvæði 1. og 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. sem raktir verða nánar hér að neðan og tekin afstaða til þess hvort vinnslan hafi átt sér stoð í þeim.

### *a. Hinn skráði samþykki vinnsluna, skv. 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000*

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. er vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga óheimil nema hinn skráði samþykki vinnsluna. Í máli þessu liggur fyrir að A samþykkti ekki miðlun upplýsinga í lögreglu-skýrslu til vinnuveitanda síns. Verður því ekki séð að miðlun upplýsinganna hafi byggst á þessum tölulíð.

### *b. Lagaheimild skv. 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000*

Næst kemur til álita hvort heimild til miðlunar umræddra upplýsinga megi finna stoð í 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. þar sem mælt er fyrir um sérstaka heimild til vinnslunnar samkvæmt öðrum lögum.

Af hálfu sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli hefur verið vísað til ákvæða 12. gr. reglugerðar nr. 293/2002 um umferð og dvöl manna á varnarsvæðum og IV. kafla reglugerðar nr. 361/2005 um flugvernd. Í 12. gr. reglugerðar nr. 293/2002 kemur fram að vinnuveitandi skuli sækja um skírteini fyrir starfsmenn sína en í IV. kafla reglugerðar nr. 361/2005 er að finna almenn ákvæði um aðgangsheimildir, ákvæði um auðkennisspjöld, um þjálfun handhafa aðgangsheimilda, leyfisbréf fyrir ökutæki og vinnuvélar, bakgrunnsathuganir, mat á afbrotaferli, tímafresti, kærurheimild vegna synjunar umsóknar um aðgang, og ákvæði um sviptingu aðgangsheimilda. Í síðastgreinda ákvæðinu kemur fram að ákvörðun um sviptingu skuli vera rökstudd og starfsmanni gefinn kostur á að neyta andmælaréttar áður en ákvörðun er tekin, í samræmi við ákvæði stjórnarsýslulaga. Persónuvernd hefur farið yfir framangreind ákvæði en sú athugun hefur ekki leitt í ljós að þar sé að finna heimildir til miðlunar persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000. Verður því ekki á það fallist með sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli að þar hafi verið að finna heimild fyrir hann til að miðla umræddum upplýsingum til vinnuveitanda A.

Lögmaður kvartanda hefur vísað til reglugerðar nr. 322/2001 um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu. Í 2. mgr. 6. gr. hennar segir að persónuupplýsingum verði aðeins miðlað til einkaaðila samkvæmt samþykki hins skráða, lagaheimild, heimild Persónuverndar eða ef miðlun upplýsinganna er nauðsynleg til að koma í veg fyrir alvarlega og aðsteðjandi hættu. Hefur því ekki verið haldið fram af hálfu sýslumanns að eitthvert þessara skilyrða eigi við.

Í framangreindu reglugerðarákvæði er tæmandi talið í hvaða tilvikum lögreglu sé heimilt að miðla persónuupplýsingum til einkaaðila. Er slík miðlun því aðeins heimil að hún byggist á samþykki hins skráða, lagaheimild, heimild Persónuverndar eða sé nauðsynleg til að koma í veg fyrir alvarlega og aðsteðjandi hættu. Ekkert liggur fyrir um að einhverju þessara skilyrða hafi verið fullnægt í því tilviki sem hér um ræðir.

Með vísan til framangreinds verður ekki séð að sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli hafi að gildandi lögum haft heimild til þess að afhenda Ícelandair umbeðið afrit af lögregluskýrslu sem vörðuðu A.

## 2.2.

Kvartandi hefur einnig krafist þess að Ícelandair verði annaðhvort gert að eyða lögregluskýrslunni eða bannað að nota upplýsingarnar í lögregluskýrslunni.

Ákvæði laga nr. 77/2000 um eyðingu og bann við notkun persónuupplýsinga sem hvorki eru rangar né villandi er að finna í 26. gr. þeirra. Sú grein er hins vegar meðal þeirra ákvæða sem talin eru upp í 2. mgr. 3. gr. laganna þar sem afmarkað er að hvaða marki þau taka ekki til vinnslu persónuupplýsinga í ákveðnum tilvikum. Efnislegt gildissvið [umræddra ákvæða] laga nr. 77/2000 nær

samkvæmt [2. mgr. 3. gr.] ekki til vinnslu persónuupplýsinga sem varða almannaoöryggi, landvarnir, öryggi ríkisins og starfsemi ríkisins á sviði refsivörslu. Þegar af þeirri ástæðu eru eigi lagaskilyrði til þess að Persónuvernd geti orðið við framangreindri kröfu kvartanda um að Icelandair verði annaðhvort gert að eyða lögregluskýrslunni eða banna notkun upplýsinganna.

### *Úrskurðarorð:*

Sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli var óheimilt að miðla persónuupplýsingum úr lögregluskýrslu, dags. 12. júlí 2005, til vinnuveitanda A, Icelandair, um atvik er vörðuðu hann og gerðust í flugstöð Leifs Eiríkssonar þann sama dag.“

#### **3.2.16. Meðferð upplýsinga um mætingar í grunnskóla – mál 2006/135**

14. ágúst 2006 kvað stjórn Persónuverndar upp úrskurð í máli varðandi meðferð upplýsinga um mætingar í grunnskóla. Málsatvik voru þau að A sendi inn kvörtun yfir tiltekinni notkun á persónuupplýsingum um mætingar í Grunnskóla Grindavíkur í tengslum við háttíð fyrir unglinga sem haldin var á vegum Samfés, samtaka félagsmiðstöðva á Íslandi. Syni hennar, B, hafði verið meinað um aðgang að háttíðinni og sú skýring gefin að hann hefði ekki sýnt ásættanlega skólamátingu. Kom fram að A og faðir drengsins, D, höfðu gert athugasemdir við þetta og fengið frá skólastjóra grunnskólans, E, þau svör að í skólanum hefði verið tekin saman listi yfir þá nemendur sem hefðu sýnt óásættanlega skólasókn. Tilgangurinn með gerð listans hefði verið að nota hann í foreldraviðtölum og að fylgjast með mætingum umræddra nemenda til þess að ná fram bættri skólasókn. Listinn hefði verið merktur sem trúnaðarmál og ekkert leyfi hefði verið veitt til að nota listann í öðrum tilgangi. Tiltekinn starfsmaður skólans, F, sem jafnframt vann að félagsmálum á vegum Grindavíkurbæjar, hafði hins vegar notað listann til að meina tilteknum nemendum aðgöngu að umræddri háttíð. G, félagsmálastjóri, kvað ekkert samráð hafa verið haft við sig um notkun umræddra persónuupplýsinga.

Stjórn Persónuverndar komst að niðurstöðu þar sem segir m.a.:

### **„III.**

#### *Forsendur og niðurstaða*

##### *1.*

#### *Almennt*

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000 gilda lögin um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga en einnig um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá.

*Persónuupplýsingar* teljast vera sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Skrá yfir mætingar nemenda í grunnskóla verða taldar vera persónuupplýsingar í skilningi laganna. Í lögnum er hins vegar gerður greinarmunur á viðkvæmum persónuupplýsingum og öðrum persónuupplýsingum. Þær upplýsingar sem greinir í 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 teljast til viðkvæmra persónuupplýsinga en aðrar upplýsingar, s.s. um mætingu nemenda í skóla falla ekki þar undir. Teljast þær því til almennra persónuupplýsinga.

*Vinnsla* persónuupplýsinga er skilgreind sem sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000. Í athugasemdum með ákvæðinu kemur fram að með vinnslu sé t.d. átt við söfnun og skráningu og undir það falli m.a. flokkun, varðveisla, breyting, leit, miðlun, samtenging eða hver sú aðferð sem nota má til að gera upplýsingar tiltækar. Af því leiðir að undir vinnsluhugtakið fellur hver sú aðgerð sem lýtur að persónuupplýsingum. Svo að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil verður ávallt að vera fullnægt einhverju af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. laganna, svo að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil verður einhverju af skilyrðum 1. mgr. 9. gr. að vera fullnægt að auki.

Af þessu leiðir að gerð skráar yfir mætingar nemenda í grunnskóla og notkun hennar telst *vinnsla*

*persónuupplýsinga* í skilningi laga nr. 77/2000. Fellur álitæfni máls þess um notkun skrárinnar þar með undir valdsvið Persónuverndar. Hins vegar skal tekið fram að ýmis atriði sem kvartandi óskar úrlausnar um gera það ekki. Á það t.d. við um að hvaða marki samráð skuli haft við foreldra í starfi skólans. Hér að neðan verður því aðeins fjallað um það álitæfni hvort notkun upplýsinga á mætingarlista, til að stýra aðgangi að hátíð á vegum Samfés, hafi verið í samræmi við ákvæði laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Samkvæmt 4. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 er ábyrgðaraðili vinnslu sá aðili sem m.a. ákveður í hvaða tilgangi persónuupplýsingar skuli unnar, hvaða aðferð skuli viðhafa og hvernig upplýsingum skuli ráðstafað. Ábyrgðaraðili þarf m.a. að tryggja að heimild standi til vinnslu persónuupplýsinga, í þessu tilviki að uppfyllt hafi verið eitthvert af þeim skilyrðum sem nefnd eru í 1. mgr. 8. gr. laganna. Þá ber hann ábyrgð á því að við alla meðferð persónuupplýsinga séu bæði uppfylltar kröfur 7. gr. laganna og kröfur 11. gr., þar sem mælt er fyrir um að ábyrgðaraðili skuli tryggja viðeigandi öryggi og vernd persónuupplýsinga.

Í 14. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 segir að skólastjóri sé forstöðumaður grunnskóla, stjórnir honum, veiti honum faglega forystu og beri ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Samkvæmt því lítur Persónuvernd svo á að það sé hlutverk skólastjóra að koma fram fyrir hönd ábyrgðaraðila og tryggja að uppfylltar séu skyldur hans samkvæmt lögum nr. 77/2000.

## 2.

### *Lögmæti vinnslunnar*

Eins og áður segir teljast upplýsingar um mætingar nemenda í grunnskóla ekki til viðkvæmra persónuupplýsingar í skilningi laga nr. 77/2000. Vinnsla slíkra upplýsinga þarf því aðeins að uppfylla eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000.

Um lögmæti þess að halda skrá um mætingar nemenda í grunnskóla ber að líta til ákvæða laga nr. 66/1995 um grunnskóla. Í 35. gr. þeirra laga er fjallað um skólaskyldu, m.a. um skyldu barna og unglinga til að sækja grunnskóla, og í 41. gr. er m.a. fjallað um úrræði skólastjórnenda ef nemendur hlíta ekki skyldum sínum, þ. á m. um heimild skólastjóra til að vísa nemanda úr skóla um stundarsakir. Með vísun til framangreinds verður að telja gerð og notkun skráar um mætingar nemenda í grunnskóla styðjast við ákvæði 3. og 6. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Samkvæmt 3. tölul. er vinnsla heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila og samkvæmt 6. tölul. er hún heimil sé hún nauðsynleg við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili fer með.

Eins og áður segir ber ábyrgðaraðila að tryggja að vinnsla persónuupplýsinga uppfylli meginreglur 7. gr. laga nr. 77/2000 um gæði gagna og vinnslu. Þar kemur m.a. fram að persónuupplýsingar skulu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti, í skýrum, yfirlýstum og málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi. Fyrir liggur að umræddur listi var tekin saman í þeim tilgangi að nota í foreldraviðtölum og til að fylgjast með mætingum nemenda með tilliti til þess að ná fram bættri skólasókn. Að mati Persónuverndar telst slík notkun listans uppfylla framangreint skilyrði. Önnur notkun hans, þ.e. sú að nota hann til að meina tilteknum nemendum aðgang að skemmtunum á vegum annarra aðila, gerir það hins vegar ekki og telst því ekki hafa verið lögmæt.

Í 11. gr. laga nr. 77/2000 er m.a. mælt fyrir um að ábyrgðaraðili skuli gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi (1. mgr.). Í ákvæðinu segir einnig að beita skuli ráðstöfunum sem tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra (2. mgr.). Fyrir liggur að sú öryggisráðstöfun var viðhöfð að merkja umræddan mætingalista sem trúnaðarmál auk þess sem starfsmenn fengu vitneskju um það í hvaða tilgangi hann skyldi nota. Engu að síður liggur fyrir að hann var notaður í öðrum og óskyldum tilgangi.

Þar sem framangreind notkun upplýsinganna átti sér ekki stað með heimild skólastjóra, var ekki í samræmi við fyrirmæli hans um notkun þeirra, auk þess sem fyrir liggur að þær voru merktar sem

trúnaðarmál, má ætla að framangreinda notkun megi rekja til brots í starfi hjá einum eða fleirum starfsmanna skólans, en eins og fram hefur komið kveðst umræddur starfsmaður hafa haft samráð við aðra kennara skólans og deildarstjóri verið þessu samþykkuð. Af því tilefni leggur Persónuvernd, með vísun til 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000, fyrir skólastjóra Grunnskóla Grindavíkur að bregðast við með viðhlítandi ráðstöfunum með það fyrir augum að draga úr hættu á að slíkt endurtaki sig. Skal hann, eigi síðar en 1. nóvember 2006, gera Persónuvernd grein fyrir þeim ráðstöfunum sem viðhafðar hafa verið.

### *Úrskurðarorð:*

Notkun á persónuupplýsingum um mætingar nemenda í Grunnskóla Grindavíkur í þeim tilgangi að meina tilteknum nemendum um aðgang að hátíð sem haldin var á vegum annars aðila var ólögmat. Skal skólastjóri grípa til viðhlítandi ráðstafana með það fyrir augum að hindra að slíkt endurtaki sig og gera Persónuvernd grein fyrir þeim eigi síðar en 1. nóvember 2006.“

...

Persónuvernd barst umbeðin greinargerð 3. nóvember 2006.

#### ***3.2.17. Kynning á hugmyndum að skipulagi íslenskrar leyniþjónustu – mál 2006/456***

4. september kom á fund Persónuverndar sérfræðingahópur frá Brussel, sem var staddur hér á landi í boði dómsmálaráðuneytisins í því skyni að kynna hugmyndir sínar um skipulag íslenskrar leyniþjónustu.

Á fundinum gerði sérfræðingahópurinn stuttlega grein fyrir rökum sem hann telur standa til þess að stofna leyniþjónustu hér á landi og hugmyndum sínum um skipulag slíkrar stofnunar, pólitíska og stjórnunarlega ábyrgð á störfum hennar og eftirlit með störfum hennar, þ. á m. meðferð hennar á persónuupplýsingum.

Af hálfu Persónuverndar var engin afstaða tekin til þess sem hafði verið kynnt fyrir fulltrúum stofnunarinnar. Slíkt var ekki talið tímabært, annars vegar sökum þess að áður þyrfti að móta umræddar hugmyndir nánar og hins vegar vegna þess að eingöngu var um að ræða kynningu á hugmyndum sérfræðihópsins, en ekki lá fyrir hvort lagt yrði fram hér á landi frumvarp til viðhlítandi lagasetningar. Þetta var tilkynnt dómsmálaráðuneytinu og embætti Ríkislögreglustjórans bréflaga.

#### ***3.2.18. Eftirlit sýslumannsembættisins á Keflavíkurflugvelli með innflutningi flugliða á vörum inn í landið – 2006/232***

23. október 2006 tók stjórn Persónuverndar ákvörðun í máli varðandi eftirlit sýslumannsembættisins á Keflavíkurflugvelli með innflutningi flugliða á vörum inn í landið. Tilefnið var kvörtun frá J yfir eyðublaði („Komuskýrsla/Brotttfararskýrsla“) sem flugliðum ber að skila til tollvarða við komu loftfars til Íslands. Er þar beðið um upplýsingar um magn áfengis og tóbaks sem viðkomandi flugliði flytur inn til landsins, sem og aðrar vörur. Einnig gerði hann athugasemd við að flugliðar séu bednir um að slá inn einkennisstafi sína, en það geri kleift að fylgjast með ferðum flugliða.

Í úrlausn Persónuverndar segir m.a.:

„1.

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með

persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Af þessu leiðir að efni máls þessa lýtur að vinnslu persónuupplýsinga og þar með fellur umfjöllun um efni þess undir valdsvið Persónuverndar.

## 2.

Svo að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil þarf hún ávallt að fullnægja einhverju af skilyrðum 8. gr. laga nr. 77/2000. Sé unnið með viðkvæmar persónuupplýsingar þarf að auki að vera fullnægt einhverju af skilyrðum 9. gr. sömu laga. Meðal viðkvæmra persónuupplýsinga teljast upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknad, sbr. b-lið 8. tölul. 2. gr. laganna. Ljóst er að sú skráning, sem hér um ræðir, kann að fela í sér eða getur leitt til vinnslu með slíkar upplýsingar, s.s. um að einstaklingur kunni að hafa gerst brotlegur við tollalöggjöf.

Við vinnsluna þarf, eins og endranær, að vera fullnægt öllum skilyrðum 1. mgr. 7. gr. laganna, þ. á m. að upplýsingar skulu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); að þær skulu vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.); og að þær skulu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á skráða aðila lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu (5. tölul.).

## 3.

Eftirlit með því að farið sé að tollalöggjöfinni er í höndum tollstjóra í hverju einstöku tollumdæmi. Samkvæmt 40. gr. tollalaga nr. 88/2005 eru tollstjórar annars vegar tollstjórin í stjórnsýsluumdæmi Reykjavíkur og hins vegar sýslumenn í öðrum stjórnsýsluumdæmum. Fer sýslumaðurinn á Keflavíkurlflugvelli því með vald tollstjóra þar. Kvartandi hefur hins vegar vísað til upplýsinga sem hann hafi fengið um hvernig vinnslu persónuupplýsinga sé háttáð hjá Tollstjóranum í Reykjavík. Tekið skal fram að þar sem hann fer ekki með tollefirtlit á Keflavíkurlflugvelli er ekki unnt að byggja á upplýsingum frá honum, s.s. um varðveislutíma upplýsinga, við úrlausn máls þessa. Þá skal tekið fram að Persónuvernd telur að ekki verði staðhæft, gegn fullyrðingum sýslumannsins á Keflavíkurlflugvelli, að hann viðhafi vinnslu sem felur í sér miðlun upplýsinga um flugliða til annarra áhafnarmedlima.

Í 3. mgr. 30. gr. laga nr. 88/2005 er kveðið á um að öllum, bæði tollskyldum og öðrum, sé skylt að láta tollstjóra í té ókeypis og í því formi, sem óskað sé, allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn, til nota við almennt tollefirtlit og áhættugreiningu, sem hann fari fram á og snerta innflutning vöru eða sendingar, sem og flutning farþega til og frá landinu. Þá er í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 526/2000 um tollmeðferð vara, sem ferðamenn og farmenn hafa með sér til landsins, sbr. m.a. 193. gr. laga nr. 88/2005, kveðið á um að ferðamenn og farmenn skuli ekki njóta undanþágu frá aðflutningsgjöldum oftar en einu sinni á hverjum 72 klukkustundum; er það með vísan til þessarar reglu, eins og fyrr hefur komið fram, að einkennisstafir flugmanna eru skráðir í tölvukerfi tollgæslunnar á Keflavíkurlflugvelli, þ.e. til að kanna hvort nægilega langt sé um liðið frá síðustu ferð til að viðkomandi njóti undanþágu frá tollskyldu.

Þegar litið er til þessara ákvæða telst umrædd vinnsla einkum geta stuðst við þær reglur 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu (3. tölul.), við beitingu opinbers valds (6. tölul.) og til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra (7. tölul.). Hvað varðar þá vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga, sem kann að fara fram, kemur einkum til greina sú regla 1. mgr. 9. gr. laganna að vinnsla slíkra upplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja (7. tölul.).

Persónuvernd telur umrædda vinnslu vera heimila í ljósi framangreindra ákvæða að því marki sem skilyrðum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 er fullnægt. Reynir þar m.a. á hvort varðveislutími persónuupplýsinga sé málefnalegur. Fram hefur komið að þær upplýsingar um áhafnarmedlimi, sem skráðar eru í tölvukerfi tollgæslunnar á Keflavíkurlflugvelli, þ. á m. einkennisstafir þeirra, tengjast

aðeins síðustu ferð þeirra; eldri upplýsingum er þannig eytt. Þá hefur komið fram að upplýsingum, sem skráðar eru á pappír, er eytt þegar málum, sem þær tengjast, hefur verið lokið. Telur Persónuvernd í ljósi þessa að varðveislutími umræddra upplýsinga fái samrýmt reglum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000, þ. á m. þeim reglum að upplýsingar skulu ekki vera umfram það sem nauðsynlegt er (3. tölul.) og að upplýsingar skulu varðveittar á því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á einstaklinga lengur en þörf krefur (5. tölul.).

Einnig reynir hér á hvort tilgangurinn með vinnslu upplýsinganna sé skýr, yfirlýstur og málefnalegur, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 7. gr., sem og hvort upplýsingarnar sjálfar fái samrýmt þeim tilgangi og séu því ekki umfram það sem nauðsynlegt er, sbr. áður nefnt ákvæði 3. tölul. sömu málsgreinar. Persónuvernd telur ljóst að fyrri skilyrðinu sé fullnægt, enda liggur ekki fyrir að upplýsingarnar séu nýttar til annars en hefðbundins tollefirlits. Hvað síðarnefnda skilyrðið varðar ber að líta til þess að löggjafinn ætlar töllyfirvöldum, að því er ráðið verður af lögum, mjög rúmar heimildir. Má þar m.a. nefna framangreint ákvæði 3. mgr. 30. gr. laga nr. 88/2005, sem og 1. mgr. 167. gr. sömu laga, en þar er kveðið á um skyldu þeirra sem flytja inn vöru til að aðstoða við tollskoðun með því að framvísa vöru að beiðni tollgæslu, opna töskur og aðrar umbúðir, taka upp úr þeim, loka þeim aftur að skoðun lokinni og veita alla þá aðstoð og upplýsingar sem leitað er eftir. Þegar litið er til þessa verða umræddar upplýsingar ekki taldar vera umfram það sem eðlilegt má telja í þágu tollefirlits. Verður því ekki séð að brotið sé í bága við framangreint ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000. Ekki verður og heldur séð að unnið sé í ósamræmi við önnur ákvæði 7. gr.

Af tilefni athugasemdar kvartanda um að óeðlilegt misræmi sé í eftirliti með innkaupum fluglíða og annarra einstaklinga, sem ferðist álíka mikið, skal eftirfarandi tekið fram: Persónuvernd telur þennan aðstöðumun byggjast á viðhlítandi lagaheimild í ljósi þeirra ótvíræðu valdheimilda sem sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli byggir á við umrædda vinnslu persónuupplýsinga.

#### 4.

##### *Niðurstaða Persónuverndar*

Ekki liggur fyrir að vinnsla sýslumannsembættisins á Keflavíkurflugvelli á persónuupplýsingum um innflutning kvartanda á vörum inn í landið sé í ósamræmi við ákvæði laga nr. 77/2000.“

### **3.2.19. Afbending skattframtala til lífeyrissjóðs – mál 2006/436**

30. nóvember 2006 kvað stjórn Persónuverndar upp úrskurð í máli varðandi afhendingu skattframtala til lífeyrissjóðs. Tildrög þess voru þau að Persónuvernd barst kvörtun frá A yfir því að skattstofan í Reykjavík hefði afhent Gildi – lífeyrissjóði skattframtöl hans. Fjórtán lífeyrissjóðir, þ. á m. Gildi – lífeyrissjóður, höfðu þá ákveðið að skerða eða fella niður lífeyrisgreiðslur til þeirra öryrkja sem höfðu hærri árstekjur en áður en þeir voru metnir til örorku. Samkvæmt samþykktum sjóðanna eiga lífeyrisgreiðslur ekki að vera hærri en svo að heildartekjur verði þær sömu og þær voru á þeim tíma sem umrætt mat fór fram. Var öflun Gildis – lífeyrissjóðs á umræddum skattframtölum liður í því að framfylgja þessu.

Stjórn Persónuverndar fjallaði um málið og í niðurstöðu hennar segir m.a.:

## „II.

### *Forsendur og niðurstaða*

#### 1.

Gildissvið laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna, nær til sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga, sem og handvirkrar vinnslu slíkra upplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá. Persónuupplýsingar eru sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laganna; og vinnsla er sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. Af þessu

leiðir að efni máls þessa lýtur að vinnslu persónuupplýsinga og þar með fellur umfjöllun um efni þess undir valdsvið Persónuverndar.

## 2.

Hér reynir á hvort við miðlun skattskýrslna og upplýsinga úr skattskýrslum kvartanda til Gildis – lífeyrissjóðs hafi verið farið að lögum nr. 77/2000. Þær skattskýrslur og upplýsingar úr skattskýrslum, sem hér um ræðir, ber að ætla að séu frá árunum 1992 til 2005, en fram hefur komið að skattskýrslur fyrir árin 1987 til 1991 afhenti kvartandi sjálfur með umsókn sinni um lífeyrisgreiðslur hinn 5. júní 1992. Eru ekki efni til þess að fjalla um lögmæti vinnslu þeirra upplýsinga sem hann afhenti sjálfur. Verður því aðeins fjallað um lögmæti upplýsingamiðlunar frá árunum 1992 til 2005.

Upplýsingar um fjárhagsmálefni, s.s. þær sem fram koma í skattskýrslum einstaklinga, teljast til almennra persónuupplýsinga en ekki viðkvæmra, sbr. upptalningu 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 á viðkvæmum persónuupplýsingum. Vinnsla almennra persónuupplýsinga þarf einungis að fullnægja einhverju af skilyrðum 8. gr. laga nr. 77/2000. Meðal þeirra skilyrða er að hinn skráði hafi ótvírætt samþykkt vinnsluna, sbr. 1. tölul. 1. mgr., en fyrir liggur að hinn 5. júní lagði kvartandi inn undirritaða umsókn um lífeyri þar sem segir m.a.: „Heimila sjóðsstjórn að fá afrit af skattframtölum mínum hjá skattstjóra, sem farið verður [með] sem trúnaðarmál.“

Fram hefur komið af hálfu kvartanda að þetta samþykki geti ekki talist nægilega skýrt til að heimila öflun skattskýrslna allt til ársins 2005. Persónuvernd vekur hins vegar athygli á því að þar sem um er að ræða almennar persónuupplýsingar er ekki sjálfgefið að fullnægja þurfi ítrustu kröfum til samþykkis eins og þeim er lýst í 7. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, en þar er hugtakið „samþykki“ skilgreint svo:

„Sérstök, ótvíræð yfirlýsing sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykkur vinnslu tiltekinna upplýsinga um sig og að honum sé kunnugt um tilgang hennar, hvernig hún fari fram, hvernig persónuvernd verði tryggð, um að honum sé heimilt að afturkalla samþykki sitt o.s.frv.“

Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. nægir almennt, þegar ekki er unnið með viðkvæmar persónuupplýsingar, að afla svokallaðs „ótvíræðs samþykkis“ og nægir þá í vissum tilvikum að samþykki sé gefið til kynna með látbragði eða í verki. Þegar vinna á með upplýsingar úr skattskýrslum ber hins vegar að líta svo á að samþykki þurfi að vera öllu skýrara en það. Á umsóknareyðublaði því sem kvartandi ritaði undir hinn 5. júní 1992 kemur ótvírætt fram hvaða upplýsinga afla ætti, auk þess sem honum má hafa verið kunnugt um í hvaða tilgangi upplýsinganna væri aflað, þ.e. að meta fjárhæð lífeyrisgreiðslna. Telur Persónuvernd því kröfum til skýrleika samþykkis vera fullnægt í þessu tilviki.

Samkvæmt framangreindu hefur kvartandi veitt samþykki, í skilningi 1. tölul. 1. mgr. 8. gr., fyrir umræddri öflun skattskýrslna og upplýsinga úr skattskýrslum hjá skattstofunni í Reykjavík að því marki sem slík upplýsingaöflun samrýmist tilgangi starfsemi sjóðsins. Til þess ber hins vegar að líta að vinnsla persónuupplýsinga verður ávallt að samrýmast öllum kröfum 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000, þ. á m. að við meðferð persónuupplýsinga skal þess gætt að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga (1. tölul.); að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.); og að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.).

Umrædd öflun og notkun skattskýrslna og upplýsinga úr skattskýrslum byggdist á því að samkvæmt samþykktum Gildis – lífeyrissjóðs eiga lífeyrisgreiðslur ekki að nema slíkri upphæð að heildartekjur verði umfram árstekjur viðkomandi áður en hann var metinn til örorku. Var tilgangurinn með öflun upplýsinganna því sá að kanna hvort heildartekjurnar væru orðnar hærri en sem því nam og hvort þar af leiðandi bæri að skerða eða fella niður lífeyrisgreiðslur. Er ákvörðun um fjárhæð slíkra

greiðslna í höndum lífeyrissjóða, sbr. 6. mgr. 15. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sbr. áður 2. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda þar sem kveðið var á um að lífeyrissjóðir settu sér reglugerðir sem staðfestar skyldu af fjármálaráðuneytinu; ber að líta svo á að í slíkum reglugerðum skyldi m.a. kveðið á um fjárhæð lífeyrisgreiðslna.

Í ljósi framangreinds telur Persónuvernd öflun og notkun umræddra skattskýrslna og upplýsinga úr skattskýrslum hafa farið fram í þeim tilgangi að framfylgja ákvæðum reglna sem settar eru af lífeyrissjóðum með stöð í settum lögum frá Alþingi og hafa því sama gildi og stjórnvaldsreglur. Þegar litið er til þess ber að líta svo á að öflun upplýsinganna hafi átt sér málefnalegan tilgang í skilningi 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000. Þá verður ekki séð að brotið hafi verið gegn ákvæðum 7. gr. þótt á meðal þeirra upplýsinga, sem notaðar voru, hafi verið upplýsingar sem orðnar voru eldri en sex ára, enda gildir ekki sú regla um lífeyrissjóði að aðeins megi endurákræða greiðslur sex ár aftur í tímann, sbr. aftur á móti það sem fram kemur í erindi kvartanda þar að lútandi. Að auki hefur ekki komið fram að brotið hafi verið gegn öðrum ákvæðum laga nr. 77/2000.

Telja má víst að ágreiningur sé með aðilum málsins um hvort tilgangur upplýsingaöflunarinnar sé málefnalegur í ljósi eignaréttarákvæðis 72. gr. stjórnarskrárinnar og ákvæðis 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar um rétt manna til aðstoðar vegna örorku eða sjúkleika. Af því tilefni skal tekið fram að Persónuvernd fer ekki með vald til að meta hvort svo sé. Hins vegar geta dómstólar skorðið úr um slík atriði.

Einnig skal tekið fram að Persónuvernd telur það ekki skipta máli hvort umræddar skattskýrslur og upplýsingar úr skattskýrslum hafi verið sendar rafrænt eða á pappírformi. Orðið „afrit“ á umsókn kvartanda um lífeyrisgreiðslur frá 5. júní 1992 telur Persónuvernd ekki eiga að túlka með svo þröngum hætti að aðeins sé átt við ljósrituð afrit. Megininntakið í þeim orðum, þar sem vikið er að öflun skattskýrslna í umsókninni, er að slík upplýsingaöflun sé heimil. Hún lýtur aftur á móti ekki að því með hvaða aðferð hún skuli fara fram. Það að notað sé orðið „afrit“ má þannig ætla að tengist því einkum að árið 1992 var rafræn miðlun upplýsinga, eins og þeirra sem hér um ræðir, ekki enn komin til sögunnar. Auk þess verður að hafa í huga þær breytingar sem gerðar voru á stjórnsýslulögum nr. 37/1993 með lögum nr. 51/2003. Bættist þá ný 37. gr. við lögina sem ber yfirskriftina „Frumrit og afrit“. Þar kemur fram að þegar áskilið er að gögn séu lögð fram í fleiri en einu eintaki, s.s. vegna þess að tekin skuli afrit af gögnum, skuli rafræn gögn talin fullnægja þeim áskilnaði. Verður þannig að líta svo á að rafræn skjöl geta talist til afrita rétt eins og pappírsgögn.

Í ljósi alls framangreinds er niðurstaða Persónuverndar sú að miðlun upplýsinga úr skattskýrslum A hafi verið heimil á grundvelli skriflegs samþykkis hans samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, enda verður ekki séð að hún hafi farið í bága við ákvæði 7. gr. sömu laga.

### *Úrskurðarorð:*

Miðlun skattskýrslna og upplýsinga úr skattskýrslum A fyrir árin 1992 til 2005 frá skattstofunni í Reykjavík til Gildis – lífeyrissjóðs var heimil.“

### **3.2.20. Miðlun upplýsinga til fjármálafyrirtækja um framvísun falsaðrar bankaábyrgðar og handtöku – mál 2006/92**

19. desember sl. kvað stjórn Persónuverndar upp úrskurð í máli varðandi lögmæti miðlunar upplýsinga til fjármálafyrirtækja um handtöku og framvísun falsaðrar bankaábyrgðar.

Tildrög máls þessa voru þau að A (kvartandi) hafði samband við Glitni banka (þá Íslandsbanka) með það fyrir augum að selja bankanum, fyrir hönd annars aðila, bankaábyrgð að upphæð 60 milljón evrur. Í ljós kom að bankaábyrgðin var fölsuð og í kjölfarið voru hann og tveir viðskiptafélagar hans handteknir í Íslandsbanka. Eftir það sendi Íslandsbanka tilkynningu til Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja (SBV) með upplýsingum um nöfn manna og orðna atburði. Þá tilkynningu framsendi framkvæmdastjóri SBV síðan til fulltrúa annarra fjármálastofnana.



Kvartandi kom fram í fjölmiðlum og ræddi m.a. hugmynd um höfðun bótamáls vegna framangreindra atburða. Óskaði Persónuvernd þá svara hans um hvort hann hygðist bera málið undir dómstóla og benti á að við úrlausn um t.d. bótakröfu mætti vænta þess að byggt yrði á sömu eða svipuðum málsástæðum og í máli því sem hann hefði borið undir Persónuvernd. Endanlegar málslyktir myndu því ráðast af niðurstöðu dómstóla og úrskurður Persónuverndar hefði takmarkaða ef nokkra sjálfstæða þýðingu fyrir hann að lögum.

Kvartandi upplýsti að ákvörðun um málshöfðun yrði ekki tekin fyrr en úrskurður Persónuverndar lægi fyrir og krafðist úrskurðar Persónuverndar.

Í úrskurði Persónuverndar segir m.a.:

## „II.

### *Gildissvið*

#### *Valdsvið Persónuverndar*

##### 1.

#### *Almennt*

Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Með hugtakinu „persónuupplýsingar“ er átt við sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekens einstaklings, látins eða lifandi, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000.

Með hugtakinu „vinnsla“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Þar undir geta m.a. fallið miðlun með framsendingu, dreifing eða aðrar aðferðir til að gera upplýsingarnar tiltækar, sbr. það sem fram kemur í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 77/2000, sem og b-lið 2. gr. tilskipunar nr. 95/46/EB.

##### 2.

#### *Tölvupóstsendingar*

Í bréfi SBV, dags. 12. maí sl., er bent á að upplýsingunum hefði allt eins mátt koma á framfæri með símtali, enda hafi tölvupóstsendingar komið að talsverðu leyti í stað símtala þegar kemur að einföldum orðsendingum. SBV telur því að tilkynningin sem send var hinn 20. janúar sl. geti ekki talist til vinnslu persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000.

Af þessu tilefni skal bent á að hefði viðvörðun þessari verið komið á framfæri með símtali hefði málið þá þegar fallið utan valdsviðs Persónuverndar. Henni var hins vegar komið á framfæri með rafrænum hætti.

Ástæða þess að tölvupóstsendingar hafa að einhverju leyti komið í stað símtala er m.a. sú að tæknin býður upp á þann möguleika að koma upplýsingum á framfæri til margra aðila í einu á skömmum tíma. Slíkt getur verið mjög til hagsbóta og falið í sér ýmiss konar þægindi, en getur jafnframt haft í för með sér aukna hættu á misnotkun persónuupplýsinga eða mistök við meðferð þeirra. Í dæmaskyni má nefna að sé trúnaðarupplýsingum miðlað í trássi við lög geta þær komist til vitundar töluvert fleiri aðila en ella, að upplýsingar kunna að vera sendar til rangs viðtakanda fyrir mistök, að utanaðkomandi aðilar geta komist yfir efni tölvubréfa vegna öryggisbrests og að upplýsingar er unnt að áframsenda með mjög einföldum hætti og getur því verið erfitt að koma í veg fyrir útbreiðslu þeirra.

Sams konar sjónarmið eiga við um aðra rafræna vinnslu persónuupplýsinga, s.s. stafrænar upptökur, birtingu upplýsinga á Netinu og vinnslu upplýsinga í gagnagrunnum. Tilurð persónuverndarlöggjafar má reyndar rekja til þess að með tilkomu tölvutækninnar varð auðveldara að safna, finna, tengja saman og miðla persónuupplýsingum og þrátt fyrir að slíkt geti falið í sér umtalsverðar hagsbætur hefur það einnig í för með sér ákveðna hættu fyrir réttindi einstaklinga. Vegna þessa taka lög

nr. 77/2000 til *sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga* nema annað sé tekið fram. Slíkar undanþágur er að finna í 2. mgr. 3. gr., þar sem kveðið er á um að tiltekin ákvæði laganna gildi ekki um vinnslu persónuupplýsinga sem varða almannaöryggi, landvarnir, öryggi ríkisins og starfsemi ríkisins á sviði refsivörslu og að löggin gildi ekki um meðferð einstaklings á persónuupplýsingum sem eingöngu varða einkahagi hans eða eru einvörðungu ætlaðar til persónulegra nota. Þá er í 5. gr. kveðið á um að víkja megi frá ákvæðum laganna í þágu fjölmiðlunar, lista eða bókmennta, að því marki sem það er nauðsynlegt til að samræma sjónarmið um rétt til einkalífs annars vegar og tjáningarfrelsis hins vegar. Þegar persónuupplýsingar eru einvörðungu unnar í þágu fréttamennsku eða bókmennta-legrar eða listrænnar starfsemi gilda aðeins tiltekin ákvæði laganna.

Sú tilkynning sem hér er til umfjöllunar var hvorki send af einstaklingi um einkahagi eða til persónulegra nota né var hún send í þágu fjölmiðlunar, lista eða bókmennta. Þá varðaði hún ekki almannaöryggi, landvarnir, öryggi ríkisins eða starfsemi ríkisins á sviði refsivörslu. Hún var send á milli fjármálafyrirtækja í því skyni að vara við viðskiptum við tiltekna einstaklinga. Lögjafinn hefur ekki undanskilið slíka rafræna vinnslu persónuupplýsinga gildissviði laga nr. 77/2000, og fellur hún því undir gildissvið laganna.

### 3.

#### *Eðli vinnslunnar*

Í bréfi SBV, dags. 12. maí sl., segir að máli skipti að ekki hafi verið um neins konar kerfisbundna söfnun eða skráningu á persónuupplýsingum að ræða og að upplýsingarnar hafi ekki verið ætlaðar til varðveislu með þeim hætti að kalla mætti þær fram síðar meir. Þetta telur SBV, ásamt því er þegar hefur verið rakið, leiða til þess að sending tilkynningarinnar geti ekki talist til vinnslu persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000.

M.ö.o. telur SBV að gera eigi greinarmun á sk. „svörtum listum,“ en með því er að öllu jöfnu átt við skrár sem einstaklingar eru færðir á í því skyni að vara við viðskiptum við þá eða neita þeim um tiltekna fyrirgreiðslu eða þjónustu, yfirleitt með kerfisbundnum hætti eða eftir fyrirfram ákveðnum viðmiðum, og sendingu tilkynninga með þeim hætti sem hér um ræðir.

Ólík sjónarmið geta gilt um *lögmati* svartra lista annars vegar og sendinga tilkynninga, eins og þeirrar sem hér um ræðir, hins vegar. Aftur á móti er ljóst að hvort tveggja fellur undir gildissvið laga nr. 77/2000, enda er ekki skilyrði að persónuupplýsingar sem unnar eru með *rafrænum* hætti séu eða eigi að verða hluti af skrá, líkt og gildir um *handunnar* upplýsingar.

### 4.

#### *Efni tilkynningarinnar*

Í bréfi Glitnis, dags. 19. júní sl., segir að tilgangur laga um persónuvernd sé ekki að „þvinga einstaklinga eða lögaðila [til] að þegja yfir tilraunum til að brjóta gegn þeim og vernda þannig hagsmuni þeirra sem reyna að framvísa fölsuðum gögnum og fá fé fyrir, heldur að vernda lögmæta hagsmuni.“

Röksemd þessi virðist lúta öðrum þræði að því að lög nr. 77/2000 taki ekki til sendingar tilkynninga þeirrar sem hér um ræðir vegna *efnis* hennar.

Eins og áður hefur komið fram hefði mál þetta fallið utan valdsviðs Persónuverndar hefði viðvörðun þeirri sem um ræðir ekki verið komið á framfæri með rafrænum hætti. Þá hefði á hinn bóginn komið til athugunar hvort brotið hefði verið gegn ákvæðum um bankaleynd í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki eða ákvæðum XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Að öðru leyti vísast til þess sem áður segir um gildissvið laga nr. 77/2000, og skal sérstaklega bent á að ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 77/2000, sem undanþiggur meðferð einstaklings á persónuupplýsingum sem varða einkahagi hans, tekur eðli málsins samkvæmt ekki til lögaðila.

### 5.

#### *Niðurstaða um gildissvið laga og valdsvið Persónuverndar*

Af framangreindu er ljóst að sending og framsending upplýsinga með tölvupósti um það hvort tiltek-

inn maður sé grunaður um refsiverða háttsemi telst til vinnslu persónuupplýsinga í skilningi laga nr. 77/2000. Umfjöllun um lögmæti þessa fellur því undir valdsvið Persónuverndar, sbr. 2. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000.

Hins vegar skal tekið fram að kröfur kvartanda um miska og skaðabætur, sem og kröfur sem hann beinir að öðrum en Glitni og SBV eru ekki til umfjöllunar hér, enda falla þær ekki undir úrskurðarvald Persónuverndar.

### III.

#### *Lögmæti*

##### 1.

#### *Almennt*

Vinnsla persónuupplýsinga er því aðeins heimil að eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sé uppfyllt. Sé um vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga að ræða verður ennfremur að uppfylla eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 9. gr. laganna.

Þá ber að gæta í hvívetna meginreglna 7. gr. laga nr. 77/2000 um gæði gagna og vinnslu, en þar er m.a. kveðið á um að persónuupplýsingar skuli unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti (1. tölul.), að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.), að upplýsingarnar séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.), að þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum (4. tölul.) og að þær séu ekki varðveittar á persónugrein-anlegu formi lengur en þörf krefur (5. tölul.).

##### 2.

#### *Eðli upplýsinganna*

Talsvert strangari kröfur eru gerðar til lögmætis vinnslu persónuupplýsinga sem teljast viðkvæmar í skilningi laga nr. 77/2000 en til vinnslu annarra persónuupplýsinga. Eins og áður hefur komið fram þarf slík vinnsla t.d. ekki aðeins að uppfylla eitthvert skilyrði 1. mgr. 8. gr. laganna, heldur einnig eitthvert skilyrði 1. mgr. 9. gr. Persónuvernd leysir úr ágreiningi um hvort persónuupplýsingar skuli teljast viðkvæmar eða ekki, sbr. 5. mgr. 9. gr. laganna.

Skilgreiningu á því hvaða persónuupplýsingar teljast viðkvæmar er að finna í 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Það eru upplýsingar um a) uppruna, litarhátt, kynþátt, stjórnmalaskoðanir, svo og trúar- eða aðrar lífsskoðanir, b) *upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknad*, c) upplýsingar um heilsuhagi, þar á meðal um erfðaeiginleika, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun, d) upplýsingar um kynlíf manna og kynhegðan og e) upplýsingar um stéttarfélagsaðild.

Ákvæðið leiðir í lög efni 8. gr. tilskipunar nr. 95/46/EB, um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga, og ber að skýra með hliðsjón af henni. Í 8. gr. er kveðið á um vinnslu „sérstakra flokka upplýsinga.“ Þar segir að vinnsla persónuupplýsinga „er varða kynþátt eða uppruna, stjórnmalaskoðanir, trúar- eða heimspekiskoðanir og þátttöku í stéttarfélagi og vinnslu upplýsinga um heilsuhagi eða kynlíf“ skuli bönnuð nema að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Í bannákvæðinu er *ekki* vísað til upplýsinga um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknad. Hins vegar er, í 5. mgr. 8. gr., kveðið á um að vinnsla upplýsinga er varða lögbrot, refsíðoma eða öryggisráðstafanir sé því aðeins heimil að hún fari fram undir eftirliti opinbers yfirvalds eða ef sett séu sértæk öryggisákvæði í innlendum lögum.

Af framangreindu verður ráðið að samkvæmt tilskipun nr. 95/46/EB gildi nokkuð önnur sjónarmið heldur en í lögum nr. 77/2000 um upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknad. Af þeim sökum hefur verið litið svo á að túlka beri ákvæði b-liðar 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 þröngt.

Í tilkynningu þeirri sem hér er til umfjöllunar voru upplýsingar um að bankaábyrgð sem kvart-

andi og viðskiptafélagar hans reyndu að koma í verð hefði reynst fölsuð, að þeir hefðu verið handteknir, að óskað yrði eftir gæsluvarðhaldi yfir þeim og að önnur skjöl hefðu fundist í fórum þeirra. Upplýsingar um það eitt að tiltekinn einstaklingur hafi framvísað falsaðri bankaábyrgð eða haft skjöl í fórum sínum fela ekki í sér upplýsingar um hvort viðkomandi einstaklingur sé grunaður um refsiverðan verknad eða hafi gerst brotlegur við lög. Upplýsingar um að tiltekinn einstaklingur hafi verið handtekinn í tengslum við slíkt bera hins vegar með sér að sá einstaklingur sé grunaður um refsiverðan verknad, enda er það skilyrði handtöku að rökstuddur grunur leiki á broti sem sætt getur ákæru, sbr. 1. mgr. 97. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Með vísan til þessa telur Persónuvernd að upplýsingar í umræddri tilkynningu um *handtöku* kvartanda teljist viðkvæmar persónuupplýsingar í skilningi b-liðar 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000, en aðrar upplýsingar í tilkynningunni hins vegar ekki.

### 3.

#### *Heimildir fyrir vinnslu persónuupplýsinga*

Hvorki SBV né Glitnir hafa vísað til ákvæða 8. og 9. gr. laga nr. 77/2000 um heimildir sínar til umræddrar vinnslu persónuupplýsinga. Hins vegar hafa báðir aðilar vísað til þeirra miklu hagsmuna sem í húfi voru vegna hugsanlegrar hættu á fjármálamisferli. Þá hefur SBV vísað til þess að líta verði til eftirlits- og varúðarskyldna sem lagðar hafa verið á fjármálafyrirtæki í löggjöf um aðgerðir gegn peningabætti og Glitnir segir í bréfi sínu, dags. 17. október sl., að bankanum hafi borið siðferðileg skylda, ef ekki lagaleg, til að vara við fölsuðum skjölum.

Þrátt fyrir að sérstakar eftirlits- og varúðarskyldur hafi verið lagðar á starfsmenn fjármálafyrirtækja með lögum nr. 80/1993 um aðgerðir gegn peningabætti hafa þau lög ekki að geyma lagaákvæði sem heimila miðlun upplýsinga til annarra en lögreglu um hvort um tiltekinn einstaklingur er grunaður um fjársvik eða aðra refsiverða háttsemi er tengist peningabætti.

Með vísan til alls framagreiðs kemur, að mati Persónuverndar, helst til greina að vinnslan eigi sér stoð í 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000. Verður það nú tekið til sérstakrar athugunar.

### 3.1.

#### *Persónuupplýsingar sem ekki teljast viðkvæmar*

##### *Hagsmunamat*

Samkvæmt 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 er vinnsla persónuupplýsinga, sem ekki eru viðkvæmar, heimil sé hún nauðsynleg til að ábyrgðaraðili, eða þriðji maður eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem vernda ber samkvæmt lögum vegi þyngra.

Við beitingu þessa ákvæðis þarf að vega og meta hvort hafi vegið þyngra í þessu tilviki; hagsmunir kvartanda af því að þær upplýsingar í tilkynningunni sem ekki teljast viðkvæmar í skilningi laga nr. 77/2000, þ.e. upplýsingar um að hann hafi framvísað falsaðri bankaábyrgð og haft fleiri skjöl í fórum sínum, yrðu ekki sendar til fjármálafyrirtækjanna *eða* hagsmunir fjármálafyrirtækjanna af því að fá vitneskju um þessar upplýsingar.

Við það mat verður að líta til þess að í máli þessu voru uppi sérstakar aðstæður og um gríðarlega háar fjárhæðir var að ræða, þ.e. um 60 milljónir evra. Tilkynningin sem um ræðir var send í varúðarskyni og eingöngu til tengiliða fjármálafyrirtækja sem hafa eftirlit með öryggismálum. Telja verður að hagsmunir fjármálafyrirtækjanna af upplýsingunum hafi, eins og hér stendur á, vegið þyngra en hagsmunir kvartanda af því að þær yrðu ekki sendar. Í því samhengi skal m.a. bent á að fjármálafyrirtæki kynnu að vilja kanna falsleysi annarra skjala sem kvartandi hefur framvísað, án þess þó að kvartandi liggi endilega undir grun um að hafa vitneskju um fals eða falsleysi slíkra skjala.

Miðlun SBV og Glitnis, áður Íslandsbanka, á upplýsingum um að kvartandi hafi framvísað falsaðri bankaábyrgð og haft fleiri skjöl í fórum sínum telst því hafa átt sér stoð í 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 og var því heimil.

### 3.2.

#### *Viðkvæmar persónuupplýsingar Lagaheimild*

Eins og áður segir þarf vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga, auk þess að eiga sér stoð í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, að styðjast við eitthvert skilyrði 1. mgr. 9. gr. laganna. Samkvæmt 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. er vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga heimil standi til hennar sérstök heimild samkvæmt lögum.

Mat á því hvort lagastoð er fyrir hendi ræðst af skýringu viðkomandi sérlagaákvæðis hverju sinni, en því meiri íhlutun í réttindi einstaklingsins sem umrædd vinnsla hefur í för með sér þeim mun ótvíræðari þarf lagaheimildin að vera. Skýring slíks ákvæðis ræðst þá m.a. af því hvort löggjafinn hafi í raun tekið tillit til þeirra almennu persónuverndarsjónarmiða sem á reynir við meðferð viðkvæmra persónuupplýsinga. Með hliðsjón af því að það er fyrst og fremst stjórnvalda að vinna með upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað verður að telja að ríkar kröfur verði að gera til skýrleika lagaákvæða sem heimila einkaaðilum slíka vinnslu.

Hvorki SBV né Glitnir hafa bent á ákvæði í íslenskum lögum sem hafi heimilað þeim að skiptast á upplýsingum um hvort kvartandi hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað. SBV hefur bent á að ákvæði norskra laga um aðgerðir gegn peningabætti heimila upplýsingaskipti á milli fyrirtækja og stofnana ef rökstuddur grunur er um tiltekin lögbrott. Í 2. mgr. 20. gr. núgildandi laga nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, er að finna heimildir til handa tilteknum aðilum til þess að miðla upplýsingum um hvort lögreglu hafi verið sendar upplýsingar skv. 17. og 18. gr. laganna. Slíka heimild var ekki að finna í lögum nr. 80/1993 um aðgerðir gegn peningabætti. Þá skiptir máli að orðsending sú sem hér um ræðir sneri ekki að tilkynningu til lögreglu vegna grunsemda um peningabætti, heldur var um að ræða viðvörn vegna grunsemda um tilraun til fjársvika.

Það verður því ekki séð að miðlun SBV og Glitnis, áður Íslandsbanka, á upplýsingum um handtöku kvartanda hafi átt sér stoð í ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

### 3.3.

#### *Niðurstaða*

Miðlun Glitnis, áður Íslandsbanka, til SBV á upplýsingum um að kvartandi hafi framvísað falsaðri bankaábyrgð og haft fleiri skjöl í förum sínum var heimil samkvæmt 7. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, en ekki verður hins vegar séð að miðlun upplýsinga á milli sömu aðila um handtöku kvartanda hafi átt sér stoð í þeim lögum. Sama gildir um miðlun sömu upplýsinga á milli SBV og annarra fjármálafyrirtækja.

## IV.

### *Leiðrétting og eyðing*

#### 1.

#### *Almennt*

Auk þess að krefjast úrskurðar um lögmæti umræddrar upplýsingamiðlunar hefur kvartandi sett fram kröfur á hendur Glitni og SBV um eyðingu og leiðréttingu upplýsinga um sig.

Í 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 er kveðið á um að persónuupplýsingar skuli áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum. Persónuupplýsingar sem eru óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skal afmá eða leiðrétta.

Í 1. mgr. 25. gr. laga nr. 77/2000 er kveðið á um að ábyrgðaraðili skuli sjá til þess að upplýsingar sem eru rangar, villandi eða ófullkomnar, eða skráðar án tilskilinnar heimildar séu leiðréttaðar, þeim eytt eða við þær aukkið ef umræddur annmarki getur haft áhrif á hagsmunum hins skráða. Hafi slíkum

upplýsingum verið miðlað eða þær notaðar ber ábyrgðaraðila, eftir því sem honum er frekast unnt, að hindra að það hafi áhrif á hagsmuni hins skráða.

Í 26. gr. laga nr. 77/2000 er fjallað um eyðingu og bann við notkun persónuupplýsinga sem hvorki eru rangar né villandi. Í 1. mgr. segir að persónuupplýsingum skuli eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita þær. Málefnaleg ástæða til varðveislu upplýsinga getur m.a. byggst á fyrirmælum í lögum eða á því að ábyrgðaraðili vinni enn með upplýsingarnar í samræmi við upphaflegan tilgang með söfnun þeirra. Í 2. mgr. er síðan kveðið á um að ef ákvæði annarra laga standa því ekki í vegi geti skráður aðili engu að síður krafist þess að upplýsingum um hann skv. 1. mgr. sé eytt eða notkun þeirra bönnuð ef slíkt telst réttlætanlegt út frá heildstæðu hagsmunamati.

## 2.

### *Kröfur kvartanda*

Kvartandi krefst þess að komið verði á framfæri „leiðréttingu á þeirri orðsendingu sem [Glitnir og SBV] sendu á allar fjármálastofnanir landsins þann 20. janúar sl....“ Þá krefst hann þess að SBV og Glitni verði gert að „eyða umræddri orðsendingu og að bannað verði að nota hana á nokkurn hátt...“ Orðsendingin er svohljóðandi:

„Sæll

Með vísan til samtals okkar áðan sendi ég þér neðangreindar upplýsingar:

Eftirfarandi aðilar: [A, E, F og G], komu í Íslandsbanka hf. og reyndu að koma í verð banka-ábyrgð útgefni af Fortis Banque, Bruxelles, að fjárhæð Euro 60.000.000,-. Við eftirgrennslan kom í ljós að umrædd ábyrgð er fölsuð. Hafa þrír fyrstnefndu einstaklingarnir [A, E og F] verið handteknir og verður óskað eftir gæsluvarðhaldi yfir þeim síðar í dag. Rannsókn lögreglu leiddi í ljós að í vörslum þremminganna var fjöldi láns samninga, ábyrgða og annarra fjármálagerna, þannig að líklegt er að þeir hafi ekki einungis verið að reyna að hafa fé út úr Íslandsbanka hf. Varar Íslandsbanki hf. því aðrar fjármálastofnanir við að eiga viðskipti við framangreinda einstaklinga.“

Nafn kvartanda er misritað og rangt farið með að G hafi komið í Íslandsbanka hinn 19. janúar. Að öðru leyti virðist orðsendingin ekki hafa að geyma rangar upplýsingar, heldur annars vegar upplýsingar um atburði sem sannanlega áttu sér stað og hins vegar það persónulega mat þess sem orðsendinguna skrifar að viðkomandi einstaklingar hafi reynt að hafa fé út úr Íslandsbanka og hugsanlega öðrum aðilum. Því verður ekki mælt fyrir um leiðréttingu upplýsinganna og eðli málsins samkvæmt leysir Persónuvernd ekki úr kröfum um eyðingu eða bann við notkun upplýsinga sem fela í sér persónulegt mat eða skoðun einstaklings. Kröfur kvartanda verða hins vegar teknar til athugunar að öðru leyti.

### 2.1.

#### *Eyðing*

Ekki þykir óeðlilegt, í ljósi málsatvika, að Glitnir, áður Íslandsbanki, hafi undir höndum upplýsingar um að kvartandi hafi verið handtekinn í tengslum við atburðina sem mál þetta er sprottið af. Því verður ekki talið að upplýsingarnar hafi verið skráðar án tilskilinnar heimildar þrátt fyrir að miðlun þeirra til SBV og annarra fjármálafyrirtækja hafi verið óheimil. Með vísan til þess verður Glitni ekki gert að eyða umræddri tilkynningu á grundvelli 1. mgr. 25. gr. laga nr. 77/2000.

Samkvæmt 2. mgr. 26. gr. laga nr. 77/2000 getur skráður aðili, standi ákvæði laga því ekki í vegi, krafist þess að upplýsingum um hann, sem málefnalegt er að varðveita, sé eytt eða notkun þeirra bönnuð ef slíkt telst réttlætanlegt út frá heildstæðu hagsmunamati. Þegar litið er til þess að Glitni kann að vera þörf á að varðveita umrædda tilkynningu ef til málshöfðunar af hálfu kvartanda kemur verður ekki, á grundvelli þessa ákvæðis, mælt fyrir um eyðingu hennar eða bann við sérhverri notkun.

Persónuvernd hefur þegar komist að þeirri niðurstöðu að miðlun Glitnis, áður Íslandsbanka, á upplýsingum um handtöku kvartanda til SBV hafi ekki verið í samræmi við lög nr. 77/2000. Að öllu jöfnu hefði því mátt fallast á kröfu kvartanda um að SBV eyddi umræddri tilkynningu þar sem samtökin höfðu ekki heimild til skráningar tiltekinna upplýsinga sem koma fram í henni. SBV framsendi tilkynninguna hins vegar til annarra fjármálafyrirtækja og kvartandi hefur sagt að hann sé að íhuga málshöfðun vegna þess. Samkvæmt 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 er vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga heimil sé hún nauðsynleg til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja. Því verður að telja að SBV sé heimilt að varðveita tilkynningu þá sem hér um ræðir og verður ekki fallist á kröfu kvartanda um eyðingu hennar eða bann við sérhverri notkun, sbr. einnig 2. mgr. 26. gr. laga nr. 77/2000.

## 2.2.

### *Aukið við upplýsingarnar*

Þá stendur eftir að taka til athugunar hvort Glitni og SBV hafi verið skylt að grípa til aðgerða á þeim grundvelli að upplýsingarnar í tilkynningunni séu ófullkomnar í skilningi 1. mgr. 25. gr. laga nr. 77/2000.

Ákvæði 1. mgr. 25. gr. laga nr. 77/2000 er sett til samræmis við d-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar nr. 95/46/EB. Þar er kveðið á um að upplýsingar skuli vera áreiðanlegar og, ef þörf krefur, uppfærðar og að gera verði allar eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að upplýsingar sem eru óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við markmiðin með söfnun þeirra eða frekari vinnslu, verði afmáðar eða leiðréttar. Í samræmi við þetta tekur 1. mgr. 25. gr. m.a. til persónuupplýsinga sem eru ófullkomnar og á að tryggja að úreltar upplýsingar séu uppfærðar, sé þess þörf. Við slíkar upplýsingar skal aukið ef það hefur áhrif á hagsmuni hins skráða og ef þeim hefur verið miðlað ber ábyrgðaradila, eftir því sem honum er frekast unnt, að hindra að miðlunin hafi áhrif á hagsmuni hins skráða. Eðli málsins samkvæmt gildir þetta líka þegar persónuupplýsingum hefur verið miðlað með ólögumætum hætti.

Við mat á því hvaða upplýsingar teljast ófullkomnar verður að líta til þeirra markmiða sem upplýsingarnar eru unnar í, sbr. d-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar nr. 95/46/EB, sbr. einnig 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000. Fyrir liggur að tilkynningin sem um ræðir var send í varúðarskyni til tengiliða fjármálafyrirtækja sem hafa eftirlit með öryggismálum vegna þess að sendendur hennar töldu að hætta væri á fjármálamisferli. Upplýsingar um afdrif máls kvartanda fyrir dómstólum og hjá lögreglu höfðu því augljóslega vægi að þessu leyti. SBV sendi tilkynningar, dags. 24. febrúar og 3. júlí sl., á sömu viðtakendur og fengu upphaflegu tilkynninguna þess efnis að kröfu um farbann yfir kvartanda hefði verið hafnað, að lögreglurannsókn hefði verið hætt og mál hans verið fellt niður. Því verður að telja að SBV hafi þegar sinnt skyldu skv. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 77/2000 að þessu leyti og ekki verður séð að kvartandi hafi hagsmuni af því að Glitnir sendi tilkynningu sama efnis á SBV eða þau fjármálafyrirtæki sem móttóku upphaflegu tilkynninguna.

### *Úrskurðarorð:*

Miðlun Glitnis, áður Íslandsbanka, til SBV á upplýsingum um að kvartandi hafi framvísað falsaðri bankaábyrgð og haft fleiri skjöl í fórum sínum var heimil. Miðlun upplýsinga á milli sömu aðila um handtöku kvartanda var hins vegar óheimil. Sama gildir um miðlun sömu upplýsinga á milli SBV og annarra fjármálafyrirtækja.“

### **3.2.21. Miðlun upplýsinga um greiðslu skuldar frá yfirvöldum til Lánstrausts hf. – mál 2006/558**

19. desember 2006 gaf stjórn Persónuverndar álit í máli varðandi miðlun upplýsinga um greiðslu skuldar frá yfirvöldum til Lánstrausts hf. Embætti sýslumanns hafði á sínum tíma sent Lánstrausti hf. upplýsingar um árangurslaust fjárnám hjá B ehf. sem gert var að kröfu Tollstjórans í Reykjavík. Skömmu síðar greiddi B hins vegar skuldina við Tollstjóra og kvartaði hann yfir því til Persónuvernd-

ar að sýslumannsembættið hefði látið hjá líða að senda upplýsingar um fjárnámið til Tollstjóra sem hefði þá, í ljósi vitneskjunnar um fjárnámið, átt að koma upplýsingum um greiðslu skuldarinnar til Lánstrausts hf. til að forða því að nafn B ehf. yrði fært á vanskilaskrá.

Álit Persónuverndar var svohljóðandi:

„Í 2. mgr. 45. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga er mælt fyrir um heimild dómsmálaráðherra til að setja reglugerð um heimild til söfnunar og skráningar upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust fyrirtækja, svo og annarra lögaðila, í því skyni að miðla til annarra upplýsingum um það efni. Þessa heimild hefur ráðherra nýtt til setningar reglugerðar nr. 246/2001 um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust. Í 2. gr. reglugerðarinnar er mælt fyrir um að slík starfsemi skuli háð leyfi frá Persónuvernd. Með vísan til þess hefur stofnunin veitt Lánstrausti hf. leyfi til starfrækslu vanskilaskrár með upplýsingum um fjárhagsmálefni og lánstraust lögaðila, nú síðast 1. september 2006.

Samkvæmt starfsleyfinu hefur Lánstraust hf. m.a. rétt til aðgangs að upplýsingum um árangurslaus fjárnám, sbr. 2. tölul. b-liðar 2. gr. leyfisins. Eftir öflun upplýsinga þar að lútandi ber Lánstrausti hf., sem endranær, að láta hinn skráða vita af upplýsingaöfluninni 14 dögum áður en upplýsingum er miðlað í fyrsta sinn, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 77/2000, sbr. og 1. mgr. greinar 7.1 í starfsleyfinu. Svo að tryggt sé að þetta sé virt verður í framkvæmd að senda hinum skráða slíka tilkynningu í það minnsta 14 dögum áður en upplýsingarnar eru færðar á vanskilaskrá, enda verða þær þá aðgengilegar öllum áskrifendum að þeirri skrá.

Reglan um að hinn skráði skuli látinn vita með 14 daga fyrirvara um miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust hefur þann tilgang að gera honum kleift að gæta hagsmuna sinna, s.s. greina frá því ef krafan er greidd, en þá er skráning upplýsinga um hana óheimil, sbr. 1. mgr. 5. gr. framangreinds starfsleyfis. Eins og sjá má af þessu er á því byggt að hinn skráði geri sjálfur reka að því að gæta hagsmuna sinna í aðdraganda þess að upplýsingar eru færðar á vanskilaskrá.

Að framansögðu athuguðu, og í ljósi þess hvernig mál þetta er vaxið, er það því hvorki hlutverk stjórnvalds, sem gert hefur aðför hjá hinum skráða vegna vanskila á kröfunni, né á þess færi að sjá til þess að upplýsingar séu ekki færðar á skrána þar eð krafan hafi verið greidd.

Í ljósi framangreinds telur Persónuvernd ekki annað hafa komið fram en að vinnsla persónuupplýsinga í tengslum við umrædda kröfu hafi verið lögum samkvæm.

### *Álitsorð:*

Ekki er tilefni til athugasemda við vinnslu sýslumannsembættisins í Reykjavík á persónuupplýsingum í tengslum við kröfu á hendur B ehf., sem varð tilefni árangurslauss fjárnáms hjá því félagi hinn 20. september 2006, í ljósi ákvæða laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.“





---

## 4. Erlent samstarf

---

### 4.1. Samstarf norrænna persónuverndarstofnana

1. Á árinu 2005 var ákveðið að fundir forstjóra persónuverndarstofnana á Norðurlöndunum yrðu framvegis haldnir annað hvert ár. Var því ekki haldinn slíkur fundur á árinu 2006.
2. Fundur starfsmanna persónuverndarstofnana á Norðurlöndunum var haldinn í Helsinki 15.-16. júní. Fundinn sóttu Særún María Gunnarsdóttir og Arnhildur G. Guðmundsdóttir.

### 4.2. Samstarf evrópskra persónuverndarstofnana

1. 13. fundur starfsmanna evrópskra persónuverndarstofnana var haldinn 27.-28. mars í Madríd. Fundinn sóttu Þórður Sveinsson og Ingvi Snær Einarsson. 14. fundur var haldinn 13.-14. nóvember í Aþenu. Fundinn sóttu Þórður Sveinsson og Særún María Gunnarsdóttir.
2. Vinnuhópur samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB hélt fimm fundi á árinu. Forstjóri sótti fundi sem haldnir voru 31. janúar til 1. febrúar, 13.-14. júní, 26.-27. september og 21.-22. nóvember. Fundur sem haldinn var 4.-5. apríl var ekki sóttur.
3. Vorfundur forstjóra evrópskra persónuverndarstofnana var haldinn í Búdapest í Ungverjalandi 23.-25. apríl 2006. Ekki voru tök á því að senda fulltrúa á fundinn.
4. Sameiginlega Schengen-eftirlitsstofnunin (JSA) hélt fjóra fundi í Brussel á árinu, þ.e. 2. mars, 27. júní, 18. október og 7. desember. Særún María Gunnarsdóttir sótti fundina sem haldnir voru 2. mars, 27. júní og 18. október. Fundurinn, sem haldinn var 18. október, var ekki sóttur.
5. Haldinn var fundur á vegum Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar um Eurodac-fingrafaragagnagrunninn í Brussel 28. júní. Særún María Gunnarsdóttir sótti fundinn.
6. Vinnuhópur um lögreglumál (Police Working Party) hélt fundi 18. október og 7. desember. Fyrirnefnda fundinn sótti Særún María Gunnarsdóttir, en sá síðarnefndi var ekki sóttur.

### 4.3. Alþjóðlegt samstarf

28. alþjóðaráðstefna forstjóra persónuverndarstofnana var haldin í London 2.-3. nóvember. Ráðstefnuna sótti forstjóri.

### 4.4. Samstarf á vettvangi Evrópuráðsins

Ráðgefandi nefnd Evrópuráðsins um gagnavernd (T-PD) hélt fund í Strassborg 8.-10. mars. Fundinn sótti Ingvi Snær Einarsson.

### 4.5. Nánari umfjöllun um einstaka þætti erlends samstarfs sem tilgreint er hér að framan

#### 4.5.1. Um fund starfsmanna norrænna persónuverndarstofnana

Vinnufundur löglærðra starfsmanna norrænna persónuverndarstofnana var haldinn í Helsinki 15.-16. júní 2006. Fundinn sóttu f.h. Persónuverndar Særún María Gunnarsdóttir og Arnhildur G.

Guðmundsdóttir. Rætt var á fundinum um rafræna vöktun á vinnustað með notkun GPS-tækni í farsímum; rétt hins skráða til vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga, þ. á m. rétt til að fá útdrátt og afrit; tölvupóstvöktun á vinnustað; upptöku símtala; álitæfni tengd persónuskilríkjum; persónuauðkennabjörgnað; það merkasta, sem gerst hafði í hverju einstöku ríki frá því síðasti fundur löglærðra starfsmanna var haldinn 2005; lyfjapróf á vinnustað; vernd persónuupplýsinga frá sjónarhóli neytendaverndar; miðlun persónuupplýsinga til landa utan EES; og samþykki til vinnslu persónuupplýsinga.

#### **4.5.2. Um fundi starfsmanna evrópskra persónuverndarstofnana**

13. fundur starfsmanna hjá evrópskum persónuverndarstofnunum var haldinn í Madríd á Spáni 27.-28. mars. Fundinn sóttu Þórður Sveinsson og Ingvi Snær Einarsson. Á fundinum var rætt um vernd persónuupplýsinga á vinnustað; kennitölur og samræmd persónuskilríki; leiðir, sem persónuverndarstofnanir geta farið til að ná til almennings, s.s. almennt fræðslustarf; vernd persónuupplýsinga andspænis upplýsingafrelsi, þ.e. rétti almennings til aðgangs að upplýsingum, sem varðveittar eru hjá stjórnvöldum; eftirlit persónuverndarstofnana og úttektir á lögmæti og öryggi slíkra upplýsinga; málefni líðandi stundar; og vernd persónuupplýsinga hjá opinberum stofnunum.

14. fundur var haldinn í Aþenu 13.-14. nóvember. Fundinn sóttu Þórður Sveinsson og Særún María Gunnarsdóttir. Á fundinum var rætt um framtak persónuverndarstofnana á sviði rafrænnar stjórnsýslu; hvernig rafræn stjórnsýsla horfir við reglum um meðferð persónuupplýsinga; rafræna vöktun; meðferð IP-talna (vistfanga); undanþágu 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2002/58/EB, um vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs í fjarskiptum, frá banni við upptökum símtala án samþykkis, en undanþágan gildir um upptökur í löglegum viðskiptum til sönnunar um viðskipti eða önnur samskipti í atvinnulífinu; söfnun, skráningu og miðlun persónuupplýsinga í þágu banka- og fjármálastarfsemi; málefni líðandi stundar; og stjórnsýsluframkvæmd stofnana, ýmist að eigin frumkvæði eða þegar brugðist er við kvörtunum.

#### **4.5.3. Um starf vinnuhóps samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB**

Hér er um að ræða ráðgefandi vinnuhóp sem starfar samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB, um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálst flæði slíkra upplýsinga, en íslensk löggjöf verður að samrýmast þessari tilskipun.

Vinnuhópurinn, sem heldur fundi sína í Brussel, er skipaður fulltrúum eftirlitsyfirvalda í aðildarríkjum ESB, sem og áheyrnarfulltrúum frá öðrum þeim löndum sem fara að reglum tilskipunarinnar, þ. á m. Íslandi. Á árinu 2006 voru haldnir fimm fundir: 54. fundur, 31. janúar til 1. febrúar; 55. fundur, 4.-5. apríl; 56. fundur, 13.-14. júní; 57. fundur, 26.-27. september; og 58. fundur, 21.-22. nóvember. Persónuvernd sendi fulltrúa á 54., 56., 57. og 58. fund. Vegna anna stofnunarinnar reyndist hins vegar ekki unnt að senda fulltrúa á 55. fund.

Vinnuhópurinn tekur mál upp að frumkvæði formanns, eftirlitsyfirvalda í aðildarríkjum Evrópusambandsins eða framkvæmdastjórnar þess. Á fundunum eru síðan samþykkt, með einföldum meirihluta atkvæða, álit og tilmæli um þau efni sem þar eru rædd. Þau eru send framkvæmdastjórninni, sem tekur síðan bindandi ákvarðanir, m.a. um til hvaða landa utan EES-svæðisins senda megi persónuupplýsingar, og ráðgjafarnefnd hennar um málefni tengd vinnslu persónuupplýsinga. Ákvæði um þá nefnd eru í 31. gr. tilskipunar 95/46/EB. Hún er skipuð fulltrúum aðildarríkja ESB og á fundi hennar sendir Ísland ekki áheyrnarfulltrúa.

Þau álit, sem vinnuhópurinn samþykkti á árinu 2006, má finna á vefslóðinni [http://ec.europa.eu/justice\\_home/fsj/privacy/workinggroup/wpdocs/2006\\_en.htm](http://ec.europa.eu/justice_home/fsj/privacy/workinggroup/wpdocs/2006_en.htm), en einnig má finna þar ýmist önnur skjöl, þ. á m. ársskýrslu fyrir árið 2005. Álitin eru sem hér greinir:

*Álit nr. 1/2006 um beitingu evrópskra persónuverndarreglna á „flautublástur“ á sviði endurskoðunar, innri endurskoðunar, innra eftirlits og baráttu gegn mútum, brotum í starfsemi banka og fjármálabrotum. – Þetta álit var gefið út 1. febrúar af tilefni þess fyrirkomulags, sem verið er að koma á innan*

ýmissa fjölþjóðlegra fyrirtækja að kröfu bandarískra yfirvalda, að gera starfsmönnum kleift að senda tilkynningar um brot í starfsemi fyrirtækjanna til sérstakra deilda innan þeirra án þess að fram komi hverjir þeir séu. Slíkar tilkynningar eiga að geta verið alveg nafnlausar þannig að ekki einu sinni yfirvöld fái vitneskju um hver tilkynnandinn sé. Er tilkynnandinn þá kallaður „flautublásari“ (e. whistleblower).

Kröfur um þetta fyrirkomulag birtast í svonefndum Sarbanes-Oxley-lögum sem bandaríska þingið setti árið 2002 í kjölfar hneykslismála í þarlandum fjármálaheimi. Samkvæmt þessum lögum þurfa bandarísk fyrirtæki ásamt dótturfyrirtækjum þeirra í Evrópu, og einnig öll þau fyrirtæki sem skráð eru á bandarískum hlutabréfamarkaði, að koma á kerfi fyrir framangreindar tilkynningar. Geri fyrirtæki það ekki getur það orðið að greiða háar fjársektir. Í þessu geta falist ýmis álitæfni varðandi vernd persónuupplýsinga og er því mögulegt að þegar farið er að þessum bandarísku reglum sé um leið brotið gegn evrópskum persónuverndarreglum. Það getur einnig haft í för með sér fjársektir. Af tilefni þessa gaf vinnuhópurinn álit sitt í því skyni að leysa úr lagalegum álitæfnum.

Í álitinu minnir vinnuhópurinn á að beiting umræddra reglna felur í miklum meirihluta tilvika í sér vinnslu persónuupplýsinga. Huga verði að rétti þeirra einstaklinga sem verða að sæta að því að sendar eru um þá nafnlausar tilkynningar þess efnis að þeir hafi gerst brotlegir í starfi. Slíkar tilkynningar geti haft í för með sér mjög alvarlegar afleiðingar fyrir þessa einstaklinga, jafnvel áður en þeir fá um það vitneskju að þeir liggja undir grun. Til að draga úr hættum þessu tengdu séu persónuverndarreglur mikilvægar.

Bent er á að svo að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil þarf hún ávallt að fullnægja einhverju skilyrðanna í 7. gr. tilskipunar 95/46/EB (sbr. 8. gr. pul.). Það að vinnsla persónuupplýsinga sé nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu (c-liður 7. gr. tilskipunarinnar) sé fullnægjandi heimild þegar um ræði evrópsk lög. Hið sama gilda hins vegar ekki um bandarísk lög. Sé ekki til að dreifa evrópskri lagaheimild geti umrædd vinnsla engu að síður verið heimil, þ.e. á grundvelli þess að vinnsla persónuupplýsinga er heimil sé hún nauðsynleg til að gæta lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða vegi þyngra (f-liður 7. gr. tilskipunarinnar). Af því séu lögmætir hagsmunir að fyrirbyggja afbrot innan fyrirtækja. Þá hagsmuni verði hins vegar að meta andspænis einkalífs-hagsmunum hins skráða.

Auk þess sem heimild þurfi að vera til umræddrar vinnslu þurfi hún að fullnægja skilyrðum 6. gr. tilskipunarinnar (sbr. 7. gr. pul.). Vinnslan þurfi því að vera sanngjörn og lögmæt. Þá þurfi upplýsinganna að vera aflað í skýrum, yfirlýstum og málefnalegum tilgangi og ekki megi nota þær í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi. Auk þess þurfi upplýsingarnar m.a. að vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt sé í ljósi tilgangs vinnslunnar, auk þess sem leiðréttá þurfi rangar og ófullkomnar upplýsingar eða eyða þeim.

Samkvæmt framangreindu telur vinnuhópurinn rétt að fyrirtæki fari yfir það hvort rétt sé að allir starfsmenn geti sent umræddar tilkynningar eða hvort það eigi einungis að vera tilteknir starfsmenn; hvort hægt eigi að vera að senda tilkynningar um alla starfsmenn eða hvort einungis tilteknir starfsmenn eigi að geta þurft að sæta slíku; og hvort tilkynningar eigi að vera nafnlausar eða hvort tilkynningar eigi að vera undir nafni þannig að eingöngu sé um það að ræða að gætt sé trúnaðar um hver hefur sent tilkynningu. Vinnuhópurinn telur ýmis torkerki vera á nafnlausum tilkynningum og bendir m.a. á að þá er erfiðara að rannsaka mál þar eð ekki er hægt að ráðfæra sig við tilkynnandann, að innan fyrirtækis kann það að verða venjubundið að sendar séu nafnlausar tilkynningar til að koma höggi á menn og að andrúmsloftið innan fyrirtækis kann að verða slæmt ef starfsmenn eru sér meðvitaðir um að sendar kunni að verða um þá nafnlausar tilkynningar.

Í ljósi þessa telur vinnuhópurinn að almennt eigi aðeins að taka við tilkynningum undir nafni. Lítur hann þar til þess grundvallarskilyrðis að vinnsla á að vera sanngjörn. Engu að síður telur hann ekki hægt að útiloka nafnlausar tilkynningar, enda geti það verið svo í ákveðnum tilvikum að tilkynnandi sé ekki í aðstöðu til að koma fram undir nafni. Ekki beri hins vegar að hvetja til nafnlausra tilkynninga. Þá eigi m.a. að fræða þá sem hyggjast senda inn tilkynningu um að komi þeir fram

undir nafni verði því haldið leyndu að því undanskildu að nauðsynlegt geti verið að greina þeim sem koma að meðferð máls, s.s. innan dómskerfisins, um hverjir þeir séu.

Tryggja verði að upplýsingar séu ekki umfram það sem nauðsynlegt sé. Þær eigi því aðeins að tengjast því markmiði sem tilkynningarnar eiga að þjóna. Til að tryggja slíkt eigi fyrirtæki m.a. að skilgreina hvers konar upplýsingum unnt eigi að vera að koma á framfæri með nafnlausum tilkynningum. Eyða eigi upplýsingum þegar ekki sé lengur nauðsynlegt að varðveita þær, almennt innan tveggja mánaða frá því að rannsókn á máli lýkur. Sé ákveðið að beita agaviðurlögum eða höfða mál á hendur þeim sem tilkynningin lýtur að, eða eftir atvikum þeim sendi tilkynninguna séu sakargiftir rangar, megi varðveita þær lengur, þ.e. þar til máli er lokið og ekki er lengur hægt að áfrýja niðurstöðu eða kæra hana. Komi í ljós að tilkynning eigi ekki við rök að styðjast eigi að eyða henni án tafar.

Veita verði fræðslu um að til staðar sé kerfi fyrir umræddar tilkynningar. Þá verði sérstaklega að huga að réttindum þess sem verður fyrir ávirðingum og veita honum fræðslu um að tilkynning hafi borist þar sem fram komi tiltekin atriði. Hann geti þá átt rétt á andmælum á grundvelli lögmætra knýjandi ástæðna, sbr. 14. gr. tilskipunarinnar (sbr. 1. mgr. 28. gr. pul.). Þá eigi hann að geta óskað eftir nánari vitneskju um vinnsluna. Sá réttur sé þó háður takmörkunum til að vernda réttindi annarra. Hann geti aldrei fengið að vita hver sendi tilkynningu nema send hafi verið röng tilkynning af ásetningi.

Gæta verði að öryggi upplýsinga, þ. á m. um hverjir hafi sent inn tilkynningar þannig að vitneskja um slíkt berist ekki óviðkomandi. Huga þurfi sérstaklega að málsmeðferð og að gætt sé trúnaðar innan þeirrar deildar fyrirtækis sem tekur við tilkynningum. Sé utanaðkomandi aðili fenginn til að taka við tilkynningum þurfi að gera við hann sérstakan samning þar sem fram komi m.a. strangar kröfur um trúnað og leynd. Almennt eigi aðeins að fjalla um tilkynningar innan eins aðildarríkis og skuli aðeins vikið frá því þegar það sé nauðsynlegt í þágu rannsóknar máls. Skuli þá gætt leyndar. Miðlun upplýsinga til þriðju landa komi til greina þegar um sé að ræða fyrirtæki innan Bandaríkjaanna sem hefur undirgengist reglur um svonefndar öruggar hafnir (fyrirtækið telst þá vera slík örugg höfn og þar með veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd), þegar gerður hefur verið samningur sem tryggir nægilega vernd upplýsinga og þegar innan fjölþjóðlegs fyrirtækis eru í gildi svonefndar bindandi fyrirtækjareglur sem tryggja slíka vernd. Tilkynna verði um umrædda vinnslu til persónuverndarstofnana innan viðkomandi aðildarríkja og eftir atvikum afla leyfis þeirra geri lög viðkomandi ríkis ráð fyrir því.

*Álit nr. 2/2006 um álitaefti varðandi friðhelgi einkalífs við tölvupóstskimun.* – Þetta álit var gefið út 21. febrúar og fjallar um tækni, einkum svonefnda ISP- og ESP-tækni, sem notuð er til að skima tölvupóst til að vinsa út ruslpóst og skeyti með tölvuvírusum og öðru óæskilegu innihaldi. Minnt er á að bréfskipti njóta friðhelgi samkvæmt 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og að samkvæmt dómaframkvæmd mannréttindadómstólsins falla m.a. opnun bréfa, lestur þeirra, töf á að þau berist viðtakanda og hindranir á sendingu þeirra undir þá friðhelgi. Telur vinnuhópurinn nánast öruggt að skipti á tölvubréfum falli undir 8. gr. sáttmálans og að þeir sem skiptast á þeim eigi því réttmæta væntingu á að samskipti þeirra séu ekki skoðuð af þriðja aðila.

Bent er á að því aðeins má skerða umrædda friðhelgi að lög mæli fyrir um skerðinguna og nauðsyn beri til hennar í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, almannaeilla eða efnalegrar farsældar þjóðarinnar, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra (2. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmálans). Ekki aðeins beri ríkisvaldinu skylda til að skerða ekki friðhelgi einkalífs nema að þessum skilyrðum fullnægðum. Þegar einkaaðilar hafi með höndum starfsemi, sem skert getur friðhelgi einkalífs, beri þjóðríkjum einnig að sjá til þess að einstaklingar geti náð fram rétti sínum á hendur slíkum aðilum vegna brota á einkalífsréttindum. Í því felist m.a. að til staðar þurfi að vera löggjöf sem gerir einstaklingum þetta kleift.

Auk þess sem tölvupóstsamskipti njóti verndar samkvæmt mannréttindasáttmálanum njóti þau verndar samkvæmt persónuverndartilskipuninni nr. 95/46/EB og samkvæmt tilskipun 2002/58/EB

um vinnslu persónuupplýsinga og vernd friðhelgi einkalífs í fjarskiptum. Minnt er á að samkvæmt 5. gr. síðarnefndu tilskipunarinnar eiga aðildarríki að banna hlustun, upptöku, geymslu eða aðrar tegundir hlerunar eða eftirlits með fjarskiptum af hálfu annarra en aðila að fjarskiptunum. Þá er minnt á að samkvæmt 4. gr. á sá sem veitir fjarskiptaþjónustu að sjá til þess að öryggis sé gætt við veitingu þjónustunnar.

Fram kemur að vinnuhópurinn telur að notkun umræddrar tækni til að vinsa út tölvupóstskreyti með vírusum eða til að eyða út vírusum fái samrýmt framangreindum reglum og megi raunar líta á slíkt sem þátt í að tryggja öryggi, sbr. 4. gr. Slíkt megi og fella undir b-lið 7. gr. persónuverndartilskipunarinnar sem heimilar vinnslu persónuupplýsinga sé hún nauðsynleg til að efna samning við hinn skráða. Hins vegar verði að gæta að því að innihaldi tölvupóstskreyta sé haldið leyndu, að finnist vírus sé það tryggt að trúnaður um samskipti sé virtur og að sé leitað að vírusum með því að kanna innihald tölvupóstskreytis skuli það gert á vélrænan hátt og aðeins í þeim tilgangi að finna vírusa.

Vinnuhópurinn telur það einnig falla undir 4. gr. tilskipunar 2002/58/EB að vinsa út ruslpóst, enda megi fella það undir öryggi tölvupóstþjónustu að tryggja að hún verði ekki óstarfhæf vegna mikils magns af slíkum pósti. Hins vegar minnir vinnuhópurinn á að það að vinsa út skreyti getur leitt til þess að skreyti, sem ekki ætti að vinsa út, berist ekki viðtakanda. Það feli í sér skerðingu á tjáningarfrelsi og rétti til að eiga samskipti. Í ljósi þessa beinir vinnuhópurinn því til veitenda fjarskiptaþjónustu að þeir gefi viðskiptavinum kost á að kjósa hvort þeir láti sía út ruslpóst og hvaða tegundir ruslpósts þeir láti þá sía út, sem og til að athuga hvort tölvupóstskreyti, sem merkt eru sem ruslpóstur, séu það í raun. Einnig beinir hann því til veitenda þjónustu að þeir bjóði viðskiptavinum upp á hugbúnað sem þeir geta sjálfir sett upp í því skyni að stýra hvers konar tölvupóstur þeim berst og hvers konar tölvupóstur þeim berst ekki.

Það að vinsa út póst með ákveðnu efnisinnihaldi telur vinnuhópurinn ekki falla undir 4. gr. tilskipunar 2002/58/EB. Sé það gert án samþykkis feli það í sér skerðingu á tjáningarfrelsi og brjóti gegn framangreindu ákvæði 5. gr. tilskipunarinnar. Þurfi því að afla samþykkis nema því aðeins að mæla megi fyrir um slíka skoðun í lögum með vísan til 15. gr. tilskipunarinnar (en það ákvæði varðar undanþágur frá meginreglum tilskipunarinnar um friðhelgi einkalífs í þágu m.a. löggæslu; slík ákvæði verða að fullnægjum öllum skilyrðum 2. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu fyrir skerðingum á réttindum til friðhelgi einkalífs).

Vinnuhópurinn bendir á mikilvægi þess að veitt sé fræðsla um tölvupóstskimun, sbr. 10. gr. persónuverndartilskipunarinnar og einnig kröfu a-liðar 1. mgr. 6 gr. þeirrar tilskipunar um sanngirni við vinnslu persónuupplýsinga. Slíka fræðslu sé víðeigandi að veita viðskiptavinum þegar hann sækir um þjónustu. Í þessu sambandi víkur vinnuhópurinn sérstaklega að hugbúnaði sem gerir sendanda tölvupóstskreytis það kleift að sjá hvort viðtakandi skreytis hafi lesið það, hvenær hann hafi lesið það, hversu oft, hvort hann hafi framsent það og á hvaða netþjón það hafi verið framsent. Þar sem viðtakandinn hafi enga vitneskju um þennan hugbúnað stríði þetta gegn grundvallarreglum um persónuvernd og eigi notkun búnaðarins aðeins að vera heimil á grundvelli upplýsts samþykkis.

*Álit nr. 3/2006 um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2006/24/EB um varðveislu upplýsinga sem til verða eða unnið er með í tengslum við veitingu fjarskiptaþjónustu, sem aðgengileg er almennungi, eða starfrækslu almenns fjarskiptanets og sem breytir tilskipun 2002/58/EB.* – Þetta álit var gefið út 25. mars af tilefni nýrrar tilskipunar sem mælir fyrir um skyldu fjarskiptafyrirtækja til að varðveita upplýsingar um fjarskipti svo að þær megi nota til að berjast gegn alvarlegum glæpum. Vinnuhópurinn bendir á að með þessari tilskipun gæti grundvallarréttindum og frelsi allra evrópskra borgara verið ógnað og minnir á athugasemdir sínar í áliti um drög að tilskipuninni frá 21. október 2005 (sjá ársskýrslu Persónuverndar fyrir árið 2005, bls. 66-67). Þá bendir vinnuhópurinn á að tilskipunin er mjög opin fyrir túlkun. Hann leggur til að aðildarríki samræmi framkvæmd sína á ákvæðum tilskipunarinnar.

Við slíka samræmingu verði að hafa eftirfarandi í huga: Tilgang varðveislunnar skuli afmarka skýrt og ekki eigi að vinna með upplýsingarnar í öðrum tilgangi nema því aðeins að fullnægt sé ströngum skilyrðum; upplýsingar skuli aðeins vera aðgengilegar sérstaklega tilgreindum löggæsluyfir-

völdum og skuli það gert opinbert hver þau séu, auk þess sem allan aðgang verði að skrá til að unnt sé að viðhafa eftirlit; aðeins skuli varðveita þær upplýsingar sem nauðsynlegar séu og verði gerðar breytingar á lista yfir upplýsingar, sem skuli varðveita, skuli fara fram strangt mat á nauðsyn þess; varðveisla fjarskiptaupplýsinga skuli ekki leiða til notkunar þeirra til eftirlits með ferðum og fjarskiptum fólks, sem ekki liggur undir grun um refsivert athæfi; að meginreglu skuli aðgangur heimilaður hverju sinni af dómstóli; fjarskiptafyrirtæki megi ekki nota upplýsingar, sem varðveittar séu í þágu löggæslu, í eigin þágu; tölvukerfi, þar sem varðveittar séu upplýsingar í þágu löggæslu, skuli aðskilin frá öðrum tölvukerfum fjarskiptafyrirtækja; og beita verði viðeigandi tæknilegum og skipulagslegum ráðstöfunum til að vernda öryggi upplýsinga.

*Álit nr. 4/2006 um tilkynningu frá 20. nóvember 2005 um fyrirhugaða reglusetningu bandaríska heilbrigðisráðuneytisins um heftingu smitsjúkdóma og söfnun farþegaupplýsinga.* – Þetta álit var gefið út 14. júní og fjallar um kröfur sem Bandaríkin fyrirhuga að gera til flug- og skipafélaga sem fljúga eða sigla til Bandaríkjanna. Samkvæmt þessum kröfum eiga félögin að safna ákveðnum upplýsingum um alla áhafnar meðlimi og farþega og skulu þær varðveittar í 60 daga. Þetta eru m.a. upplýsingar um nafn, tölvupóstfang, heimilisfang, vegabréfsnúmer, nöfn ferðafélaga, hvenær farið verði til baka og símanúmer, sem og atriði sem ekki eru sérstaklega tilgreind en bandarísk yfirvöld telja nauðsynleg hverju sinni. Upplýsingarnar á að nota til að hamlá gegn smitsjúkdómum og ber að afhenda þær bandarískum yfirvöldum á rafrænu formi innan tólf daga frá því að þeirra er krafist. Það að miðla ekki upplýsingunum varðar sektum.

Vinnuhópurinn telur enga af heimildum 7. gr. persónuverndartilskipunarinnar (sbr. 8. gr. pul.) eiga við um umrædda miðlun upplýsinganna frá evrópskum flug- og skipafélögum. Þá bendir hann á að 60-daga-varðveislutíminn miðast ekki við það hversu lengi neinn tiltekinn sjúkdómur getur smitast. Verður ráðið af álitinu að hann telur óljóst hvort farið sé að meðalhófsþjónarmiðum. Þá bendir hann á að í 23. gr. alþjóðlegra heilsureglugerða, sem Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO) gaf út árið 2005, er gert ráð fyrir að sé gerð krafa um upplýsingar í þágu baráttu gegn smitsjúkdómum verði að tilgreina þær hverju sinni. Eins og áður greinir séu hins vegar ekki tilgreindar allar þær upplýsingar sem bandarísk yfirvöld kunni að fara fram á hverju sinni heldur gert ráð fyrir að þau meti það hverju sinni hvort einhverra viðbótarupplýsinga sé þörf.

Auk þess telur vinnuhópurinn enga af heimildum 26. gr. persónuverndartilskipunarinnar til miðlunar persónuupplýsinga til þriðja lands, sem ekki veitir slíkum upplýsingum fullnægjandi vernd, í þessu tilviki Bandaríkjanna, heimila umrædda miðlun til þarlanda yfirvalda. Þá telur vinnuhópurinn óljóst hvernig farþegar verði fræddir um miðlunina og bendir jafnframt á að í 45. gr. framangreindra heilsureglugerða er að finna kröfur til verndar persónuupplýsinga. Kemur þar m.a. fram að aðeins skal unnið með persónuupplýsingar þegar það er nauðsynlegt til að meta og takast á við ógn við heilsu almennings.

Í ljósi framangreinds er niðurstaða vinnuhópsins sú að umrædd miðlun myndi brjóta gegn persónuverndartilskipuninni en auk þess ekki samrýmast kröfum reglugerða WHO. Bent er á að aflla mætti upplýsinganna með hefðbundnum hætti, þ.e. með því að láta farþega, sem grunur leikur á að geti borið smit, fylla út þar til gerð eyðublöð og veita þar með um sig nauðsynlegar upplýsingar. Þá er kallað eftir því að þjóðríki vinni innan þess ramma, sem alþjóðasáttmálar setja, til að tryggja samræmda framkvæmd sem geri m.a. ráð fyrir tryggingum fyrir vernd persónuupplýsinga.

*Álit nr. 5/2006 um dóm Evrópudómstólsins frá 30. maí 2006 í málum nr. C-317/04 og C-318/04 um miðlun farþegaupplýsinga til Bandaríkjanna.* – Þetta álit var gefið út 14. júní af tilefni dóms Evrópudómstólsins sem ógildir ákvörðun framkvæmdastjórnar EB nr. 2007/535/EB frá 14. maí 2004 um lögmæti miðlunar farþegaupplýsinga til Bandaríkjanna og ákvörðun Ráðsins nr. 2004/496/EB frá 17. s.m. um staðfestingu samnings við Bandaríkin um þessa miðlun (sjá einnig álit nr. 7/2006 sem farið er yfir hér síðar). Samkvæmt dóminum átti og að ógilda þennan samning fyrir 30. september 2006.

Í ljósi þessa telur vinnuhópurinn að ESB eigi hið fyrsta að gera nýjan samning við Bandaríkin þar sem mælt verði fyrir um hvernig fara megi með upplýsingarnar. Samningar milli Bandaríkjanna og einstakra aðildarríkja séu óæskilegir þar eð þeir leiði til misræmis í framkvæmd. Nýr samningur verði í það minnsta að fela í sér jafnmikla vernd persónuupplýsinga og áður hafði samist um við Bandaríkin. Þá þurfi að draga úr fjölda upplýsinga sem miðla eigi til Bandaríkjanna; koma því svo fyrir að flugfélögin sjái um að miðla upplýsingum til Bandaríkjanna í stað þess að þarlend yfirvöld fái beinan aðgang að gagnagrunnum þeirra og geti sótt þær sjálf; kveða þurfi skýrlega á um tilgang vinnslunnar, þ. á m. áframmiðlunar upplýsinga; fram verði að fara árleg úttekt sem bæði Bandaríkin og ESB komi að eins og gert var ráð fyrir í samningnum sem varð að ógilda vegna framangreinds dóms; og gildistími nýs samnings eigi ekki að vera lengri en þess fyrri, þ.e. hann eigi að falla úr gildi í nóvember 2007.

*Álit nr. 6/2006 um tillögu að reglugerð Ráðsins um landfræðilegt og efnislegt gildissvið, viðurkenningu og framfylgni ákvarðana og samvinnu í málum sem varða framfærsluskýldu.* – Þetta álit var gefið út 9. ágúst og varðar tillögu að reglugerð varðandi það hvernig farið skuli með kröfur um framfærslu (s.s. meðlagskröfur) þegar skuldari kröfunnar og kröfuhafinn eru hvor í sínu landinu innan EES. Í tillögunni kemur fram að til að tryggja efnidir slíkra krafna á að vinna með persónuupplýsingar á ýmsum stigum. Yfirvöld eiga að geta aflað upplýsinga frá t.d. vinnuveitendum, skattyfirvöldum og félagsmálafyrirvöldum, sem og úr opinberum skráum. Upplýsingum á að vera hægt að miðla til dómstóls sem fjallar um kröfu svo að hann geti unnið með upplýsingarnar í því skyni að skera úr um mál.

Vinnuhópurinn telur að notkun umræddra upplýsinga fari fram í tilgangi sem sé ósamrýmanlegur þeim sem þeirra var upphaflega aflað í, sbr. a-lið 1. mgr. 6. gr. persónuverndartilskipunarinnar (sbr. og 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. pul.). Þess vegna verði vinnslan að fullnægja kröfum 13. gr. tilskipunarinnar, þ.e. að þegar sett eru lög, sem takmarka réttindi og skyldur samkvæmt tilskipuninni, verði takmörkunin að vera nauðsynleg til að vernda hinn skráða eða réttindi og skyldur annarra. Í þessu sambandi vitnar vinnuhópurinn einnig til þess hvaða kröfur mannréttindasáttmáli Evrópu gerir til skerðingar á grundvallarréttinum til friðhelgi einkalífs samkvæmt 8. gr. sáttmálans, þ.e. að þær skulu vera í samræmi við lög og nauðsynlegar í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna tiltekinna hagsmuna.

Að svo búnu fer vinnuhópurinn yfir þær kröfur sem persónuverndartilskipunin gerir til vinnslu persónuupplýsinga. Hann minnir á grundvallarreglurnar um sanngirni vinnslu, meðalhóf og áreiðanleika persónuupplýsinga í 6. gr., sem og að heimild verður að vera til vinnslu í 7. gr. og einnig 8. gr. sé um að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar. Hann telur einkum þau ákvæði 7. gr. eiga við að vinnsla sé heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskýldu, vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds (sbr. 3., 5. og 6. tölul. 1. mgr. 8. gr. pul.). Þá telur hann einkum þau ákvæði 8. gr. eiga við að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur eða hún sé nauðsynleg vegna brýnna almannahagsmuna og mælt sé fyrir um hana í lögum eða ákvörðun persónuverndarstofnunar (sbr. 1. og 7. tölul. 1. mgr. og 3. mgr. 9. gr. pul.).

Einnig minnir vinnuhópurinn á ákvæði tilskipunarinnar um réttindi hins skráða, s.s. til fræðslu og til að andmæla vinnslu, og um skyldu til að tryggja öryggi persónuupplýsinga, s.s. gagnvart aðgangi óviðkomandi.

Vinnuhópurinn fagnar því að í tillögu að reglugerðinni eru ýmis ákvæði sem hafa það að markmiði að tryggja vernd persónuupplýsinga, þ.e. að upplýsinga um skuldara, annarra en um nafn, heimilisfang og þess háttar, á aðeins að afla þegar formleg málsmeðferð er hafin; að kröfuhafi getur ekki látið afla upplýsinga um skuldara nema dómstóll fjalli um þá beiðni og meti hvort krafa um upplýsingar eigi rétt á sér; að ekki má koma á fót miðlægum skráum með öllum upplýsingum um skuldara; að upplýsingar eiga aðeins að vera gerðar aðgengilegar þeim sem fjalla um kröfu og eiga ekki að vera afhentar kröfuhafa eða þriðja aðila; að þegar upplýsingum hefur verið miðlað skal þeim eytt, að upplýsingar mega þá aðeins vera varðveittar af dómstóli sem fjallar um mál og eytt þegar mál

hefur verið afgreitt, en eyðing upplýsinga á aldrei að dragast lengur en ár; og að skuldarinn á rétt á vitneskju um umrædda vinnslu persónuupplýsinga.

Í álitinu vinnuhópsins er lagt til að einnig verði sérstök ákvæði um upplýsingaöryggi í reglugerðinni; að þar verði tæmandi listi yfir þær upplýsingar, sem heimilt verði að afla; að tekið skuli fram að aðeins skuli unnið með upplýsingar þegar það sé nauðsynlegt og viðeigandi í ljósi tilgangs vinnslunnar, þ.e. að innheimta framfærslukröfur; og að kveða ætti á um að upplýsingum hjá dómstóli skuli eytt þegar þær séu ekki lengur nauðsynlegar til að innheimta kröfur en sleppa ákvæði um árhámarksvarðveislutíma, enda megi gera ráð fyrir að stundum sé hann of skammur og stundum of langur. Þá eru í álitinu ýmsar tillögur aðrar sem ætlað er að skýra orðalag og skerpa á ákvæðum hinnar fyrirhuguðu reglugerðar.

*Álit nr. 7/2006 um dóm Evrópuþingsmálsins frá 30. maí 2006 í málum nr. C-317/04 og C-318/04 um miðlun farþegaupplýsinga til Bandaríkjanna og brýna þörf á nýjum samningi.* – Þetta álit var gefið út 27. september af tilefni dóms Evrópuþingsmálsins sem ógildir ákvörðun framkvæmdastjórnar EB nr. 2007535/EB frá 14. maí 2004 um lögmati miðlunar farþegaupplýsinga til Bandaríkjanna og ákvörðun Ráðsins nr. 2004/496/EB frá 17. s.m. um staðfestingu samnings við Bandaríkin um þessa miðlun. Eins og fram kemur hér að framan, þar sem fjallað er um álit nr. 5/2006, sem einnig var gefið út af tilefni þessa dóms, átti að ógilda þennan samning fyrir 30. september 2006.

Í álitinu nr. 5/2006, sem fjallað er um hér framar, var bent á þörfina á nýjum samningi fyrir þennan tíma. Í álitinu nr. 7/2006 lýsir vinnuhópurinn yfir þungum áhyggjum af því að ekki hafi verið gerður slíkur samningur og afleiðingunum af því þegar eldri samningur verði fallinn úr gildi 1. október. Fram kemur að þrátt fyrir að unnt verði að gera nýjan samning eftir þann tíma verði persónuverndarstofnanir að búa sig undir þá aðstöðu að enginn samningur sé í gildi. Kallað er eftir því að Ráðið, framkvæmdastjórnin og aðildarríkin sjái til þess að þrátt fyrir að samningur um miðlunina skorti vinni bandarísk yfirvöld með persónuupplýsingar um flugfarþega í samræmi við yfirlýsingar sínar þar að lútandi sem lágu eldri samningi til grundvallar. Í því felist m.a. að horfið verði frá því fyrirkomulagi að bandarísk yfirvöld geti sjálf sótt upplýsingar inn í gagnagrunna flugfélaganna. Þess í stað sjái flugfélögin um að miðla þeim til Bandaríkjanna án þess að þarlend yfirvöld fái nokkurn aðgang að gagnagrunnum þeirra.

Fram kemur sú afstaða vinnuhópsins að ef þetta verði ekki raunin verði að íhuga að koma í veg fyrir miðlun upplýsinganna til Bandaríkjanna eða miðlun annarra upplýsinga en þeirra sem vinnuhópurinn taldi málefnalegt að miðla í álitinu sínu frá 13. júní 2003 (álit nr. 4/2003, sjá ársskýrslu Persónuverndar fyrir það ár, bls. 143-145).

*Álit nr. 8/2006 um endurskoðun á lagaumbverfi fjarskipta og fjarskiptaþjónustu með áherslu á tilskipun um öryggi persónuupplýsinga í stafrænum fjarskiptum.* – Þetta álit var gefið út 26. september og fjallar um breytingar sem lagðar hafa verið til á Evrópulöggjöf um fjarskipti. Vinnuhópurinn gerir ýmsar athugasemdir við þessar tillögur. Hann minnir á álit sitt nr. 7/2000 frá 2. nóvember 2000 við drög að tilskipun sem urðu að tilskipuninni um vernd persónuupplýsinga og einkalífsvernd í fjarskiptum nr. 2002/58/EB. Þar taldi hann að tilskipunin ætti ekki aðeins að taka til fjarskiptaneta sem opin eru almenningi heldur einnig fjarskiptaneta sem ætluð eru afmörkuðum hópi (t.d. fjarskiptanet á vinnustað sem notuð eru til að fylgjast með launþegum). Þá vék hann að ákvæði um vafrakökur (e. cookies), þ.e. upplýsingar um vafur og annað sem gert er á Netinu sem skrásetjast í tölvur. Þetta ákvæði er í 25. lið formála tilskipunarinnar og er þess efnis að netnotendur skuli eiga þess kost að andmæla vistun vafraköku á tölvu sinni. Í niðurlagi 25. liðar formálans segir hins vegar að aðgangur að tilteknum vefsíðum geti verið háður samþykki á viðtöku vafraköku. Í álitinu sínu frá árinu 2000 taldi vinnuhópurinn þetta ákvæði ekki í fullu samræmi við ákvæðið um rétt á andmælum og þurfa skýringar eða endurskoðunar við.

Í framangreindum tillögum um breytingar á gildandi Evrópulöggjöf segir að sektir fyrir brot á tilskipun 2002/58/EB séu of vægar og að framfylgni sé handahófskennd. Vinnuhópurinn bendir á



að skýringin á þessu þurfi ekki að vera sjálf tilskipunin heldur mismunandi innleiðing í aðildarríkjunum. Þá bendir hann á að þó svo að hærri sektir kunni að hafa meiri varnaðaráhrif í för með sér geti það verið áhrifameira að veita yfirvöldum virkari valdheimildir þannig að þau geti brugðist fljóttar við.

Einnig víkur vinnuhópurinn að því að samkvæmt tillögum á að færa ákvæði um öryggi fjar-skipta úr tilskipun 2002/58/EB í tilskipun um frelsi til að veita þjónustu. Þetta telur vinnuhópurinn geta leitt til þess að litið verði svo á að upplýsingaöryggi varði aðeins öryggi fjarskiptanetkerfa, öryggi frá sjónarhorni samkeppnisréttar o.fl. Það gleymist þannig að líta á öryggi sem þátt í vernd grundvallarréttarins til friðhelgi einkalífs. Þá telur vinnuhópurinn að í stað þess að fjalla um öryggi í viðtækasta skilningi væri rétt að beina sjónum fremur að einstökum þáttum öryggis svo að skýrt verði að öryggi tekur ekki aðeins til þess að rekstur fjarskiptaneta sé órofinn og að leyndar sé gætt heldur feli það einnig í sér áreiðanleika upplýsinga og það hvernig staðreynt er hvernig einstaklingar séu þeir sem þeir segjast vera. Með því – og einnig með því m.a. að koma í veg fyrir of mikla varðveislu persónuupplýsinga – megi girða fyrir persónuauðkennapjófnad. Í þessu sambandi beri hins vegar einnig að gæta því að fjarskiptanotendur eiga almennt að geta vænst þess að njóta nafnleysis við notkun fjarskiptanets.

Vinnuhópurinn gagnrýnir fyrirætlanir í tillögum um að færa mat á því hvort nægilegs öryggis sé gætt meira í hendur eftirlitsstofnana og minnka þannig svigrúm fjarskiptafyrirtækja til að viðhafa slíkt mat sjálf. Í ljósi þess hversu breytingar verði hraðar í fjarskiptatækni geti verið erfitt fyrir eftirlitsstofnanir að sjá yfir allt sviðið og regluverkið gæti orðið of flókið.

Því er fagnað að gert sé ráð fyrir að netþjónustur sendi þeim sem verða fyrir öryggisbrotum tilkynningu þar að lútandi. Einnig er hins vegar bent á að ekki er gert ráð fyrir neinum afleiðingum af því að senda ekki inn slíka tilkynningu. Þá telur vinnuhópurinn að ekki aðeins netþjónustur heldur einnig aðrir þeir sem viðhafa vinnslu persónuupplýsinga á Netinu, s.s. bankar, eigi að vera tilkynningarskyldir. Að auki telur hann að sé brot alvarlegt eigi ekki aðeins þeir sem verða fyrir broti að fá tilkynningu heldur allir viðskiptavinir viðkomandi netþjónustu.

Bent er á að þar sem það sé iðulega svo að margir aðilar koma að veitingu netþjónustu geti verið erfitt að meta hver sé ábyrgur fyrir að fara að tilteknum reglum hverju sinni. Telur vinnuhópurinn að þetta þurfi að skýrast með nýrri lagasetningu.

*Álit nr. 9/2006 um innleiðingu tilskipunar Ráðsins nr. 2004/82 um skyldu flugfélaga til að miðla farþegaupplýsingum fyrir flugtak.* – Þetta álit var gefið út 27. september af tilefni setningar framangreindrar tilskipunar. Víkið er að því að aðildarríkin áttu að vera búin að innleiða hana 5. september 2006. Ekki voru öll ríkin hins vegar búin að því innan þess frests og taldi vinnuhópurinn ekki víst að öll þeirra yrðu heldur búin að því fyrir árslok 2006. Hann bendir á að mikilvægt er fyrir bæði flugfarþega og flugfélög að tilskipunin sé túlkuð á sambærilegan hátt innan einstakra aðildarríkja. Þá telur hann að túlka verði tilskipunina svo að friðhelgi einkalífs njóti sem mestrar verndar.

Samkvæmt tilskipuninni eiga flugfélög, sem fljúga til aðildarríkja ESB, að miðla svonefndum API-upplýsingum (API: Advanced Passenger Information) til yfirvalda fyrir flugtak. Telur vinnuhópurinn mikilvægt að fjallað sé um það á alþjóðlegum vettvangi hvernig vinnslu upplýsinga sem þessara skuli hagað.

Bent er á mikilvægi þess að löggjöf aðildarríkja tilgreini skýrlega tilganginn með vinnslu umræddra upplýsinga eins og hann er afmarkaður í tilskipuninni, þ.e. að auðvelda landamæraeftirlit og hamlu gegn því að ólöglegir innflytjendur komist til ESB. Víkið er að því að víkja megi frá framangreindum tilgangi í þágu löggæslu. Ekki sé hins vegar skilgreint nánar hvað átt sé við með löggæslu. Skilgreina þurfi það nánar. Telur vinnuhópurinn að ekki eigi að vinna með upplýsingar í þessum tilgangi nema um sé að ræða alvarleg afbrot, sem og að viðeigandi tryggingar þurfi að veita fyrir vernd persónuupplýsinga svo að þær séu ekki misnotaðar.

Vinnuhópurinn telur afmörkun þeirra upplýsinga, sem safna á, vera skýra að öðru leyti en því er varðar heimild til afmörkunar viðbótarupplýsinga. Þar undir gætu fallið upplýsingar um farmiða til

baka og lífkenni. Allar viðbótarupplýsingar telur vinnuhópurinn fara fram úr því sem nauðsynlegt sé í þágu tilgangs vinnslunnar. Einkum telur hann ástæðu til að hafa áhyggjur af söfnun lífkenna þar að ekki sé fyrir hendi skýr afmörkun á tilganginum með öflun slíkra upplýsinga né heldur hvaða lífkenni séu talin nauðsynleg í ljósi vinnslutilgangsins. Við afmörkun þess hvaða upplýsinga afla eigi telur vinnuhópurinn rétt að lítið sé til alþjóðlegra staðla aðila á borð við Alþjóðaflugmálastofnunina (ICAO). Hann bendir á að á ráðstefnu evrópskra flugfélaga var hinn 8. apríl samþykkt yfirlýsing um reglur fyrir API-kerfi. Þar komi fram að til API-upplýsinga teljist aðeins þær upplýsingar sem fram komi í raflesanlegum hluta flugmiða. Telur vinnuhópurinn rétt að miða við það og lýsir einnig þeirri afstöðu sinni að ef safnað væri öllum upplýsingum í flugbókun farþega (þ.e. svonefndum PNR-upplýsingum (PNR: Passenger Name Record)) væri brotið gegn persónuverndartilskipuninni.

Lögð er á það áhersla að samkvæmt tilskipun 2004/83/EB má ekki varðveita umræddar upplýsingar lengur en í 24 klukkustundir nema þeirra sé þörf vegna lögbundinna verkefna landamærayfirvalda. Vinnuhópurinn bendir á að ekki er mælt fyrir um hversu lengi megi varðveita upplýsingar sem heimilt er að senda löggæsluyfirvöldum. Telur vinnuhópurinn að aðeins eigi að varðveita upplýsingar lengur en 24 klukkustundir í ákveðnum tilvikum, s.s. þegar ekki er hægt að fá staðfest hver farþegi er eða hann hafi ekki fullnægjandi ferðaskilríki. Séð skuli til þess að upplýsingar séu ekki varðveittar lengur en sé algjörlega nauðsynlegt í þágu tilgangsins með varðveislunni.

Bent er á mikilvægi þess að vel sé hugað að fræðslu til flugfarþega. Meðal þess sem vinnuhópurinn telur að fræða þurfi þá um er hugsanleg áframmiðlun upplýsinga um þá til löggæsluyfirvalda í þágu markmiða sem mælt er fyrir um í lögum. Fræðslan þurfi að vera eins samræmd og kostur er.

*Álit nr. 10/2006 um vinnslu persónuupplýsinga hjá Alþjóðlega bankafjarskiptasambandinu (Society for Worldwide Interbank Financial Telecommunication (SWIFT)).* – Þetta álit var gefið út 22. nóvember og fjallar um vinnslu á vegum SWIFT, en það fyrirtæki hefur veitt bandarískum yfirvöldum upplýsingar um bankaviðskipti, þ. á m. slík viðskipti, sem fram hafa farið innan aðildarríkja ESB, í þágu baráttu gegn hryðjuverkum. Þau bandarísku yfirvöld, sem hér um ræðir, tilheyra bandaríska fjármálaráðuneytinu og nefnast „Skrifstofa til eftirlits með innstæðum erlendis“ – eða OFAC (Office of Foreign Assets Control). Telur vinnuhópurinn miðlun umræddra upplýsinga til þessara yfirvalda ekki samrýmast evrópski persónuupplýsingalöggjöf eins og rakið er hér að neðan.

Sú starfsemi, sem SWIFT hefur með höndum, er að auðvelda alþjóðlegar gjaldeyrisfærslur sem fara um fjarskiptakerfi. Allar slíkar færslur eru varðveittar í tveimur vinnslumiðstöðvum, annarri í Evrópusambandinu, n.t.t. Belgíu, og hinni í Bandaríkjunum. Að meðaltali flytur SWIFT á hverjum degi um 12 milljónir færslna, sem gerðar hafa verið hjá bönkum og öðrum fjármála fyrirtækjum, og var heildarfjöldi færslna um 2,5 billjónir árið 2005, þar af 1,6 billjónir færslna um viðskipti í Evrópu en 467 milljónir færslna um viðskipti í Norður- og Suður-Ameríku. Í færslunum er að finna persónuupplýsingar, s.s. um nöfn viðtakanda greiðslu og greiðanda, sem og m.a. upplýsingar sem ritaðar eru í frjálsa textareiti. Færslurnar eru varðveittar í 124 daga í áður nefndum miðstöðvum til að viðskiptavinir geti beðið um afrit og útprentanir af þeim ef ágreiningur verður um gildi færslna eða ef gögn tapast. Að þessum tíma liðnum er gögnum eytt.

Framangreind yfirvöld í Bandaríkjunum, þ.e. OFAC, hafa birt SWIFT-miðstöðinni í Bandaríkjunum stjórnáslustefnur, en með því er átt við fyrirmæli sem opinberir embættismenn beina til tiltekins aðila um að láta af hendi ákveðnar upplýsingar. Stefnum hafa haft viðtækt gildissvið og hafa ekki aðeins lotið að upplýsingum um viðskipti, sem fram hafa farið innan Bandaríkjanna, heldur einnig m.a. að upplýsingum um viðskipti innan aðildarríkja ESB. Þar er bæði um að ræða færslur um viðskipti milli aðila í ESB og Bandaríkjunum og viðskipti milli aðila sem báðir eða allir eru innan einhvers aðildarríkis ESB. Ekki aðeins hefur því verið miðlað upplýsingum til OFAC frá SWIFT-miðstöðinni í Bandaríkjunum heldur hafa stjórnáslustefnur á hendur henni einnig leitt til slíkrar miðlunar upplýsingar til OFAC frá miðstöðinni í Belgíu.

Í júnílok og júlíbyrjun 2006 fjölluðu fjölmiðlar beggja vegna Atlantshafsins um þessa miðlun persónuupplýsinga. Hóf þá framkvæmdastjórn EB afskipti af málinu og óskaði í júlí upplýsinga frá

belgískum stjórnvöldum um skilyrði fyrir vinnslu SWIFT á persónuupplýsingum og hvort vinnslan samrýmdist belgískri persónuupplýsingalöggjöf. Hinn 6. júlí ályktaði Evrópuþingið um málið og óskaði m.a. eftir því að aðildarríkin tryggðu að ekki væru göt í innlendra löggjöf sem orðið gætu til að löghelga umrædda miðlun. Þingið lýsti yfir þungum áhyggjum af málinu og mikilli andstöðu við allar leynilegar aðgerðir á ESB-svæðinu sem hefðu áhrif á einkalífsréttindi ESB-borgara. Í kjölfarið á þessu, eða hinn 27. júlí, tilkynnti vinnuhópurinn að evrópskar persónuverndarstofnanir hefðu ákveðið að samræma aðgerðir sínar í málinu. Þá tilkynnti Evrópska persónuverndarstofnunin (EDPS: European Data Protection Supervisor) um að hafin yrði rannsókn á málinu, auk þess sem innlendar persónuverndarstofnanir höfðu samband við innlendar bankastofnanir. Meðal þeirra var belgíska persónuverndarstofnunin sem setti sig í samband við SWIFT og komst hinn 27. september 2006 að þeirri niðurstöðu að flutningur SWIFT-miðstöðvarinnar í Belgíu á upplýsingum til SWIFT-miðstöðvarinnar í Bandaríkjunum, þaðan sem þeim var því næst miðlað til OFAC, bryti gegn belgískum persónuupplýsingalögum.

Í álitu sínu kemst vinnuhópurinn að sömu niðurstöðu. Hann telur bæði SWIFT og einstaka banka og fjármálastofnanir bera sameiginlega ábyrgð á vinnslu umræddra upplýsinga sem ábyrgðaradilar (sbr. d-lið 2. gr. persónuverndartilskipunarinnar, sbr. og 4. mgr. 2. gr. pul.), þ. á m. miðlun þeirra til OFAC. Ástæðan fyrir því að bankar og fjármálastofnanir, sem senda færslur um SWIFT-kerfið, bera ábyrgð á miðluninni er sú að þeim varð kunnugt um hana í júní 2006.

Vinnuhópurinn telur þann tilgang með miðluninni að berjast gegn hryðjuverkum ekki samrýmanlegan upphaflegum tilgangi með öflun upplýsinganna, þ.e. að greiða fyrir alþjóðlegum gjaldeyrísfærslum, en samkvæmt persónuverndartilskipuninni má vinnsla persónuupplýsinga ekki fara fram í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi miðað við hinn upphaflega tilgang með vinnslunni (sbr. b-lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar, sbr. og 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. pul.). Þá telur vinnuhópurinn ekki hafa verið farið að reglum um þá fræðslu sem veita ber hinum skráðu, enda var þeim aldrei veitt nein vitneskja um miðlunina (sjá 10. og 11. gr. tilskipunarinnar, sbr. 20. og 21. gr. pul.). Auk þess telur vinnuhópurinn að þeim kröfum tilskipunarinnar að hlutlaus yfirvöld, þ.e. persónuverndarstofnanir, hafi eftirlit með því að farið sé að reglum um vinnslu persónuupplýsinga hafi ekki verið fullnægt, enda var ekki um slíkt að ræða (sjá 28. gr. tilskipunarinnar, sbr. 36.-38. og 40. og 41. gr. pul.).

Vikið er að þeim reglum sem gilda um miðlun persónuupplýsinga milli landa. Slík miðlun er heimil milli aðildarríkja ESB og EES, sem og til landa utan EES, þ.e. svokallaðra þriðju landa, sem veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd (sbr. 25. gr. tilskipunarinnar, sbr. 29. gr. pul.). Vinnuhópurinn telur miðlunina ekki heimila á þeim grundvelli, enda teljast Bandaríkin ekki til slíkra landa heldur til þeirra þriðju landa sem ekki veita fullnægjandi persónuupplýsingavernd. Miðlun persónuupplýsinga til þeirra er óheimil nema einhver af undanþágunum frá því banni eigi við (sjá 26. gr. tilskipunarinnar, sbr. 30. gr. pul.). Annars vegar er þar um að ræða einstakar aðstæður og atvik sem hafa það í för með sér að miðlun er heimil, t.d. samþykki hins skráða og það að miðlun sé nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að. Hins vegar er um að ræða þá undanþágu að miðlun sé heimil á grundvelli þess að fullnægjandi tryggingar séu veittar fyrir vernd persónuupplýsinga, s.s. þar eð gerður sé samningur sem felur í sér að viðtakandi upplýsinga veiti slíka vernd. Vinnuhópurinn telur að engin af undanþágunum eigi við og að miðlunin sé því óheimil.

Í samræmi við framangreint beinir vinnuhópurinn því til SWIFT og banka og fjármálastofnana að gera tafarlaust nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja lögmæti vinnslu persónuupplýsinga. Samkvæmt því mælist vinnuhópurinn til þess að látið verði af brotum þannig að farið sé að lögbundnum skyldum samkvæmt landsrétti og Evrópurétti. Ella geti ábyrgðaradilar vænst viðurlaga af hálfu þar til bærra yfirvalda. Einnig mælist vinnuhópurinn m.a. til þess að snúið sé aftur til umhverfis þar sem fjármagn er flutt á milli landa í fullu samræmi við reglur um vernd persónuupplýsinga, að SWIFT geri viðeigandi ráðstafanir til að fara að belgískri persónuupplýsingalöggjöf og að bankar og fjármálastofnanir, þ. á m. seðlabankar, sem nota SWIFT-kerfið, veiti viðskiptavinum nauðsynlega fræðslu um hvernig upplýsingar um þá eru unnar og hvaða réttindi hinum skráða séu tryggðar. Meðal þeirrar vitneskju, sem veita þurfi viðskiptavinum, sé að bandarísk stjórnvöld kunni að hafa aðgang að upp-

lýsingum. Persónuverndarstofnanir muni fylgja þessum skilyrðum eftir til að tryggja að öll evrópsk fjármálafyrirtæki fullnægi þeim og muni þær vinna saman að samræmdum upplýsingatexta.

Auk framangreinds leggur vinnuhópurinn áherslu á vernd grundvallargilda í baráttunni gegn glæpum. Engar ráðstafanir í baráttunni gegn glæpum og hryðjuverkum eigi að rýra vernd þeirra grundvallarréttinda sem einkenna lýðræðissamfélög. Það sé lykilatriði í baráttunni gegn hryðjuverkum að tryggja að varðveita þau grundvallarréttindi sem lýðræðissamfélög byggjast á og þau gildi sem talsmenn ofbeldisverka reyna að eyðileggja. Loks minnir vinnuhópurinn á alþjóðlegar grunnreglur um persónuvernd, þ. á m. um eftirlit óháðs yfirvalds. Mikilvægt sé að þær séu virtar innan ramma alþjóðlegra kerfa sem notuð séu til upplýsingaskipta.

#### ***4.5.4. Um vorkund forstjóra evrópskra persónuverndarstofnana***

Vorkundur forstjóra evrópskra persónuverndarstofnana var haldinn í Búdapest í Ungverjalandi 23.-25. apríl 2006. Forstjóri Persónuverndar hafði ekki tök á því að sækja fundinn. Á fundinum var m.a. rætt um vernd persónuupplýsinga innan hinnar svonefndu þriðju stoðar ESB, þ.e. þess hluta sambandsins, sem fjallar um löggæslumál, þjóðaröryggi o.þ.h.; rafrænan staðsetningarbúnað, sem byggist á útvarpsbylgjum (RFID: Radio Frequency Identification); það fyrirkomulag, sem verið er að koma á innan ýmissa fjölþjóðlegra fyrirtækja að kröfu bandarískra yfirvalda, að gera starfsmönnum kleift að senda tilkynningar um brot í starfsemi fyrirtækjanna til sérstakra deilda innan þeirra án þess að fram komi hverjir þeir séu („whistleblowing“, sjá umfjöllun hér frammar um álit starfshóps samkvæmt 29. gr. persónuverndartilskipunarinnar nr. 1/2006); vernd persónuupplýsinga í sagnfræði- og vísindarannsóknnum; skilvirkni persónuverndarstofnana; gagnagrunna með heilsufarsupplýsingum á landsgrundvelli og rafræn kort til aðgangs að heilbrigðisþjónustu; erfðaupplýsingar; kerfi til vottunar á því að einhver sé sá sem hann segist vera; skýrslu alþjóðlegs vinnuhóps um vernd persónuupplýsinga í fjaraskiptum; 28. alþjóðaráðstefnu forstjóra persónuverndarstofnana í London 2.-3. nóvember 2006 (sjá kafla 4.5.8 hér að neðan); skýrslu um fundi starfsmanna evrópskra persónuverndarstofnana; skýrslu um fund forstjóra persónuverndarstofnana í Mið- og Austur-Evrópu; skýrslu vinnuhóps um vinnslu persónuupplýsinga hjá lögreglu (Police Working Party); og hina svonefndu Búdapest-yfirlýsingu sem samþykkt var í lok fundarins.

Í Búdapest-yfirlýsingunni er fjallað um aukna miðlun upplýsinga milli lögreglu- og dómsyfirvalda í einstökum aðildarríkjum ESB. Af tilefni þessarar auknu miðlunar minna forstjórnarnir á að þessi miðlun fær eingöngu staðist ef reglur um meðferð persónuupplýsinga tryggja mikla og samræmda vernd slíkra upplýsinga á samevrópskum vettvangi og í öllum þeim ríkjum sem í hluta eiga. Að öðrum kosti sé hætt við að upp komi aðstæður þar sem lágmarksviðmiðum um persónuupplýsingavernd sé ekki fullnægt. Forstjórnarnir minna á að á vorkundi þeirra í Kraká 25.-26. apríl 2005 var bent á að fyrirliggjandi réttarheimildir, sem í gildi eru innan ESB um vernd persónuupplýsinga, eru of almennar til að tryggja skilvirka vernd slíkra upplýsinga á sviði löggæslu. Þess vegna fagna forstjórnarnir tillögu frá framkvæmdastjórn ESB um samræmingu og eflingu persónuverndar hjá lögreglu- og dómsyfirvöldum með setningu reglna þar að lútandi innan þriðju stoðar ESB.

Þá kemur m.a. fram sú afstaða forstjóranna að aðeins með því að tryggja persónuvernd sé unnt að ná fram jafnvægi milli annars vegar samnýtingar löggæslufirvalda innan aðildarríkja ESB á upplýsingum og hins vegar sjónarmiða um meðalhóf við aðgerðir til þess ætlaðar að tryggja öryggi ESB-borgara og um réttindi þeirra og frelsi. Mælt er til þess af Evrópuþinginu og þjóðþingunum að þau leitist við að hafa áhrif á ríkisstjórnir aðildarríkja á þessu sviði. Þá er mælt til þess af ríkisstjórnunum að þær virði og efla borgaraleg réttindi innan ESB þegar veittar séu víðtækari heimildir til miðlunar upplýsinga milli löggæslufirvalda. Telja forstjórnarnir brýnt að víðeigandi persónuverndarákvæði verði lögfest og þeim framfylgt eins fljótt og mögulegt sé.

#### ***4.5.5. Um starf Sameiginlegu Schengen-eftirlitsstofnunarinnar – JSA***

Hér er um að ræða sjálfstæða stofnun sem starfar samkvæmt 115. gr. samnings um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 milli upphaflegra aðildarríkja samkomulagsins, þ.e.

Belgíu, Hollands, Þýskalands, Lúxemborgar og Frakklands. Stofnunin hefur aðsetur í Brussel. Persónuvernd tekur þátt í starfsemi stofnunarinnar í samræmi við 18. gr. laga nr. 16/2000 um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi þar sem kveðið er á um að hún hafi eftirlit með því upplýsingakerfi.

Upplýsingakerfum Schengen má skipta í þrjá meginhluta, þ.e. „Schengen Information System“ (SIS), „Supplementary Information Request at National Entry“ (SIRENE) og „Visa Inquiry Open Border Network“ (VISION).

SIS er byggt upp í kringum miðlægan gagnagrunn, „Central SIS“ (C.SIS), sem staðsettur er í Strassborg í Frakklandi. Þar eru m.a. varðveittar upplýsingar um brottvísanir frá aðildarríkjum Schengen. Í hverju Schengen-þáttökulandi eru svokölluð „National SIS“ (N.SIS) sem hafa afrit af C.SIS-gagnagrunninum. Aðilar í hverju landi leita í sínu N.SIS. Nýjar upplýsingar eru færðar inn í C.SIS og uppfærðar þaðan í öll N.SIS, þ.e. skráningarupplýsingar þáttökulands eru ekki færðar beint í N.SIS viðkomandi lands. Schengen-upplýsingakerfið er þannig uppbyggt að aðildarlöndin geta ekki skipst á upplýsingum beint hvert til annars heldur einungis með skeytasendingum til C.SIS sem fullgildir skráningar og varpar þeim síðan til gagnagrunna þáttökulandanna. Með reglubundnu millibili eru N.SIS þáttökulandanna borin saman við C.SIS til að tryggja samræmi í skráningu.

Nú er unnið að framtíðaruppfærslu með algerlega nýrri högun fyrir C.SIS, svonefndu SIS II. Núverandi útgáfa ræður ekki við fleiri en 18 aðildarlönd og á SIS II að bæta úr því. Litið er til stækkunar ESB til austurs í þessu sambandi og reiknað með að lönd eins og Tékkland, Pólland o.fl. eigi eftir að bætast við síðar.

Helstu verkefni JSA-stofnunarinnar eru þessi:

- Persónuverndarmál í tengslum við Schengen.
- Eftirlit með öryggis-, aðgangs- og persónuverndarþáttum í rekstri C.SIS í Strassborg.
- Ráðgefandi hlutverk varðandi öryggismál upplýsingakerfisins.
- Samstarf við persónuverndarstofnanir í þáttökulöndum samstarfsins.
- Að samræma innlenda lagaframkvæmd og lagatúlkun í málum er upp koma vegna Schengen-upplýsingakerfisins.

Á árinu 2006 voru haldnir fjórir fundir. Sóttir voru fundir er haldnir voru 2. mars, 27. júní og 18. október. Fundur, er haldinn var 7. desember, var ekki sóttur vegna anna stofnunarinnar.

Á fundunum var m.a. fjallað um sameiginlega úttekt JSA á upplýsingakerfum Schengen samkvæmt 99. gr. Schengen-samningsins, en þar er mælt fyrir um skráningu einstaklinga og ökutækja til að unnt sé að viðhafa leynilegt eftirlit („skyggingu“, eins og það er orðað í íslenskrri þýðingu samningsins) og svonefnda markvissa leit, þ. á m. líkamsleit og líkamsrannsókn. Skráning í þessu skyni er í fyrsta lagi heimil til að tryggja almannaöryggi þegar um ræðir rannsókn eða meðferð opinbers máls, enda leiki rökstuddur grunur á að maður fremji eða muni fremja mjög alvarleg afbrot eða heildarmat á viðkomandi manni, þ.m.t. á þeim brotum sem hann hefur framið, bendir til þess að hann muni fremja slík afbrot. Í öðru lagi er skráning heimil þegar ótvíræð gögn benda til þess að upplýsingar um dvalarstað, ferðaleið, ákvörðunarstað, fylgdarmenn eða farþega, hluti meðferðis eða við hvaða aðstæður maður eða ökutæki finnst séu nauðsynlegar til að koma í veg fyrir að alvarleg hætta stafi af viðkomandi manni eða alvarlegar ógnanir fyrir öryggi ríkisins. Taldi JSA nauðsynlegt að gera úttekt á þessu vegna mikils fjölda skráninga samkvæmt 99. gr. í tilteknum aðildarríkjum. Er ætlunin sú að ganga úr skugga um að þær séu ekki notaðar til að skrá mótmælendur, umhverfisverndarsinna o.þ.h.

Á Íslandi kom í ljós við framkvæmd úttektarinnar að íslensk yfirvöld höfðu ekki fært inn neinar skráningar samkvæmt 99. gr. Schengen-samningsins, enda hafði ekki gefist tilefni til slíkra skráninga. Í árslok 2006 höfðu ekki enn borist niðurstöður frá öllum aðildarríkjum og var lokaskýrsla úttektarinnar því ekki tilbúin.

Á fundum JSA var einnig m.a. fjallað um SIS II. JSA hefur frá upphafi fylgst með þróun þess gagnagrunns og leitast við að hafa áhrif á uppbyggingu hans með tilliti til persónuverndarsjónarmiða. Hinn 11. september 2006 gaf JSA út álit um lagagrundvöll SIS II og er þar bent á ýmislegt sem talið

er betur mega fara í drögum að regluverki fyrir hið nýja upplýsingakerfi. Áður hafði verið gefið út álit hinn 31. maí 2005 þar sem ýmislegt var gagnrýnt í þessum efnunum.

Tekið skal fram að lokum að miklar breytingar kunna að vera í vændum í tengslum við stjórn-sýslu á þessu sviði. Um það vísast til álits 6/2005 frá vinnuhópi samkvæmt 29. gr. tilskipunar 95/46/EB, en fjallað er um það í ársskýrslu Persónuverndar fyrir árið 2005 (bls. 69-71).

#### **4.5.6. Um Eurodac-fingrafaragagnagrunninn og starf EDPS í tengslum við hann**

Meðal hlutverka EDPS (European Data Protection Supervisor), þ.e. Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar, er að hafa eftirlit með Eurodac-fingrafaragagnagrunninum, sbr. reglugerð 2000/2725/EB um þennan gagnagrunn, sbr. og reglugerð 2002/407/EB. Tók stofnunin við þessu hlutverki af Sam-eiginlegu Eurodac-eftirlitsnefndinni árið 2005.

Þau ríki, sem eru skuldbundin af framangreindum reglugerðum, eiga að skrá í umræddan gagnagrunn fingraför tiltekinna útlendinga, þ. á m. hælisleitenda, og eiga síðan með rafrænum hætti að geta spurst fyrir um hvort fingraför útlendinga hafi verið skráð í hann. Hlutverk EDPS í þessu sambandi er að tryggja að ekki verði brotið gegn réttindum hinna skráðu við þessa vinnslu persónuupplýsinga og hafa eftirlit með lögmæti miðlunar upplýsinga úr gagnagrunninum til aðildarríkjanna.

Reglugerðum 2000/2725/EB og 2002/407/EB er ætlað að stuðla að því að framfylgja megi Dyflinnarsamningnum frá 15. júní 1990 sem fjallar um í hvaða aðildarríki samningsins eigi að taka umsókn útlendinga um hæli til meðferðar þegar vafi leikur á um hvar fjalla eigi um slíka umsókn. Tryggja á með samningnum að umsókn hljóti meðferð í einu aðildarríkjanna þannig að umsækjandi verði ekki sendur frá einu ríki til annars en ábyrgð á meðferð umsóknar hans hvergi viðurkennd.

Samkvæmt samningi við Evrópusambandið frá 19. janúar 2001 ber Íslandi að fara eftir Dyflinnarsamningnum og Evrópulöggjöf um Eurodac og eru nú ákvæði þar að lútandi í 63. og 68. gr. reglugerðar um útlendinga nr. 53/2003 sem sett er af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu með stoð í lögum nr. 106/2002 um sama efni.

Þeir útlendingar, sem taka á af fingraför, eru í fyrsta lagi hælisleitendur, sbr. II. kafla reglugerðar 2000/2725/EB. Upplýsingum um þá á að eyða úr gagnagrunninum tíu árum eftir skráningu eða þegar hælisleitandi öðlast ríkisborgararétt í einhverju aðildarríkjanna, sbr. 6. og 7. gr. Í öðru lagi á að taka fingraför af útlendingum sem reyna að komast ólöglega yfir ytri landamæri Schengen-svæðisins, sbr. III. kafla. Upplýsingum um þá á að eyða úr gagnagrunninum tveimur árum eftir skráningu eða þegar útlendingur fær dvalarleyfi, hefur yfirgefið landsvæði aðildarríkjanna eða fengið ríkisborgararétt, sbr. 10. gr. Og í þriðja lagi á að taka fingraför af útlendingum sem dveljast ólöglega í einhverju aðildarríkjanna, sbr. IV. kafla. Bera á fingraförin saman við fingraför hælisleitenda í gagnagrunninum og þegar því er lokið á að eyða þeim úr honum.

Um vernd upplýsinga í gagnagrunninum er fjallað í IV. kafla. Kemur þar meðal annars fram að koma á í veg fyrir allan óleyfilegan aðgang að gagnagrunninum og aðra óleyfilega vinnslu, þ. á m. skráningu, sbr. 14. gr. Einnig kemur fram að skrá á allar aðgerðir í gagnagrunninum, en skráningin á að sýna tilganginn með notkun hans í hvert sinn, nákvæma tímasetningu aðgerða, hvaða upplýsingar hafa verið sendar í hann, hvaða upplýsingar hafa verið notaðar til að svara fyrirspurnum, hvaða stofnun hefur sent inn upplýsingar eða sótt þær og hvaða einstaklingur hefur verið ábyrgur, sbr. 16. gr. þar sem einnig segir að einungis megi nota upplýsingar um ofangreind atriði til að vernda persónuupplýsingar og að þeim skuli eyða ári eftir skráningu.

Haldinn var fundur á vegum EDPS um Eurodac-gagnagrunninn í Brussel 28. júní 2006. Særún María Gunnarsdóttir sótti fundinn. Þar var einkum fjallað um úttekt sem unnið er að á meðferð persónuupplýsinga í gagnagrunninum og hefur það að markmiði að kanna hvort við meðferð upplýsinganna sé farið að þeim reglum sem um hana gilda.

#### **4.5.7. Um starf vinnuhóps um lögreglumál**

Vinnuhópur um lögreglumál (Police Working Party) fjallar um meðferð persónuupplýsinga í samvinnu í dóms- og löggæslumálum. Hann á að fjalla um þau mál sem falla utan þeirra eftirlitsstofnana

sem þegar eru til staðar, s.s. EDPS varðandi Eurodac fingrafaragagnagrunninn og JSA, sbr. umfjöllun í köflum 4.5.5 og 4.5.6 hér framar. Vinnuhópurinn hélt tvo fundi á árinu, báða í Brussel, þ.e. 18. og 7. desember. Fyrri fundinn sótti Særún María Gunnarsdóttir, en sá síðari var ekki sóttur vegna anna stofnunarinnar. Á fundunum var m.a. fjallað um hvernig bregðast skyldi við aukinni samvinnu þar sem skipst er á persónuupplýsingum á milli landa, notkun lífkenna í starfi lögreglu, varðveislutíma persónuupplýsinga hjá lögreglu og drög að rammaákvörðun ESB um meðferð persónuupplýsinga innan hinnar svonefndu þriðju stoðar sambandsins, þ.e. þess hluta þess sem fjallar um löggæslumál, þjóðaröryggi o.þ.h.

#### **4.5.8. Um 28. alþjóðaráðstefnu forstjóra persónuverndarstofnana**

28. alþjóðaráðstefna forstjóra persónuverndarstofnana var haldin í London 2.-3. nóvember. Ráðstefnuna sótti forstjóri. Á ráðstefnunni var rætt um hvernig vöktun vegur að persónufrelsi; eftirlits-samfélagið almennt; hvernig eftirlit með einstaklingum kann að þróast í framtíðinni; hvernig vöktun getur vegið að réttindum fólks; reynsluna af Austur-Þýskalandi sem vöktunarsamfélagi; hvernig almennt má læra af reynslu fyrrverandi alræðisríkja af skerðingum á friðhelgi einkalífs; togstreituna milli friðhelgi einkalífs og baráttunnar gegn glæpum; hvernig vinna má með persónuupplýsingar í starfsemi hins opinbera borgunum til góða og til að bæta þjónustu þess; hver séu takmörk mannréttinda í vöktunarsamfélagi; vinnslu persónuupplýsinga hjá fyrirtækjum um viðskiptavini þeirra; hvernig jafnvægið milli persónuverndar og andstæðra hagsmuna hafi breyst og hver séu mörk verndar persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs; og hvað unnt sé að gera til að standa vörð um einkalífsvernd og hvert sé hlutverk persónuverndarstofnana í þeim efnum, löggjafarvaldsins og annarra.

#### **4.5.9. Um samstarf á vettvangi Evrópuráðsins**

Ráðgefandi nefnd Evrópuráðsins um gagnavernd (Consultative Committee of the Convention for the Protection of Individuals with Regard to Automatic Processing of Personal Data (ETS 108) (T-PD)) hélt fund í Strassborg 8.-10. mars. Fundinn sótti Ingvi Snær Einarsson. Á fundinum var m.a. fjallað um það efsta á baugi í hverju aðildarríki, hvort treysta þurfi stöðu persónuupplýsingalöggjafar innan Evrópuráðsins og eftirfylgni við skýrslu nefndarinnar frá 2005 um söfnun og skráningu upplýsinga um lífkenni. Þá var ákveðið að halda árvissan persónuverndardag í aðildarríkjum Evrópuráðsins, þ.e. 28. janúar.

Nefndin starfar á grundvelli 13. gr. Evrópusamnings um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga sem gerður var í Strassborg 28. janúar 1981 (CONVENTION nr. 108 for the Protection of Individuals with regard to Automatic Processing of Personal Data). Fullgildingarskjal Íslands vegna þessa samnings var afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins 25. mars 1991, en hann hafði verið undirritaður fyrir Íslands hönd 27. september 1982 með fyrirvara um fullgildingu. Með ályktun 17. desember 1990 heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að fullgilda samninginn og öðlaðist hann gildi að því er Ísland varðar 1. júlí 1991.

Nánari umfjöllun um starf nefndarinnar er að finna á heimasíðu Evrópuráðsins. Tengil við hana er að finna á heimasíðu Persónuverndar.



## 5. Lög og reglur

5.1. Lög nr. 77/2000, með áorðnum breytingum samkvæmt lögum nr. 90/2001, lögum nr. 81/2002, lögum nr. 46/2003, lögum nr. 72/2003 og lögum nr. 50/2006

Lögin, eins og þau voru í árslok 2006, eru birt hér fyrir neðan og á heimasíðu stofnunarinnar ([www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is)).

### I. kafli.

#### Markmið, skilgreiningar og gildissvið.

##### 1. gr.

##### Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga og frjálst flæði þeirra á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

Sérstök stofnun, Persónuvernd, annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglna sem settar verða samkvæmt þeim, sbr. nánar ákvæði 36. gr.

##### 2. gr.

##### Skilgreiningar.

Merking orða og hugtaka í lögum þessum er sem hér segir:

1. *Persónuupplýsingar*: Sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða, þ.e. upplýsingar sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins einstaklings, látins eða lifandi.
2. *Vinnsla*: Sérhver aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn.
3. *Skrá*: Sérhvert skipulagsbundið safn persónuupplýsinga þar sem finna má upplýsingar um einstaka menn.
4. *Ábyrgðaraðili*: Sá aðili sem ákveður tilgang vinnslu persónuupplýsinga, þann búnað sem notaður er, aðferð við vinnsluna og aðra ráðstöfun upplýsinganna.
5. *Vinnsluadili*: Sá sem vinnur persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila.
6. [*Rafræn vöktun*: Vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði, og fer fram á almannafæri eða á svæði sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði. Hugtakið tekur til:
  - a. vöktunar sem leiðir, á að leiða eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga, og
  - b. sjónvarpsvöktunar sem fer fram með notkun sjónvarpsmyndavéla, vefmyndavéla eða annars samsvarandi búnaðar, án þess að fram fari söfnun myndefnis eða aðrar aðgerðir sem jafngilda vinnslu persónuupplýsinga.]1)



7. Samþykki: Sérstök, ótvíræð yfirlýsing sem einstaklingur gefur af fúsum og frjálsum vilja um að hann sé samþykkur vinnslu tiltekinna upplýsinga um sig og að honum sé kunnugt um tilgang hennar, hvernig hún fari fram, hvernig persónuvernd verði tryggð, um að honum sé heimilt að afturkalla samþykki sitt o.s.frv.
8. *Viðkvæmar persónuupplýsingar:*
  - a. Upplýsingar um uppruna, litarhátt, kynþátt, stjórnmálaskoðanir, svo og trúar- eða aðrar lífs- skoðanir.
  - b. Upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknáð.
  - c. Upplýsingar um heilsuhagi, þar á meðal um erfðaeiginleika, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun.
  - d. Upplýsingar um kynlíf manna og kynhegðan.
  - e. Upplýsingar um stéttarfélagssáðild.
9. *Sértæk ákvörðun:* Ákvörðun sem afmarkar rétt og/eða skyldur eins eða fleiri tilgreindra einstaklinga.

1) *L. 46/2003, 1. gr.*

### 3. gr.

#### *Efnislegt gildissvið.*

Lögin gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga. Lögin gilda einnig um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að verða hluti af skrá.

Ákvæði 16., 18.–21., 24., 26., 31. og 32. gr. laganna gilda ekki um vinnslu persónuupplýsinga sem varða almannaöryggi, landvarnir, öryggi ríkisins og starfsemi ríkisins á sviði refsivörslu. Lögin gilda ekki um meðferð einstaklings á persónuupplýsingum sem eingöngu varða einkahagi hans eða eru einvörðungu ætlaðar til persónulegra nota.

### 4. gr.

#### *[Rafræn vöktun.*

Rafræn vöktun er ávallt háð því skilyrði að hún fari fram í málefnalegum tilgangi. Rafræn vöktun svæðis þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði er jafnframt háð því skilyrði að hennar sé sérstök þörf vegna eðlis þeirrar starfsemi sem þar fer fram.

Vinnsla persónuupplýsinga sem á sér stað í tengslum við rafræna vöktun skal uppfylla ákvæði laga þessara.

Um sjónvarpsvöktun fer, auk ákvæðis 1. mgr., samkvæmt ákvæðum 7., 24., 40. og 41. gr. laganna, svo og eftir því sem við á ákvæðum 31., 32. og 38. gr. laganna.]1)

1) *L. 46/2003, 2. gr.*

### 5. gr.

#### *Tengsl við tjáningarfrelsi.*

Að því marki sem það er nauðsynlegt til að samræma sjónarmið um rétt til einkalífs annars vegar og tjáningarfrelsis hins vegar má víkja frá ákvæðum laganna í þágu fjölmiðlunar, lista eða bókmennta. Þegar persónuupplýsingar eru einvörðungu unnar í þágu fréttamennsku eða bókmenntalegrar eða listrænnar starfsemi gilda aðeins ákvæði 4. gr., 1. og 4. tölul. 7. gr., 11.–13. gr. og 24., 28., 42. og 43. gr. laganna.

### 6. gr.

#### *Landfræðilegt gildissvið.*

[Lögin gilda um vinnslu persónuupplýsinga á vegum ábyrgðaraðila sem hefur staðfestu hér á landi, enda fari vinnsla persónuupplýsinganna fram á Evrópska efnahagssvæðinu, [í aðildarríki stofnsam-

ings Fríverslunarsamtaka Evrópu]1) eða í landi eða á stöðum sem Persónuvernd auglýsir í Stjórnartíðindum.2)

[Lögin gilda einnig um vinnslu persónuupplýsinga þótt ábyrgðaraðili hafi hvorki staðfestu í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu né í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu ef hann notar tæki og búnað sem er hér á landi.]1)

Lögin gilda einnig um vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust lögaðila, sbr. 45. gr. laganna, enda þótt ábyrgðaraðili hafi ekki staðfestu hér á landi, ef hann notar tæki og búnað sem er hér á landi.

Ákvæði 2. og 3. mgr. gilda ekki ef umræddur tækjabúnaður er einungis notaður til að flytja persónuupplýsingar um Ísland.

Pegar svo hagar til sem greinir í 2. og 3. mgr. skal ábyrgðaraðili tilnefna fulltrúa sinn sem hefur staðfestu hér á landi og gilda þá ákvæði laganna varðandi ábyrgðaraðila um þann fulltrúa eftir því sem við á.]3)

1) L. 72/2003, 5. gr. 2) Augl. 638/2005, sbr. augl. 1041/2006. 3) L. 90/2001, 1. gr.

## II. kafli.

### Almennar reglur um vinnslu persónuupplýsinga.

#### 7. gr.

*[Meginreglur um gæði gagna og vinnslu.]1)*

Við meðferð persónuupplýsinga skal allra eftirfarandi þátta gætt:

1. að þær séu unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga;
2. að þær séu fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi, en frekari vinnsla í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi telst ekki ósamrýmanleg að því tilskildu að viðeigandi öryggis sé gætt;
3. að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar;
4. að þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum, persónuupplýsingar sem eru óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skal afmá eða leiðrétta;
5. að þær séu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á skráða aðila lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu.

[Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að vinnsla persónuupplýsinga uppfylli ávallt ákvæði 1. mgr.]1)

1) L. 90/2001, 2. gr.

#### 8. gr.

*[Almennar reglur um heimildir fyrir vinnslu persónuupplýsinga.]1)*

Vinnsla persónuupplýsinga er því aðeins heimil að einhverjir eftirfarandi þátta séu fyrir hendi:

1. [hinn skráði hafi ótvírætt samþykkt vinnsluna eða veitt samþykki skv. 7. tölul. 2. gr.]1)
2. vinnslan sé nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður;
3. vinnslan sé nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila;
4. vinnslan sé nauðsynleg til að vernda brýna hagsmunum hins skráða;
5. vinnslan sé nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna;
6. vinnslan sé nauðsynleg við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili, eða þriðji maður sem upplýsingum er miðlað til, fer með;
7. vinnslan sé nauðsynleg til að ábyrgðaraðili, eða þriðji maður eða aðilar sem upplýsingum er mið-

að til, geti gætt lögmætra hagsmuna nema grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem vernda ber samkvæmt lögum vegi þyngra.

... 2)

[Persónuvernd getur heimilað vinnslu persónuupplýsinga í öðrum tilvikum en greinir í 1. og 2. mgr. ef sýnt þykir að brýnir almannahagsmunir eða hagsmunir einstaklinga, þar með taldir hagsmunir hins skráða, krefjist þess. Skal þá ótvírætt að þörfin fyrir vinnsluna vegi þyngra en tillitið til þess að hún fari ekki fram. Getur Persónuvernd bundið slík leyfi þeim skilyrðum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni til að tryggja hagsmuni hins skráða.]1)

1) L. 90/2001, 3. gr. 2) L. 46/2003, 3. gr.

### 9. gr.

*[Sérstök skilyrði fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga.]1)*

[Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga er óheimil nema uppfyllt sé eitthvert af skilyrðum 1. mgr. 8. gr. og enn fremur eitthvert af eftirfarandi skilyrðum:]1)

1. hinn skráði samþykki vinnsluna;
2. sérstök heimild standi til vinnslunnar samkvæmt öðrum lögum;
3. ábyrgðaraðila beri skylda til vinnslunnar samkvæmt samningi aðila vinnumarkaðarins;
4. vinnslan sé nauðsynleg til að verja verulega hagsmuni hins skráða eða annars aðila sem ekki er sjálfur fær um að gefa samþykki sitt skv. 1. tölul.;
5. vinnslan sé framkvæmd af samtökum sem hafa stéttarfélagsleg markmið eða af öðrum samtökum sem ekki starfa í hagnaðarskyni, svo sem menningar-, líknar-, félagsmála- eða hugsjónasamtökum, enda sé vinnslan liður í lögmætri starfsemi samtakanna og taki aðeins til félagsmanna þeirra eða einstaklinga sem samkvæmt markmiðum samtakanna eru, eða hafa verið, í reglubundnum tengslum við þau; slíkum persónuupplýsingum má þó ekki miðla áfram án samþykkis hins skráða;
6. vinnslan taki einungis til upplýsinga sem hinn skráði hefur sjálfur gert opinberar;
7. vinnslan sé nauðsynleg til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja;
8. vinnslan sé nauðsynleg vegna læknismedferðar eða vegna venjubundinnar stjórnsýslu á sviði heilbrigðisþjónustu, enda sé hún framkvæmd af starfsmanni heilbrigðisþjónustunnar sem bundinn er þagnarskyldu;
9. vinnslan sé nauðsynleg vegna tölfræði- eða vísindarannsóknna, enda sé persónuvernd tryggð með tilteknum ráðstöfunum eftir því sem við á.

[Þrátt fyrir að skilyrði 1. mgr. séu ekki uppfyllt er heimilt, í tengslum við framkvæmd rafrænnar vöktunar, að safna efni sem verður til við vöktunina, svo sem hljóð- og myndefni, með viðkvæmum persónuupplýsingum ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1. að vöktunin sé nauðsynleg og fari fram í öryggis- og eignavörsluskyni;
2. að það efni sem til verður við vöktunina verði ekki afhent öðrum eða unnið frekar nema með samþykki þess sem upptaka er af eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar; heimilt er þó að afhenda lögreglu efni með upplýsingum um slys eða refsiverðan verknað en þá skal þess gætt að eyða öllum öðrum eintökum af efninu;
3. að því efni sem safnast við vöktunina verði eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita það, nema sérstök heimild Persónuverndar skv. 3. mgr. standi til frekari varðveislu.]2)

Persónuvernd getur heimilað vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga í öðrum tilvikum en greinir í [1. og 2. mgr.]2) telji hún brýna almannahagsmuni mæla með því. Persónuvernd bindur slíka heimild þeim skilyrðum sem hún telur nauðsynleg hverju sinni til að tryggja hagsmuni hinna skráðu.

Persónuvernd setur, að fenginni umsögn vísindasiðanefndar, reglur um hvernig velja má og nálgast fólk til þátttöku í vísindarannsóknnum og hvaða fræðslu skuli veita því áður en samþykkið þess er óskað.

Persónuvernd leysir úr ágreiningi um hvort persónuupplýsingar skuli teljast viðkvæmar eða ekki.  
1) *L. 90/2001, 4. gr.* 2) *L. 81/2002, 1. gr.*

#### 10. gr.

##### *Notkun kennitölu.*

Notkun kennitölu er heimil eigi hún sér málefnalegan tilgang og sé nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu. Persónuvernd getur bannað eða fyrirskipað notkun kennitölu.

#### 11. gr.

##### *[Áhættumat, öryggi og gæði persónuupplýsinga.*

Ábyrgðaraðili skal gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi.

Beita skal ráðstöfunum sem tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að áhættumat og öryggisráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga séu í samræmi við lög, reglur<sup>1)</sup> og fyriræli Persónuverndar um hvernig tryggja skuli öryggi upplýsinga, þ.m.t. þá staðla sem hún ákveður að skuli fylgt.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að áhættumat sé endurskoðað reglulega og öryggisráðstafanir endurbættar að því marki sem þörf krefur til að uppfylla ákvæði þessarar greinar.

Ábyrgðaraðili skal skrá með hvaða hætti hann mótar öryggisstefnu, gerir áhættumat og ákveður öryggisráðstafanir. Skal Persónuvernd hafa aðgang að upplýsingum um framangreind atriði hvenær sem hún óskar.]2)

1) *Rgl. 299/2001.* 2) *L. 90/2001, 5. gr.*

#### 12. gr.

##### *Innra eftirlit.*

[Ábyrgðaraðili skal viðhafa innra eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga til að ganga úr skugga um að unnið sé í samræmi við gildandi lög og reglur og þær öryggisráðstafanir sem ákveðnar hafa verið.

Innra eftirlit skal viðhaft með reglubundnum hætti. Tíðni eftirlitsins og umfang þess skal ákveðið með hliðsjón af áhættunni sem er samfara vinnslunni, eðli þeirra gagna sem unnið er með, þeirri tækni sem notuð er til að tryggja öryggi upplýsinganna og kostnaði af framkvæmd eftirlitsins. Það skal þó eigi fara fram sjaldnar en árlega.

Ábyrgðaraðili skal sjá til þess að gerð sé skýrsla um hverja aðgerð sem er liður í innra eftirliti. Í slíkri skýrslu skal lýsa niðurstöðu hvers þáttar eftirlitsins. Skýrslur um innra eftirlit skal varðveita tryggilega. Persónuvernd hefur rétt til að aðgangs að þeim hvenær sem er.

Persónuvernd getur sett frekari fyriræli<sup>1)</sup> um framkvæmd innra eftirlits og veitt undanþágu frá því að slíkt innra eftirlit skuli viðhaft eða takmarkað til hvaða þátta í vinnslunni það skuli taka.]2)

1) *Rgl. 299/2001.* 2) *L. 90/2001, 6. gr.*

#### 13. gr.

##### *[Trúnaðarskylda vinnsluadila við meðferð persónuupplýsinga.*

Ábyrgðaraðila er heimilt að semja við tiltekinn aðila um að annast, í heild eða að hluta, þá vinnslu persónuupplýsinga sem hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum laga þessara. Slíkt er þó háð því

skilyrði að ábyrgðaraðili hafi áður sannreynt að umræddur vinnsluaðili geti framkvæmt viðeigandi öryggisráðstafanir og viðhaft innra eftirlit skv. 12. gr. laga þessara.

Samningur skv. 1. mgr. skal vera skriflegur og a.m.k. í tveimur eintökum. Þar skal m.a. koma fram að vinnsluaðila sé einungis heimilt að starfa í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila og að ákvæði laga þessara um skyldur ábyrgðaraðila gildi einnig um þá vinnslu sem vinnsluaðili annast. Ábyrgðaraðili og vinnsluaðili skulu hvor varðveita sitt eintak af samningnum.

Hverjum þeim er starfar í umboði ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila, að vinnsluaðila sjálfum meðtöldum, og hefur aðgang að persónuupplýsingum, er aðeins heimilt að vinna með persónuupplýsingar í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila nema lög mæli fyrir á annan veg.

Hafi vinnsluaðili staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en ábyrgðaraðili, sbr. 1. mgr. 6. gr., skal jafnframt mælt svo fyrir í samningi að lög og reglur þess ríkis þar sem vinnsluaðili hefur staðfestu gildi um öryggisráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga. Getur Persónuvernd t.d. í auglýsingu<sup>1)</sup> í Stjórnartíðindum áskilið að slíkur samningur innihaldi stöðluð ákvæði sem séu í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins. Sama á við þegar ábyrgðaraðili hefur staðfestu í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu en vinnsluaðili ekki fari vinnslan fram í landi eða á stöðum sem upp eru taldir í auglýsingu sem Persónuvernd gefur út.<sup>2)</sup>

[Ákvæði 4. mgr. gilda einnig þegar vinnsluaðili á staðfestu í öðru aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu en ábyrgðaraðili, sbr. 1. mgr. 6. gr., og þegar ábyrgðaraðili hefur staðfestu í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu en vinnsluaðili ekki.<sup>3)</sup>

1) *Augl. 638/2005, sbr. augl. 1041/2006.* 2) *L. 90/2001, 7. gr.* 3) *L. 72/2003, 6. gr.*

#### 14. gr.

##### *Frestur til að fullnægja skyldum.*

Ábyrgðaraðili skal afgreiða erindi samkvæmt ákvæðum 16., 18., 22., 25., 26., 27. og 28. gr. svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan eins mánaðar frá móttöku þess.

Ef sérstakar ástæður valda því að ómögulegt er fyrir ábyrgðaraðila að afgreiða erindi innan eins mánaðar er honum heimilt að gera það síðar. Þegar svo hagar til skal ábyrgðaraðili innan mánaðarfrestsins gefa hlutaðeigandi skriflegar skýringar á ástæðum tafarinnar og hvenær svars sé að vænta.

#### 15. gr.

##### *Greiðsla kostnaðar.*

Verða skal við erindi samkvæmt ákvæðum 16., 18., 22., 25., 26., 27. og 28. gr. án þess að taka fyrir það sérstakt gjald. Þó má, ef um er að ræða mikinn kostnað, svo sem vegna ljósritunar skjala, taka greiðslu fyrir samkvæmt gjaldskrá sem ákveðin er af dómsmálaráðherra með reglugerð.

### III. kafli.

#### **Upplýsingaréttur og upplýsingaskylda. Fræðslu- og viðvörunarskylda. Réttur til rökstuðnings.**

#### 16. gr.

##### *Réttur til almennrar vitneskju um vinnslu persónuupplýsinga.*

Ábyrgðaraðila er skylt að veita hverjum sem þess óskar almenna vitneskju um þá vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer á hans vegum.

Þeim sem þess óskar skal enn fremur, að því er varðar tiltekna tegund vinnslu, veitt vitneskja um eftirtalin atriði:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans skv. 6. gr.;
2. hver ber daglega ábyrgð á því að fullnægt sé skyldum ábyrgðaraðila samkvæmt lögum þessum;
3. tilgang vinnslunnar;
4. skilgreiningu og aðra lýsingu á þeim tegundum persónuupplýsinga sem unnið er með;
5. hvaðan upplýsingar koma;

6. viðtakendur upplýsinga, þar á meðal um hvort ætlunin sé að flytja upplýsingar úr landi og þá til hverra.

Kröfu skv. 1. mgr. skal beint til ábyrgðaraðila, eða fulltrúa hans skv. 6. gr., og má krefjast skriflegrar greinargerðar um þau atriði sem óskað er vitneskju um.

*17. gr.*

*Opinber skrá um veittar heimildir og mótteknar tilkynningar.*

Persónuvernd skal halda skrá yfir alla vinnslu sem henni er tilkynnt um í samræmi við 31. gr. og þá vinnslu sem hún heimilar skv. 33. gr. Þar skulu að lágmarki koma fram þau atriði sem talin eru í 2. mgr. 16. gr.

Skráin skal vera aðgengileg almenningi með þeirri aðferð sem Persónuvernd ákveður.

*18. gr.*

*Upplýsingaréttur hins skráða.*

Hinn skráði á rétt á að fá frá ábyrgðaraðila vitneskju um:

1. hvaða upplýsingar um hann er eða hefur verið unnið með;
2. tilgang vinnslunnar;
3. hver fær, hefur fengið eða mun fá upplýsingar um hann;
4. hvaðan upplýsingarnar koma;
5. hvaða öryggisráðstafanir eru viðhafðar við vinnslu, enda skerði það ekki öryggi vinnslunnar.

Kröfu um vitneskju skv. 1. mgr. skal beina til ábyrgðaraðila eða fulltrúa hans skv. 6. gr. Veita skal vitneskju skriflega sé þess óskað.

*19. gr.*

*Takmarkanir á upplýsingarétti hins skráða.*

Réttur hins skráða til að fá vitneskju skv. 18. gr. nær ekki til upplýsinga sem einvörðungu eru notaðar til tölfræðivinnslu eða vísindarannsóknna, enda geti vinnsla þeirra ekki haft bein áhrif á hagsmuni hans.

Ákvæði 18. gr. eiga ekki við ef réttur hins skráða samkvæmt því ákvæði þykir eiga að víkja að nokkru eða öllu fyrir hagsmunum annarra eða hans eigin. Skal þá m.a. tekið tillit til heilsu hins skráða og hagsmuna venslamanna hans. Þó má samkvæmt beiðni veita umboðsmanni hins skráða vitneskjuna, enda mæli engar sérstakar ástæður gegn því.

Réttur hins skráða til að fá vitneskju samkvæmt ákvæðum 18. gr. nær ekki til upplýsinga sem eru undanþegnar aðgangi samkvæmt upplýsinga- eða stjórnsýslulögum. Þegar um er að ræða gögn í vörslu annarra ábyrgðaraðila en stjórnvalda ná ákvæði 18. gr. ekki til vitneskju um efni vinnuskjala eða annarra sambærilegra gagna sem unnin eru af ábyrgðaraðila sjálfum eða aðilum á hans vegum, t.d. sérstökum ráðgjöfum eða sérfræðingum.

Þótt gögn séu undanþegin upplýsingarétti hins skráða skv. 3. mgr. getur hann óskað greinargerðar um efnislegt innihald þeirra, útdráttar eða annars konar samantektar nema hann geti kynnt sér staðreyndir málsins með öðrum hætti.

Dragi veiting vitneskju um tilteknar upplýsingar úr möguleikum á að leiða til lykta mál sem er til meðferðar má fresta veitingu upplýsinganna þar til lokið er undirbúningi málsmeðferðar.

Persónuvernd getur sett skilmála um beitingu upplýsingaréttar hins skráða í reglum sem ráðherra staðfestir.

20. gr.

*[Fræðsluskýlda þegar persónuupplýsinga er aflað hjá hinum skráða.*

Þegar ábyrgðaraðili aflar persónuupplýsinga hjá hinum skráða sjálfum skal hann upplýsa hinn skráða um eftirtalin atriði:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans skv. 6. gr.,
2. tilgang vinnslunnar,
3. aðrar upplýsingar, að því marki sem þær eru nauðsynlegar, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna, svo sem upplýsingar um:
  - a. viðtakendur eða flokka viðtakenda upplýsinganna,
  - b. hvort honum sé skylt eða valfrjálst að veita umbeðnar upplýsingar og hvaða afleiðingar það kunnir að hafa veiti hann þær ekki,
  - c. ákvæði laganna um upplýsingarétt hins skráða, svo og rétt hins skráða til leiðréttingar og eyðingar rangra eða villandi persónuupplýsinga um hann.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki hafi hinn skráði þegar fengið vitneskju um þau atriði sem fram koma í 1.–3. tölul. 1.mgr.])

1) *L. 81/2002, 2. gr.*

21. gr.

*[Skýlda til að láta hinn skráða vita um vinnslu persónuupplýsinga þegar þeirra er aflað hjá öðrum en honum sjálfum.*

Þegar ábyrgðaraðili aflar persónuupplýsinga frá öðrum en hinum skráða skal hann samtímis láta hinn skráða vita af því og greina honum frá þeim atriðum sem talin eru í 3. mgr. Sé ætlun ábyrgðaraðila hins vegar að miðla upplýsingunum innan hæfilegra tímamarka frá öflun þeirra má hann þó fresta því þar til hann miðlar upplýsingunum í fyrsta sinn.

Þrátt fyrir 2. másl. 1. mgr. skal ábyrgðaraðili sem annast miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust láta hinn skráða vita 14 dögum áður en slíkum upplýsingum er miðlað í fyrsta sinn.

Í tilkynningu til hins skráða skal veita upplýsingar um:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans skv. 6. gr.,
2. tilgang vinnslunnar,
3. aðrar upplýsingar, að því marki sem þær eru nauðsynlegar, með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja við vinnslu upplýsinganna, svo að hinn skráði geti gætt hagsmuna sinna, svo sem upplýsingar um:
  - a. tegundir eða flokka þeirra upplýsinga sem unnið er með,
  - b. hvaðan upplýsingarnar koma,
  - c. viðtakendur eða flokka viðtakenda upplýsinganna,
  - d. ákvæði laganna um upplýsingarétt hins skráða, svo og rétt hins skráða til leiðréttingar og eyðingar rangra eða villandi persónuupplýsinga um hann.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef:

1. óframkvæmanlegt er að láta hinn skráða vita eða það leggur þyngrri byrðar á ábyrgðaraðila en með sanngirni má krefjast,
2. ætla má að hinum skráða sé þegar kunnugt um vinnsluna,
3. lagaheimild stendur til skráningar eða miðlunar upplýsinganna eða

4. hagsmunir hins skráða af því að fá vitneskju um upplýsingarnar þykja eiga að víkja fyrir veigamiklum almannahagsmunum eða einkahagsmunum, þ.m.t. hagsmunum hans sjálfs.]1)

1) *L. 81/2002, 3. gr.*

*22. gr.*

*Rökstuðningur sértækra ákvörðana sem byggjast á sjálfvirkri upplýsingavinnslu.*

Ef fyrir liggur sértæk ákvörðun sem að öllu leyti er byggð á rafrænni vinnslu persónuupplýsinga getur sá sem ákvörðunin beinist að krafist rökstuðnings fyrir niðurstöðunni. Í rökstuðningi skal ábyrgðaraðili gera grein fyrir þeim reglum sem hin rafræna vinnsla byggist á og liggja ákvörðuninni til grundvallar.

*23. gr.*

*Viðvaranir um notkun persónusniða.*

Þegar persónusnið sem skilgreinir tiltekið hátterni, smekk, hæfileika eða þarfir er lagt til grundvallar:

1. við sértæka ákvörðun skv. 9. tölul. 2. gr. eða
2. við að nálgast hinn skráða, velja úrtak, markhóp o.s.frv., getur Persónuvernd, þegar henni berst tilkynning um slíka vinnslu, ákveðið að ábyrgðaraðili geri hinum skráða viðvart og greini frá því hver sé ábyrgðaraðili vinnslunnar, hvaða upplýsingar hann noti og hvaðan þær komi.

Við ákvörðun skv. 1. mgr. skal Persónuvernd m.a. líta til þess hvort viðvörðun er að hennar mati óframkvæmanleg eða leggi þyngrri byrðar á ábyrgðaraðila en með sanngirni má krefjast.

*24. gr.*

*Viðvaranir um rafræna vöktun.*

Þegar rafræn vöktun fer fram á vinnustað eða á almannafæri skal með merki eða á annan áberandi hátt gera glögglega viðvart um þá vöktun og hver sé ábyrgðaraðili.

#### **IV. kafli.**

#### **Leiðrétting, eyðing, lokun o.fl.**

*25. gr.*

*Leiðrétting og eyðing rangra og villandi persónuupplýsinga.*

Ef skráðar hafa verið persónuupplýsingar sem eru rangar, villandi eða ófullkomnar, eða persónuupplýsingar hafa verið skráðar án tilskilinnar heimildar, skal ábyrgðaraðili sjá til þess að upplýsingarnar verði leiðréttar, þeim eytt eða við þær aukið ef umræddur annmarki getur haft áhrif á hagsmuni hins skráða. Hafi slíkum upplýsingum verið miðlað eða þær notaðar ber ábyrgðaraðila, eftir því sem honum er frekast unnt, að hindra að það hafi áhrif á hagsmuni hins skráða.

Ef eyðing eða breyting þeirra upplýsinga sem um ræðir í 1. mgr. er óheimil samkvæmt ákvæðum annarra laga getur Persónuvernd bannað notkun upplýsinganna.

*26. gr.*

*Eyðing og bann við notkun persónuupplýsinga sem hvorki eru rangar né villandi.*

Þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita persónuupplýsingar skal ábyrgðaraðili eyða þeim. Málefnaleg ástæða til varðveislu upplýsinga getur m.a. byggst á fyrirmælum í lögum eða á því að ábyrgðaraðili vinni enn með upplýsingarnar í samræmi við upphaflegan tilgang með söfnun þeirra.

Ef ákvæði annarra laga standa því ekki í vegi getur skráður aðili engu síður krafist þess að upplýsingum um hann skv. 1. mgr. sé eytt eða notkun þeirra bönnuð ef slíkt telst réttlætjanlegt út frá



heildstæðu hagsmunamati. Við slíkt hagsmunamat skal taka tillit til hagsmuna annarra, almennra persónuverndarhagsmuna, almannahagsmuna og þeirra aðgerða sem þörf er á til að verða við kröf- unni.

Persónuvernd getur, bæði í einstökum tilvikum eða með setningu almennra reglna, bannað notk- un slíkra upplýsinga eða mælt fyrir um eyðingu þeirra.

#### 27. gr.

##### *Réttur til að fá ákvörðun sem byggist á handvirkri vinnslu upplýsinga.*

Ef fyrir liggur sértæk ákvörðun í skilningi 9. tölul. 2. gr., sem að öllu leyti hefur byggst á sjálfvirkri vinnslu persónuupplýsinga, getur sá sem ákvörðun beinist að, eða mál varðar beinlínis með öðrum hætti, krafist þess að fá ákvörðunina handunna, enda sé um að ræða ákvörðun sem varðar persónu- lega hagi eða eiginleika hans og hefur verulega þýðingu fyrir hann.

Réttur skv. 1. mgr. er ekki til staðar ef beitt er viðhlítandi ráðstöfunum til að gæta persónuvernd- arhagsmuna viðkomandi og um er að ræða ákvörðun sem byggist á fyrirmælum laga eða tengist gerð eða efndum sannings.

#### 28. gr.

##### *[[Um andmælarétt hins skráða og um bannskrá Þjóðskrár.] 1)*

Hinum skráða er heimilt að andmæla vinnslu upplýsinga um sjálfan sig ef hann hefur til þess lög- mætar og knýjandi ástæður vegna sérstakra aðstæðna sinna nema kveðið sé á um annað í öðrum lögum. Eigi andmælin rétt á sér er ábyrgðaraðila óheimil frekari vinnsla umræddra upplýsinga.

[Þjóðskrá skal halda skrá yfir þá sem andmæla því að nöfn þeirra séu notuð í markaðssetning- arstarfsemi. Dómsmálaráðherra setur, í samráði við Persónuvernd, nánari reglur 2) um gerð og notk- un slíkrar skrár og hvaða upplýsingar skuli koma þar fram.]1) Ábyrgðaraðilar sem starfa í beinni markaðssókn og þeir sem nota skrá með nöfnum, heimilisföngum, netföngum, símanúmerum og þess háttar eða miðla þeim til þriðja aðila í tengslum við slíka starfsemi skulu, áður en slík skrá er notuð í slíkum tilgangi, bera hana saman við skrá [Þjóðskrár] til að koma í veg fyrir að markpóstur verði sendur eða hringt verði til einstaklinga sem hafa andmælt slíku. Persónuvernd getur heimilað undanþágu frá þessari skyldu í sérstökum tilvikum.

Öll notkun bannskrár skv. 2. mgr. er óheimil í öðrum tilgangi en þar er lýst.

Skylt er að nafn ábyrgðaraðila komi fram á áberandi stað á útsendum markpósti og hvert þeir sem andmæla því að fá slíkan markpóst og marksímtöl geti snúið sér. Viðtakandi markpósts á rétt á að fá vitneskju um hvaðan þær upplýsingar koma sem liggja úthringingu eða útsendingu til grund- vallar. Þetta gildir ekki um markaðssetningu ábyrgðaraðila á eigin vöru og þjónustu sem notar eigin viðskiptamannaskrár, enda beri útsent efni með sér hvaðan það kemur. [Ef markpóstur er sendur með rafrænum hætti er skylt að fram komi á ótvíræðan hátt um leið og hann er móttækinn að um slíkan póst sé að ræða.]3)

Ábyrgðaraðila er heimilt að afhenda féлага-, starfsmanna eða viðskiptamannaskrár til nota í tengslum við markaðssetningarstarfsemi. Þetta á þó aðeins við ef:

1. ekki telst vera um afhendingu viðkvæmra persónuupplýsinga að ræða,
2. hinum skráðu hefur, áður en afhending fer fram, verið gefinn kostur á að andmæla því, hverjum fyrir sitt leyti, að upplýsingar um viðkomandi birtist á hinni afhentu skrá,
3. slíkt fer ekki gegn reglum eða samþykktum viðkomandi félags,
4. ábyrgðaraðili kannar hvort einhver hinna skráðu hefur komið andmælum á framfæri við [Þjóð- skrá],1) sbr. 2. mgr., og eyðir upplýsingum um viðkomandi áður en hann lætur skrána af hendi.

Ákvæði 5. mgr. gildir ekki ef afhending féлага-, starfsmanna- eða viðskiptamannaskrár til nota við dreifingu markpósts byggist á samþykki hins skráða, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 8. gr.

Ákvæði 1.–5. mgr. gilda, eftir því sem við á, einnig um markaðs-, neyslu- og skoðanakannanir.

Persónuvernd er heimilt að undanþiggja vísindarannsóknir og hliðstæðar rannsóknir slíkum takmörkunum, enda þyki ljóst að slíkt geti skert til muna áreiðanleika niðurstöðu rannsóknarinnar.[4]

1) L. 50/2006, 23. gr. 2) Rgl. 36/2005 3) L. 30/2002, 23. gr. 4) L. 90/2001, 8. gr.

## V. kafli.

### Flutningur persónuupplýsinga úr landi.

#### 29. gr.

*Flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd.*

Heimill er flutningur persónuupplýsinga til annars ríkis ef lög þess veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd.

Ríki sem framfylgir tilskipun Evrópusambandsins 95/46/ESB um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálst flæði slíkra upplýsinga telst fullnægja skilyrðum 1. mgr. [Sama á við um lönd eða staði sem Persónuvernd auglýsir<sup>1</sup>) í Stjórnartíðindum að virtum ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins.]2)

Við mat á því hvort ríki sem ekki framfylgir tilskipun 95/46/ESB fullnægi skilyrðum 1. mgr. skal m.a. líta til reglna viðkomandi ríkis um meðferð persónuupplýsinga, reglna um góða viðskiptahætti og þeirra öryggisráðstafana sem viðhafðar eru hjá viðtakanda. Þá skal taka mið af því hvort viðkomandi ríki hafi fullgilt samning Evrópuráðsins nr. 108 frá 28. janúar 1981, um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga.

1) Augl. 638/2005, sbr. augl. 1041/2006. 2) L. 90/2001, 9. gr.

#### 30. gr.

*Flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem ekki veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd.*

Óheimill er flutningur persónuupplýsinga til ríkis sem ekki veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd nema:

1. hinn skráði hafi samþykkt flutninginn, eða
2. slíkt sé nauðsynlegt til efnda á þjóðréttarskuldbindingum eða vegna aðildar Íslands að alþjóðastofnun, eða
3. heimild standi til slíks flutnings í öðrum lögum, eða
4. afhendingin sé nauðsynleg til að gera eða efna samning milli hins skráða og ábyrgðaraðila, eða
5. flutningurinn sé nauðsynlegur til að gera eða efna samning í þágu hins skráða, eða
6. afhendingin sé nauðsynleg til að verja verulega hagsmuni hins skráða,
7. [ef miðlun er nauðsynleg eða fyrirskipuð samkvæmt lögum vegna þess að brýnir almannahagsmunir krefjast þess eða til að unnt sé að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur,
8. um sé að ræða upplýsingar sem almennur aðgangur er að].1)

Persónuvernd getur heimilað flutning upplýsinga til ríkis er greinir í 1. mgr. telji hún sérstök rök mæla með því, jafnvel þótt skilyrðum ákvæðisins sé ekki fullnægt. Í slíku tilviki skal m.a. taka tillit til eðlis upplýsinganna, fyrirhugaðs tilgangs vinnslunnar og hve lengi hún varir. [Persónuvernd getur heimilað miðlun persónuupplýsinga til þriðju landa þótt þau hafi ekki verið talin veita friðhelgi borgaranna nægilega einkalífsvernd. Slíkt er háð því að ábyrgðaraðili hafi, að mati stofnunarinnar, veitt nægilegar tryggingar fyrir slíku. Getur stofnunin t.d. áskilið að ábyrgðaraðili hafi gert við viðtökuaðila skriflegan samning sem hafi að geyma tiltekin stöðluð samningsákvæði í samræmi við ákvörðun sem Persónuvernd hefur auglýst í Stjórnartíðindum, að teknu tilliti til ákvarðana framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, sbr. 2. mgr. 29. gr. laga þessara. Að öðru leyti getur Persónuvernd sett nánari fyrirmæli um flutning persónuupplýsinga úr landi.]1)

1) L. 90/2001, 10. gr.

**VI. kafli.**  
**Tilkynningarskylda, leyfisskylda o.fl.**

*31. gr.*

*Tilkynningarskylda.*

Sérhver ábyrgðaraðili sem beitir rafrænni tækni við vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr., skal á þar til gerðu formi tilkynna Persónuvernd um vinnsluna

tímanlega áður en hún hefst. Tilkynna skal allar breytingar sem verða frá því sem greinir í upphaflegri tilkynningu.

Tilkynningarskyldan á ekki við ef einungis er unnið með upplýsingar sem gerðar hafa verið og eru aðgengilegar almenningi.

Persónuvernd getur ákveðið<sup>1)</sup> að vissar tegundir vinnslu almennra upplýsinga skuli vera undanþegnar tilkynningarskyldu eða að um þær gildi einfaldari tilkynningarskylda. Persónuvernd getur jafnframt ákveðið<sup>1)</sup> að vissar tegundir vinnslu skuli vera leyfisskyldar. Um vinnslu sem undanþegin er tilkynningarskyldu getur Persónuvernd sett fyrirmæli, þar á meðal um þau atriði sem talin eru í 2. mgr. 35. gr. Persónuvernd getur einnig mælt fyrir um ráðstafanir til að draga úr óhagræði sem slík vinnsla persónuupplýsinga kann að hafa í för með sér fyrir hinn skráða.

1) *Rgl. 698/2004, sbr. rgl. 836/2006 og rgl. 1042/2006.*

*32. gr.*

*Efni tilkynninga.*

Í tilkynningu til Persónuverndar skv. 31. gr. skal tilgreina eftirfarandi atriði:

1. nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila og eftir atvikum fulltrúa hans, sbr. 6. gr.;
2. hver ber daglega ábyrgð á að uppfylla skyldur ábyrgðaraðila;
3. tilgang vinnslunnar;
4. skilgreiningu og aðra lýsingu á þeim tegundum upplýsinga sem notaðar verða við vinnslu;
5. hvert upplýsingarnar eru sóttar;
6. þá heimild sem stendur til söfnunar upplýsinganna;
7. hverjum upplýsingarnar verða afhentar;
8. hvort ráðgert sé að flytja persónuupplýsingarnar úr landi;
9. hvort ráðgert sé að birta upplýsingarnar á netinu;
10. hvaða öryggisráðstafanir verða viðhafðar í vinnslunni;
11. hvort og hvenær persónuupplýsingum eða persónuauðkennum verði eytt;
12. [hvernig uppfyllt séu fyrirmæli 20. og 21. gr.]<sup>1)</sup>

Persónuvernd getur sett nánari fyrirmæli<sup>2)</sup> um form og efni tilkynninga og um framkvæmd tilkynningarskyldunnar að öðru leyti.

Ábyrgðaraðili skal sjá til þess að Persónuvernd hafi á hverjum tíma undir höndum réttar upplýsingar um vinnsluna. Þegar liðin eru þrjú ár frá því að tilkynning var send Persónuvernd skal senda henni nýja tilkynningu með uppfærðum upplýsingum nema henni hafi áður verið tilkynnt um breytta vinnslu. Persónuvernd getur mælt fyrir um ráðstafanir til að tryggja gæði og áreiðanleika tilkynninga og ákveðið mismunandi tilkynningarfrést eftir tegund og eðli vinnslu.

1) *L. 81/2002, 4. gr. 2) Rgl. 698/2004, sbr. rgl. 836/2006 og rgl. 1042/2006*

*33. gr.*

*Leyfisskyld vinnsla.*

Sé um að ræða vinnslu almennra eða viðkvæmra persónuupplýsinga sem getur falið í sér sérstaka hættu á að farið verði í bága við réttindi og frelsi skráðra aðila getur Persónuvernd ákveðið<sup>1)</sup> að vinnslan megi ekki hefjast fyrr en hún hefur verið athuguð af stofnuninni og samþykkt með útgáfu

sérstakrar heimildar. Persónuvernd getur ákveðið2) að slík leyfisskylda falli brott þegar settar hafa verið almennar reglur og öryggisstaðlar sem fylgja skuli við slíka vinnslu.

1) Rgl. 698/2004, sbr. rgl. 836/2006 og rgl. 1042/2006 2) Rgl. 170/2001, sbr. rgl. 157/2003.

#### 34. gr.

##### *Forsendur leyfisveitingar o.fl.*

Ábyrgðaraðili má aðeins veita leyfi skv. 33. gr., eða einstakar aðrar heimildir samkvæmt lögum þessum, ef líklegt er að hann geti fullnægt skyldum sínum samkvæmt lögnum eða fyrirmælum Persónuverndar.

Við afgreiðslu mála er tengjast vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga skal Persónuvernd, innan þeirra marka sem greinir í II. kafla laganna, meta hvort vinnslan geti valdið hinum skráða slíku óhagræði að ekki verði úr því bætt með forsvaranlegum hætti með skilyrðum sem sett eru skv. 35. gr. Ef slíkt óhagræði getur orðið skal Persónuvernd meta hvort hagsmunir sem mæla með vinnslunni vegi þyngra en hagsmunir hins skráða.

#### 35. gr.

##### *Skilmálar Persónuverndar um vinnslu persónuupplýsinga.*

Þegar ábyrgðaraðili er veitt leyfi skv. 33. gr. skal Persónuvernd binda það skilyrðum, svo sem um dulkóðun persónuauðkenna og öðrum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni, til að draga úr eða koma í veg fyrir hugsanlegt óhagræði hins skráða af vinnslunni. Sama gildir eftir því sem við á þegar Persónuvernd berst tilkynning um vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga sem fellur undir 1. mgr. 9. gr.

Við mat á því hvaða skilyrði skal setja fyrir vinnslu skal Persónuvernd m.a. athuga:

1. hvort tryggt sé að hinn skráði geti nýtt réttindi sín samkvæmt lögnum, þar á meðal til að hætta þátttöku í verkefni, og eftir atvikum fá eytt skráðum persónuupplýsingum, til að fá fræðslu um réttindi sín og beitingu þeirra;
2. hvort persónuupplýsingar verði nægjanlega öruggar, áreiðanlegar og uppfærðar í samræmi við tilgang vinnslunnar skv. 7. gr.;
3. hvort með persónuupplýsingarnar verði farið af þeirri varúð sem reglur um þagnarskyldu og tilgangur vinnslunnar krefst;
4. hvort skipulagt hafi verið hvernig hinum skráða verði veittar upplýsingar og leiðbeiningar, innan þeirra marka sem sanngjarnt er að ætlast til miðað við umfang vinnslunnar og aðrar öryggisráðstafanir sem viðhafðar eru;
5. hvort stofnað hafi verið til öryggisráðstafana sem séu eðlilegar miðað við tilgang vinnslunnar.

Persónuvernd getur ákveðið að ábyrgðaraðili og vinnsluadili, svo og starfsmenn á vegum þeirra, skuli undirrita yfirlýsingu um að þeir lofi að gæta þagmælsku um viðkvæmar persónuupplýsingar sem þeir fá vitneskju um við vinnslu þeirra. Ábyrgðaraðili eða fulltrúi hans skal votta rétta undirskrift starfsmanns og dagsetningu slíkrar yfirlýsingar og koma til Persónuverndar innan tilskilins frests. Brot á slíkri þagnarskyldu varðar refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Persónuvernd getur afgreitt erindi er lýtur að vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga með skilyrði um að sérstakur tilsjónarmaður verði skipaður til að hafa eftirlit fyrir hönd Persónuverndar með því að vinnsla sé í samræmi við lög og að ábyrgðaraðili greiði allan kostnað sem af því hlýst.

## VII. kafli. Eftirlit og viðurlög.

### 36. gr.

#### *Skipulag Persónuverndar og stjórnsýsla.*

Persónuvernd er sjálfstæð stofnun með sérstaka stjórn og heyrir stjórnarfarlega undir dómsmálaráðherra.

Persónuvernd er sjálfstæð í störfum sínum og verður ákvörðunum hennar samkvæmt lögum þessum ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Ráðherra skipar fimm menn í stjórn Persónuverndar og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn. Formann og varaformann stjórnarinnar skipar ráðherra án tilnefningar og skulu þeir vera lögfræðingar og fullnægja hæfisskilyrðum héraðsdómara. Hæstiréttur tilnefnir einn stjórnarmann og Skýrslutæknifélag Íslands annan og skal hann vera sérfróður á sviði tölvu- og tæknimála. Varamenn skulu fullnægja sömu skilyrðum

og aðalmenn.

Ráðherra ákveður laun stjórnarmanna.

Þegar stjórnarmenn eru ekki sammála ræður meiri hluti niðurstöðu máls. Ef atkvæði eru jöfn ræður atkvæði formanns.

Ráðherra skipar forstjóra Persónuverndar til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar. Forstjóri situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

Forstjóri Persónuverndar annast daglega stjórn og ræður annað starfsfólk Persónuverndar.

Forstjóri ber ábyrgð á fjárreiðum og starfsmannahaldi Persónuverndar. Stjórn Persónuverndar ákveður að öðru leyti skiptingu starfa á milli stjórnar og starfsmanna hennar.

### 37. gr.

#### *Verkefni Persónuverndar.*

Persónuvernd annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim.

Persónuvernd úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um vinnslu persónuupplýsinga [á Íslandi, hvort sem íslensk lög eða lög annars ríkis gilda um vinnsluna].1) Persónuvernd getur fjallað um einstök mál að eigin frumkvæði eða samkvæmt erindi þess sem telur að ekki hafi verið unnið með persónuupplýsingar um hann í samræmi við lög þessi og reglur sem settar eru samkvæmt þeim eða einstökum fyrirmælum.

Verkefni Persónuverndar eru m.a. eftirfarandi:

1. að afgreiða leyfisumsóknir, taka við tilkynningum og mæla, eftir því sem þurfa þykir, fyrir um ráðstafanir að því er varðar tækni, öryggi og skipulag vinnslunnar þannig að hún verði í samræmi við ákvæði laganna,2)
2. að hafa eftirlit með því að farið sé að lögum og öðrum reglum um vinnslu persónuupplýsinga og að bætt sé úr annmörkum og mistökum,
3. að fylgjast með almennri þróun á sviði persónuupplýsingaverndar á innlendum og erlendum vettvangi og hafa yfirsýn yfir og kynna helstu álitæfni sem tengjast vinnslu persónuupplýsinga,
4. að skilgreina og afmarka hvar persónuvernd er hætta búin og veita ráð um leiðir til lausnar,
5. að leiðbeina þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar, eða þróa kerfi fyrir slíka vinnslu, um persónuvernd, þar á meðal með því að aðstoða við gerð starfs- og siðareglna fyrir einstaka hópa og starfsstéttir,3)
6. að tjá sig, samkvæmt beiðni eða að eigin frumkvæði, um álitæfni varðandi meðferð persónuupplýsinga og veita umsagnir við setningu laga og annarra reglna sem þýðingu hafa fyrir persónuvernd,
7. að birta árlega skýrslu um starfsemi sína.

Persónuvernd getur ákveðið að ábyrgðaraðili skuli greiða þann kostnað sem hlýst af eftirliti með því að hann fullnægi skilyrðum laga þessara og reglna sem settar eru samkvæmt þeim eða einstökum fyrirmælum. Persónuvernd getur einnig ákveðið að ábyrgðaraðili greiði kostnað við úttekt á starfsemi við undirbúning útgáfu vinnsluleyfis og annarrar afgreiðslu.

[Persónuvernd setur reglur<sup>4</sup>) um rafræna vöktun og vinnslu efnis sem verður til við vöktunina, svo sem hljóð- og myndefnis, þar á meðal um öryggi, varðveislu og notkun þess. Þá getur hún gefið fyrirmæli um rétt þess sem myndaður hefur verið til að skoða myndir sem teknar hafa verið af honum. Persónuvernd setur jafnframt reglur og gefur fyrirmæli um eyðingu efnis sem til verður við framkvæmd rafrænnar vöktunar, ákveður varðveisluaðferð og varðveislutíma og heimilar afhendingu þess í öðrum tilvikum en þeim sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 9. gr.]<sup>5</sup>)

1) L. 90/2001, 11. gr. 2) Rgl. 340/2003. 3) Augl. 1001/2001. 4) L. 837/2006. 5) L. 81/2005, 5. gr.

### 38. gr.

#### *Aðgangur Persónuverndar að upplýsingum o.fl.*

Persónuvernd getur krafist ábyrgðaraðila, vinnsluaðila og þá sem starfa á þeirra vegum um allar þær upplýsingar og skriflegar skýringar sem henni eru nauðsynlegar til þess að rækja hlutverk sitt, þar á meðal þær upplýsingar sem hún þarf til að geta metið hvort tiltekin starfsemi eða vinnsla falli undir ákvæði laganna. Einnig getur Persónuvernd kvatt ábyrgðaraðila, vinnsluaðila og þá sem starfa á þeirra vegum á sinn fund til að veita munnlegar upplýsingar og skýringar varðandi ákveðna vinnslu persónuupplýsinga.

Persónuvernd hefur í eftirlitsstörfum sínum án dómsúrskurðar aðgang að húsnæði þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram eða gögn eru varðveitt, þar á meðal stöðum þar sem varðveittar eru skrár, myndir, sbr. 4. gr., persónuupplýsingar sem lúta rafrænni vinnslu, og tæki til slíkrar vinnslu. Persónuvernd getur framkvæmt hverja þá prófun eða eftirlitsaðgerð sem hún telur nauðsynlega og krafist nauðsynlegrar aðstoðar starfsfólks á slíkum vettvangi til að framkvæma prófun eða eftirlit. Persónuvernd getur óskað liðveislu lögreglu ef einhver leitast við að hindra hana í eftirlitsstörfum sínum.

Réttur Persónuverndar til að krefjast upplýsinga eða aðgangs að starfsstöðvum og tækjabúnaði verður ekki takmarkaður með vísun til reglna um þagnarskyldu.

### 39. gr.

#### *Undanþágur frá þagnarskyldu.*

Ákvæði um þagnarskyldu standa því ekki í vegi að Persónuvernd veiti persónuverndarstofnunum erlendis upplýsingar þegar slíkt er nauðsynlegt til að hún eða hin erlenda persónuverndarstofnun geti ákveðið eða framkvæmt aðgerðir til að tryggja persónuvernd.

### 40. gr.

#### *Stöðvun vinnslu o.fl.*

Persónuvernd getur mælt fyrir um stöðvun vinnslu persónuupplýsinga, þar á meðal söfnunar, skráningar eða miðlunar, mælt fyrir um að persónuupplýsingar verði afmáðar eða skráar eytt, í heild eða að hluta, bannað frekari notkun upplýsinga eða lagt fyrir ábyrgðaraðila að viðhafa ráðstafanir sem tryggja lögmæti vinnslunnar. Viðmat á því hvort og þá hvaða úrræðum skuli beitt skal Persónuvernd m.a. taka tillit til þeirra atriða sem greinir í 2. mgr. 35. gr.

Komi í ljós að fram fer vinnsla persónuupplýsinga sem brýtur í bága við ákvæði laga þessara eða reglur settar samkvæmt þeim er Persónuvernd heimilt að fela lögreglustjóra að stöðva til bráðabirgða starfsemi viðkomandi og innsigla starfsstöð hans þegar í stað.

Sinni aðili ekki fyrirmælum Persónuverndar skv. 1. mgr. getur hún afturkallað leyfi sem hún hefur veitt samkvæmt ákvæðum laga þessara þar til úr hefur verið bætt að hennar mati.

41. gr.  
*Dagsektir.*

Ef ekki er farið að fyrirmælum Persónuverndar skv. 10., 25., 26. eða 40. gr. getur hún ákveðið að leggja dagsektir á þann sem fyrirmælin beinast að þar til úr hefur verið bætt að mati Persónuverndar. Sektir geta numið allt að 100.000 kr. fyrir hvern dag sem líður eða byrjar að líða án þess að fyrirmælum Persónuverndar sé fylgt.

Ef ákvörðun Persónuverndar um dagsektir er skotið til dómstóla byrja dagsektir ekki að falla á fyrir en dómur er endanlegur. Dagsektir renna í ríkissjóð og má án undangengins dóms gera aðför til fullnustu þeirra.

42. gr.  
*Refsingar.*

Brot á ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim varða fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Sama refsing liggur við ef ekki er farið að fyrirmælum Persónuverndar.

Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og má þá gera lögaðilanum fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga.

43. gr.  
*Bætur.*

Hafi ábyrgðaraðili eða vinnsluadili unnið með persónuupplýsingar í andstöðu við ákvæði laga þessara, reglna eða fyrirmæla Persónuverndar skal ábyrgðaraðili bæta hinum skráða það fjárhagslega tjón sem hann hefur orðið fyrir af þeim völdum. Ábyrgðaraðila verður þó ekki gert að bæta tjón sem hann sannar að hvorki verður rakið til mistaka né vanrækslu af hans hálfu eða vinnsluaðila.

**VIII. kafli.**  
**Lagatengsl, gildistaka o.fl.**

44. gr.  
*Tengsl við ákvæði annarra laga.*

Lögin gilda um vinnslu og meðferð persónuupplýsinga sem fram fer samkvæmt öðrum lögum nema þau lög tilgreini annað sérstaklega.

Lög þessi takmarka ekki þann rétt til aðgangs að gögnum sem mælt er fyrir um í upplýsingalögum og stjórnsýslulögum.

45. gr.  
*Reglugerðir um einstaka flokka starfsemi.*

Með reglugerð má mæla fyrir um meðferð persónuupplýsinga í tiltekinni starfsemi og hjá einstökum starfsstéttum.

Í reglugerð1) skal mælt fyrir um heimild til söfnunar og skráningar upplýsinga sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust fyrirtækja, svo og annarra lögaðila, í því skyni að miðla til annarra upplýsingum um það efni. Heimild til slíkrar starfsemi skal bundin leyfi Persónuverndar og um hana gilda eftirfarandi ákvæði laganna: 11. gr. um öryggi og gæði upplýsinga, 12. gr. um innra eftirlit, 13. gr. um meðferð vinnsluadila á upplýsingum, 18. gr. um upplýsingarétt hins skráða, 21. gr. um viðvörðunarskyldu þegar upplýsingum er safnað frá öðrum en hinum skráða, 25. gr. um leiðréttingu og eyðingu rangra og villandi upplýsinga, 26. gr. um eyðingu og bann við notkun upplýsinga sem hvorki eru rangar né villandi, 33. gr. um leyfisskylda vinnslu, 34. gr. um forsendur leyfisveitingar, 35. gr. um skilmála, 38. gr. um aðgang Persónuverndar að upplýsingum o.fl., 40. gr. um stöðvun vinnslu o.fl., 41. gr. um dagsektir, 42. gr. um refsingar og 43. gr. um bætur.

Að fenginni umsögn Persónuverndar skal ráðherra í reglugerð2) mæla nánar fyrir um eftirlit

Persónuverndar með rafrænni vinnslu persónuupplýsinga hjá lögreglu. Þar skal m.a. mælt fyrir um skyldu lögreglu til að tilkynna Persónuvernd um rafrænt unnar skrár sem hún heldur og efni slíkra tilkynninga. Þá skal mælt fyrir um í hvaða tilvikum og með hvaða hætti hinn skráði á rétt til aðgangs að persónuupplýsingum sem skráðar hafa verið um hann hjá lögreglu, svo og heimild lögreglu til miðlunar upplýsinga í öðrum tilvikum. Loks skal mælt fyrir um öryggi persónuupplýsinga og innra eftirlit lögreglu með því að vinnslu persónuupplýsinga sé hagað í samræmi við lög, svo og um tímalengd á varðveislu skráðra upplýsinga.

Þá skal í reglugerð kveða nánar á um starfsemi þeirra sem nota nafnalista, vinna nafnárítanir, þar á meðal við markaðssetningarstarfsemi, og við gerð markaðs- og skoðanakannana.

1) Rg. 246/2001. 2) Rg. 322/2001, sbr. 926/2004

46. gr.  
*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2001. . . .

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar er lög þessi hafa verið birt skal ráðherra skipa stjórn og auglýsa embætti forstjóra Persónuverndar laust til umsóknar. Eftir að forstjóri hefur verið skipaður ræður hann eftir þörfum annað starfsfólk til að annast undirbúning að gildistöku laganna og sinna stjórnábyrgðum skv. 2. mgr.

Þrátt fyrir 1. mgr. 46. gr. skal Persónuvernd þegar er stjórn hennar hefur verið skipuð taka að sér eftirlit með því að meðferð persónuupplýsinga í Schengen-upplýsingakerfinu á Íslandi sé í samræmi við lög nr. 16/2000, um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi.

Sérhver ábyrgðaraðili sem beitir rafrænni tækni við vinnslu persónuupplýsinga við gildistöku laganna skal á þar til gerðu eyðublaði tilkynna Persónuvernd um vinnsluna í samræmi við ákvæði 31. og 32. gr. innan sex mánaða frá gildistöku þeirra.

Leyfi sem tölvunefnd hefur gefið út skulu halda gildi, enda fari þau ekki í bága við lög þessi.

## **5.2. Um stjórnvaldsreglur**

Á árinu 2006 gaf Persónuvernd út nýjar reglur um rafræna vöktun og hlutu þær Stjórnartíðinda-númerið 837/2006. Reglurnar fólu ekki í sér grundvallarbreytingar, en var ætlað að einfalda og skýra gildandi leikreglur, auk þess að taka mið af þeirri reynslu sem komin var á eldri reglur um rafræna vöktun, nr. 888/2004.

Reglum nr. 698/2004, um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga breytt tvívegis, annars vegar með reglum nr. 836/2006 og hins vegar með reglum nr. 1042/2006. Fyrirnefnda breytingin sneri að 2. mgr. 5. gr. reglnanna og fól m.a. í sér það nýmæli að vinnsla persónuupplýsinga með kerfisbundinni hljóðritun símtala er ávallt tilkynningarskyld. Síðarnefnda breytingin felur í sér að söfnun og miðlun persónuupplýsinga um fjárhagsstöðu og lánstraust einstaklinga er ekki lengur háð leyfi Persónuverndar, ef vinnslan fer aðeins fram í þágu tölfraeðilegs mats á lánshæfi einstaklinga, þ.e. til vinnslu lánshæfiseinkunnar, og byggir á upplýstu og óþvinguðu samþykki hinna skráðu.

Þá var auglýsingu nr. 638/2005, um flutning persónuupplýsinga til annarra landa, breytt til samræmis við niðurstöðu Evrópuþingmálsins í sk. „PNR-málum,“ nr. C-317/04 og C-318/04. Dómurinn ógilti m.a. ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í færslum í bókunarkerfum flugfélaga um einstaka flugfarþega sem miðlað er til bandaríska tolla- og landamæraeftirlitsins (ákvörðun 2004/535/EB) og reyndist því nauðsynlegt að fella 2. tölul. 2. gr. auglýsingarinnar úr gildi. Breytingin var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda hinn 18. desember 2006, sbr. auglýsingu nr. 1041/2006.

Þessar reglur eru birtar hér fyrir neðan og á heimasíðu Persónuverndar ([www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is)) eins og þær voru í árslok 2006.



**5.2.1. Reglur nr. 698/2004 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga, með áorðnum breytingum samkvæmt reglum nr. 836/2006 og 1042/2006**

*1. gr.*

*Gildissvið*

Reglur þessar gilda um tilkynningarskyldu vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, um undanþágur frá þeirri skyldu og um leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga.

Vinnsla einstaklings á persónuupplýsingum sem eingöngu varða einkahagi hans eða er ætluð til persónulegra nota fellur utan gildissviðs reglna þessara. Sama á við um vinnslu sem fram fer í tengslum við rannsókn eða könnun þar sem skráðar upplýsingar eru hvorki merktar með persónuauðkennum, númerum né öðrum rekjanlegum auðkennum.

Um tilkynningarskyldu lögreglu fer samkvæmt reglugerð nr. 794/2000 um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu.

*2. gr.*

*Tilkynningarskylda*

Ábyrgðaraðili skv. 4. t.l. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000 skal tilkynna Persónuvernd um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga sem hann framkvæmir eða fer fram á hans vegum. Hann ber að lögum ábyrgð á því að vinnslu persónuupplýsinga sé ávallt hagað í samræmi við efni tilkynningar til Persónuverndar og lög nr. 77/2000.

Senda skal tilkynningu í upphafi fyrstu vinnslu en ekki í hvert skipti sem hún fer fram. Verði breytingar á tilkynntri vinnslu, s.s. ef unnið er með aðra tegund upplýsinga, upplýsingarnar afhentar öðrum eða gerðar tiltækar á annan hátt en tilgreint var í hinni upphaflegu tilkynningu, eða þær notaðar á annan hátt, t.d. með samtengingu, eða í öðrum tilgangi en þeim upphaflega, skal senda Persónuvernd nýja tilkynningu þannig að stofnunin hafi á hverjum tíma réttar upplýsingar um vinnsluna.

*3. gr.*

Form og efni tilkynninga

Tilkynningu til Persónuverndar má koma á framfæri á þar til gerðu eyðublaði, sem er að finna á heimasíðu Persónuverndar, eða á prentuðu eyðublaði sem liggur frammi á skrifstofu Persónuverndar.

Í tilkynningu skal tilgreina öll þau atriði sem greinir í 1. mgr. 32. gr. laga nr. 77/2000. Þar skal og koma fram hvort um sé að ræða nýja tilkynningu eða tilkynningu um breytingu á vinnslu. Sé um að ræða tilkynningu um breytingu skal tilgreina númer eldri tilkynningar. Í tilkynningu skal og tilgreina kennitölu ábyrgðaraðila. Verði vinnsla falin vinnsluaðila, í heild eða að hluta til, skal og tilgreina kennitölu hans og skyldur hans samkvæmt samningi hans og ábyrgðaraðila.

*4. gr.*

*Hvenær er heimilt að hefja vinnslu persónuupplýsinga*

Vinnsla persónuupplýsinga er því aðeins heimil að hún byggist á 8. eða 9. gr. laga nr. 77/2000. Það ræðst af því hvort vinnsla er leyfisskyld eða tilkynningarskyld hvenær heimilt er að hefja hana.

Heimilt er að hefja leyfisskylda vinnslu þegar skriflegt leyfi Persónuverndar er komið til ábyrgðaraðila.

Heimilt er að hefja tilkynningarskylda vinnslu þegar ábyrgðaraðila hefur borist staðfesting frá Persónuvernd um móttöku tilkynningarinnar. Honum er þó ávallt heimilt að hefja vinnslu þegar liðnir eru 15 dagar frá því að hann sendi tilkynninguna. Honum er hins vegar óheimilt að hefja vinnslu hafi honum, innan umrædds frests, borist tilmæli Persónuverndar þess efnis.

Persónuvernd getur hvenær sem er stöðvað vinnslu sem hún telur vera ólögsmæta eða sett skilmála fyrir því að henni megi halda áfram, sbr. 40. og 35. gr. laga nr. 77/2000.

Vinnslu persónuupplýsinga, sem hvorki er tilkynningarskyld né leyfisskyld, má hefja hvenær sem er.

5. gr.

*Undanþágur frá tilkynningarskyldu almennra persónuupplýsinga*

Ekki er skylt að tilkynna um vinnslu almennra persónuupplýsinga sem:

1. Er eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila og tekur einungis til þeirra er tengjast starfi hans eða verksviði, svo sem viðskiptamanna, starfsmanna eða félagsmanna.
2. Er ábyrgðaraðila nauðsynleg til efnda á lagaskyldum.
3. Er ábyrgðaraðila nauðsynleg til efnda á skyldum hans samkvæmt samningi við hinn skráða eða samkvæmt samningi aðila vinnumarkaðarins.
4. Aðeins felst í vinnslu persónuupplýsinga sem gerðar hafa verið og eru almenningi aðgengilegar, enda sé ekki um að ræða vinnslu sem felst í því að tengja upplýsingar saman og nota almennt aðgengilegar upplýsingar með öðrum persónuupplýsingum sem ekki hafa verið gerðar aðgengilegar.
5. Telst til rafrænnar vöktunar, sem eingöngu fer fram í öryggis- og eignavörsluskyni, enda hafi skilyrðum laga um fræðslu og viðvaranir verið fullnægt sem og gildandi sérreglum um framkvæmd slíkrar vöktunar.
6. Er að öllu leyti handunnin.

[Undanþágur frá tilkynningarskyldu skv. 1. mgr. gilda ekki um rafræna vinnslu:

1. Persónuupplýsinga um hegðun og mat á árangri einstaklinga, s.s. um einkunnir nemenda og frammistöðu starfsmanna.
2. Persónuupplýsinga sem fram fer í þeim tilgangi að fella einstaklinga inn í tiltekið persónusnið, skv. 23. gr. laga nr. 77/2000.
3. Persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun sem fram fer í verkstjórnartilgangi eða til að fylgjast með mætingum og vinnuskilum.
4. Sem felur í sér flutning ódulkóðaðra persónuupplýsinga úr landi.
5. Sem felur í sér kerfisbundna hljóðritun símtala.[1)

1) *Reglur nr. 836/2006*

6. gr.

*Tilkynningarskyld vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga*

Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga, sem ekki er leyfisskyld skv. 7. gr., er tilkynningarskyld.

7. gr.

*Leyfisskyld vinnsla persónuupplýsinga*

Óheimilt er að hefja eftirtalda vinnslu persónuupplýsinga fyrr en fyrir liggur skriflegt leyfi Persónuverndar, sem hún veitir að fenginni umsókn frá ábyrgðaraðila. Þetta á við um:

1. Vinnslu sem felst í samkeyrslu skráar sem hefur að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar við aðra skrá, hvort sem sú hefur að geyma almennar eða viðkvæmar persónuupplýsingar. Slík samkeyrsla er þó ekki leyfisskyld byggi hún á fyrirmælum laga eða ef einvörðungu eru samkeyrðar upplýsingar úr Þjóðskrá um nafn, kennitölu, fyrirtækjanúmer, heimilisfang, aðsetur og pósthúmer. Sama á við ef samkeyrðar eru skrár sama ábyrgðaraðila eða samkeyrslan byggist á upplýstu samþykki.
2. Vinnslu sem tengist framkvæmd vísindarannsóknar þar sem unnið er með erfðæfni manns. Þetta

á þó ekki við ef aðeins er unnið með hluta af erfðæfni þannig að það verði ekki rakið til tiltekins manns.

3. Vinnsla upplýsinga um refsiverðan verknað manns og sakaferil, upplýsingar um lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun, kynlíf og kynhegðan, nema vinnslan sé nauðsynlegur og eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila eða byggist á upplýstu samþykki hins skráða.
- [4. Söfnun og miðlun persónuupplýsinga um fjárhagsstöðu og lánstraust einstaklinga. Ef slík vinnsla fer hins vegar aðeins fram í þágu tölfraðilegs mats á lánshæfi einstaklinga, þ.e. til vinnslu láns-hæfiseinkunnar, er hún ekki háð leyfi Persónuverndar, byggi hún á upplýstu og óþvinguðu samþykki hinna skráðu.]1
5. Vinnsla upplýsinga um félagsleg vandamál manna eða önnur einkalífsatriði, s.s. hjónaskilnaði, samvistarlit, ættleiðingar og fóstursamninga, nema vinnslan sé nauðsynlegur og eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila eða byggist á upplýstu samþykki hinna skráðu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er slík vinnsla persónuupplýsinga ekki leyfisskyld, byggi hún á fyrirmælum laga.

1) Reglur nr. 1042/2006

*8. gr.  
Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 31., 32. og 33. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, öðlast þegar gildi. Við gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 90/2001 um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga.

Persónuvernd, 12. ágúst 2004

### **5.2.2. Reglur nr. 837/2006 um rafræna vöktun**

*1. gr.  
Markmið og gildissvið.*

Markmið reglna þessara er að stuðla að því að jafnvægi ríki milli einkalífsréttar annars vegar og hins vegar hagsmuna ábyrgðaraðila af því að tryggja öryggi og hafa eðlilegt eftirlit með starfsmönnum og öðrum sem sæta rafrænni vöktun, m.a. með því hvernig sá hug- og vélbúnaður sem hann leggur til sé nýttur í þágu viðkomandi starfsemi.

Reglur þessar gilda um rafræna vöktun á vinnustöðum, í skólum og á öðrum svæðum þar sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði. Reglurnar gilda óháð því hvers konar tæknibúnaður er notaður, s.s. hvort notaðir eru netþjónar, búnaður til að fylgjast með símanotkun, eftirlitsmyndavélar, vefmyndavélar, ökusíritar, rafrænn staðsetningarbúnaður o.s.frv. Þær gilda þó ekki um búnað til að fylgjast með mætingum, s.s. stimpilkortavélar.

*2. gr.  
Merking hugtaka.*

Merking hugtaka í reglum þessum er sem hér segir:

1. Rafræn vöktun: Vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með einstaklingum sem fram fer með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði. Hugtakið tekur til:
  - a. vöktunar sem felur í sér vinnslu persónuupplýsinga, eða leiðir, á að leiða eða getur leitt til slíkrar vinnslu, og
  - b. vöktunar sem hvorki felur í sér söfnun myndefnis né annarra persónuupplýsinga.
2. Ábyrgðaraðili: Sá aðili sem ákveður tilgang rafrænnar vöktunar, þann búnað sem notaður er, aðferð við vöktunina og ráðstöfun upplýsinga sem til verða.

3. *Einkatölvupóstur*: Tölvupóstur sem sendur er eða mótttekinn með vél- eða hugbúnaði ábyrgðaraðila, s.s. vinnuveitanda, og lýtur að einkalífi viðkomandi, en varðar hvorki hagsmuni ábyrgðaraðila né þá starfsemi sem hann rekur. Til viðmiðunar um það hvort um slíkan póst er að ræða má m.a. líta til þess hvort hann sé:
  - a. auðkenndur sem einkamál í efnislínu eða er að öðru leyti þannig að augljóst sé að um einkatölvupóst er að ræða
  - b. vistaður í sérstakri möppu á vinnusvæði í tölvupóstkerfi sem er auðkennd sem einkamál eða ef af öðru má ráða að hún hafi þannig efni að geyma.
4. *Netnotkun*: Notkun einstaklings á hug- og vélbúnaði sem ábyrgðaraðili lætur honum í té, t.d. til að vafra um netið, til að taka við og senda tölvupóst eða til snarspjalls (msn).
5. *Atburðaskráning*: Aðgerð til að tryggja rekjanleika upplýsinga og vinnsluáðgerða í tölvukerfum (þ.e. með log-skrám).
6. *Símvöktun*: Viðvarandi eða reglubundin söfnun upplýsinga um símanotkun einstaklings, s.s. með skráningu upplýsinga um valin númer eða hljóðritun símtala.
7. *Ökustríti*: Rafrænn búnaður í farartæki sem vinnur eða gerir unnt að vinna persónuupplýsingar um ökumenn, þ. á m. um ferðir þeirra og/eða aksturslag.
8. *Rafrænn staðsetningarbúnaður*: Rafrænn búnaður sem vinnur eða gerir unnt að vinna persónuupplýsingar um staðsetningu og ferðir einstaklinga, s.s. örmerkjabúnaður (RFID).

### 3. gr.

#### *Vöktun með leynd.*

Vöktun með leynd er óheimil nema hún styðjist við lagaheimild eða úrskurð dómara.

### 4. gr.

#### *Tilgangur.*

Rafræn vöktun verður að fara fram í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi, s.s. í þágu öryggis eða eignavörslu.

### 5. gr.

#### *Meðalhóf.*

Við alla rafræna vöktun skal þess gætt að ganga ekki lengra en brýna nauðsyn ber til miðað við þann tilgang sem að er stefnt. Skal gæta þess að virða einkalífsrétt þeirra sem sæta vöktun og forðast alla óþarfa íhlutun í einkalíf þeirra. Við ákvörðun um hvort viðhafa skuli rafræna vöktun skal því ávallt gengið úr skugga um hvort markmiðinu með slíkri vöktun sé unnt að ná með öðrum og vægari raunhæfum úrræðum.

### 6. gr.

#### *Sérákvæði um vöktun með vinnuskilum.*

Vöktun til að mæla vinnu og afköst starfsmanna er háð því að hennar sé sérstök þörf s.s. vegna þess:

- a. að ekki sé unnt að koma við verkstjórn með öðrum hætti; eða
- b. að án vöktunarinnar sé ekki unnt að tryggja öryggi á viðkomandi svæði, s.s. í ljósi laga og sjónarmiða um hollustuhætti og mengunarvarnir; eða
- c. að hún sé nauðsynleg vegna ákvæða kjarasamnings eða annars konar samkomulags um launakjör, s.s. þegar laun eru byggð á afkastatengdu, tímamældu launakerfi.

### 7. gr.

#### *Varðveisla, miðlun, eyðing og önnur meðferð persónuupplýsinga.*

Óheimilt er að varðveita persónuupplýsingar sem til verða við rafræna vöktun nema það sé nauðsynlegt í ljósi tilgangs vöktunarinnar.

Persónuupplýsingum sem safnast við rafræna vöktun skal eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita þær. Málefnaleg ástæða til varðveislu upplýsinga getur m.a. byggst á fyrirmælum í lögum eða því að ábyrgðaraðili vinni enn með þær í samræmi við upphaflegan tilgang með öflun þeirra. Upplýsingar sem verða til við rafræna vöktun má þó ekki varðveita lengur en í 90 daga nema lög heimili. Þetta á ekki við um persónuupplýsingar sem verða til við atburðaskráningu eða eru geymdar á öryggisafritum. Sama á við um upplýsingar sem þarf að varðveita vegna fyrirbyggjandi réttarágreinings, sbr. 7. tl. 9. gr. laga nr. 77/2000.

Persónuupplýsingar sem til verða við rafræna vöktun má aðeins nota í þágu tilgangs með söfnun þeirra og aðeins að því marki sem þess gerist þörf í þágu tilgangins. Þær má ekki vinna með eða afhenda öðrum nema með samþykki hins skráða eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar. Þó er heimilt að afhenda lögreglu upplýsingar um slys eða meintan refsiverðan verknað.

#### 8. gr.

##### *Sérákvæði um ökusríta.*

Notkun ökusríta og rafræns staðsetningarbúnaðar er óheimil nema hennar sé sérstök þörf, s.s. vegna veigamikilla öryggissjónarmiða, til hennar standi samþykki hins skráða eða önnur sérstök heimild, s.s. í kjarasamningi eða lögum. Notkun ökusríta í þeim tilgangi að fylgjast með staðsetningu og ferðum ökumanna er háð því skilyrði að hennar sé sérstök þörf til að ná lögmætum og málefnalegum tilgangi sem að er stefnt.

#### 9. gr.

##### *Sérákvæði um tölvupóst og netnotkun.*

Óheimilt er að skoða einkatölvupóst nema brýna nauðsyn beri til s.s. vegna tölvuveiru eða sambærilegs tæknilegs atviks.

Heimilt er að skoða upplýsingar um netvafur, tengingar og gagnamagn starfsmanns eða nemanda liggi fyrir rökstuddur grunur um að hann hafi brotið gegn gildandi lögum og reglum eða fyrirmælum vinnuveitanda eða skólayfirvalda. Sé tilefni skoðunar grunur um refsiverðan verknað skal óska atbeina lögreglu.

Þegar tölvupósts- eða netnotkun er skoðuð skal þess gætt að gera starfsmanni eða nemanda fyrst grein fyrir því og veita honum færi á að vera viðstaddur slíka skoðun. Þetta á þó ekki við sé þess enginn kostur s.s. vegna alvarlegra veikinda starfsmanns. Geti starfsmaður ekki verið viðstaddur skoðunina sjálfur skal veita honum færi á að tilnefna annan mann í sinn stað.

Við starfslok skal starfsmanni gefinn kostur á að eyða eða taka afrit af þeim tölvupósti sem ekki tengist starfsemi vinnuveitandans. Tölvupósti nemenda skal eytt við námslok en áður skal veita hæfilegan frest til töku afrita. Óheimilt er að skoða upplýsingar um netnotkun starfsmanns eða nemanda eftir starfs- eða námslok, nema að uppfylltum sömu skilyrðum og greinir í 1.-3. mgr. eða annað leiði af lögum.

#### 10. gr.

##### *Fræðslu- og upplýsingaskylda.*

Ábyrgðaraðili að rafrænni vöktun skal setja reglur og/eða veita fræðslu til þeirra sem henni sæta, sbr. þó að ekki er átt við tilkynningu í samræmi við 48. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti. Áður en slíkur reglum er beitt skal kynna þær með sannanlegum hætti, s.s. við gerð ráðningarsamnings.

Reglur eða fræðsla samkvæmt 1. mgr. skulu taka til tilgangs vöktunarinnar, hverjir hafi eða kunni að fá aðgang að upplýsingum sem safnast og hversu lengi þær verði varðveittar. Ef kjarasamningur eða samkomulag, sem telja verður bindandi milli aðila, felur í sér ríkari rétt en leiðir af slíkum reglum þá víkja þær síðarnefndu.

Að öðru leyti en greinir í 2. mgr. skal, eftir því sem við á, tilgreina eftirfarandi:

- a. Hvaða búnaður er notaður, t.d. stafrænar myndavélar, ökusíritar eða hljóðupptökutæki.
- b. Rétt til að andmæla vöktuninni og hverjar geti verið afleiðingar þess.
- c. Rétt viðkomandi til að fá að vita hvaða upplýsingar verða til um hann og um rétt hans til að fá upplýsingar leiðréttar eða þeim eytt.
- d. Að hvaða marki netnotkun sé heimil, s.s. hvort bannað sé að sækja á netið ólöglegt og/eða kynlífstengt efni og/eða senda slíkt með tölvupósti.
- e. Hvernig farið sé með einkatölvupóst og annan tölvupóst.
- f. Hvort símvöktun fari fram og hvort takmarkanir, og þá hvaða, séu á heimild til einkanota á tilgreindum símtækjum.
- g. Afleiðingar þess ef brotið er gegn fyrirmælum, s.s um notkun síma eða internets.
- h. Önnur atriði, að því marki sem þörf krefur með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni, svo að starfsmenn geti gætt hagsmuna sinna.

Ákvæði 1.-3. mgr. gilda ekki ef ótvírætt má ætla að sá sem vöktuninni sætir hafi þegar vitneskju um þau atriði sem þar eru talin.

#### 11. gr.

##### *Tilkynningarskylda.*

Ábyrgðaraðila að rafrænni vöktun ber að senda Persónuvernd tilkynningu um hana í samræmi við gildandi reglur um tilkynningarskylda og leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga. Þar skulu koma fram upplýsingar um tilhögun vöktunarinnar, þá fræðslu sem veitt hefur verið um hana og að öðru leyti þau atriði sem tilgreind eru í 32. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

#### 12. gr.

##### *Réttur til að skoða gögn sem til verða við rafræna vöktun.*

Sá sem sætt hefur rafrænni vöktun á rétt á að skoða gögn, s.s. fá að hlusta á hljóðupptökur, sem til verða um hann við vöktunina, í samræmi við 18. gr. laga nr. 77/2000, enda standi ákvæði 2. mgr. 19. gr. laganna því ekki í vegi. Beiðni um slíkt má hvort heldur sem er setja fram munnlega eða skriflega.

Ábyrgðaraðili, eða eftir atvikum vinnsluaðili, skal svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan eins mánaðar frá móttöku erindis verða við beiðni samkvæmt 1. mgr. Komi upp ágreiningur má vísa honum til úrlausnar Persónuverndar. Getur Persónuvernd þá lagt fyrir ábyrgðaraðila að varðveita gögn þar til niðurstaða hennar liggur fyrir.

#### 13. gr.

##### *Stöðvun rafrænnar vöktunar.*

Persónuvernd getur mælt fyrir um stöðvun rafrænnar vöktunar sem brýtur í bága við ákvæði reglna þessara og um eyðingu þess efnis sem til hefur orðið.

#### 14. gr.

##### *Heimild.*

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 5. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 5. gr. laga nr. 81/2002, taka þegar gildi.

Samhliða gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 888/2004 um rafræna vöktun.

Persónuvernd, 19. september 2006

**5.2.3. Auglýsing nr. 638/2005 um flutning persónuupplýsinga til annarra landa, með áorðnum breytingum samkvæmt auglýsingu nr. 1041/2005**

*1. gr.*

*Flutningur persónuupplýsinga úr landi.*

*Fullnægjandi vernd.*

Lög eftirtalinnna ríkja teljast veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd í skilningi 29. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og er því heimilt að flytja persónuupplýsingar til þeirra, að fullnægðum skilyrðum laganna:

- a. Sviss
- b. Kanada
- c. Argentína
- d. Guernsey
- e. Mön

*2. gr.*

Hið sama og greinir í 1. gr. á við:

1. Ef um flutning persónuupplýsinga fer samkvæmt þeim meginreglum um örugga höfn fyrir friðhelgi einkalífsins og þeim algengu spurningum og svörum um það efni sem viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna hefur gefið út; sbr. ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/520/EB frá 26. júlí 2000.

Stjtið. EB L 215, 25.8.2000, bls. 7.

*Ákvörðun nr. 108/00. (EES-viðbætur nr. 8/47, 15.2.2001). Gildistaka: 1.12.2000.*

2. Ef Persónuvernd hefur sett þann skilmála fyrir leyfi til flutningsins, sbr. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 77/2000, að hinn hérlendi ábyrgðaraðili hafi áður gert við hinn erlenda viðtökuáðila skriflegan samning í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB nr. 2001/497/EB frá 15. júní 2001 um föst samningsákvæði vegna flutnings persónuupplýsinga til þriðju landa samkvæmt tilskipun 95/46/EB (Stjtið. EB L 181, 4.7.2001, bls. 19), eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB L 253, 21.9.2001, bls. 34.

*Ákvörðun nr. 4/02. (EES-viðbætur nr. 18/5, 4.4.2002). Gildistaka: 2.2.2002.*

3. Ef Persónuvernd hefur sett þann skilmála, sbr. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 77/2000, að hinn hérlendi ábyrgðaraðili hafi áður gert við vinnsluáðila skriflegan samning í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/16/EB frá 27. desember 2001 um stöðluð samningsákvæði vegna flutnings persónuupplýsinga til vinnsluáðila með staðfestu í þriðju löndum samkvæmt tilskipun 95/46/EB.]1

Stjtið. EB L 6, 10.1.2002, bls. 52.

*Ákvörðun nr. 87/02. (EES-viðbætur 49/41, 3.10.2002). Gildistaka: 26.6.2002.*

- 1) Auglýsing nr. 1041/2006

*3. gr.*

*Gildistaka o.fl.*

Auglýsing þessi er gefin út með stöð í 1. mgr. 6. gr., 4. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 29. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. lög nr. 90/2001. Samhliða birtingu hennar fellur úr gildi fyrri auglýsing um sama efni nr. 435/2003, eins og henni var breytt með auglýsingu nr. 974/2003.

*Persónuvernd, 1. júní 2005.*









Persónuvernd